








Úrval af málverkum
Frábært verð !



Erum á móti IKEA
Gallery Art 2b
Kauptún 3 - Garðabær - 5 33 22 00 - www.art2b.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
21. maí 2011
117. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



**Slær í gegn í Frakklandi**

*Afleggjarinn, skáldsaga Auðar Övu Ólafsdóttur, sópar að sér verðlaunum.*

**bækur 24**



**Hneyksli sem lá í loftinu**

*Sannanir gegn Dominique Strauss-Kahn hrannast upp.*

**stjórnmál 26**

**Verði þér að góðu**

*Dóra Jóhannsdóttir setur upp leikrit ásamt æskuvinkonum úr Vesturbænum.*

**leiklist 38**

**3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu**

Allt | Allt atvinna | Söfn fyrir alla






**MAÍSNJÓR Í NESKAUPSTAÐ** Snjó kyngdi niður á Austurlandi í öflugi vorhreti í gær. Camilla Ýr og Arnar Freyr Ásgeirsbörn voru fljót að bregða á leik við lækinn sem rennur um lóðina við heimili þeirra í Neskaupstað. Á meðan var faðir þeirra uppi í Oddskarði að ryðja burt snjó sem safnast hafði í allt að fjögurra metra háa skafla á veginum.

MYND/KRISTÍN SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR

# Hafna þúsundum unglinga

**Reykjavík býður ungu fólki 1.900 sumarstörf. Umsóknirnar voru um 3.800. Allir 15 og 16 ára sem skráðu sig komast í Vinnuskólann en 14 ára fá ekki vinnu. Hlutkesti varpað um störf í Kópavogi. Færri fengu en vildu í Hafnarfirði.**

**ATVINNUMÁL** Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær veita ekki öllum ungmennum sumarvinnu sem sótt hafa um.

Alls sóttu um 3.800 á aldrinum 17 ára og eldri um sumarvinnu hjá borginni, álíka margir og í fyrra að sögn Lárusar Rögnvaldar Haraldssonar, atvinnuráðgjafa hjá Hinu húsinu. „Í fyrra fengu allt að 1.500 vinnu í styttri eða lengri tíma en í ár er ætlunin að ráða 1.900. Þeir sem eru 17 ára fá vinnu í fjórar vikur en eldri í sex til átta vikur og er miðað við fullan vinnudag í flestum tilfellum,“ segir Lárus.

> **1.900**
> 17 ára og eldri sóttu um vinnu hjá Reykjavíkurborg en fengu ekki.

Þar sem 400 námsmenn voru án vinnu í fyrrasumar og fengu fjárhagsaðstoð frá borginni var ákveðið að þeir skyldu njóta forgangs nú, að því er Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hefur greint frá.

Fjórtán ára unglingar fá ekki inni í Vinnuskólanum í sumar en allir 15 og 16 ára sem skráðu sig fá vinnu, að sögn Magnúsar Arnars Sveinbjörnssonar skólastjóra. „Þetta eru alls rúmlega tvö þúsund krakkar. Fimmtán ára fá vinnu hálfan daginn í þrjár vikur en 16 ára fá vinnu allan daginn í þrjár vikur. Tímabilið í fyrra var fjórar vikur.“

Í Hafnarfirði sóttu um 800 ungmenni 17 ára og eldri um vinnu. Rúmlega 300 fengu. „Tímabilið er sex til sjö vikur og er almennt um fulla vinnu að ræða á tímabilinu,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi.

Hún getur þess að um 900 unglingar á aldrinum 14 til 16 ára, eða allir sem sóttu um, fái vinnu í sex vikur í nokkrar stundir á dag.

Af þeim 1.100 ungmennum 17 ára og eldri sem sóttu um hjá Kópavogsbæ fengu 600 vinnu í fimm til átta vikur miðað við fullan vinnudag. Af þessum 1.100 sóttu 500 um almenn störf í áhaldahúsi og garðyrkju og fengu 255 vinnu. „Þessi 500 manna hópur var allur jafnvígur og til þess að tryggja að allir sætu við sama borð var dregið úr hópnum,“ segir Arna Schram, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar. Yngri aldurshóparnir fá allir vinnu í nokkra tíma á dag í sex vikur hjá Kópavogsbæ.

- ibs

ÍSLANDSPERLUR 2011
Frábær ferðasýning í Perlunni
21.-22. maí kl. 10-18



AÐGANGUR ÓKEYPIS

Sprengidagur
áfram alla helgina
20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM
25% AFSLÁTTUR
af öllum vörum
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



**SPURNING DAGSINS**



*Dagbjartur, eru drukknir ökumenn staurblindir?*

„Ég er hræddur um að þeir sjái stundum tvöfalt eða þrefalt.“

Gatnadeild borgarinnar á í erfiðleikum með að fá upplýsingar um nöfn og tryggingafélög þeirra sem aka á ljósastaura og umferðarljós ef ökumenn eru drukknir eða dópaðir. Dagbjartur Sigurbrandsson hefur í yfir fjóra áratugi unnið hjá gatnadeild borgarinnar.

Ályktun um úrsögn úr þingflokki borin undir flokksráðsfund Vinstri grænna í dag:

# Sögð hafa misnotað traust

**STJÓRNMÁL** Á flokksráðsfundi Vinstri grænna verður í dag gengið til atkvæða, meðal annars um ályktun þar sem lagt er til að flokkurinn harmi úrsögn þeirra Lilju Mósesdóttur, Atla Gíslasonar og Ásmundar Einars Daðasonar úr þingflokknum.

Þau eru með þessu sögð hafa gefið flokkssystkinum sínum langt nef og þverbrotið gegn lýðræðislegum vilja og ákvörðunum stofnana flokksins. Þau tóku öll þátt í flokksráðsfundinum í gær.

Einnig liggur fyrir fundinum ályktun gegn hernaði Atlantshafsbandalagsins í Líbíu. Þá verður borin undir fundinn stuðningsyfirlýsing við ríkisstjórnina.

Katrín Jakobsdóttir, formaður starfshóps flokksráðsins, setti fundinn á Grand Hóteli síðdegis í gær en síðan ræddi Steingrímur J. Sigfússon stjórnmálaástandið. Að því búnu hófust umræður í fjórum starfshópum og um kvöldið voru ályktanir kynntar.

Í dag verða ályktanirnar síðan afgreiddar og lýkur fundinum á hádegi. - gb



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Ræddi stjórnmálaástandið við félaga sína í flokksráði Vinstri grænna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsið er ónýtt að innan:

# Eldur í einu búð Hofsóss

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kom upp í verslun KS á Hofsósi í gær. Verslunin er sú eina á staðnum.

Haft er eftir Vernharði Guðnasyni slökkviliðsstjóra á Feyki.is að eldurinn hafi líklega komið upp í frystiskáp og breiðst um búðina. Eldurinn hafi svo að líkindum koðnað niður af súrefnisskorti. Starfsmaður sem kom til vinnu í gærmorgun varð var við reyk og mikla brunalykt. Alls innvols verslunarinnar er ónýtt og því þurfa íbúar að gera aðrar ráðstafanir í matarinnkaupum í bili. - þeb



**JÓN BJARNASON** Sjávarútvegsráðherra hefur fengið á sig lögbannsbeiðni vegna frumvarps um stjórn fiskveiða.

Eigendur sjávarjarða ósáttir:

# Vilja lögbann á kvótafrumvarp

**DÓMSMÁL** Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða krafðist í gær lögbanns á lagafrumvarp Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða.

„Frumvarp þetta gengur alveg gegn og tekur ekkert tillit til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda sjávarjarða sem fyrirmæli eru um í lögum,“ segir í lögbannsbeiðninni sem lögð var fram hjá sýslumanninum í Reykjavík sem nú skoðar beiðnina. Vísað er til álits Mannréttindadómstóls Evrópu um eignarrétt sjávarjarða. „Marg ítrekað hefur íslenskum stjórnvöldum verið bent á þennan grundvallareignarrétt sjávarjarða en hann hefur samt algerlega verið hundsaður síðastliðina tæpa þrjá áratugi.“ - gar

Barnaklám í Svíþjóð:

# Yfir tuttugu konur ákærðar

**SVÍÞJÓÐ Einn karlmaður og 23 konur voru í gær ákærð í Falun í Svíþjóð vegna barnakláms. Karlmaðurinn sendi konunum, sem eru á aldrinum 37 til 70 ára, myndir og myndbönd sem sýndu meðal annars börn beitt grófu kynferðislegu ofbeldi.**

**Lögreglan komst á slóðir mannsins í fyrrasumar eftir vísbendingu. Sumar kvennanna eiga yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsisdóm en maðurinn allt að sex ára fangelsi.** - ibs

# Smáfuglar og skordýr finna fyrir vorhretinu

**Vorhretið sem landsmenn hafa fundið fyrir undanfarið er líklegt til að hafa nokkur áhrif á dýralíf. Geitungum mun sennilega fækka nokkuð haldi kuldakastið áfram auk þess sem það kemur illa við endur, þresti og auðnutittlinga.**

**DÝRALÍF** Kuldatíðin undanfarið hefur sennilega haft nokkur áhrif á dýralíf um land allt, ekki síst á þeim stöðum þar sem snjór hefur fallið. Verði vorhretið langvarandi gæti það raskað verulega varpi ýmissa fuglategunda og höggvið skörð í skordýrastofna.

„Þetta hefur í sjálfu sér áhrif á allt líf. Ef gróðurinn er byrjaður að bruma, þá hefur svona kuldakast áhrif og það sama gildir um fuglana og skordýrin,“ segir Þóra Hrafnsdóttir líffræðingur sem starfar hjá Náttúrufræðistofnun Kópavogs.



**ÞÓRA HRAFNSDÓTTIR**



**GUÐMUNDUR A. GUÐMUNDSSON**

Spurð um áhrif á geitungastofninn sem margir óttast segir Þóra: „Maður varð var við stöku geitunga áður en það kólnaði en þeir hafa lítið sést eftir að kuldakastið byrjaði þannig að kuldinn kemur mjög illa við þá. Sums staðar á landinu er svo snjór á jörðu sem getur haft nokkur áhrif á þær tegundir sem gera sér bú í holum á jörðinni eins og til dæmis holugeitungar.“

Guðmundur A. Guðmundsson, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, telur að sama skapi líklegt að kuldakastið tefji varp.



**AUÐNUTITTLINGAR** Fjölmargar fuglategundir hafa þegar hafið varp. Vorhretið er líklegast til að koma verst við þær tegundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta getur haft slæm áhrif, sérstaklega fyrir þær tegundir þar sem ungar hafa þegar komið úr eggjum,“ segir Guðmundur og bætir við: „Þessa dagana er þröstur að klekja út ungum, auðnutittlingur líka sem og endur. Hretið nú kemur því illa við þessa fugla.“

Þá segir Guðmundur að fullorðnir fuglar þoli kuldatíð nokkuð vel en litlir ungar megi hins vegar ekki við mikilli truflun á þessum árstíma. Ungar þoli hvorki kulda né raunar mikinn ágang manna. Kuldi hafi þó lítil áhrif á egg.

Veðurspár benda til áframhaldandi kuldatíðar næstu daga þótt það versta sé sennilega yfirstaðið.

magnusl@frettabladid.is

# Þóra jarðsett á mánudaginn

**ÚTFÖR Þóru Elínar Þorvaldsdóttur sem lést fimmtudaginn 12. maí síðastliðinn verður gerð frá Sauðárkrókskirkju á mánudaginn klukkan fjórtán, að því er segir á Feykir.is.**

**Barnsfaðir Þóru Elínar er grunaður um að hafa banað henni og situr í gæsluvarðhaldi. Hann ók líki Þóru á bráðamóttöku Landspítalans en hefur ekki játað að hafa orðið henni að bana og ber við minnisleysi.**

**Í tilkynningu frá fjölskyldu Þóru Elínar kemur fram að blóm og kransar séu afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Framtíðarreikning Jóhanns Einars, tveggja ára sonar Þóru Elínar, í Sparisjóði Skagafjarðar. Númer reikningsins er 1125-18-560510 kt. 051008-3080. Þóra var tvítug þegar hún lést.**

Obama og Netanjahú funda:

# Greinir á um landamærin

**BANDARÍKIN, AP** Benjamin Netanjahú segir að leiðtogar Palestínumanna, og á þá við leiðtoga Fatah á Vesturbakkanum, verði að velja á milli þess að semja um frið við Ísrael eða sættast við Hamas.

Þetta sagði hann eftir að hafa rætt góða stund við Barack Obama Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu. Daginn áður hafði Obama lýst yfir stuðningi við landamærakröfur Palestínumanna, en Netanjahú vísar þeim kröfum algerlega á bug.

Sjaldgæft er að bandaríska og ísraelska ráðamenn greini jafn mikið á um málefni Ísraels og Palestínumanna, en Obama sagði ágreining þeirra vera ágreining milli vina. Þeir komu brosandi út af fundinum og sögðust hafa rætt málin í bróðerni. - gb




Moskvu-patríarkatið tilbúið með útlitsteikningar að kirkju sinni á Mýrargötu:

# Framandi kirkjustíll í Vesturbænum

**SKIPULAGSMÁL** Söfnuður Moskvupatríarkats rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar hefur nú sýnt frumtillögu sína að kirkjubyggingu og safnaðarheimili ofan við Mýrargötu í Reykjavík. Yfirbragðið er nokkuð frábrugðið öðrum guðshúsum hérlendis og víst að byggingin mun setja mikinn svip á Vesturbæinn.

Skóflustunga var tekin að kirkjunni 12. maí síðastliðinn en skipulags- og byggingayfirvöld í Reykjavík eiga enn eftir að veita blessun sína yfir hönnun mannvirkisins sem þarf að uppfylla hefðbundna skilmála sem gilda í borgarlandinu. - gar



**RÉTTTRÚNAÐARKIRKJAN Á MÝRARGÖTU** Einkenni kirkna rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar eru meðar annars hinir fagurlöguðu kúplar ofan á turnum þeirra.

MYND/SÖFNUÐUR MOSKVU-PATRÍARKATSINS


Kringlan
Fimmtudag
til mánudags
Kringlukast
Nýtt kortatímabil
Nýjar
vörur
20–50%
afsláttur
Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## GENGIÐ 20.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,92 | 115,46 |
| Sterlingspund | 186,69 | 187,59 |
| Evra | 163,93 | 164,85 |
| Dönsk króna | 21,978 | 22,106 |
| Norsk króna | 20,924 | 21,048 |
| Sænsk króna | 18,362 | 18,470 |
| Japanskt jen | 1,4078 | 1,4160 |
| SDR | 182,88 | 183,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,6112

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þróunarsjóður EFTA frystir frekari framlög til verkefna sjóðsins í Grikklandi:

# Grikkir ekki staðið við skuldbindingar

**UTANRÍKISMÁL** Þróunarsjóður Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hefur fryst frekari fjárframlög til Grikklands þar sem stjórnvöld þar hafa ekki staðið við sín fyrirheit í tengslum við framlögin.

Sjóðurinn fjármagnar ýmis verkefni sem hafa það að markmiði að auka jafnræði í ríkjum í Mið- og Suður-Evrópu. Um 248 milljónir evra áttu að renna til Grikklands vegna áranna 2004 til 2009. Um 13 milljónir hafa þegar verið greiddar, en þær 235 milljónir sem upp á vantar hafa nú verið frystar. Á vef norska utanríkisráðuneytisins kemur fram að grísk stjórnvöld hafi ekki staðið við sínar skuldbindingar vegna framlaganna. Féð hafi farið seint eða ekki til þeirra verkefna sem það hafi verið eyrnamerkt. Þá hafi verið misbrestur á mótframlögum frá grískum stjórnvöldum til verkefnanna.

Greiðslurnar verða frystar þar til grísk stjórnvöld sýna fram á að allt fé hafi runnið til réttra verkefna, og að mótframlag hafi borist.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir ákvörðun um frystingu framlaga tekna á vettvangi Þróunarsjóðsins, þar sem Ísland á fulltrúa. **- bj**



**SJÓÐUR** Stærstur hluti framlaga í Þróunarsjóð EFTA kemur frá Noregi, en Ísland og Lichtenstein leggja einnig fé í sjóðinn.

Lestir rákust saman í S-Afríku:

# Yfir 850 sárir eftir lestarslys

**SUÐUR-AFRÍKA** Meira en 850 manns slösuðust í lestarslysi í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í gær. Þrír hið minnsta lífshættulega slasaðir.

Farþegalest rakst aftan á aðra lest af miklum krafti og köstuðust fjölmargir út úr lestunum. Að sögn sjónarvotta var slasað fólk á víð og dreif um svæðið og reynt var að huga að því þar áður en sjúkrabílar komu á staðinn.

Meira en tvær milljónir manna ferðast með farþegalestum í Suður-Afríku á hverjum degi. **- þeb**

# Lítið brot mála gegn lögreglu endar í dómi

**Á fimm ára tímabili rannsakaði ríkissaksóknari 112 mál gegn lögreglunni. Þrjú þeirra enduðu með dómi eða viðurlögum. Málin vörðuðu meðal annars upplýsingaleka, illa meðferð á fíkniefnahundi og lán á talstöðvum til ljósmyndara.**

**LÖGREGLUMÁL** Afar lítill hluti kæra almennings á hendur lögreglumönnum endar með dómsuppkvaðningu. Þetta sýna tölur yfir slík mál frá árunum 2005 til 2009.

Fréttablaðið sagði frá því í vikunni að lögregluvarðstjóri hefði verið ákærður fyrir líkamsárás af gáleysi, en hann ók óvart á ungan mann sem hafði reynt að flýja undan honum á bíl með þeim afleiðingum að ungi maðurinn fótbrotnaði. Formaður Landssambands lögreglumanna og ritstjóri lögreglublaðsins hafa gagnrýnt málið og sagt að það sé erfitt fyrir lögreglumenn að sitja undir því að vera gerðir persónulega ábyrgir fyrir svona atvikum.

Rétt fyrir áramót lagði alþingismaðurinn Birgitta Jónsdóttir fyrirspurn fyrir innanríkisráðherra um kærumál almennra borgara vegna starfa lögreglu á fimm ára tímabili, á hvaða rökum þær hefðu verið reistar og hver viðbrögð ráðuneytisins voru. Þá spurði hún um hvernig málunum lyktaði.

Í svari ráðherra segir að 112 mál hafi borist ríkissaksóknara, sem rannsakar mál á hendur lögreglu, árin 2005 til 2009.

Kærumálin eru af ýmsum toga. Í flestum tilvikum, eða 45, kærði fólk handtökur, til dæmis harðræði og meinta ólögmæta vistun í fangaklefa. Nokkrum sinnum var kært fyrir annað harðræði, ólögmæta aðferð við líkams- og húsleit og upplýsingaleka.

Einu sinni var kært fyrir beitingu úðavopns, í annað sinn fyrir refsiverða háttsemi vegna rangrar skýrslugerðar og þá var varðstjóri kærður fyrir að hafa misnotað stöðu sína og látið aka sér í forgangsakstri á Keflavíkurflugvöll.

Einn lögreglumaður var kærður fyrir brot á dýraverndarlögum vegna meðferðar á fíkniefnaleitarhundi og annar fyrir að láta aflífa hund manns.

Þá rannsakaði ríkissaksóknari mál gegn lögreglumanni sem sakaður var um að hafa látið ljósmyndara hafa tetra-talstöð svo hann gæti fylgst með fjarskiptum lögreglu. Eitt mál til viðbótar varðaði meinta refsiverða háttsemi varðandi uppsetningu á öryggismyndavélum.

Að því er segir í svarinu enduðu hins vegar aðeins þrjú þessara mála fyrir dómi eða með viðurlagaákvörðun. Langstærstum hluta mála er vísað frá dómi, þau felld niður, fallið frá saksókn eða rannsókn málanna hætt.

stigur@frettabladid.is

## Kærumál á hendur lögreglu 2005-2009






Eins og sjá má á skífuritinu enda sárafá kærumál gegn lögreglumönnum nokkru sinni með dómi. Einungis þrjú af 112 á fimm ára tímabili fóru alla leið í kerfinu. Rannsókn flestra málanna er ýmist hætt eða þau felld niður.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu margar kærur voru dregnar til baka í þeim málum þar sem rannsókn var hætt, að því er fram kemur í svari Ögmundar Jónassonar við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttir.

Gæslan kölluð til:

# Sprengiefni á golfvellinum

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslunni barst í vikunni tilkynning frá golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ um að dínamít hefði fundist í steinklöppum á golfvelli klúbbsins. Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar voru kallaðir út og þegar á staðinn kom reyndist dínamítið vera í nokkrum borholum og var það meðal annars tengt í víra.

Sprengjusérfræðingarnir náðu öllu dínamítinu upp úr holunum nema úr einni þeirra sem reyndist nauðsynlegt að sprengja. Var dínamítið síðan flutt á afskekkt svæði þar sem því var fargað. **- shá**

Úrskurður Kópavogsbæ í vil:

# Blindir leita til umboðsmanns

**SAMFÉLAGSMÁL Blindrafélagið gagnrýnir harðlega úrskurð úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála um ferðaþjónustu fyrir lögblinda í Kópavogi. Bærinn segir blindan pilt eiga að njóta sams konar aksturþjónustu og aðrir fatlaðir og hafnar að taka þátt í leigubílukostnaði hans. Úrskurðarnefndin segir þjónustu bæjarins samræmast lögum. Þá niðurstöðu telur Blindrafélagið ranga og óviðunandi með hliðsjón af mannréttindum fatlaðra og hyggst leita til umboðsmanns Alþingis.** **- sv**

## LÖGREGLUMÁL

### Þýfi hjá ölvuðum ökumanni

Þrír ökumenn voru teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu á fimmtudag. Þetta voru allt karlar og tveir höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi. Í bíl eins mannsins fundust munir sem talið er að séu þýfi.

Héldu manni nauðugum:

# Úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL Tveir meðlimir vélhjólasamtakanna Black Pistons hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 27. maí.**

**Mennirnir, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, voru handteknir í Hafnarfirði í síðustu viku eftir að tilkynning barst um líkamsárás. Annar hinna handteknu er forsprakki Black Pistons hér á landi.**

**Í tilkynningu frá lögreglunni segir að sá er ráðst var á hafi verið nefbrotinn og með áverka víða um líkamann. Talið er að honum hafi verið haldið nauðugum í meira en hálfan sólarhring. Á dvalarstað árásarmannanna var lagt hald á bæði fíkniefni og ýmis barefli.**

Saknað mánuðum saman:

# Skilaði sér heim heilu og höldnu

**LÖGREGLUMÁL** Ítölsk kona, sem lögreglan á Íslandi lýsti eftir í mars, er komin í leitirnar í heimalandi sínu.



**ISABELLA DI GIACOBBE**

Þegar lýst var eftir konunni, Isabellu Di Giacobbe, um miðjan mars hafði ekkert til hennar spurst frá því í fyrrasumar. Ekki var vitað með vissu að hún væri þá hér á landi, en aðstandendur hennar grunaði það þó. Hún hafði komið hingað með flugi í júlí en en engar upplýsingar fundust um að hún hefði farið aftur. En Isabella skilaði sér sem sé heim til Ítalíu fyrir skömmu. **- sh**




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**LITLAR BREYTINGAR**
Áfram verður vetrarveður norðan heiða, él og snjókoma víða. Ögn sumarlegra S-lands og hiti þar 2 til 8 stig. Sunnudagur verður svipaður, hvessir vestan- og austanlands á mánudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 25° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



12.900,-
Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örmum.
3899088
16.900,-
Garðborð Kingsbury
110 cm.
3899112
ÞÚ SPARAR
4.000,-
BRJÁLUÐ
TILBOÐ
í Húsasmiðjunni
og Blómavali
12.900
16.900
Gasgrill
Sunset Tasman 200
Grillflötur 500x358mm
Hlíf yfir brennara.
3000391
weber Q 300
Postulín-glerungshúðuð tvískipt grillgrind úr pottstáli, hitamælir í loki. Tveir ryðfríir brennarar, hentar vel fyrir óbeina grillun.
Grillflötur: 63x45 sm
Vnr. 3000253
ÞÚ SPARAR
10.000,-
89.900
99.900
SNÆDRÍFA
1.190 kr
1.549
HANSARÓS
999 kr
2.490
BRÚÐARAUGA
899 kr
1.149
tilboð
allt að 100 cm
Sýpris
999 kr
15%
AFSLÁTTUR
af öllum rafmagns- og bensin-hekkklippum
30%
AFSLÁTTUR
af Hipiont greina- og hekkklippum
ÞÚ SPARAR
10.000,-
24.995
34.995
BLACK & DECKER
Rafmagnssláttuvél GR3800
B&D, 1600W, 38 cm sláttubreidd.
5 hæðarstillingar, 45 ltr. safnari.
5085135
Háþrýstidæla
Nilfisk C110.
110 Bar, 440 ltr/klst.
Slanga 5 mtr.
5254241
NILFISK
17.995,-
3.395
4.599
Slönguhjól Claber
Tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081662
27.995
33.995
Rafhlöðuborvél Hitachi
12V, þrjár rafhlöður.
Bita og borasett 67 stk, allt í tösku.
5247028
PIZZUVEISLA í dag kl. 12-14
ALLIR FÁ PIZZU OG KÓK Í SKÚTUVOGI,
GRAFARHOLTI, AKUREYRI OG SELFOSSI
meðan birgðir endast
Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða vörum merktum LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú fundið brennisteinslykt frá Hellisheiðarvirkjun á höfuðborgarsvæðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 50,9% |
| Nei | 49,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Átt þú von á því að heimurinn farist áður en helgin er á enda?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Arkitektar gagnrýna fráganginn á stálvirki Hörpu en framkvæmdaaðilar gefa lítið fyrir gagnrýnina:

# Segja stálvirki Hörpu vera í himnalagi

**MENNING** Fjöldi mynda hefur birst á vef Arkitektafélags Íslands á undanförnum vikum af stálvirki Hörpu á lokaspretti framkvæmdanna. Á sumum myndanna, sem teknar voru 17. apríl, gefur að líta ryð og tæringu á stálinu en eins og kunnugt er þurfti að taka niður stálvirki á suðurhlið hússins þegar upp komst um framleiðslugalla í stálinu síðasta sumar.

Það eru arkitektarnir Örnólfur Hall og Guðmundur Kr. Guðmundsson sem tóku myndirnar en með þeim hafa þeir birt pistla þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við frágang hússins.

„Ég fylgdist með vinnubrögðunum á síðustu metrunum. Þá virtist vera rosalegur hamagangur við að koma þessu í gagnið fyrir opnunina. Ég sem arkitekt myndi ekki hrósa þessum vinnubrögðum," segir Örnólfur. Þá telur hann einkennilegt að stálið hafi ekki verið galvaníserað og að ljóst sé að misbrestur hafi orðið á eftirliti með framleiðslu þess í Kína eins og komið hafi í ljós þegar suðurveggurinn var tekin niður.

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri verkefnisins hjá Íslenskum aðalverktökum, gefur hins vegar ekki mikið fyrir þessa gagnrýni. „Þetta stál er allt innanhús og ryðgar ekki. Áður en glerið var sett upp stóð stálið bert og þá ryðgaði það eins og eðlilegt er en nú þarf engar áhyggjur að hafa af því," segir Sigurður og bætir við: „Ég fullyrði það fullum fetum að þetta er ekki áhyggjuefni. Ég er raunar bara gapandi á þessari umræðu," segir Sigurður og bendir á að víða á Íslandi megi finna ómeðhöndlað stál innandyra með fínum árangri, svo sem í Listasafni Reykjavíkur. **- mþl**



**RYÐ Á KÖNTUM** Myndin var tekin um miðjan apríl áður en glerhjúpur Hörpu var að fullu kominn upp. Nú hefur stálið verið sparslað og málað. MYND/ÖH


**Hef flutt læknastofu mína úr húsi Lífssteins yfir í Domus Medica.**



Tímapantanir í síma 563 1046 og 563 1060.

Ágúst Birgisson lýtalæknir.

www.ablaeknir.is


# Aldrei fleiri komur í Kvennaathvarfið

**Aldrei hafa fleiri komið í Kvennaathvarfið heldur en árið 2010. Konum sem leituðu þar aðstoðar fjölgaði um helming milli ára. Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir konur nú vera meðvitaðri um hvað ofbeldi er.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Aldrei hafa fleiri komið í Kvennaathvarfið en á síðasta ári. Fjöldi dvalarkvenna var þó svipaður árið 2010 og 2009 en viðtölum fjölgaði gífurlega. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Kvennaathvarfsins fyrir árið 2010. Skýrslan var kynnt á aðalfundi samtakanna á fimmtudag.

Árið 2010 voru 864 komur í Kvennaathvarfið. Árið á undan voru komurnar samtals 605, sem gerir fjölgun um tæp 40 prósent. Viðtölum fjölgaði um meira en helming á milli ára, úr 487 árið 2009 í 746. Þegar komur og viðtöl eru tekin saman er fjöldinn alls 864, en þær hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Konurnar sem leituðu aðstoðar Kvennaathvarfsins voru 375 og komu margar þeirra oftar en einu sinni.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að þótt konum hafi fjölgað þar sé það ekkert endilega vísbending um að fleiri konur verði fyrir ofbeldi nú.

„Ég held að konur séu frekar að sækja sér aðstoð nú heldur en áður," segir Sigþrúður. „Nú er fjölgunin einnig meiri meðal kvenna sem eru að flýja andlegt ofbeldi, en ekki líkamlegt. Það sýnir kannski að konur eru orðnar ófeimnari við að skilgreina sig sem fórnarlamb ofbeldis."

Hlutfall íslenskra kvenna sem komu í athvarfið dróst saman á milli ára, en í fyrra var það 68 prósent, samanborið við 75 prósent árið á undan. Sigþrúður segir þó að það skýrist sennilega af því að árið 2009 hafi erlendum konum fækkað mikið í athvarfinu, eftir bankahrunið.

„Á síðasta ári fórum við að sjá erlendar konur aftur. Og þetta tiltölulega háa hlutfall erlendra kvenna er vegna þess að þær hafa síður í önnur hús að venda en þær sem eru íslenskar," segir hún.

Sigþrúður bendir einnig á að þótt margar konur komi í athvarfið, sé það mjög lítill hluti þeirra kvenna sem búa við ofbeldi á heimili sínu.

**sunna@frettabladid.is**



**SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins segir að þrátt fyrir þessa fjölgun kvenna komi þangað einungis lítið brot af þeim konum sem verða fyrir ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vilja lög um nálgunarbann í gildi

Á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf var skorað einróma á Alþingi að samþykkja frumvarp innanríkisráðherra til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Í ályktun samtakanna kemur fram að hvatt sé til þess að lögin verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Í frumvarpi innanríkisráðherra kemur fram að með nálgunarbanni sé átt við þau tilvik þegar manni er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann. Með brottvísun af heimili samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma.

„Sá maður sem misgert er við, brotaþoli, fjölskylda hans eða annar honum nákominn, getur borið fram beiðni til lögreglu um að maður, sakborningur, sem brotið hefur gegn honum eða raskað friði hans á annan hátt, sæti nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili," segir meðal annars í frumvarpinu.

„Ljóst er að væri frumvarpið orðið að lögum hefði hluti þessara kvenna og barna losnað við að hrekjast af heiman," segir í ályktun Samtaka um kvennaathvarf. Samtökin telja að lögin myndu auka lífsgæði og öryggi brotaþola ofbeldis í nánum samböndum. „Innan samtakanna hefur jafnframt ríkt sú skoðun að óþolandi er að brotaþolar þurfi að víkja af heimilum sínum en ekki þeir sem ofbeldinu beita," segir enn fremur.


**Góðir fyrir bakið!**

**Veltikollar og hnakkstólar**




**Hirzlan**

**Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040**


Frakkar furða sig á myndum sem birtar voru af Strauss-Kahn í járnum:

# Verra fyrir þekkta en óþekkta

**FRAKKLAND** Fyrrverandi dómsmálaráðherra Frakka, Elisabeth Guigou, segir myndbirtingu af Dominique Strauss-Kahn, þar sem hann er leiddur um í járnum, ógeðfellda og grimmdarlega. Hún stóð sjálf fyrir setningu laga í Frakklandi sem banna birtingu slíkra mynda.

New York Times leitaði álits Evu Joly á ummælum Guigou, en Joly sótti Strauss-Kahn eitt sinn til saka fyrir spillingu (sem hann var sýknaður af) og leiðir flokk Græningja í Frakklandi. Búist er við því að hún bjóði sig fram til forseta á næsta ári.

Joly tekur undir að myndirnar séu sláandi, en bætir við að myndbirting af þessu tagi geti verið meira áfall fyrir þekkt fólk en óþekkt. „En bandarískt réttarkerfi gerir ekki upp á milli framkvæmdastjóra AGS og annarra grunaðra. Að baki liggur hugmyndin um að allir njóti sama réttar," sagði hún við New York Times.

Joly bendir líka á að réttarkerfi Frakklands og Bandaríkjanna séu afar ólík. Saksóknarar vestra þurfi að taka mið af því að þeir þurfi að sannfæra kviðdóm um sekt viðkomandi. Eins og er notast franskir dómstólar ekki við kviðdóm, en það kann þó að breytast gangi í gegn breytingar sem Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur lagt til. Þá myndu verða kallaðir til kviðdómendur í alvarlegum afbrotamálum, svo sem nauðgunarmálum. **- óká**



**EVA JOLY** Búist er við að Joly bjóði sig fram til forseta í Frakklandi. Dominique Strauss-Kahn var líka talinn líklegur til að bjóða sig fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRI FRÓÐLEIKUR**

Meiri Vísir.

vísir


AMERÍSKIR DAGAR
ÍSLANDS NAUT
100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR
Framhryggur
Framhluti
Spjaldhryggur
Læri
Lærleggur
Rif
Síða
NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF
SVÍNARIF Í JACK DANIEL´S BBQ LEGI
TILBOÐ
1.275 kr/kg.
Merkt verð 1.598.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
2.924 kr/kg.
Merkt verð 3.898.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
2.924 kr/kg.
Merkt verð 3.898.-
BBQ Svínarif
2 tegundir
Ribeye
úr framhrygg
Entrecote
úr spjaldhrygg
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
SVÍNALUND JURTAKRYDDUÐ
1.819 kr/kg.
Merkt verð 2.598.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
SVÍNAFILE NEW ORLEANS STYLE
1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
WESTERN KJÚKLINGALUNDIR
1.959 kr/kg.
Merkt verð 2.798.-
Restaurant Style
2 hamborgarar
stk. x 120 gr
m/ brauði og sósu
TILBOÐ
RESTAURANT STYLE 2 HAMBORGARAR
698 kr/pk.
Merkt verð 898.-
"We're Talkin' Serious"
Bone Suckin'
Þessar frábæru sósur loksins komnar aftur
Nýtt í Hagkaup
1.399 kr/stk
199 kr/stk.
Twizzler Rainbow
- ekta amerískur
Karmelluterta
– bara góð amerísk ...
Soft Pretzels
– til að setja í ofninn
Óáfengir drykkir
– tilbúinn fyrir helgina?
Myllu muffins
– súkkulaði og epla/karamellu
Nýtt í Hagkaup
Nýtt í Hagkaup
Honey Nut snakk
- snakk frá Cheerios
Amerískur rótarbjór
– cream Soda & Rótarbjór
Kirsuberjagos
– frá Pepsi og Coca Cola
Merba kex
– ekta amerískt
Frosted Cheerios
– gott með mjólk
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 22. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**SJÁVARÚTVEGUR** Hreyfingin vill að allar aflaheimildir verði boðnar upp innan sveitarfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

### Hreyfingin kynnir sjávarútvegsfrumvarp sitt:

# Allar heimildir verði seldar á uppboðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Þingflokkur Hreyfingarinnar kynnti í gær frumvarp sitt til laga um stjórn fiskveiða.

Þar er meðal annars gert ráð fyrir því að öllum aflaheimildum verði ráðstafað í gegnum uppboðskerfi sem á að tryggja að hámarksverð fáist fyrir nýtingarréttinn. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að með þessu sé verið að koma til móts við kröfur almennings og auk þess verði hagkvæmni gætt.

„Hagkvæmni er alltaf best tryggð með gegnsæi og samkeppni því fleiri sem keppa um hituna, því betra,“ segir Þór. „Þegar allir þurfa að kaupa aflaheimildir á uppboði kemur í ljós hvar hagkvæmustu veiðarnar eru.“

Allar heimildir verða samkvæmt því boðnar upp í sveitarfélögunum, en einnig hafa sveitarfélögin heimild til að selja heimildir til aðila utanbæjar, með tíu prósenta álagi á kaupverð.

Þá skal allur sjávarafli seldur á innlendum markaði, en þó er heimilt að selja afla beint til innlendrar fiskvinnslu. Þá skal verð miðast við markaðsverð. Með því telur Hreyfingin að um 800 til 1.000 ný störf skapist við fiskverkun.

Meðal annarra lykilatriða í frumvarpinu er ákvæði um stórauknar strandveiðar þar sem heildarafli verður 40.000 tonn af botnfiski og tímabil lengt um tvo mánuði frá því sem nú er.

Þá verði allar skuldir sem útgerðir hafa stofnað til vegna kvótakaupa færðar inn í sérstakan kvótaskuldasjóð, sem muni greiðast niður með fimm prósenta hlut af söluandvirði veiðiheimilda. Aðspurður segir Þór að honum finnist þær hugmyndir sem fram koma í frumvarpi stjórnarinnar vera til málamynda.

Þór segist vona að frumvarp Hreyfingarinnar verði lagt fyrir þjóðina samhliða stjórnarfrumvarpinu.

„Við viljum að þjóðin fái alvöru valkosti í þessum efnum.“ - þj





MBA-námið við Háskóla Íslands er tveggja ára metnaðarfullt og starfsmiðað meistaranám fyrir stjórnendur í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Námið er skipulagt sem nám samhliða starfi. Kennt er á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi.

Markmið námsins er að auðvelda nemendum að skilja betur forsendur á sviði rekstrar og stjórnunar og taka á móti verkefnum framtíðarinnar. Markvisst er stefnt að því að efla nemendur, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum, og er kennurum sérstaklega umhugað að nemendur geti fljótt innleitt nýja þekkingu í störfum sínum með því að takast á við raunhæf verkefni.

www.mba.is

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE HÁSKÓLI ÍSLANDS

Frestur til að sækja um 110% aðlögun veðskulda rennur út 1. júlí

Ræddu við ráðgjafann þinn í útibúinu þínu um úrræði Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki


VIÐ SÁUM SKRÍMSLI
Dans, tónlist, söngur og myndlist
Þjóðleikhúsið, í kvöld kl. 20
MAKALAUST KAFFIHÚS
BIG WHEEL CAFÉ
Sýning Kristjáns Ingimarssonar frá Danmörku
Þjóðleikhúsið, 26. og 27. maí
3.900 kr.
LES SLOVAKS
Harðjaxlar sem dansa eins og englar
Borgarleikhúsið á morgun, sunnudag kl. 20
3.900 kr.
SJÁUMST Á LISTAHÁTÍÐ
Í DAG KL. 15
ÚTISÝNING Í HÁLOFTUNUM
Á Austurvelli í dag, laugardag kl. 15
Sýning fjöllistamanna og íslenskra ofurhuga.
Skemmtilegt sjónarspil fyrir alla fjölskylduna!
Bílastæði við Kolaportið, HÍ og í bílastæðahúsum.
TONY ALLEN OG STÓRSVEIT SAMÚELS
AUKAMIÐAR Í SÖLU Á MÁNUDAG
2.900 kr.
Harpa, Norðurljós, 1. júní
HÁSKÓLA-TÓNLEIKAR
ÓKEYPIS AÐGANGUR
23., 25. og 30. maí og 1. júní
SEX PÖR
Frumflutningur á nýjum íslenskum
dans- og tónverkum
Tjarnarbíó, 31. maí
2.900 kr.
KRAKÁRSINFÓNÍETTAN FLYTUR SOLARIS
Harpa, Silfurberg, 4. júní
3.500 kr.
Um listina að deyja og fæðast á ný
FERÐALAG FÖNIXINS
Borgarleikhúsið, 24. og 25. maí
2.900 kr.
UPPSELT
JONAS KAUFMANN
UPPSELT
HÖGNI EGILSSON
ÖRFÁ SÆTI
HÚSLESTRAR
UPPSELT
OJOS DE BRUJO
Söngvar millistéttarinnar
SUBTALES
Þjóðleikhúsið, Kassinn, 24. maí kl. 18
3.500 kr.
Sópransöngkonan ástsæla
BARBARA BONNEY
Harpa, Eldborg, 5. júní
5.500 og 6.500 kr.
Hallgrímskirkja,
4. júní
3.500 kr.
FLÉTTA
Nýtt kór- og hljómsveitarverk
eftir Hauk Tómasson
KYNNTU ÞÉR ALLA DAGSKRÁNA OG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.LISTAHATID.IS
Miðasölusími: 552 8588 | Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011
REYKJAVIK ARTS FESTIVAL
20. MAÍ – 5. JÚNÍ
Landsvirkjun
SAMSKIP
PÓSTURINN
Iceland Express
CENTER HOTELS
FRÉTTABLAÐIÐ
Fíton/SÍA

# Mundu eftir að kjósa

**Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamninga VR stendur nú yfir.**

**Atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR og SA, Samtaka atvinnulífsins, lýkur kl. 12:00 á hádegi 25. maí**

**Atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR og FA, Félags atvinnurekenda, lýkur kl. 12:00 á hádegi 3. júní**

**Nánari upplýsingar og aðgangur að atkvæðaseðli á vef VR, www.vr.is**
**Kjörstjórn VR**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

Fíton / SÍA




**SKILANEFND OG SLITASTJÓRN KYNNA VERÐMATIÐ** Þrotabú gamla Landsbankans gæti staðið undir öllum forgangskröfum. Það sem út af stendur fer til almennra kröfuhafa. Vaxtagreiðslur vegna Icesave-málsins falla ekki á þrotabúið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Icesave hvergi nærri lokið

**Talsverð óvissa er fram undan í Icesave-málinu. Þrjú hundruð milljarðar gætu fallið á ríkissjóð. Bretar og Hollendingar munu sækja sitt, segir lögmaður.**

**ICESAVE** Ekki má útiloka að Icesave-málið endi fyrir EFTA-dómstólnum og að Bretar og Hollendingar láti á reyna að sækja vaxtagreiðslur í vasa stjórnvalda hér vegna fjármuna sem notaðir voru til að greiða út lágmarkstryggingu til innstæðueigenda.

„Ég sé engin sérstök merki þess að ESA muni láta málið falla niður,“ segir Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður sem sæti átti í samninganefnd Íslands í viðræðum við Breta og Hollendinga. Samninganefndin með Lee Buchheit í fararbroddi sagði undir lok síðasta árs þann samning sem þá lá fyrir þann síðasta, samningaleiðin væri fullreynd. Áhætta fælist í að fara dómstólaleiðina.

Samkvæmt nýju verðmati skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans sem kynnt var á fimmtudag stefnir í að þrotabúið geti staðið undir 94 til 99 prósentum af höfuðstól Icesave-krafna. Þetta er betra mat en áður hefur legið fyrir. Þegar þrotabúið hefur greitt upp forgangskröfur, það er Icesave-kröfur og heildsöluinnlán, fellur það sem út af stendur til almennra kröfuhafa.

Í kjölfar nýs verðmats uppfærði fjármálaráðuneytið mat sitt á kostnaði ríkissjóðs vegna þeirra samninga sem voru felldir. Hann hefði orðið ellefu milljarðar króna. Ráðuneytið tekur fram að Icesave-málið geti enn farið til dómstóla. Kostnaðurinn af þeim sökum og af annarri óvissu sé óljós. Ríkið hefur ekki undirgengist skuldbindingar um vaxtagreiðslur af Icesave-lánunum.

„Ég hef enga ástæðu til að ætla að Bretar og Hollendingar muni samþykkja að láta málið kyrrt liggja. Ég tel það óraunhæft. Þeir munu láta á það reyna að fá kostnað af fjármögnuninni greiddan. Kostnaðurinn vegna eldri Icesave samninga sem voru með 5,55 prósenta vöxtum hefði verið eitt hundrað og sjötíu milljarðar króna ónúvirt, samkvæmt sömu reikniforsendum og nýju mati skilanefndar. Af þessu sést að vaxtakostnaðurinn getur orðið gríðarhár og hefur því verulega þýðingu í þessu máli,“ segir Lárus og bendir á að við bætist spurningin hvort stjórnvöld hafi mismunað innstæðueigendum. Við það gæti kostnaður vegna vaxta hækkað verulega. Það væri því mikil einföldun að segja að þetta mál sé komið á endastöð með þessum nýju upplýsingum frá skilanefnd sem vissulega eru jákvæðar.

jonab@frettabladid.is

## Iceland Foods í söluferli

Skilanefnd og slitastjórn gamla Landsbankans hefur sett 67 prósenta hlut sinn í bresku matvörukeðjunni Iceland Foods í söluferli. Í Fréttablaðinu í gær var ranglega hermt að verðmæti matvörukeðjunnar væri ekki inni í uppfærðu verðmati á eignasafni bankans. Hið rétta er að verðmatið er varfærið og vænt söluandvirði sem rætt hefur verið um í erlendum fjölmiðlum og ekki að fullu inni í verðmatinu. Breskir fjölmiðlar segja verðmæti hlutarins allt að tveir milljarðar punda, jafnvirði um 370 milljarða króna. Eftir því sem næst verður komist er verðmæti hlutarins langtum lægra í bókum skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans.


# Landsbankinn býður Pizza-Pizza ehf. til sölu

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í matvælafyrirtækinu Pizza-Pizza ehf.

Pizza-Pizza ehf. er umboðsaðili Domino's Pizza International á Íslandi og rekur 14 sölustaði undir vörumerki Domino's.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 300 milljónir króna og hafa þekkingu og reynslu til að takast á við fjárfestingu af þessari stærð og í þessari atvinnugrein.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um söluferlið, stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingaeyðublað fjárfesta á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is.

**Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði rennur út kl. 12:00, fimmtudaginn 9. júní 2011.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landsbankinn.is.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# Saga Class innritun í Leifsstöð

*Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á* ***americanexpress.is***



AMERICAN EXPRESS

*Kortið sem kemur þér út*

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Fíton / SÍA



# BÍTIÐ

**MEÐ HEIMI OG KOLLU**
**ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50**



BYLGJAN 989

VELKOMIN Á BIFRÖST

# Opinn dagur á Bifröst

## Laugardaginn 21. maí – kl. 14-17



**Háskólinn á Bifröst** býður þér að koma í heimsókn á laugardaginn og kynna þér námsleiðirnar sem eru í boði við skólann. Gestum verður fylgt um háskólaþorpið og sýndur leikskólinn, kaffihúsið, háskólatorgið, líkamsræktin og hin fjölbreytta aðstaða sem þar er að finna. Að auki verður hægt að skoða margskonar íbúðarhúsnæði sem er í boði fyrir nemendur við skólann.







## Skemmtileg fjölskyldudagskrá!

Mikki refur og Lilli Klifurmús, sýning kl. 15
Hoppukastali
Handverksmarkaður
Erpsstaðaís
Lazer tag
Vöfflukaffi

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**FRÉTTASKÝRING:** Mengun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum

# Mengun sem verður að rannsaka

**Árið 2006 hóf Orkuveita Reykjavíkur rekstur Hellisheiðarvirkjunar sem leiddi af sér aukinn styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti á höfuðborgarsvæðinu. En hvað er brennisteinsvetni og stafar fólki ógn af auknu magni þess í andrúmsloftinu?**



**HOLA BLÆS Á HELLISHEIÐI** Í gufunni er brennisteinsvetni í töluverðu magni. Gerðar eru tilraunir á vegum OR til að skilja gas frá gufu, blanda gasið frárennslisvatni og dæla því niður í jörðina. Þessi lausn gæti reynst umhverfisvænn og ódýr kostur. FRÉTTABLAÐIÐ/

Töluverð umræða hefur verið um möguleikann á skaðlegum áhrifum brennisteinsvetnis í gufu frá jarðhitavirkjunum allt frá því að rekstur Hellisheiðarvirkjunar hófst í október 2006. Áberandi lykt, oft kölluð hveralykt, berst í meiri mæli yfir íbúabyggðir þegar vindur stendur af þeim tveim jarðhitavirkjunum sem standa næst byggð á höfuðborgarsvæðinu, en það eru austlægar og suðaustlægar áttir.

En er það svo? Berst skaðlegt magn brennisteinsvetnis til íbúa frá jarðhitavirkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum?

**Kalifornía**

Á vef Umhverfisstofnunar er stuttlega fjallað um brennisteinsvetni í samhengi við íbúabyggð. Þar er tekið eftirfarandi dæmi: „Í Kaliforníu hafa umhverfismörk verið miðuð við næmni fólks fyrir lykt, þar eru mörkin 42 míkrógrömm í rúmmetra sé miðað við klukkustundarmeðaltal, en rannsóknir sýna að við þann styrk skynji um 80 prósent almennings lyktina. Mælingar frá því í febrúar 2006 til miðs febrúar 2007 sýndu að styrkur brennisteinsvetnis í Reykjavík fór samtals 48 sinnum yfir umhverfismörk Kaliforníu í mislöngum tímabilum, þar af urðu 45 skipti eftir 1. september 2006. Vegna þessa hefur meira borið á hveralykt í höfuðborginni eftir að Hellisheiðarvirkjun var gangsett.“

Þar segir einnig um áhrif brennisteinsvetnis á heilsu manna að í miklum styrk sé brennisteinsvetni skaðlegt heilsu. Það eru helst augu, lungu og öndunarvegur sem eru viðkvæm fyrir því. Lægsti styrkur sem talinn er valda skaða er um það bil 15 þúsund míkrógrömm í rúmmetra „en það er meira en 100 sinnum yfir þeim styrk sem mest hefur mælst í Reykjavík“.

Það er sem sagt óumdeilt að gasið er skaðlegt heilsu manna í miklu magni en hitt liggur eftir órannsakað hvaða áhrif brennisteinsvetni hefur á heilsu manna í litlu magni yfir langt tímabil. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra setti reglugerð í fyrrasumar um takmarkanir á losun brennisteinsvetnis byggða á þeim rökum að óvissa ríki um heilsufarsáhrif af langvarandi innöndun og því taldi hún nauðsynlegt að setja mörkin þannig að almenningur fengi notið vafans. Var talið nauðsynlegt að setja heilsuverndarmörkin við fimmtíu míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali á 24 klukkustundum. Mörk Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) eru 150 míkrógrömm og eru sett með tilliti til mögulegra bráðaáhrifa á augu en ekki til langtímaáhrifa á heilsu fólks sem býr við þessa mengun að jafnaði.

**Hjartalyf og mengun**

Ragnhildur G. Finnbjörnsdóttir, umhverfis- og auðlindafræðingur, hefur rannsakað hvort samband er milli loftmengunarefna og afgreiðslu á hjartalyfjum í Reykjavík. Niðurstöðurnar birti hún í meistaraprófsritgerð sinni Loftmengun í Reykjavík og notkun lyfja við hjartaöng.

Ragnhildur fann veikt samband milli styrks brennisteinsvetnis og úttekta á hjartalyfjum. Þetta samband fannst aðeins þegar skoðað var sólarhringsmeðaltal brennisteinsvetnis og úttektir á öllum æðavíkkandi lyfjum en ekki þegar skoðaðar voru sérstaklega úttektir á lyfjum við hjartaöng.

„Þetta er fyrsta rannsóknin, hér á landi og erlendis, sem finnur samband milli loftmengunar og fjölda afgreiðslna á hjartalyfjum og því verður að álykta með varúð hvort um sé að ræða orsakasamband eða ekki milli loftmengunar og hjartasjúkdóma. Engu að síður benda niðurstöðurnar til að aukning í loftmengun auki fjölda afgreiðslna á lyfjum við hjartasjúkdómum og því er nauðsynlegt að skoða þetta samband frekar,“ segir Ragnhildur.




**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is


## Brennisteinsvetni – litlaust ertandi gas

- Brennisteinsvetni er litlaus, eldfim gastegund sem hefur sterka einkennandi lykt sem flestir Íslendingar kannast við frá hverasvæðum eða jökulám. Gasið leysist upp í vatni, það er þyngra en loft og sest þess vegna í lægðir og lautir og hætta getur skapast ef gasið safnast fyrir í lokuðum rýmum, eins og í haughúsum, eða í fráveitukerfum
- Brennisteinsvetni verður til í náttúrunni eins og á jarðhitasvæðum, en magn þess í lofti getur aukist gífurlega við virkjun slíkra svæða, þar sem gufu og jarðhitavatni er þá veitt upp á yfirborð jarðar mun hraðar en gerist í náttúrulegum ferlum.
- Efnið telst vera eiturefni og svipar því til kolmónoxíðs og blásýru að því leyti að það veldur dauða með köfnun.
- Brennisteinsvetni getur valdið ertingu í augum í tiltölulega litlu magni.
- Alls ekki er hægt að útiloka að langvarandi snerting við brennisteinsvetnisgas/gufu í lágum styrkleika hafi neikvæð áhrif á heilsu manna, einkum í öndunarfærum.

*Heimild: Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, umhverfisefnafræðingur og Björn Pálsson, BA í sagnfræði, land- og jarðfræði.*




# RISA

# LGER

# SAA

## Í HOLTAGÖRÐUM

## TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR DAGLEGA

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Íslenskar og erlendar kiljur frá 499

Pennar Blýantar kr. 19

Spennandi erlendar gjafabækur kr. 1.999

Myndlist - blindrammar frá 999

Tónlist frá 499

DVD frá 499

Gjafa- og merkimiðar kr. 9

Hilluefni frá 499

Borðplötur frá 1.999

Pennaveski 499

Gjafapappír rúllur kr. 49

Nú erum við komin í algjöran sumarfíling með **geggjaða lagersölu** þar sem við veitum allt að **90% afslátt. Húsgögn, skrifstofuvörur, gjafavörur, dvd diskar, tónlist, bækur** o.fl. **Í Holtagörðum alla daga frá kl. 12-18**.

**– Ekki sleppa þessu. Sjáumst í sumarskapi!**

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Penninn
Með þér í vinnunni

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

33 cl. dósir
69 kr.

Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.

NESTLÉ LIONBAR EXTRA BITE 80g
98 KR.STK

498 KR. POKINN
FROSIN **JARÐARBER** 1,2 KG. /FROSNIR **MANGÓBITAR** 1 KG.

198 KR. 200G
**BÓNUS SALAT Á BRAUÐIÐ 200g**
TÚNFISK - RÆKJU & LAXA -HANGIKJÖTSSALAT

**EUROSHOPPER**
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
**98 KR.**
**25000**
DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI

129 KR.
**CANDYFLOSS** 20g dós

898 KR.
Mjöll-Frigg
MILT þvottaefni fyrir allan þvott
**40 þvottar 25 kr. þvotturinn.**
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VATN.

**OS GOTTI OSTUR**
**25%**
**AFSLÁTTUR**
VIÐ KASSA
1017 KR.KG
MERKT VERÐ 1356 KR.KG.

259 KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐ 4 STK.
**KJALLARABOLLUR** M/OSTI

198 KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐ
**LANGLOKUR 4 STK.**

259 KR.STK
MYLLU **HEIMILISBRAUÐ 770g**

159 KR.PK
BÓNUS **SPELTBRAUÐ 7 SNEIÐAR**
U.Þ.B. 280g

DVD-MARKAÐURINN Í BÓNUS **898 KR.STK** SÍÐUSTU DAGAR

**AFGREIÐSLUTÍMI**
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 527 9000

UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

## Þarftu að ná sambandi við Bónus?



Við erum við símann **527 9000** alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

## VISTVÆN FRAMLEIÐSLA




SALAT Í POTTI
275 kr. stk




SPÍNAT
298 kr.100g




**1498 KR.KG**
Grill úrbeinaðar hunangskryddaðar grísakótilettur *Merkt verð 1998 kr.kg -*




**1498 KR.KG**
Ali grillúrbeinaðar BBQ kryddaðar grísakótilettur *Merkt verð 1998 kr.kg -*



**995 KR.KG**
ÍSLANDSLAMB:
Ferskir grill lambaskankar



**1298 KR.KG**
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
Frosið lambalæri í sneiðum




**2298 KR.KG**
ÍSLANDSNAUT FERSK
**UNGNAUTA PIPARSTEIK**




**995 KR.KG**
BÓNUS
**GRILL GRÍSAKÓTILETTUR**




**2298 KR.KG**
ÍSLANDSNAUT úrbeinuð
**UNGNAUTA GRILLSTEIK**




**995 KR.KG**
BÓNUS Grill úrbeinaðar
**GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**

# GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL




**1659 KR.KG**
ÍSLENSKT HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ

Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
**398 KR.**



Hunt's
GRILLSÓSUR 612ml
**225 KR.**







**1598 KR.KG**
BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐI

## ALI GRÍSARIF *FORELDUÐ!*




BABYBACK GRÍSARIF *1498 KR.KG.*
ALI SPARERIBS *1198 KR.KG.*




**459 KR.960G**
HOLTA ELDAÐIR **KJÚKLINGAVÆNGIR** 960g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tónlistarkennslu leysir tónlistarnema úr átthagafjötrum.

# Höggvið á hnút

Samningur ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um tónlistarkennslu á framhaldsstigi lætur kannski ekki mikið yfir sér. Engu að síður er hann þýðingarmikið skref til bóta á ófremdarástandi sem ríkt hefur um tónlistarkennslu framhaldsnema um langt skeið. Með samkomulaginu er þannig höggvið á margra ára hnút sem hefur leitt til mikilla óþæginda fyrir lengra komna tónlistarnema utan af landi sem hafa þurft að sækja nám til Reykjavíkur.

Rekstur tónlistarskóla hvílir á sveitarfélögunum. Eðli máls samkvæmt hafa minni sveitarfélög hvorki burði til að halda úti tónlistarkennslu fyrir lengra komna nemendur né eru fyrir því forsendur víða vegna fólksfæðar. Það gefur já augaleið að erfitt getur verið að finna kennara fyrir lengra komna tónlistarnema í fámennari byggðum, auk þess sem möguleikar á samspili og öðrum námsþáttum sem hljóta að fylgja tónlistarnámi eru takmarkaðir.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Lengra komnir tónlistarnemar hafa þannig ekki átt annarra kosta völ en að sækja nám sitt til Reykjavíkur. Burðarmeiri sveitarfélög hafa greitt fyrir nám sinna ungmenna í tónlistarskólum höfuðborgarinnar samkvæmt sérstökum reglum meðan nemar úr öðrum sveitarfélögum hafa lent í vanda með að fá framlag frá heimasveitarfélögum sínum til framhaldsnáms í tónlistarskólum í borginni. Því miður hafa tónlistarnemar hreinlega þurft að hverfa frá námi af þessum sökum. Þessi aðstöðumunur tónlistarnema eftir búsetu hefur verið óþolandi og í raun ólíðanlegur.

Með samningnum nýgerða er leitast við að jafna þennan aðstöðumun ungra tónlistarnema. Með honum skuldbindur ríkið sig til að auka framlag til tónlistarkennslu á efri stigum um 250 milljónir á ári. Framlagið rennur til söngnáms á mið- og framhaldsstigi og annars tónlistarnáms á framhaldsstigi.

Samkomulagið gildir í tvö ár en á þeim tíma eiga viðræður að fara fram um framtíðarskipan mála. Einnig var samhliða undirritun samkomulagsins boðað að á haustþingi myndi menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um tónlistarskóla þar sem ákvæði samningsins yrðu útfærð og væntanlega fest í sessi.

Blómlegt starf tónlistarskólanna í landinu er grundvallarforsenda fyrir því gróskumikla tónlistarlífi sem á sér stað á Íslandi, bæði á sviði dægurtónlistar og sígildrar. Ekki má gleyma því að í tónlistarskólunum eru ekki aðeins tónlistarmennirnir sjálfir aldir upp heldur einnig margir neytendur hennar.

Það er ákaflega mikilvægt fyrir starfsskilyrði tónlistarskólanna í landinu að skýra línur varðandi ábyrgð á kostnaði vegna kennslu. Mikilvægasta bragarbótin við samkomulagið er þó fyrir nemendurna sjálfa, að þeim sé nú loks gert kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Samningur ríkisins og sveitarfélaganna um tónlistarkennslu á framhaldsstigi er þannig fyrst og fremst mjög mikilvægt jafnræðismál fyrir tónlistarnema á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Draumurinn um „eitthvað annað“

Fjármálaráðherra skrifaði grein í vikunni sem var málefnaleg tilraun til að sýna fram á að Ísland væri að rísa á ný. Síðast þegar ráðherrann reyndi þetta með yfirlýsingu á Alþingi um nýtt hagvaxtarskeið barði Hagstofan hann niður strax daginn eftir með tölum um samdrátt í stað hagvaxtar.

Að þessu sinni var Fréttablaðsgrein ráðherrans varla komin fyrir augu lesenda þegar varaformaður Framsóknarflokksins bað um aukafund í efnahagsnefnd Alþingis þar sem greiningardeild Arion banka hafði upplýst að útflutningur landsins stæði ekki undir afborgunum af erlendum lánum. Það voru að vísu ekki alveg óvænt tíðindi en virkuðu þó á sama veg á málflutning ráðherrans eins og Hagstofuupplýsingarnar áður.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Vitaskuld eru ýmsar orsakir fyrir því að fjármálaráðherranum gengur erfiðlega að sýna fram á að landið sé að rísa. Helsta ástæðan er þó andstaða hans eigin flokks og hluta Samfylkingarinnar gegn erlendri fjárfestingu.

Efnahagsáætlun AGS gerði ráð fyrir að nú á þriðja ári frá hruni væru framkvæmdir við tvö álver og nauðsynlegar virkjanir komnar vel á veg. Það var forsendan fyrir því að unnt var að fara mjúka leið í ríkisfjármálum. Báðir stjórnarflokkarnir féllust á efnahagsáætlunina í orði. Í verki hefur verið komið í veg fyrir að þessi áform yrðu að veruleika.

Svar stjórnarflokkanna við þeim ásökunum að þeir séu andvígir erlendri fjárfestingu er einfalt: Við viljum „eitthvað annað“ en orkuframkvæmdir og stóriðju. Draumurinn um „eitthvað annað“ hefur nú ræst. Útflutningshagvöxtur er óverulegur. Við framleiðum ekki nóg til að greiða niður skuldirnar.

## Nær innflutningshöftum en afnámi gjaldeyrishafta

Sá veruleiki sem varaformaður Framsóknarflokksins vakti athygli á segir þá sögu að afleiðingin af „eitthvað annað“-stefnunni er sú að þjóðin stendur nær innflutningshöftum en afnámi gjaldeyrishafta. Menn virða að ríkisstjórnin talar um afnám gjaldeyrishafta. En að sama skapi hljóta menn að harma að hún stefnir í raun í gagnstæða átt.

Forstjóri Kauphallarinnar vakti í vikunni réttilega athygli á því mikla tjóni sem gjaldeyrishöftin valda. Til þess að unnt sé að afnema þau þurfa allar forsendur efnahagsáætlunar AGS um að verða að veruleika. Það þarf erlenda fjárfestingu, útflutningshagvöxt og nógu sterka stöðu ríkissjóðs til að hann geti aflað fjár á erlendum mörkuðum. Kjarni málsins er sá að stjórnin er ekki að uppfylla þessi skilyrði.

Skilyrði AGS um aðgerðir í ríkisfjármálum voru afar mild miðað við aðstæður. Fjármálaráðherra segir réttilega að fram til þessa hafi hann uppfyllt þau. Ómálefnalegt er að gera lítið úr því. Veikleikinn er hins vegar sá að það var ekki gert með skipulagsbreytingum sem gera sparnaðinn varanlegan.

Að auki er nú ljóst að stefnan um „eitthvað annað“ skilar aðeins broti af þeim hagvexti sem ráðgerður er í forsendum kjarasamninga. Það þýðir að ríkissjóður fær ekki nægar tekjur. Augljóst er að ríkisstjórnin hefur ekki þingstyrk til að bæta það upp með harðari ríkisfjármálaaðgerðum sem hún hefur misst niður á öðrum sviðum.

Ísland virðist vera komið í þá stöðu að verðbólga fer vaxandi án þess að hana megi rekja til þenslu í atvinnulífinu. Þetta er einhver hættulegasta blindgata sem eitt hagkerfi getur lent í.

## Verðbólgulausn í stað arðsemiskröfu

Uppistaðan í efnahagspólitík fjármálaráðherrans er sú hugsun að rýra verðgildi krónunnar eftir þörfum til að tryggja samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Ganga hans til móts við nýja framtíð er þar af leiðandi eftir braut verðbólgunnar. Launafólk veit á hvaða vogarskál hallar eftir því sem lengra er gengið í þá átt.

„Eitthvað annað“ – stefnan í atvinnumálum skildi sjávarútveginn einan eftir með ferðaþjónustunni til að afla gjaldeyris fyrir þjóðarbúið og greiða niður erlendar skuldir. Þar þurfti líka að gera „eitthvað annað“ en það sem skilað hefur efnahagsárangri. Því var afráðið að hverfa frá þeim sjónarmiðum almannaghagsmuna að sjávarútvegurinn skili hámarks arðsemi. Í staðinn er tekin upp varsla sérhagsmuna í þágu þeirra sem vilja koma nýir inn í atvinnugreinina.

Afleiðingin af þessu er sú að verja þarf miklu fleiri krónum en áður til að veiða hvert tonn. Færri krónur verða því eftir til að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd. Það fást ekki fleiri evrur fyrir útfluttan fisk þó að við gengisfellum krónuna. Peningapólitík fjármálaráðherrans getur falið afleiðingar óhagkvæmra fiskveiða í bókhaldi útgerðanna. Hún færir okkur hins vegar fjær stöðugleika og hagvexti.

Alvarleg hætta er á að draumur ríkisstjórnarinnar um „eitthvað annað“ endi í martröð almennings.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com

Einn vinsælasti bíllinn á íslandi undanfarin ár
kemur nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

Sýnum einnig Grand Vitara með nýrri 2.4L 169 hö vél,
Lúxusbílinn Kizashi, sparibaukinn Suzuki Alto og sportjepplinginn SX4.

Frá hjóladeildinni sýnum við rafmagnshjólið vinsæla El-go
og frumsýnum nýjar gerðir rafmagnshjóla auk annara þekktra hjóla frá Suzuki.

P 90 mín. Græn skref í Reykjavík Visthæfur bíll

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2011

**Lagerhúsnæði til leigu.**

Lagerhúsnæði er til leigu að Fosshálsi1, 110 Reykjavík og er til afhendingar fljótlega.

Um er að ræða samtals 1.069,3 m$^2$ að grunnfleti sem skiptast í 189,4 m$^2$ kæli, 138,6 m$^2$ frystigeymslu og 741,3 m$^2$ vörulager.

Vörulagerinn inniheldur hillurekka fyrir 669 vörubretti.

Ein rafdrifin innkeyrsluhurð er inn á sameiginlegan gang og eru dyrnar 3,7 m á hæð og 5,5 m á breidd. Frá þessum gangi eru dyr inn í kælinn sem eru 2,4 m á breidd og 2,3 m á hæð og inn í vörulagerinn sem eru 1,8 m á breidd og 2,4 á hæð. Gengið er inn í frystinn úr kælinum í gegn um dyr sem eru 1,8 m breidd og 2,1 m á hæð. Lofthæð í rýmunum þremur er 4,3 m.

Aðgangur er að salerni í sameign og að sameiginlegu mötuneyti. Næg bifreiðastæði.

Nánari upplýsingar gefur Bjarni Stefánsson í síma 575-6000.

**Björgun ehf. til sölu**

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í Björgun ehf. Björgun rekur sanddæluskip og búnað til að stunda verktöku, einkum hafnardýpkanir, og er umfangsmikill efnissali til þeirra sem sinna mannvirkjagerð á Íslandi.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu að upphæð 400 milljónum króna.

Skilyrði fyrir þátttöku í söluferlinu er að fjárfestar fylli út upplýsingaeyðublað fyrir fjárfesta og trúnaðaryfirlýsingu. Hægt er að nálgast þau gögn ásamt frekari upplýsingum um söluferlið og félagið á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is.

**Tímafrestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rennur út kl. 12:00, föstudaginn 3. júní 2011.**

Þeim fjárfestum sem skila inn hagstæðustu tilboðunum að mati seljanda verður boðin þátttaka í öðru stigi söluferlisins. Tímafrestur til að skila inn skuldbindandi tilboðum rennur út kl. 12:00, miðvikudaginn 29. júní 2011. Stefnt er að því að söluferlinu ljúki fyrir lok júlí 2011.

**Um Björgun**
Björgun var stofnað 11. febrúar árið 1952. Félagið er leiðandi framleiðandi steinefna til hverskonar mannvirkjagerðar á Íslandi. Félagið aflar hráefnis úr námum, bæði á hafsbotni með uppdælingu efnisins og á landi með hefðbundnum hætti. Efnið er eftir atvikum flutt til frekari vinnslu á athafnasvæði félagsins við Sævarhöfða í Reykjavík.

Björgun hefur um árabil stundað verktöku af ýmsu tagi, svo sem hafnardýpkun, uppdælingu á efni til landfyllinga og uppdælingu á efni til frekari nýtingar á vegum annarra. Á síðari árum hefur Björgun staðið að landaþróunarverkefnum, bæði á eigin vegum og í samvinnu við aðra. Verkefnin eiga það sammerkt að felast í uppbyggingu sjávarlóða á höfuðborgarsvæðinu.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landsbankinn.is.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Að styðja við samkeppni í raun

Sjávarútvegur



Árni Páll Árnason
efnahags- og sjávarútvegsráðherra

Ritstjóri Fréttablaðsins stökk til varnar kvótakerfinu í leiðara og vék að ummælum mínum um mikilvægi öflugrar samkeppni í öllum atvinnugreinum í þeim tilgangi. Það var gamalkunnugt og nánast ósjálfrátt viðbragð til varnar útgerðinni, en spyrja má hvort besta vörnin sé sú sem veitt er af gömlum vana.

Íslenskt atvinnulíf einkennist af fákeppni á fjölmörgum mörkuðum. Saga okkar sýnir hvernig allt hefur lagst á eitt: Landfræðileg einangrun, smæð hagkerfisins, tengsl ráðandi flokka við fyrirferðarmestu aðila í atvinnulífi, sveiflukennt efnahagslíf og smæð heimamarkaðar.

Með EES-samningnum náðum við þeim árangri að brjóta skörð í varnarvegg um kyrrstöðu í atvinnulífinu. Heimamarkaðurinn stækkaði gríðarlega og nýjar samkeppnisreglur tóku gildi, sem takmörkuðu kúgunarvald ráðandi aðila á markaði. Umræðan um samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs verður að taka mið af þessum staðreyndum, en ekki að lokast inni í slagorðum og frösum, eins og gætir í fyrrnefndum leiðara.

Í tilvitnuðu viðtali í Markaðnum nefndi ég að brjóta þurfi niður alla múra forréttinda og sérréttinda í einstökum atvinnugreinum og hvetja til nýliðunar og nýsköpunar. Það á við um allar atvinnugreinar hér á landi – allar og alltaf. Í fámenninu er auðvelt að velja sér vini og verja til dæmis með kjafti og klóm fákeppni á kostnað neytenda í mjólkuriðnaði – eins og sjálfstæðismenn gera af mikilli hugsjónagleði – eða telja einhverja aðra atvinnugrein svo sérstaka að rétt sé að gera henni sérstaklega hátt undir höfði og undanskilja hana almennum leikreglum að einhverju leyti. Almennu reglurnar eigi vissulega að gilda – bara ekki núna og ekki um þessa atvinnugrein. Þetta er leið fortíðarinnar – leiðin til samfélags fákeppni og einhæfra atvinnuhátta.

Grundvallaratriðin eru þau að útgerðin greiði í sjóð Íslendinga endurgjald fyrir afnot af auðlindinni sem endurspegli eðlilega auðlindarentu og að nýliðun sé möguleg í þessari grein sem öðrum.

Greinin verður áfram að vera samkeppnishæf og arðsöm. Nú ætla ég mér ekki þá dul að halda því fram að allt sem í nýjum frumvörpum er að finna sé fullkomin snilld og vafalaust má sníða agnúa af þeim frumvörpum í þinginu. Til þess er líka gefinn tími. Aðalatriðið er að ekki má nálgast málið út frá því sjónarmiði að breytingar í þágu almannahagsmuna séu óásættanlegar út frá hagsmunum útgerðarinnar. Ef þetta tvennt rekst á, verða almannahagsmunir að ráða.

Barátta næstu ára snýst um hvort íslenskt atvinnulíf verði í raun alþjóðlega samkeppnishæft atvinnulíf eða hvort hin dauða hönd kolkrabba, flokkshesta og einkavina leggist á ný yfir íslenskt atvinnulíf. Í þeirri baráttu þurfa allir áhugamenn um samkeppnishæft atvinnulíf að standa saman.

# Arnarnes fyrir alla

Deiliskipulag



Jóhannes Kári Kristinsson
íbúi í Garðabæ

Þann 31. mars sl. var haldinn fundur í Garðabæ, þar sem fyrsti áfangi að deiliskipulagi Arnarness var kynntur. Vil ég hér með þakka það vandaða starf sem arkitektastofan Hornsteinar vinnur í tengslum við þessa þróun. Fundurinn var áhugaverður, m.a. var gaman að fá kynningu á hinum ýmsu menningarverðmætum sem eru á nesinu, hversu vel skipulagt Arnarnes var á sínum tíma og mikil vinna lögð í að skapa þessa vel heppnuðu byggð.

Mesta athygli vakti þó umræða um útivistarmál í Arnarnesi. Garðbæingur steig á svið og studdi þá hugmynd að leggja tvo stíga á Arnarnesi til að beina umferð fólks, hvort sem er hjólamanna eða gangandi, frá umferðargötum. Annar stígurinn yrði lagður austan hljóðmanar við Hafnarfjarðarveg, einkum fyrir hraða hjólaumferð. Hinn stígurinn yrði strandstígur í kringum nesið. Þessi stígur yrði mikil framför, þar sem allir íbúar Garðabæjar fengju jafnan aðgang að stórkostlegu útsýni og náttúru á nesinu.

Nokkrir eldri Arnarnesbúar hafa sagt möguleikana á því að sjá fallegt sólarlagið nú enga þar sem trén byrgja víða sýn. Þeir komast ekki niður torfæran sjávarkambinn og í fjöruna og má það sama auðvitað segja um hreyfihamlaða. Arnarnesbúi á fundinum lýsti því yfir að hann vildi ekki hrófla við neinu á Arnarnesinu, síst af öllu opna fyrir verslun eða aðra þjónustu á Arnarnesinu, þar sem Arnarnesbúar gætu sótt þá þjónustu annars staðar í Garðabæinn.

Hér koma nokkrar spurningar til íbúa Arnarness: Eiga nokkrar sjávarlóðir í Garðabæ einkarétt á útsýni yfir Arnarnesvoginn? Þó að fullfrískt fólk geti klöngrast niður í Arnarnesfjöru eins og ástandið er nú, er þar víða erfitt yfirferðar og útsýnispunktar eða stikur sem eiga að þjóna sem einhver millibilslausn koma engan veginn í staðinn fyrir útsýnisstíg, þar sem fólk getur valið sjálft hvar það staldrar við.

Önnur spurning: Finnst Arnarnesbúum það sanngjarnt að sækja alla þjónustu, hvort sem er til verslunar, mennta, útiveru eða menningar, í aðra hluta Garðabæjar og á sama tíma neita öðrum Garðbæingum um að njóta strandarinnar og útsýnis þaðan í sínu eigin byggðarlagi? Og í framhaldinu: Myndi það ekki auðga Arnarnesið að fá til sín líf frá öðrum hverfum bæjarins, líf sem hefur auðgað önnur nes sem hafa verið í svipaðri stöðu, s.s. Kársnes.

Að lokum þetta: Á fundinum steig fuglaáhugamaður á svið, sem hefur auðgað fuglalíf í kringum sig í fjölda ára með framkvæmdum við hús sitt, m.a. með stórum krana í fuglslíki, og lýsti yfir áhyggjum sínum yfir samlífi fugla og manna yrði slíkur stígur lagður. Þessi hugulsemi er þó óþörf þar sem í næsta hverfi, Sjálandinu, njóta íbúar hins fjölbreytta fuglalífs sem þar ríkir með greiðum aðgangi strandstígsins sem þar er. Kannski er mannlífið ekki síður mikilvægt en fuglalíf ef út í það er farið. Á fundinum kom fuglaáhugamaðurinn jafnframt fram með niðurstöður framhaldsrannsókna sinna um að mun minna fuglalíf væri í Kársnesi en í Arnarnesi. Gæti ekki bara verið að fuglunum þyki jafnvel ennþá betra að búa í Garðabæ?

Nýtt tákn um gæði

**Stórsýning**

### Nýr Ford Focus

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,7 lítra á hundraðið** frá Akureyri

*Verð frá 3.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll



*Vertu í hópi þeirra bestu.*
*Veldu Ford.*

Komdu í Brimborg í dag. Reynsluaktu nýjum Ford.

**Stórsýning**

# Kveiktu á sparneytni

## sjáðu nýja bíla frá Ford

Tíminn líður hratt. Hagkvæmir eiginleikar Ford mæta þörfum nútímans. Ford leggur í stæði sjálfur. Ford fær frítt í stæði. Ford verndar þig og þína. Ford passar budduna þína. Ford bílar létta þér lífið. Kveiktu á hagkvæmum eiginleikum Ford. Fáðu að vita meira um gegnheila og einlæga hönnun Ford.

**Bíldshöfða 6**
**Í dag milli kl. 12 og 16**

*Komdu í kaffi og kleinur*

*Taktu þátt í getraun*





*Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár*

### Nýr Ford Kuga AWD

Kauptu bíl sem notar aðeins **5,1 lítra á hundraðið** til Ísafjarðar

*Verð frá 5.690.000 kr.*



### Nýr Ford Fiesta

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,2 lítra á hundraðið** frá Selfossi

*Verð frá 2.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

### Nýr Ford Mondeo

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,9 lítra á hundraðið** til Hafnar

*Verð frá 4.340.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll

**Komdu í Brimborg í dag milli 12 og 16**

*Venjulegt íslenskt fjölskyldufyrirtæki í 47 ár*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.




**TIANA sængurverasett**
Efni: 100% bómullarkrep.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

SÆNGURVERASETT
**1.695,-**

# GERÐU GO



**Trampólín**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm.
Trampólín **26.990,-**
Öryggisnet **16.990,-**
Trampólín + öryggisnet **36.990,-**
Stigi **3.495,-**
Aukahlíf stærð: Ø 350 sm. **4.995,-**

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGSNET
**36.990,-**

SPARIÐ 6.990



GÖNGUSOKKAR VERÐ ÁÐUR: 995,-
**796,-**

20% AFSLÁTTUR

**HIKING göngusokkar**
Góðir göngusokkar með sérstakri styrkingu á tám og hæl. Gott efni sem andar! Nokkrar stærðir.



BAKPOKI VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
**1.495,-**

25% AFSLÁTTUR

**BOOTES bakpoki**
Góður 30 lítra bakpoki.
Fæst í bláu eða rauðu.



1 STK. FLUGDREKI
**299,-**

**Lítill flugdreki**
Litlir og nettir flugdrekar, fást í nokkrum litum og munstrum.



33% AFSLÁTTUR

RISTAVÉL VENJULEGT VERÐ: 2.995,-
**1.995,-**

**Ristavél**
Stílhrein og flott brauðrist á frábæru verði!



**BRESCIA sólstóll**
Flottur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Stóllinn er með góðum hauspúða og hægt er að halla baki.
Litur: Svartur.

SÓLSTÓLL
**7.495,-**



**Göngustafir**
Góðir göngustafir, hægt að stilla lengd á stöfunum. Fáanlegir í 2 litum.

2 STK. VERÐ ÁÐUR: 2.995,-
**1.995,-**

SPARIÐ 1.000



VERÐ FRÁ:
**1.995,-**

**Úrval blómapotta**
1 AMARYLLIS **3.995,-**
Stærð: Ø35 x H50 sm.
2 CLOVES **3.995,-**
Stærð: B30 x L30 x H40 sm.
3 VERBENA **2.995,-**
Stærð: B33 x L33 x H40 sm.
4 MENTON **1.995,-**
Stærð: Ø29 x H29 sm.
5 STRAWBERRY **3.995,-**
Stærð: Ø40 x H33 sm.



40% AFSLÁTTUR

ÞYRLA + 2 SPAÐAR VERÐ ÁÐUR: 499,-
**299,-**

**Þyrla + 2 spaðar**
Skemmtileg þyrla á fínu verði!

# ÓÐ KAUP!

TILBOÐIN GILDA 21.05 - 22.05

**PURE DEAD SEA vörur**
Frábærar DEAD SEA vörur í miklu úrvali.
Komdu og gerðu góð kaup!

VERÐ FRÁ:
**459,-**





PEYSA + BUXUR

BARNASTÆRÐ
**2.495,-**

**Útivistarnærfatnaður**
Peysa og buxur saman í pakka.
Barnastærðir **2.495,-**
Fullorðinsstærðir **2.995,-**



40% AFSLÁTTUR

10 PÖR
VERÐ ÁÐUR:
2.495,-
**1.495,-**

10 PÖR

**Dömusokkar**
Góðir dömusokkar. Fást í hvítu og svörtu. 10 pör saman í pakka.
Stærðir: 36 - 41.



GÖNGUSKÓR
**9.995,-**



GÖNGUSKÓR
**5.995,-**

**Gönguskór**
Vandaðir og góðir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri. Stærðir: 36-45.



MYRKVUNARGARDÍNA

**DARK myrkvunargardínur**
Þykkar og góðar myrkvunargardínur.
Litur: Hvítt. Stærðir:

| | |
|---|---|
| 60 x 170 sm. | **1.995,-** |
| 80 x 170 sm. | **2.495,-** |
| 100 x 170 sm. | **2.995,-** |
| 110 x 170 sm. | **3.495,-** |
| 120 x 170 sm. | **3.695,-** |
| 140 x 170 sm. | **3.995,-** |
| 150 x 170 sm. | **4.495,-** |
| 160 x 170 sm. | **4.995,-** |
| 180 x 170 sm. | **5.495,-** |
| 150 x 250 sm. | **5.995,-** |
| 90 x 250 sm. | **3.995,-** |
| 200 x 170 sm. | **5.995,-** |

VERÐ FRÁ:
**1.995,-**

mascot



SÆNG + KODDI
VERÐ ÁÐUR: 4.790,-
**3.995,-**

16% AFSLÁTTUR

HREIN EFNI

**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi.
Fylling: Fíngerðar holtrefjar.
Stærð: 135 x 200 sm. **3.495,-**
Koddi st. 50 x 70 sm. **1.295,-**

**KRONBORG DREAMER gæsadúnsæng**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina.
Má þvo við 60°C.
Stærð: 135 x 200 sm.
áður: **17.950,- NÚ: 12.950,-**
Extra löng:
135 x 220 sm. **19.950,-**
Tvíbreið:
200 x 220 sm. **29.950,-**
Koddi: 50 x 70 sm. **5.995,-**

HREIN EFNI

KRONBORG OF DENMARK



Koddi
50 x 70 sm.
5.995,-

FULLT VERÐ:
17.950,-
**12.950,-**
ST. 135 X 200 SM.

SPARIÐ 5.000

Veggir


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Tökum afstöðu og segjum já

Kjarasamningar

Stefán Einar Stefánsson
formaður VR



Ásta Rut Jónasdóttir
varaformaður VR



Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um kjarasamninga VR eftir langar og erfiðar samningaviðræður. Tekist var á af hörku um hvert atriði samninganna og á stundum virtist hvorki ganga né reka. Að okkar mati gengu Samtök atvinnulífsins, með útvegsmenn í broddi fylkingar, allt of langt í þeirri hugmyndafræði sem þeir byggðu á og vinnubrögðunum sem þeir beittu. Sveigjanleiki er aðall góðrar samningatækni, en lítið fór fyrir honum af þeirra hálfu. Undir vor var komið að því að brýna verkfallsvopnið sem legið hefur óhreyft af hálfu VR síðan árið 1988. Launþegar höfðu fengið nóg af yfirgangi atvinnurekenda og verkföll vofðu yfir.

Að lokum sættust aðilar á málalok og kjarasamningar eru komnir í höfn. Ástandið á vinnumarkaði er viðkvæmt og allir voru sammála um að brýnasta verkefnið væri að viðhalda stöðugleikanum og tryggja stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Við fengum ekki allar okkar óskir uppfylltar með þessum kjarasamningum en með samþykkt þeirra leggjum við okkar af mörkum til að skapa betri lífskjör.

Samningarnir fela í sér talsverðar kjarabætur fyrir félagsmenn VR en ættu þó ekki að hleypa öllu verðlagi upp, ef rétt er á málum haldið. En það eru ekki bara launamenn sem að þessum samningum standa. Stjórnvöld þurfa að hleypa krafti í framkvæmdir og leggja sitt af mörkum til að liðka fyrir því að atvinnulífið blómstri. Atvinnurekendur þurfa að koma til móts við launþega með sameiginlegu átaki í atvinnumálum.

> Með sameiginlegu átaki getum við unnið okkur út úr þeirri stöðu sem ríkt hefur í atvinnumálum og efnahagsmálum.

Helstu ávinningar nýrra samninga eru sem hér segir:

- Almennar launahækkanir á næstu þremur árum eru 11,4%. Eingreiðsla að upphæð 50.000 krónur kemur til útborgunar þegar samningarnir hafa verið samþykktir í atkvæðagreiðslu og aðrar 25.000 krónur í tveimur greiðslum síðar á árinu.
- Sérstök áhersla verður á hækkun lægstu launa og hækkar lágmarkstekjutrygging um allt að 23,6%.
- Persónuafsláttur verður verðtryggður frá og með næstu áramótum. Auk þess verður lagður grunnur að jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna með markvissum hætti á árunum 2014-2020 en hér er um að ræða eitt mikilvægasta réttindamál launafólks um áratuga skeið.
- Blásið verður til sóknar í atvinnulífinu með það að markmiði að draga úr atvinnuleysi, m.a. með ýmsum aðgerðum til að treysta stöðu nýsköpunar og þekkingargreina og iðnaðar.
- Átak verður sett af stað í þjónustu við atvinnuleitendur á vegum stéttarfélaganna og lögð áhersla á að auka framboð á menntun bæði fyrir yngra fólk og þá sem komnir eru af skólaaldri.
- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fá hliðstæða hækkun og þeir sem eru á lægstu töxtum. Hækkun framlaga til Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa tryggir launafólki rétt í fæðingarorlofi og launatap í gjaldþrotum fyrirtækja.

Með sameiginlegu átaki getum við unnið okkur út úr þeirri stöðu sem ríkt hefur í atvinnumálum og efnahagsmálum. Þeir samningar sem við göngum nú til kosninga um geta markað upphaf nýrra tíma, tíma stöðugleika og uppbyggingar í stað stöðnunar og niðurrifs. Þess vegna hvetjum við félagsmenn VR til að kynna sér efni samninganna og taka afstöðu í atkvæðagreiðslunni. Á heimasíðu félagsins, www.vr.is, má finna ítarlega umfjöllun um báða samninga félagsins en framtíð þeirra liggur í höndum okkar, félagsmanna VR.




## AF NETINU

### Þöggunarverksmiðjur

Vitaskuld á Árnessýsla að vera orðin eitt sveitarfélag. Tímaskekkja er það að hafa sex til átta sveitarfélög fyrir 10.000 manns. Lítil sveitarfélög eru þöggunarverksmiðjur. Samkvæmt félagsfræðinni er það fámennur hópur sem ræður því hvernig fólk situr og stendur í smáum sveitarfélögum, gjarnan hæft og duglegt fólk sem hefur hreiðrað vel um sig. Skiptir ekki öllu máli hverjir eru í formlegri sveitarstjórn. Engin fjölmiðlun er í svona sveitum – aðeins meðvitundarlaus auglýsingablöð. Viðkvæm mál eru ekki rædd. Allt er á slúðurstigi. Þeir sem eru vanir opinni umræðu og þeir sem vilja breytingar hrökklast gjarnan burt. Svo maður haldi sig við heimahérað þá myndi ástandið skána ef Árnessýsla yrði eitt sveitarfélag, möguleikar opnast og magnast. Áfram þyrftu þó allir að vera á andþöggunarverði og grípa þyrfti til átaks til að örva opna opinbera umræðu.

blog.eyjan.is/baldurkr
**Baldur Kristjánsson**

### Tekinn í nefið

Framsóknarflokkurinn er hægt en örugglega að ná forystu fyrir stjórnarandstöðunni þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er lamaður. Sjálfstæðisflokkurinn klúðraði Icesave-málinu, forystan er meðsek útrásarafgöngum í þingflokknum og býður enga pólitíska valkosti aðrar en skattalækkun.

pallvil.blog.is
**Páll Vilhjálmsson**

# Flæði erfðaefnis, ábyrgðarleysi og fullnægjandi rannsóknir

Umhverfismál

Jón Hallsteinn Hallsson
erfðafræðingur



Þann 18. apríl s.l. birtist í Fréttablaðinu grein eftir Kesöru Anamthawat-Jónsson prófessor við Háskóla Íslands um ræktun erfðabreytts byggs utandyra. Í greininni viðrar Kesara þá hugmynd sína að vísindamennirnir 37 sem nýverið mótmæltu tillögu til þingsályktunar um útiræktun á erfðabreyttum lífverum hafi byggt álit sitt á rannsókn sem framkvæmd var af starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands (1). Ekki er gott að vita hvort grunur Kesöru sé á rökum reistur, en þó er rétt að benda á að umrædd rannsókn er ekki sú eina sem metið hefur erfðaflæði frá byggi og skyldum tegundum og því má telja víst að skoðun vísindamannanna 37 sé byggð á fleiri og ítarlegri rannsóknum (sjá t.d. 2,3).

Kesara gerir síðan tilrauninni skil og gagnrýnir þar ýmislegt. Tvennt er rétt að fjalla um sérstaklega. Í fyrsta lagi er gagnrýnt að notast var við svipgerðir plantna til að fylgja eftir genaflæði (í stað t.d. erfðamarka eða erfðabreytinga) og gert að umtalsefni að þessar svipgerðir, tveggja- og sexraða öx, séu „ólíkir hópar innan tegundarinnar Hordeum vulgare“, en H. vulgare er í daglegu tali kallað bygg. Hér er óljóst hvað Kesara á við enda hugtakið hópur í þessu samhengi illa skilgreint. Framsetningin er þó með þeim hætti að ætla mætti að þarna væru á ferðinni tvær ólíkar flokkunarfræðilegar einingar og að erfðaflæði milli þessara „hópa“ væri á einhvern hátt takmarkað umfram það sem gerist almennt á milli byggyrkja. Svo er hins vegar ekki raunin. Ítarleg umfjöllun Kesöru um erfðafræðilegan mun á tveggja- og sexraða-byggi er því í raun óþarfa málalenging þar sem þetta ákveðna atriði breytir engu um niðurstöður rannsóknarinnar.

Síðan segir hún: „Til þess að fá öruggar niðurstöður um genaflæði er nauðsynlegt að greina tilvist framandi gens eða gena og meta tjáningu þeirra í viðtökuplöntum með sameindaerfðafræðilegum aðferðum. Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið gert.“ Kesara lýsir hér tilraun þar sem erfðabreyttar plöntur eru notaðar sem frjógjafar við mat á erfðaflæði. Til að gefa raunsanna mynd yrði slík tilraun að fara fram utandyra. Við þetta er helst tvennt að athuga. Í fyrsta lagi hefur tilraun af þessu tagi þegar verið framkvæmd, sýndi hún lága tíðni genaflæðis (2) og voru helstu ályktanir samhljóma þeim sem settar voru fram í greininni í IAS (1). Í öðru lagi þá skýtur það skökku við að leggja til sleppingu á erfðabreyttum plöntum utandyra til þess að mæla flæði erfðaefnis í sömu grein og því er lýst sem „ábyrgðarleysi“ af hálfu íslenskra vísindamanna að leggjast ekki eindregið gegn sleppingu slíkra plantna. Þó áframhaldandi rannsóknir á erfðaflæði séu góðra gjalda verðar þá væri rannsókn af því tagi sem hér er lýst andstæðingum erfðabreyttra plantna varla að skapi auk þess sem hugmyndin gengur þvert gegn megin niðurstöðu greinar Kesöru.

En grein Kesöru líður ekki eingöngu fyrir óþarfa málalengingar og þversagnakenndar tillögur að frekari rannsóknum, heldur einnig óljósa notkun hugtaka og stóryrði. Hún kallar það „ábyrgðarleysi hjá vísindamönnum að gera ekki kröfur um fullnægjandi rannsóknir og vísar hér aftur til 37 menninganna. Harðari verður gagnrýni á vísindamenn varla, enda ábyrgðarlaus vísindamaður ekki á vetur setjandi. Helsta vandamálið í þessum málflutningi Kesöru eru þó ekki stóryrðin heldur það að hún gerir enga tilraun til að varpa ljósi á hvað geti talist „fullnægjandi rannsókn“ og enn síður hver eigi að ákveða hvenær þeim mikilvæga áfanga sé náð að rannsókn teljist fullnægjandi. Samkvæmt Kesöru eru það hvorki vísindamennirnir 37, en á þeim lista eru margir af okkur færustu erfðafræðingum, né ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur sem ætlað er að fjalla um umsóknir um leyfi til sleppingar á erfðabreyttum lífverum. Því vaknar sú spurning hvort það sé miklu fremur ábyrgðarleysi hjá vísindamönnum að sitja hjá í þjóðfélagsumræðunni og skýla sér á bak við kröfur um sífellt ítarlegri rannsóknir í stað þess að taka afstöðu? Hlutverk vísindamannanna er að afla nýrrar þekkingar, en þeir verða einnig að hafa þor til að túlka fyrirliggjandi niðurstöður á hverjum tíma og draga af þeim ályktanir, jafnvel þegar um er að ræða jafn umdeilt efni og erfðatækni.

> Hlutverk vísindamanna er að afla nýrrar þekkingar, en þeir verða einnig að hafa þor til að túlka fyrirliggjandi niðurstöður

1. Hermannsson J, Kristjánsdóttir TA, Stefánsson TS, Hallsson JH. Measuring gene flow in barley fields under Icelandic sub-arctic conditions using closed-flowering varieties. Icelandic Agricultural Sciences. 2010;23:51-59.

2. Ritala A, Nuutila AM, Aikasalo R, Kauppinen V, Tammisola J. Measuring gene flow in the cultivation of transgenic barley. Crop Science. 2002;42(1):278-285.

3. Gatford KT, Basri Z, Edlington J, Lloyd J, Qureshi JA, Brettell R, et al. Gene flow from transgenic wheat and barley under field conditions. Euphytica. 2006;151(3):383-391.




# Eigum að standa með hinu veika

**Auður Ava Ólafsdóttir** rithöfundur er á miklu flugi. Skáldsaga hennar, Afleggjarinn, hefur selst í hundrað þúsund eintökum og sópað að sér verðlaunum. Hún hefur lokið við sitt fyrsta leikrit sem sett verður upp í Þjóðleikhúsinu næsta haust og stefnir á að gefa út í nýja bók fyrir jól. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Auði Övu, rétt áður en hún var flogin á bókmenntahátíð í Lyon.



VELGENGNI „Ég hef verið frekar ánægð með að vera hálf ósýnileg á Íslandi. Þeir sem ég hef aðallega fengið klapp á öxlina frá eru aðrir rithöfundar, sem hefur glatt mig,“ segir Auður Ava og bætir við að velgengnin í Frakklandi sé svolítið yfirþyrmandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auður Ava Ólafsdóttir hefur slegið í gegn í Frakklandi. Þriðja skáldsaga hennar, Afleggjarinn, hefur selst í hundrað þúsund eintökum frá því að hún kom út í Frakklandi fyrir einu og hálfu ári, meira en til að mynda Hreinsun eftir Sofi Oksanen; hún hefur sópað að sér bókmenntaverðlaunum, hún er til umfjöllunar í öllum helstu fjölmiðlum Frakka og er tíður gestur á bókmenntahátíðum, til að mynda í Lyon nú um helgina.

„Kemur núna svona íslensk spurning um hvað ég sé búin að græða mikið á þessu?“ spyr Auður Ava yfir tebolla í gluggasæti á Kaffivagninum. Ég svara að ég hafi vissulega ætlað að spyrja að því en kannski ekki í blábyrjun viðtals heldur þegar lengra væri liðið á það.

„Nei, nei, klárum það strax,“ svarar hún. „Það stefnir sem sagt í það að þegar árið verður gert upp fái ég í fyrsta skipti laun á mínum rithöfundarferli. Ég hugsa að upphæðin dugi fyrir því sem lánin á húsinu mínu hækkuðu við hrunið. En það er auðvitað frábært að vera í þeirri aðstöðu að geta hugsanlega lifað af skriftum í framtíðinni.“

### Ánægjulegt en yfirþyrmandi

Auður hefur gefið út þrjár skáldsögur og eina ljóðabók. Bækur hennar hafa jafnan hlotið lof og viðurkenningar en ekki selst í stórum upplögum hér á landi. Styður velgengnin í Frakklandi kenninguna um að upphefðin komi að utan?

„Ég skal ekki segja. Ég hef verið frekar ánægð með að vera hálf ósýnileg á Íslandi. Þeir sem ég hef aðallega fengið klapp á öxlina frá eru aðrir rithöfundar, sem hefur glatt mig. Þessar miklu vinsældir í Frakklandi komu mér líka skemmtilega á óvart.

En um leið er þetta svolítið yfirþyrmandi. Það leið varla sú vika í vetur að ég væri ekki í viðtali við franska blaðamenn og undanfarið hálft ár hef ég verið á annan mánuð að ferðast um Frakkland og koma fram á hátíðum, því maður vill þakka fyrir sig. Rithöfundur þarf auðvitað fyrst og fremst tíma til að skrifa en það fer mjög mikill tími í að fylgja þessu eftir.“

Auður segist reyndar nota athyglina sem hún fær í Frakklandi til að vekja athygli á íslenskum bókmenntum og sagnahefð.

„Mér finnst skemmtilegast að tala um aðra rithöfunda og nota tækifærið til að segja frá höfundum á borð við Vilborgu Dagbjartsdóttur og Guðberg Bergsson, sem eru í hópi okkar bestu skálda. Ég trúi alveg að Guðbergur fái Nóbelsverðlaunin á næsta ári, ég ætla bara að spá því nú.“

### Aukinn áhugi á íslenskum skáldum

Velgengni íslenskra höfunda á erlendum vettvangi á undanförnum árum hefur einkum verið bundin við glæpasögur í þýskumælandi löndum. Bækur Auðar eru aftur á móti hreinar fagurbókmenntir; Afleggjarinn gerist að mestu leyti í Suður-Evrópu (þótt sögusviðið sé aldrei nefnt á nafn). Spurð hvort þetta segi eitthvað um bókmenntasmekk Frakka og hvort áhugi þeirra beinist að öðru en íslenska vinklinum, svarar Auður já og nei.

„Frakkar eru ein mesta bókmenntaþjóð í heimi. Þeir eru gríðarlega miklir þælarar, lesa mikið af góðum bókum og eru með mjög metnaðarfullt kerfi; bókabúðir eru ríkisstyrktar og þjóna sem eins konar menningarmiðstöðvar í héraði og fjölmiðlar halda úti mjög metnaðarfullri bókmenntagagnrýni. Ég gæti trúað því að fljótlega verði gríðarlegur áhugi á íslenskum höfundum í Frakklandi, öðrum en krimmahöfundum, og það er þegar byrjað. En Íslandsáhuginn er vissulega til staðar og er greinilegur í umfjöllun um Afleggjarann. Frakkar eru líka mjög upplýstir um Ísland, vita til dæmis um pólitík og spyrja jafnan mikið um Jóhönnu Sigurðardóttur.“

Auður vinnur nú að nýrri bók og þrátt fyrir vinsældirnar í Frakklandi segist hún ekki skrifa með annan markhóp í huga.

„Ég hugsa ekki þannig; ég skrifa alltaf fyrir einhvern einn ótiltekinn lesanda. Ég held að það sé óráðlegt fyrir höfund að fara að miða við einhvern ákveðinn hóp; ég hugsa að slíkt leiði mann yfirleitt allt annað en maður ætlaði.“

### Seinþroska höfundur

Auður Ava er lektor í listfræði við Háskóla Íslands. Hún kveðst snemma hafa ákveðið að verða rithöfundur en fyrsta skáldsaga hennar, Upphækkuð jörð, kom út 1998 þegar hún stóð á fertugu. Auður segir það algengt hlutskipti kvenna í listum að byrja ferilinn seint.

„Þegar ég var lítil notaði ég stundum sérkennilegt orðfæri, ég skrifaði mikið af sögum og á það skjalfest að þegar ég var sjö ára hafi ég sagt við kennarann minn að ég ætlaði að verða rithöfundur. Síðan fannst mér gaman í skóla; ég var dúx í menntaskóla og þannig fólk verður oft kennarar. Svo fór ég til Frakklands og Ítalíu og lærði listfræði og hef verið í mjög skemmtilegri vinnu síðan en að sama skapi unnið mér til óbóta. Og svo eignast maður börn og árin líða.“

Á hinn bóginn segir Auður sig hafa verið seinþroska og ekki í stakk búna til að hefja rithöfundarferil sinn fyrr.

„Ég hefði til dæmis ekki getað skrifað Afleggjarann fyrr vegna þess að í sögunni er ákveðin niðurstaða fyrir gildi lífsins og hvað skipti máli. Það er kostur þess að byrja seint að skrifa, að vera kominn með þennan þroska og ég held að ég eigi bestu árin fram undan.“

### Lagt út af tíðarandanum

Afleggjarinn, sem kom út 2008, fjallar um ungan mann sem er svo að segja alinn upp í gróðurhúsi og á brýnt erindi í afskekkt klaustur í útlöndum með þrjá ólífvænlega rósaafleggjara. Hann skilur eftir aldraðan föður, þroskaheftan bróður og stúlkubarn sem hann eignaðist fyrir slysni en úti tekur lífið á sig nýja mynd og söguhetjan tekst á við karlmennsku sína, ástina, rósarækt og óvænta ábyrgð.

Þetta er marglaga skáldsaga enda segir Auður sér hafa legið mikið á hjarta þegar hún skrifaði hana.

„Í aðra röndina langaði mig að vinna með hugmyndina um karlmennskuna; mér finnst karlmaðurinn oft settur fram á einhæfan og óspennandi hátt í fjölmiðlum og auglýsingum. Ég vildi sýna hann sem marghliða og flókna tilfinningaveru. Frelsi rithöfundarins er svo mikið að maður getur jafnvel skipt um kyn.“

Á hinn bóginn má finna í bókinni öflugt andóf við tíðarandann.

„Bókin er skrifuð 2006 og 2007 þegar Íslandi er að springa af sprúðlandi græðgi og eigingirni. Á þessum árum voru líka gerð mjög samfélagslega gagnrýnin verk, til dæmis verk Gjörningaklúbbsins, Innrás-Útrás, þar sem viðskiptajöfrar og hentistefnupólitíkusar voru færðir í vargsbúning. Þetta vakti hins vegar sáralitla athygli þá er svolítið sérkennilegt í ljósi fjaðrafoksins út af Koddu um daginn, það er jú árið 2008 – en þetta er útúrdúr.

> Það stefnir sem sagt í það að þegar árið verður gert upp fái ég í fyrsta skipti laun á mínum rithöfundarferli. Ég hugsa að upphæðin dugi fyrir því sem lánin á húsinu mínu hækkuðu við hrunið.

Það sem vakti fyrir mér var að búa til and-víking og það er mikil and-efnishyggja í bókinni; aðalpersónan fer ekki út í heim til að ræna banka heldur til að færa klaustrinu þessar rytjulegu rósir sínar. Áfangastaðurinn var heldur engin tilviljun. Ég ákvað það mjög ung að sagnaarfurinn hefði borist hingað með keltneskum formæðrum okkar sem víkingar rændu í herferðum sínum um leið og þeir brenndu klaustrin, lista- og menningarstöðvar álfunnar á þeim tíma. Það er því markviss pólitík í þessari táknsögu, eins konar syndaaflausn fyrir syndir víkinga frá Íslandi fyrr og nú.“

### Tók upp kaþólska trú

Í bókinni má einnig finna leiðarstef úr kaþólskri trú, sem Auður turnaðist til fyrir sjö árum.

„Ég hef líka alltaf haft mikinn áhuga á kirkjum og kirkjugörðum, bæði vegna listaverkanna og hins háleita og fagra. Ég hef átt í talsvert löngu og góðu sambandi við Guð og ekki síður dýrlinga alveg frá því ég var barn. Ég hef verið svona fimm ára þegar ég las ævisögu heilags Franz frá Assisi. Mér þótti alltaf leitt að geta ekki snúið mér til dýrlinganna þannig að að lokum steig ég skrefið til fulls og tók upp kaþólska trú.“

Um leið tók hún upp miðnafnið Ava, eftir blindum dýrlingi frá miðöldum.

„Mér fannst það viðeigandi fyrir listfræðing að taka upp nafn eftir blindum dýrlingi. Ég hef líka alltaf haft mikinn áhuga á hinu frábrugðna. Í öllum bókunum mínum eru til dæmis persónur sem eru frábrugðnar að einhverju leyti, stríða við einhvers konar fötlun. Sem höfundur samsama ég mig mjög vel með því sem er frábrugðið, utangarðsfólki í samfélaginu og hinu veika, því ég held að það búi svo mikill styrkur í mótlætinu.

Mér finnst að við eigum alltaf að taka afstöðu með hinu veika en því miður hafa Íslendingar ekki gert það; flestir vilja vera í sigurliðinu með hinu sterka. Maður sá þetta fyrir hrunið, hvernig ríka fólkið var hæpað upp, og nú sýnist mér sama hugarfar farið að verða ráðandi aftur.“

### Leikrit og ný bók

Auður skipti um bókaforlag á dögunum fyrir skömmu og gekk til liðs við Bjart eftir að hafa verið innan vébanda Sölku undanfarin ár. Hún segir „fagurfræðilegan einmanaleika“ hafa ráðið vistaskiptunum; Salka sérhæfir sig í ýmiss konar handbókum en hún finnur til meiri skyldleika við ýmsa höfunda á snærum Bjarts.

Hún hefur lokið við að skrifa leikrit, Svartur hundur prestsins, sem Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir í Þjóðleikhúsinu í haust og stefnir á að gefa út nýja skáldsögu fyrir jól. Spurð hvort hún ætli að nýta sér vinsældirnar í Frakklandi til að einbeita sér alfarið að skriftum, segist hún ekki hafa gert það upp við sig.

„Vandamálið er að mér finnst svo gaman að kenna og ætla að minnsta kosti að gera það í haust. Ég er að vísu mjög fljót að skrifa og get skrifað hvar sem er; þarf enga andagift. En ég vildi gjarnan geta einangrað mig til að skrifa meira og ekki síður lesa. Það er svo margt sem ég á eftir að lesa.“



# Takk fyrir skilninginn

Ályktun samþykkt á landsþingi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldið var á Hellu 13.-14. maí 2011.

Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar þakkar fyrirtækjum og stofnunum þann velvilja að heimila björgunarsveitarfólki að fara án fyrirvara úr vinnu til að sinna útköllum. Með þessu hafa fyrirtæki og samstarfsfólk lagt grunninn að getu Slysavarnafélagsins Landsbjargar til að veita aðstoð í vá. Þessi skilningur er ein meginforsenda þess að sjálfboðaliðar okkar geti brugðist skjótt við hvenær sem er sólarhringsins – alla daga ársins.

Fyrir þetta ber að þakka, bæði fyrir okkar hönd sem og þjóðarinnar allrar. Það leggjast allir á eitt.

Kærar þakkir til ykkar allra.

*Aðalstyrktaraðilar okkar eru:*

vodafone olís SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Hneyksli sem lá lengi í loftinu

Frökkum kemur ekki á óvart að **Dominique Strauss-Kahn** hafi komið sér í vandræði. Þeim svíður hins vegar meðferðin sem hann fær og eru margir sannfærðir um að hann sé fórnarlamb samsæris. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér málið.



**Á SAKAMANNABEKKNUM** Dominique Strauss-Kahn í réttarsal í New York. NORDICPHOTOS/AFP

Dominique Strauss-Kahn er ekki frjáls maður þótt hann hafi verið látinn laus gegn tryggingu. Hann þarf að dvelja í stofufangelsi í einkaíbúð í New York og lýtur þar ströngum skilyrðum um eftirlit. Hann þarf að bera á sér rafmagnsbúnað, sem sendir boð til lögreglunnar um leið og hann yfirgefur íbúðina, auk þess sem vopnaður vörður gætir hans allan sólarhringinn og eftirlitsmyndavélar fylgjast með athöfnum hans inni í íbúðinni.

Hann þurfti að reiða fram eina milljón dala í tryggingafé, en það samsvarar nærri 115 milljörðum króna. Þar að auki þurfti hann að leggja fram tryggingu upp á fimm milljónir dala, eða hátt í sex hundruð milljónir króna, sem hann þarf að greiða ef hann flýr land og mætir ekki til réttarhalda.

### Óendanlega dapur

Strauss-Kahn sagði af sér sem yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á miðvikudag. Í afsagnarbréfi sínu sagðist hann óendanlega dapur yfir því að þurfa að segja af sér, en taldi sér ekki annað fært til þess að vernda stofnunina sem hann hafði veitt forstöðu síðan í nóvember árið 2007.

Hann var handtekinn um síðustu helgi, sakaður um að hafa ráðist á þernu á hótelherbergi í New York. Lögreglan hafði uppi á honum á alþjóðaflugvelli borgarinnar, þar sem hann var kominn um borð í flugvél á leið til Frakklands.

### Neitar ásökunum

Hann neitar öllum ásökunum þernunnar og heitir því að sanna sakleysi sitt. Lögreglan segir sannanir gegn honum engu að síður hrannast upp. Hann hafi meðal annars sést á myndbandsupptöku hraða sér á brott af hótelinu strax eftir árásina. Þá hafi lífefni fundist á vettvangi, sem ótvírætt eru úr honum, en hann var fluttur á sjúkrahús daginn eftir handtökuna þar sem réttarmeinafræðingar rannsökuðu hann og tóku meðal annars úr honum lífsýni.

Í franskri útvarpsstöð var hins vegar haft eftir lögfræðingum hans, að hann hafi greitt reikninga sína og yfirgefið hótelið rétt áður en þernan segir árásina hafa átt sér stað. Hann hafi síðan setið að snæðingi með dóttur sinni á veitingastað á þeim tíma, sem árásin hafi átt að eiga sér stað. Síðan hafi hann tekið leigubíl á flugvöllinn.

Hann gleymdi farsíma sínum í hótelherberginu, sem bendir til þess að hann hafi yfirgefið vettvanginn í flýti. Á flugvellinum hringdi hann hins vegar á hótelið, sagðist hafa gleymt símanum og bað um að sér yrði sendur hann á flugvöllinn. Þá hafði þernan hins vegar sagt yfirmanni sínum frá árásinni og lögregla var mætt á vettvang. Í stað sendils frá hótelinu með símann voru því lögreglumenn sendir á flugvöllinn þar sem þeir handtóku hinn grunaða.

### Ferillinn fyrir bí

Málið hefur að vonum vakið hörð viðbrögð víða um heim, ekki síst þó í Frakklandi. Strauss-Kahn hefur áratugum saman verið áberandi í frönskum stjórnmálum og þótti líklegur til að keppa við Nicolas Sarkozy um forsetaembættið í kosningum á næsta ári. Margir töldu nánast fullvíst að hann myndi hreppa forsetaembættið í þeim kosningum.

Fyrir aðeins fáeinum vikum birtist í tímaritinu The Economist grein um Strauss-Kahn, sem nefndist „Yes he Kahn“, þar sem hann var sagður afar öruggur um að ná langt í kosningabaráttunni. Nú í vikunni birtist önnur grein í sama tímariti, sem nefnist: „No he Kahnt (Updated)“, þar sem menn hafa áttað sig á því að vonir hans um forsetaembættið eru að engu orðnar.

### Hrist upp í kosningabaráttu

Þeir Sarkozy eru gamlir fjandvinir úr pólitíkinni í Frakklandi, Sarkozy er um þessar mundir helsti leiðtogi hægri manna en Strauss-Kahn hefur lengi verið í fremstu röð sósíaldemókrata.

Handtaka Strauss-Kahns hefur því heldur betur hrist upp í frönskum stjórnmálum og nú keppast félagar hans í Sósíalistaflokknum um að fylla skarðið, sem hann skilur eftir sig.

Þar eru fremst í flokki þau Francois Hollande, Segolene Royal og Martine Aubry. Hollande og Royal eru fyrrverandi hjón, sem bæði hafa lengi staðið framarlega í forystu Sósíalistaflokksins. Þau hafa bæði áður sóst eftir að verða forsetaefni flokksins, og Royal hreppti hnossið síðast en tapaði fyrir Sarkozy. Þau hafa bæði formlega stimplað sig inn í kosningarbaráttuna með því að sækjast eftir að verða forsetaefni flokksins á næsta ári.

Martine Aubry er leiðtogi Sósíalistaflokksins og þykir líkleg til að sækjast einnig eftir embættinu, þótt ekki hafi hún tilkynnt það formlega enn þá.

Í skoðanakönnunum undanfarið hefur Strauss-Kahn jafnan haft yfirhöndina, en þau þrjú komið nokkuð á eftir honum. Allt er það breytt núna, þegar hann er væntanlega úr sögunni.

### Frakkar í áfalli

Franskir stjórnmálamenn hafa margir hverjir komið Strauss-Kahn til varnar. Samkvæmt skoðanakönnun, sem gerð var fáeinum dögum eftir að hann var handtekinn, telja 57 prósent Frakka og 70 prósent franskra sósíaldemókrata að hann sé fórnarlamb samsæris. Umræður í frönskum fjölmiðlum um málið hafa verið miklar og stundum heiftarlegar.

Lengst af hafa Frakkar reyndar átt því að venjast að fjölmiðlar þar í landi hlífi stjórnmálamönnum að mestu við umfjöllun um viðkvæm persónuleg málefni, jafnvel þótt þau séu almælt manna á meðal.

Þeim virðist þó sérstaklega svíða að farið skuli með Strauss-Kahn, einn virtasta stjórnmálamann Frakklands, sem ótíndan glæpamann í bandaríska dómskerfinu – og um leið í öllum helstu fjölmiðlum heims.

### Fyrri hneyksli

Fjölmiðlar vestan hafs og austan hafa nefnilega óspart rifjað upp fyrri kynlífshneyksli tengd Strauss-Kahn, sem hefur ekki orðið til þess að styrkja stöðu hans. Af fyrri hneykslismálum yfirmannsins fyrrverandi hafa tvö vakið mest umtal.

Annað er frá árinu 2008, þegar upp komst að hann hafði átt í ástarsambandi við gifta konu að nafni Piroska Nagy, hagfræðing frá Ungverjalandi sem var undirmaður hans hjá AGS. Nagy sakaði Strauss-Kahn um að hafa misnotað aðstöðu sína til að þröngva henni til sambands við sig. Stjórn sjóðsins fjallaði um málið, sagði hann hafa gerst sekan um alvarlegan dómgreindarskort en ákvað að víkja honum ekki úr starfi.

Hitt málið kom fram í dagsljósið árið 2007 þegar frönsk blaðakona, Tristane Banon, sagði hann hafa reynt að nauðga sér árið 2002 þegar hún hugðist taka við hann viðtal. Hún sagði hann hafa hagað sér eins og simpansa á fengitíma. Banon kærði hann ekki þá, en er sögð hafa íhugað að gera það nú, eftir að hann var handtekinn í New York.

## SAMSÆRI SARKOZYS?

Þegar Dominique Strauss-Kahn tók við yfirmennsku Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árið 2007 heyrðust strax í Frakklandi raddir um, að þarna hafi hann fallið í gildru sem jafnvel sjálfur Nicolas Sarkozy forseti, einn helsti óvinur hans úr stjórnmálum, gæti hafa lagt fyrir hann.

Einar Már Jónsson sagnfræðingur, sem lengi hefur búið í Frakklandi og fylgst með stjórnmálum þar, viðraði reyndar þessa samsæriskenningu í pistli hér í Fréttablaðinu tæpu ári eftir að Strauss-Kahn flutti til Washington. Þá var hann strax kominn í vandræði vegna kvennamála.

„En um leið og þetta komst á dagskrá,“ skrifaði Einar Már, „fóru blaðamenn einnig að nefna undir rós og í hálfkveðnum vísum vandamál eitt sem Strauss-Kahn á við að stríða og almenningur hafði þá lengi haft á milli tannanna, en það var puttavandamálið. Hinn mikli kratabroddur er nefnilega með þeim ósköpum fæddur, að ef einhver kona kemur í seilingarfjarlægð, fara puttarnir ósjálfrátt af stað og byrja að þreifa á ýmsum líkamshlutum hennar.“



**FJENDUR Í PÓLITÍK** Dominique Strauss-Kahn og Nicolas Sarkozy. NORDICPHOTOS/AFP

Upp á yfirborðið komu sögur um blaðakonur sem höfðu lent í vægast sagt óþægilegri aðstöðu hjá honum, en um leið töldu sumir sig sjá að andstæðingar hans í stjórnmálum væru hæstánægðir með upphefð Strauss-Kahns í Bandaríkjunum, þar sem siðferðiskröfur eru aðrar en í Frakklandi: „Fáeinir gátu þess jafnvel til að þarna ætlaði Sarkozy að leiða Strauss-Kahn í lymskulega gildru, hann teldi ólíklegt að franski kratinn gæti setið á strák sínum þótt hann væri kominn í þessa háu stöðu, ferli hans vestra myndi þá lykta með einhverju reginhneyksli, og þá væri hann laus við þennan hættulega andstæðing ekki einungis meðan hann væri vestanhafs heldur um aldur og ævi, um það myndu keppinautar hans innan sósíalistaflokksins sjá,“ sagði Einar Már.

## FERILLINN

**1949** Fæddur í Neuilly, rétt hjá París.

**1955** Flutti til Marokkó með fjölskyldunni.

**1960** Fjölskyldan flytur til Mónakó eftir jarðskjálfta, sem kostaði 30 þúsund lífið.

**1967** Kvæntist Helene Dumas, fyrstu eiginkonu af þremur.

**1975** Doktorspróf í hagfræði.

**1975** Gengur í Sósíalistaflokkinn.

**1986** Kosinn á þing, kvænist Brigitte Guillemette.

**1991** Innanríkisráðherra, kvænist Anne Sinclair.



**EIGINKONA OG DÓTTIR** Anne Sinclair og Camille Strauss-Kahn á leið í réttarsalinn í New York á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP

**1993** Missir þingsæti í kosningum.

**1995** Kosinn borgarstjóri í Sarcelles.

**1997** Kosinn aftur á þing, verður fjármálaráðherra í stjórn Lionels Jospin. Skar niður ríkisútgjöld.

**1999** Segir af sér sem ráðherra, grunaður um fjármálamisferli. Sýknaður síðar.

**2007** Ráðinn framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

**2008** Fær áminningu frá stjórn sjóðsins fyrir að hafa átt í sambandi við konu sem starfaði hjá sjóðnum.

**2011** Þótti sigurstranglegur í forsetakosningunum á næsta ári þar til hann var handtekinn í New York.

EGF
HÚÐDROPAR

# Takk fyrir frábærar viðtökur




Besta snyrtivaran
byggð á líftækni 2011
**OK Magazine**, Bretlandi

Íslendingar kunna að meta einstaka virkni
EGF húðdropanna frá Sif Cosmetics.
33.512* flöskur hafa selst á Íslandi frá því
þeir voru settir á markað fyrir einu ári.
Ert þú í hópi ánægðra notenda?

*Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla*
www.sifcosmetics.is

Sif
COSMETICS

*19. maí 2010 til 18. maí 2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 111442

# Engin þörf á kurteisishjali

Tvíburasysturnar Ásthildur og Jófríður Ákadætur í **Pascal Pinon** fengu hæsta framlagið sem Kraumur tónlistarsjóður veitir til verkefna á sviði íslenskrar tónlistar í ár. Þær sögðu *Kjartani Guðmundssyni* frá áætlaðri tónleikaferð til Kína og fleiru.

Dúettinn Pascal Pinon, sem skipaður er sextán ára tvíburasystrunum Ásthildi og Jófríði Ákadætrum, hlaut í síðustu viku hæsta framlagið sem Kraumur tónlistarsjóður veitir í ár til verkefna á sviði íslenskrar tónlistar. Alls koma 1,2 milljónir króna í hlut systranna og er fénu ætlað til tónleikahalds og kynningar á fyrstu plötu Pascal Pinon erlendis.

Systurnar eru að vonum himinlifandi með styrkinn, en þær luku báðar sínum fyrstu vorprófum í Menntaskólanum við Hamrahlíð (MH) í síðustu viku og er því skammt stórra högga á milli hjá þeim þessa dagana.

**Allur aurinn í flugmiða**

*Hvernig stendur svo til að nýta þessa nýtilkomnu peninga?*

**Jófríður:** „Þessi styrkur kemur sér mjög vel og hluti af ástæðu þess að við fengum svona háa upphæð er að við fengum tilboð um að spila úti í Kína og höfum hugsað okkur að gera það. Við vitum ekki enn hversu mikið mótframlag við fáum frá tónleikahaldaranum þar, en kannski fer nánast öll þessi upphæð í flugmiðana til Kína því það kostar mjög mikið að fljúga þangað. Annars langar okkur að fara í fleiri tónleikaferðir og höfum til dæmis fengið tilboð um að spila í Frakklandi. En við eigum eftir að fara betur yfir þessi mál.“

**Ásthildur:** „Við stefnum á að ráða einhvern til að bóka ferðir fyrir okkur, en við erum auðvitað í skóla og það verður örugglega heilmikið púsluspil. Við gætum misst eitthvað úr skóla, en vonandi ekki mikið. Við erum öflugir námsmenn og það hjálpar.“

**Jófríður:** „Já, ég myndi segja að við værum mjög klárar. Einhvers staðar heyrði ég að einungis atvinnumenn í íþróttum fái leyfi úr skóla til að fara til útlanda, en mér finnst það svindl. Atvinnumenn í tónlist ættu að fá það líka. Við höfum reyndar ekki kynnt okkur þetta neitt sérstaklega vel. En það verður gaman að koma til Asíu. Við höfum meira að segja heyrt frá aðdáendum okkar þar.“

**Ásthildur:** „Já, það var fatahönnuður í Japan sem sendi okkur stóran kassa af kjólum og skrítnum skartgripum og sagði að diskurinn okkar væri seldur í búðinni hennar. „Your music is very sooth to my style,“ sagði hún líka. Það var mjög gaman að því.“

**Erum ennþá krútt**

Auk þess að stunda nám við MH eru systurnar báðar nemendur við Tónlistarskólann í Reykjavík, þar sem Ásthildur er á 7. stigi á píanói og Jófríður á 6. stigi í klarinettuleik. Þær stofnuðu Pascal Pinon aðeins fjórtán ára gamlar ásamt vinkonum sínum úr Hagaskóla og voru í tíunda bekk þegar fyrsta platan, sem er samnefnd sveitinni, kom út. Plötuna tóku þær sjálfar upp á einni vinnuviku í húsi frænku þeirra í Vogum á Vatnsleysuströnd og gáfu jafnframt út og dreifðu upp á eigin spýtur.

Platan vakti nokkra athygli og var sveitin meðal annars tilnefnd í flokknum Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í fyrra. Skömmu síðar skrifuðu þær undir samning við þýska plötufyrirtækið Morr Music, sem endurútgaf plötuna í janúar síðastliðnum og dreifði víða um Evrópu, Bandaríkin og Asíu.

*En hvernig lýsa þær tónlist sinni?*

**Ásthildur:** „Við spilum svona kisutónlist. Nei annars, þetta er of langur brandari.“

**Jófríður:** „Indí-akústík popp er mjög lýsandi. Indí því við erum mjög sjálfstæðar, akústík því þetta er ekki tölvutónlist, og svo gerum við okkur engar grillur um að þetta sé neitt annað en popp. Tónlistinni hefur líka verið lýst sem mjög krúttlegri. Margir móðgast heiftarlega þegar sagt er að tónlistin þeirra sé krútt en ég sé ekki hvers vegna við ættum að móðgast því það er svo rosalega augljóst.“

**Ásthildur:** „Þegar við vorum fjórtán ára vorum við alltaf með risastór gleraugu, í blómakjólum eða þykkum peysum og með sítt og úfið hár. Við vorum líka dálítið feimnar og vildum alls ekki vera brosandi og dansandi á sviðinu.“

**Jófríður:** „Núna erum við aðeins öðruvísi. En við erum samt ennþá krútt.“

**Næsta plata í raun tilbúin**

Samhliða því að sinna kynningu á frumburði sveitarinnar vinna Ásthildur og Jófríður þessa dagana að annarri plötu Pascal Pinon, sem þegar hefur hlotið titilinn Fernando. Enn er útgáfudagur nýju plötunnar ekki ljós, en systurnar segja hana jafnvel geta komið út fyrir næstu jól.

**Jófríður:** „Platan er í raun tilbúin en við þurfum að velja úr sautján lögum og ákveða hvaða áherslur við viljum hafa í hljóðblöndun og fleiri slíkum hlutum. Við stjórnum því heldur ekki alveg sjálfar hvenær hún kemur út. Stundum vill plötufyrirtækið láta plötur liggja í nokkra mánuði eftir að þær eru tilbúnar, sem er svolítið skrítið.“

**Ásthildur:** „Okkur skilst að þetta sé dálítið öðruvísi þarna úti í Þýskalandi. Um jólin taka þeir víst allar plötur úr verslununum og setja jólaplötur í staðinn. En hér á Íslandi selst alltaf mest af plötum í kringum jólin. Furðulegt. En það verður mikið af mjög dramatískum lögum á næstu plötu.“

**Jófríður:** „Ég sem öll lögin en við fáum góða hjálp með textana. Þegar ég sem texta sjálf reyni ég að vanda mig mjög mikið og mér finnst eðlilegt að syngja um það sem ég þekki. Ég veit til dæmis að hvorug okkar hefur verið í einhverjum pælingum um rómantík, svo við syngjum ekki um það. Ég hef oft gaman af bulltextum. Eitt lag sem kemur til greina á næstu plötu fjallar til dæmis um að drepa einhvern óvart. „Ég var að saxa lauk og hélt þú værir innbrotsþjófur og skar þig…“ og svo framvegis.“

**Mismunandi skoðanir á mörgu**

*Hvað ber svo sumarið í skauti sér fyrir systurnar?*

**Jófríður:** „Við verðum auðvitað á fullu með Pascal Pinon. En ég er líka að fara í skapandi sumarstarf með hinni hljómsveitinni minni, Samaris, sem vann Músíktilraunir í vor. Samaris leikur eins konar sambland af elektrótónlist og tripphoppi og við ætlum að spila og búa til lög. Við verðum dálítið í því að taka gömul lög og setja í nýjan búning.“

**Ásthildur:** „Ég hef tekið þá ákvörðun að vinna ekki neitt heldur æfa mig á píanóið í allt sumar. Það er verkefnið mitt í sumar og úr því fæst kannski andlegur gróði frekar en fjárhagslegur.“

**Jófríður:** „Við eyðum miklum tíma saman. Við erum mjög hreinskilnar hvor við aðra og það er engin þörf á neinu kurteisishjali milli okkar. Það er gott að hafa það þannig. Ef Ásthildi finnst til að mynda eitthvað lag lélegt hjá mér þá segir hún það bara umbúðalaust og ég tek það ekkert nærri mér. Ég verð kannski fúl en það verður ekkert svaka drama. Það er mikill kostur að geta verið svona opinskár.“



**VIÐ TJÖRNINA** Jófríður og Ásthildur stofnuðu Pascal Pinon þegar þær voru fjórtán ára og voru enn í 10. bekk Hagaskóla þegar þær hljóðrituðu, gáfu út og dreifðu sjálfar fyrstu plötu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

## Platan nefnd eftir Torres

Önnur plata Pascal Pinon, sem nú er í vinnslu, kemur til með að heita Fernando eftir einu lagi plötunnar. „Texti lagsins er á sænsku, eftir vinkonu okkar sem hefur búið lengi í Svíþjóð, og er mjög dramatískt ástarljóð um knattspyrnumanninn Fernando Torres.“ segir Jófríður. „Okkur fannst dálítið skrítið hjá vinkonu okkar að láta okkur fá þennan texta, því við erum alls ekkert inni í fótboltamálum og í raun alveg í hina áttina. En hún var bara svo rosalega hrifin af honum og fannst hann svo sætur. Sem er kannski ekki skrítið. Hann er ágætur.“ Jófríður bætir við að systurnar séu hrifnar af því að platan komi til með að heita eftir manni. „Það er skemmtileg pæling, eins og þetta sé barnið okkar. Sem platan er auðvitað.“




24. maí er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana. Sýnum ábyrgð og greiðum atkvæði

FLÓABANDALAGIÐ EFLING STÉTTARFÉLAG V.L.F. HLÍF VSFK

# nicorette®

## auðveldar þér að hætta að reykja




Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí
með piparmintu- og ávaxtabragði

## Taktu prófið og leggðu saman stigin

1. **Hve langur tími líður frá því þú vaknar og þar til þú reykir fyrstu sígarettuna?**
   - ○ Minna en 5 mín. (3)
   - ○ 31-60 mín. (1)
   - ○ 6-30 mín. (2)
   - ○ Meira en 60 mín. (0)

   STIG ○

2. **Átt þú erfitt með að reykja ekki þar sem reykingar eru bannaðar?**
   - ○ Já (1)
   - ○ Nei (0)

   STIG ○

3. **Hvaða sígarettu finnst þér verst að vera án?**
   - ○ Fyrstu sígarettunnar að morgni (1)
   - ○ Einhverrar annarrar (0)

   STIG ○

4. **Hve margar sígarettur reykir þú daglega?**
   - ○ 1-10 (0)
   - ○ 21-30 (2)
   - ○ 11-20 (1)
   - ○ 31 eða fleiri (3)

   STIG ○

5. **Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta?**
   - ○ Já (1)
   - ○ Nei (0)

   STIG ○

6. **Reykir þú þegar þú ert veik/veikur eða rúmliggjandi?**
   - ○ Já (1)
   - ○ Nei (0)

   STIG ○

**Viðmiðunartafla**
1 pípa = 3 sígarettur
1 vindill = 4-5 sígarettur
1 smávindill = 3 sígarettur

**Samanlagður fjöldi stiga** ○

## Val á Nicorette lyfjaformi

| 1-2 | 3-5 | 6-7 | 8-10 |
|---|---|---|---|
| Tyggigúmmí 2 mg | Tyggigúmmí 2 mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg |
| Innsogslyf | Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf |
| Tungurótartafla /Munnsogstafla 1 stk | Tungurótartafla /Munnsogstafla 1 stk | Tungurótartafla 2 stk | Tungurótartafla 2 stk |
| | Plástur 15 mg | Tyggigúmmí 4 mg | Tyggigúmmí 4 mg |
| | | | Nefúðalyf |

nicorette®



Munnsogstöflur Nikótínlyfjatyggigúmmí Nefúðalyf Dagplástur Innsogslyf Tungurótartöflur

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Lyfjatyggigúmmí 24 stk, Innsogslyf 12 hylki, Nefúði 80 úðar, Forðaplástur 1 stk. Tungurótartöflur 40 stk. Munnsogstöflur 15 stk. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# Er lykillinn að langlífi fundinn?

Uppgötvarnir Nóbelsverðlaunahafans **dr. Elizabeth Blackburn** hafa breytt skilningi manna á öldrun. Hún hefur sýnt fram á slæm áhrif streitu á litningaenda og ávinning hreyfingar. ***Vera Einarsdóttir*** kynnti sér hennar störf og ræddi við rannsóknarsérfræðinginn Sigríði Böðvarsdóttur.



**MEÐAL ÁHRIFAMESTU EINSTAKLINGA HEIMS** Fyrstu rannsóknir Blackburn og félaga voru gerðar á frumstæðum einfrumungi en fljótlega var farið að yfirfæra niðurstöðurnar á manninn og tengja við krabbamein og aðra sjúkdóma. NORDICPHOTOS/AFP

Ástralsk-bandaríski Nóbelsverðlaunahafinn Elizabeth Blackburn gerði uppgötvun á áttunda áratugnum sem átti eftir að breyta skilningi manna á langlífi, myndun krabbameina og annarra öldrunarsjúkdóma. Fyrir vikið hlaut hún Nóbelsverðlaunin í læknisfræði haustið 2009 ásamt samstarfsmönnum sínum Carol Greider og Jack Szostak. Hún er nú stödd hér á landi og flytur erindi í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag.

Nóbelsverðlaunin hlaut Elizabeth fyrir rannsóknir á svokölluðum telomera-röðum á litningaendum og á ensíminu telomerasa sem viðheldur þeim. Telomera-raðirnar styttast við hverja frumuskiptingu sem leiðir að endingu til hægari frumuskiptinga og öldrunar. Styttingin getur valdið því að litningarnir skemmast og að einstaklingur fái í framhaldinu krabbamein. Auk þess hafa Blackburn og félagar sýnt fram á að stytting litningaenda tengist aukinni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og nú síðast á áunninni sykursýki, en allt eru þetta öldrunartengdir sjúkdómar.

Fyrstu rannsóknir Blackburn og félaga voru gerðar á frumstæðum einfrumungi en fljótlega var farið að yfirfæra niðurstöðurnar á manninn og tengja við krabbamein. Nú er stytting litningaenda talin ein meginorsök þess að krabbameinstilfellum fjölgar eftir því sem aldurinn færist yfir. Á það einkum við um þekjuvefskrabbamein en meðal þeirra eru brjósta- og blöðruhálskirtilskrabbamein. „Stuttar telomera-raðir tapa verndunargildi sínu þannig að litningarnir verða útsettir fyrir göllum sem getur meðal annars leitt til krabbameinsmyndunar," segir Sigríður Klara Böðvarsdóttir, rannsóknarsérfræðingur við læknadeild Háskóla Íslands, sem hefur unnið að rannsóknum sem byggja á uppgötvunum Blackburn. „Undanfari æxlismyndunar eru gallar í eftirlitskerfi frumunnar sem hleypa frumum með stutta litningaenda áfram í skiptingu sem að lokum leiðir til yfirtjáningar ensímsins telomerasa sem viðheldur litningaendunum. Þessi yfirtjáning telomerasa er einn af drifkröftum æxlisvaxtar og gerir æxlisfrumum kleift að skipta sér hömlulaust. Telomerasi er yfirtjáður í langflestum æxlum en að jafnaði ekki í nema mjög litlu magni í öðrum frumum líkamans," útskýrir Sigríður Kara.

Hún segir Elizabeth líklega ekki hafa órað fyrir því hvaða áhrif rannsóknir hennar áttu eftir að hafa á sínum tíma en hún hefur síðan tekið virkan þátt í áframhaldandi rannsóknum sem hafa einkum miðað að því að skoða samspil umhverfisþátta við lengd telomere-raða á litningaendum.

„Síðustu ár hefur henni tekist að sýna fram á sterk tengsl milli streitu af ýmsum toga og styttingar litningaenda en streita virðist með öðrum orðum flýta fyrir öldrun. Þetta á við um langvarandi streitu til að mynda hjá mæðrum langveikra barna og konum sem verða fyrir heimilisofbeldi," segir Sigríður Klara og heldur áfram: „Það er í raun ótrúlegt hversu sterk tengsl eru á milli streitu af ýmsum toga við styttingu litningaenda og að það skuli vera mælanlegt." Þá hefur verið sýnt fram á að með því að neyta omega-3 fitusýra og lifa heilbrigðu lífi sé hægt að vinna gegn eyðingu litningaenda og eru vísbendingar um að hún gangi til baka. Nýlegar uppgötvanir Blackburn benda auk þess til þess að áhrif streitu á styttingu litningaenda gæti eingöngu hjá kyrrsetufólki.

„Hún gerði rannsókn á konum sem annars vegar hreyfðu sig reglulega og hins vegar lítið. Hún lagði fyrir þær streitupróf og komst að því að hjá kyrrsetukonum undir streituálagi mátti merkja styttingu á litningaendum en ekki hjá konum sem hreyfðu sig þrátt fyrir að þær væru undir sams konar álagi. Svo virðist sem streita bæli lága en nauðsynlega virkni telomerasa-ensímsins sem leiðir til þess að litningaendum er ekki viðhaldið eðlilega."



**BYGGIR Á UPPGÖTVUNUM BLACKBURN** Sigríður Klara hefur unnið að rannsóknum á ættlægum brjóstaæxlum sem byggja á uppgötvunum Blackburn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Má þá segja að Blackburn hafi tekist að sanna fullyrðingar um skaðsemi streitu og ávinning hreyfingar og omega-3 inntöku? „Já en við verðum þó að fara varlega í að heimfæra niðurstöðurnar á einstaklinga," segir Sigríður Klara. „Hér er um að ræða meðaltöl en það eru ótal margir erfða- og umhverfisþættir sem spila inn í og breytileiki á milli einstaklinga er mikill."

Rannsóknir Sigríðar Klöru sem hún vann undir leiðsögn Jórunnar Eyfjörð á rannsóknarstofu í krabbameinsfræðum leiddi í ljós að litningaóstöðugleiki í ættlægum brjóstaæxlum sem bera stökkbreytingu í brjóstakrabbameinsgeninu BRCA2 tengist mjög oft þessum litningaendum. „Þarna virðist þó ekki endilega um að ræða styttingu heldur samruna og vandamál við pökkun litningaenda." Sigríður Klara segir þetta undirstrika breytileikann á milli einstaklinga. „Við getum þó verið nokkuð viss um það að með því að draga úr streitu, hreyfa okkur og taka inn omega-3 er hægt að fyrirbyggja ýmsa sjúkdóma og jafnvel lengja lífið." Fyrirlestur Blackburn hefst klukkan 14 í dag.

## STERK TENGSL MILLI STEITU OG SJÚKDÓMA

Blackburn, sem hefur hlotið fjölda heiðursdoktorsnafnbóta frá helstu háskólum Bandaríkjanna og var valin ein af hundrað áhrifamestu einstaklingum heims af Time Magazine árið 2007, hefur tekist að sýna fram á sterk tengsl milli streitu og styttingar litningaenda og virðist langvarandi streita flýta fyrir öldrun. Með því að neyta omega-3 fitusýra er hægt að vinna gegn þessari þróun og jafnvel snúa henni við. Nýlegar uppgötvanir Blackburn benda til þess að áhrifa streitu á styttingu litningaenda gæti þó eingöngu hjá kyrrsetufólki.





**FLÝTIR FYRIR ÖLDRUN** Streita veldur styttingu litningaenda og eykur hættu á sjúkdómum, samkvæmt Blackburn.


# Landsbyggð tækifæranna

## Þekkingar- og fræðastarf á landsbyggðinni

**Mánudaginn 23. maí kl. 13:00 - 17:00**

Haldin verður ráðstefna um þekkingar- og fræðastarf á landsbyggðinni í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
Fundarstjóri: Hjalti Þór Vignisson Umræðustjórar: Steingerður Hreinsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Njörður Sigurjónsson.
Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til mennta- og menningarmálaráðuneytisins á postur@mrn.is

13:00 **Setning**
Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs.
13:10 **Fjölbreytni vísinda og þekkingarstarfs á landsbyggðinni**
Þórarinn Sólmundarson, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
13:20 **Þekkingarsetur sem samnefnari**
Valdimar O. Hermannsson, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.
13:30 **Náttúrustofur – samstarf og sérkenni**
Sveinn Kári Valdimarsson, Náttúrstofu Reykjaness.
13:40 **Umræður**
14:15 **Náttúra, samfélag, verðmætasköpun - Jarðvangur á Suðurlandi**
Sigurður Sigursveinsson, Háskólafélagi Suðurlands.
14:25 **Samþætting akademíu og atvinnulífs**
Óli Halldórsson, Þekkingarsetri Þingeyinga.
14:35 **Menntun í þágu samfélagsins**
Anna Guðrún Edvardsdóttir, Rannsóknasetri Háskóla Íslands Austurlandi.
14:45 **Kaffihlé og umræður**
15:20 **Úrvinnsla umræðna**
15:50 **Innviðir þekkingarstarfs á Íslandi – samþætting skólastiga**
Sigurbjörg Jóhannesdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
16:00 **Háskólar og þekkingarsetur**
Jón Atli Benediktsson, Háskóla Íslands.
16:10 **Þekkingarsetur og Ísland 2020**
Héðinn Unnsteinsson, forsætisráðuneyti.
16:20 **Samantekt og almennar umræður**
16:40 **Lokaorð**
Hjalti Þór Vignisson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Gestahús 25 m²
Breidd = 434 cm.
Lengd = 594 cm. + verönd (8,6 m²)
Vegghæð = 240 cm. (brúttó)
Bjálkaþykkt = 70 mm.
600222
TILBOÐ
1.570.000,-
1.750.000,-
SPARAÐU 180.000
Garðhús 7,2 m²
Breidd = 250 cm.
Lengd = 290 cm.
Vegghæð = 210 cm.
Bjálkaþykkt = 45 mm.
600236
SPARAÐU 40.000
TILBOÐ
319.000,-
359.000,-
Garðhús 4,4 m²
Breidd = 167 cm.
Lengd = 267 cm.
Vegghæð = 170 cm.
Bjálkaþykkt = 32 mm.
600239
SPARAÐU 20.000
TILBOÐ
156.000,-
176.000,-
EIN MEST SELDU GESTAHÚSIN Á ÍSLANDI
HENTAR VEL FYRIR EINSTAKLINGA OG FERÐAÞJÓNUSTUADILA
AÐEINS UM HELGINA
BRJÁLUÐ TILBOÐ
Á GARÐHÚSUM
10% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GESTA OG GARÐHÚSUM
MIKIÐ ÚRVAL
KAUPAUKI 9 LTR. AF PALLAOLÍU.
Þegar þú kaupir pallaefni hjá okkur fyrir 100 þúsund krónur eða meira færð þú þrjár dósir af Jotun pallaolíu frítt með.
Gildir út maí!
JOTUN
Treolje
Lestu allt um garðhús, pallasmíði og fleira í Sælureitnum
HÚSASMIÐJAN
SÆLUREITUR 2011
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
- Gagnvarin fura
- Gagnvarin brún fura nýtt
- Rásuð gagnvarin fura nýtt
- Lerki
FÁÐU TILBOÐ
Í PALLINN HJÁ OKKUR!
PIZZUVEISLA í dag kl. 12-14
ALLIR FÁ PIZZU OG KÓK Í SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI, AKUREYRI OG SELFOSSI
meðan birgðir endast
HÚSASMIÐJAN
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



**ÖXARFJÖRÐUR** Í sveitinni austan Jökulsár má meðal annars sjá þetta eyðibýli, Kílakot við Víkingavatn.

# Ísland í gegnum myndavélarsíma

Nútímatækninni fleygir fram og nú er svo komið að hægur leikur er að taka myndir af umhverfi sínu með myndavélarsímum svo vel sé. *Vilhelm Gunnarsson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, brá sér í hringferð um landið og notaði símann óspart á leiðinni.



**LÓMAGNÚPUR** Hið 688 metra háa standberg í Skaftárhreppi er auðþekkjanlegt, jafnvel þegar mynd er tekin af því á fullri ferð eins og í þessu tilfelli.



**LANDBROTSHÓLAR** Þessi gervigígaþyrping í Vestur-Skaftafellssýslu er ein sú stærsta sinnar tegundar á jörðinni.




**VÍKURSKARÐ** Í Eyjafirði er að finna Jólagarðinn sem opinn er árið um kring, og einnig auglýsingar frá Jólagarðinum.

# FÁÐU ÞÉR FLOTTARI SKÓ Í SUMAR!



14.990



**ADIDAS SAMBA**
Herraskór. Litir: Svartir, hvítir. Stærðir: 41 1/3-46.

16.990



**ADIDAS GOODYEAR DRIVE**
Herraskór. Litir: Hvítir, svartir. Stærðir: 41 1/3-46.

12.990



**NIKE RENZO**
Herraskór. Stærðir: 40-46.

11.990



**NIKE MAIN DRAW**
Herraskór. Litir: Hvítir, svartir. Stærðir: 41-46.

5.990

LÍTTU VIÐ OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!



**FIREFLY NOVA**
Herraskór. Stærðir: 40-45.

9.990

FLOTTIR DÖMUSKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI!



**PUMA FIRST ROUND SAFARI**
Dömuskór. Stærðir: 36-41.

11.990



**NIKE WMNS COURT TRADITION 2**
Dömuskór. Stærðir: 36-40.

15.990



**ADIDAS TOP TEN LOW SLEEK**
Dömuskór. Stærðir: 36 1/3-41 1/3.

15.990



**ADIDAS ADIRA MID SLEEK**
Dömuskór. Litir: Fjólubláir, svartir. Stærðir: 36-40 2/3.

12.990



**CONVERSE ALL STAR CANVAS**
Dömu- og herraskór. Stærðir: 36-46.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# Evrópa hættir við að drepa sig

Stóru þjóðirnar í Evrópu hafa ekki ráðist hver á aðra í nær sjötíu ár og eru nánast í hjónabandi. *Klemens Þrastarson* rekur upphaf **Evrópusambandsins**.

Áður en tuttugasta öldin var hálfnuð höfðu Evrópuríkin þegar barist sín á milli í tveimur heimsstyrjöldum.

Sameinuð Evrópa var gamall draumur sem hafði fengið byr undir vængi meðal andspyrnumanna í herteknum löndum nasista. Ljóst var að þjóðir Evrópu voru ekki lengur stórveldi, þeim var skipt í áhrifasvæði Bandaríkjamanna og Sovétmanna.

Bandaríkjamenn hugsuðu með hryllingi til þess ef þeir þyrftu að fara enn einu sinni yfir hafið til að skilja að þessar brjáluðu þjóðir. Þeir settu sem skilyrði fyrir Marshallaðstoðinni, fjárhagsaðstoð til að reisa álfuna úr rústum, að Evrópuþjóðirnar ynnu saman.

Gamla alþjóðakerfið, þar sem stóru þjóðirnar völtuðu yfir hinar smærri uns þær rákust á aðrar stórar þjóðir, þótti úr sér gengið. Þjóðernishyggja, sem hafði grasserað í Evrópu síðan í heimskreppunni 1929, var ekki vinsæl hugmyndafræði. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, vildi að stofnuð yrðu Bandaríki Evrópu. En hvorki stórveldin tvö né stjórnvöld á meginlandi Evrópu höfðu mikinn áhuga á því og ekki almenningur heldur.

Vestrænir ráðamenn óttuðust hugmyndafræðileg áhrif kommúnista og almenningur gerði auknar kröfur til þjóðríkisins, um þjónustu og velferðarkerfi. Ein leið til að koma í veg fyrir að kommúnistar yrðu kosnir til valda var að bjóða upp á velferð, hagsæld. Að auki var yfirþjóðlegt samstarf, þar sem þjóðir komast að samkomulagi um að taka sameiginlegar ákvarðanir, séð sem leið til að koma böndum á Þjóðverja. Á fimmta áratugnum voru gerðar ýmsar tilraunir til alþjóðasamvinnu: Stofnaðar voru Sameinuðu þjóðirnar, Efnahagssamvinnustofnunin, NATO og Evrópuráðið.



**SÉÐ YFIR MIÐBORG DRESDEN Í ÞÝSKALANDI EFTIR ÁRÁSIR BANDAMANNA 1945** Það er ekki að undra að friður hafi verið ofarlega í huga þeirra sem stofnuðu það sem nú heitir Evrópusambandið. Markmiðið um að halda friðinn hefur náðst. Myndin er tekin úr turni Frúarkirkjunnar. NORDICPHOTOS/AFP

**Smitáhrif samvinnunnar**

Charles de Gaulle, leiðtogi Frakka, vildi endurreisa efnahaginn með öllum ráðum og gerði Jean Monnet að ráðgjafa sínum. Monnet taldi að varanlegur friður næðist ekki ef þjóðir Evrópu yrðu endurbyggðar á grundvelli þess fullveldiskerfis sem kallaði á verndarstefnu og árásargirni. Fyrri heimsstyrjöldin hafði sýnt að blómleg viðskipti dugðu ekki til að tryggja friðinn.

Monnet var sannfærður um að efnahagslegt samstarf á einu sviði myndi smita út frá sér og knýja á um samvinnu á fleiri sviðum. Einkamál ríkjanna yrðu að sameiginlegum hagsmunum. Hann vildi tryggja framgang samrunans með yfirþjóðlegri stýringu. Monnet lagði til, ásamt Robert Schuman utanríkisráðherra Frakklands, að umsýsla stálframleiðslu og kola í Frakklandi og Vestur-Þýskalandi – helstu hráefni til iðn- og stríðsreksturs – yrðu sett undir sameiginlega yfirstjórn. Þetta var nægilega hóflegt skref fyrir stjórnir ríkjanna, sem féllust á þetta.

## HELSTU ATBURÐIR FYRSTU ÁRATUGA EVRÓPUSAMVINNUNNAR

**Iðnaður undir eina stjórn 1951**

Stofnríki Kola- og stálbandalagsins (K&S) voru Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland. Benelúxlöndin þrjú höfðu þegar gert tilraunir með fríverslun og töldu að besta leiðin til að hafa áhrif á – og skjól fyrir – stóru ríkjunum í Evrópu væri í gegnum náið samstarf við þau. Ítalía stóð illa ein.

K&S var sameiginlegur markaður með kol, kox, járngrýti, stál og brotajárn. K&S átti að tryggja að aðildarríkin hefðu aðgang að þessum efnum, að framleiðsla og nýting yrði nútímavædd og vinnuaðstæður og lífsgæði starfsfólksins betrumbætt. Yfirstjórnin var byltingarkennd því hún mátti setja lög um viðskipti, ríkisafskipti og tolla.

Stofnanirnar fjórar sem urðu til í K&S eru fyrirrennarar þeirra stofnana sem stýra ESB í dag. Þar var sjálfstæð yfirþjóðleg stjórn með fulltrúum allra aðildarríkjanna, sem máttu ekki hafa sérhagsmuni sína að leiðarljósi. Sérstakt ráð ráðherra ríkjanna hafði ákvörðunarvald yfir mörgum tillögum framkvæmdastjórnarinnar. Þá varð til ráðgjafarsamkoma þingmanna aðildarríkjanna og sameiginlegur dómstóll til að skera úr um deiluefni vegna K&S.

**Varnarsamstarfi hafnað 1954**

K&S gekk vel og bjartsýni ríkti um að samruninn gæti gengið mun lengra. Í ljósi kalda stríðsins og Kóreustríðs þótti ástæða til að binda saman hermátt Evrópuríkjanna. Varnarbandalag Evrópu átti að hafa sameiginlegan her og varnarstefnu ríkjanna sex undir einni stjórn. Einnig var talað um að stofna pólitískt bandalag. Sökum þess hve stór hluti fullveldis ríkja varnarmálin eru og vegna þess að NATO og Bandaríkin uppfylltu flestar varnarþarfir Evrópu varð ekkert úr þessu. Þjóðirnar voru ekki tilbúnar til að gefa eftir völd í utanríkis- og varnarmálum. Enn í dag er þessi málaflokkur afar veikur hlekkur Evrópusamstarfsins.

**Rómarsáttmálar 1957**

Þrátt fyrir bakslagið í varnarsamstarfi var áfram haldið með samrunann. Aðildarríki K&S samþykktu að stofna tvö ný bandalög: Kjarnorkubandalagið og Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Viðræðurnar um EBE, sameiginlegan markað og nálgun í efnahagsstefnu, voru harðar og erfiðustu málin voru undanskilin, svo sem félagsmál. Hins vegar urðu til nokkuð skýrar reglur um viðskipti. Frakkar töldu að Þýskaland myndi hagnast mest á frjálsum viðskiptum með iðnvörur og fengu sárabót með sérstökum ráðstöfunum fyrir landbúnað, sem var ofarlega í huga leiðtoga Evrópu. Stutt var um liðið frá því að íbúarnir liðu hungur, í stríðinu og eftir það. Mikil áhersla var því lögð á matvælaöryggi.

Samkomulag náðist með Rómarsáttmála um að í EBE yrðu engir tollar milli aðildarríkjanna, heldur sameiginlegur ytri tollmúr. Dregið var úr möguleikjum ríkjanna til að hygla innlendri framleiðslu. Unnið var í átt að fjórfrelsi varnings, fólks, þjónustu og fjármagns yfir landamæri. Bæta átti lífskjör íbúa og tengsl milli landanna.

Þessi grunnur ESB hefur verið gagnrýndur fyrir að snúast um lögmál markaðarins og frjálshyggju, en um leið fyrir mikil afskipti og inngrip hins opinbera og verndarstefnu fyrir bændur, sem var meðal félagslegra mótleikja gegn neikvæðum áhrifum frjáls markaðar.

Sáttmáli um kjarnorkubandalag snerist um sameiginlegan atómmarkað, rannsóknir, upplýsingaskipti og heilbrigðisráðstafanir. Þetta var þó talsvert vatnað út með undanþágum og bókunum um að öryggishagsmunir hverrar þjóðar væru samstarfinu æðri.

Í lok sjötta áratugarins var sumsé búið að semja þrjá sáttmála á skömmum tíma, sem hafa markað allt samstarf þessara ríkja og verið endurbættir oft. Stofnanir nýju sáttmálanna voru svipaðar stofnunum K&S, þó juku aðildarríkin völd sín á kostnað framkvæmdastjórnar.

**Frakkar kæla allt 1965 – Krísan mikla**

Charles de Gaulle, leiðtogi Frakka, var áberandi í Evrópusamstarfinu á þessum árum. Hann kom í gegn sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og hataðist við yfirþjóðlegt vald framkvæmdastjórnarinnar. Eitt sinn mislíkaði honum framhleypni hennar í samrunaátt og ákvað 1965 að Frakkland tæki ekki lengur þátt í fundum ráðherraráðsins. Þetta stóð í sex mánuði og er mesta krísan í sögu Evrópusamstarfsins.

Málið var leyst 1966 með samkomulagi sem leyfði hverri þjóð í EBE að beita neitunarvaldi þegar nánar óskilgreindir „grundvallarhagsmunir“ hennar krefðust. Þetta stuðlaði að því að það hægðist á samrunaferlinu í áratugi.

**Peningakerfi og Evrópuþing 1979**

Peningakerfi Evrópu, EMS, komst í gagnið í lok áttunda áratugarins, eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir til stöðugleika á gjaldmiðlamarkaði. EMS samtengdi gjaldmiðla flestra EBE-ríkja og þótti vel heppnað.

Sama ár og EMS hófst, 1979, var kosið í fyrsta sinn beinni kosningu til Evrópuþingsins, til að auka lýðræðislegt lögmæti ákvarðana EBE. Þingið, sem hafði verið máttlaust, ákvað þegar að samþykkja ekki fjárlög bandalagsins það árið. Síðan hefur það aukið völd sín jafnt og þétt og gert Evrópusamstarfið lýðræðislegra og um leið yfirþjóðlegra.




### BRETUM VAR HAFNAÐ EN GRÆNLENDINGAR SÖGÐU BLESS

Önnur ríki í V-Evrópu þreifuðu einnig fyrir sér um efnahagssamstarf á þessum árum. 1960 voru stofnríki EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Sviss.

Ári eftir stofnun EFTA sóttu Bretar, Danir og Írar um aðild að EBE, og Norðmenn 1962.

Bretum var hafnað af Frökkum, því de Gaulle, leiðtogi þeirra, tortryggði þá og samband Breta við Bandaríkjamenn. Þá hættu hinar EFTA-þjóðirnar líka við. En 1967 sóttu þessar þjóðir aftur um aðild að EBE og aðildarviðræður hófust 1970, sama ár og Íslendingar gengu í EFTA.

Bretar, Danir og Írar gengu í EBE 1973, en Norðmenn felldu aðildarsamninginn í þjóðaratkvæði, eina þjóðin sem það hefur gert.

Næst sóttu um aðild Grikkland, Portúgal og Spánn og voru komin inn 1986.

Grænlendingar höfðu fylgt með Dönum inn í EBE en sögðu sig úr því með þjóðaratkvæði 1982 og eru eina þjóðin sem hefur gert það.

Smáralind

# Gjafakorta dagar

19.-22. maí




**Vissirðu að gjafakort Smáralindar er meira virði á gjafakortadögum? Komdu með gjafakortið á gjafakortadaga í Smáralind og fáðu vænan afslátt.**

- 10% afsláttur af öllum vörum — 66° Norður
- 20% afsláttur af öllum vörum — adams kids
- 20% afsláttur af pottahlífum — Blómabúð/Bjarkarblóm
- 20% afsláttur af öllum vörum — Blend
- 20% afsláttur af öllum vörum — Bossanova
- 20% afsláttur af öllum vörum — Oasis
- 10% afsláttur af öllum vörum — Selected
- 20% afsláttur af öllum töskum — Hygea
- 15% afsláttur af öllum vörum — Vero Moda
- 10% afsláttur af öllum vörum — Vila Clothes
- 20% afsláttur af öllum vörum — Orginal
- 15% afsláttur af öllum vörum — Bata Skóverslun Smáralind
- 20% afsláttur af öllum vörum — Eymundsson
- 20% afsláttur af öllum vörum — Dorothy Perkins
- 10% afsláttur af Mini línu (stærð 80-98) — name it
- 20% afsláttur af öllum vörum nema grunnlínu — Polarn O. Pyret
- 20% afsláttur af snyrtivörum / 25% afsláttur af öðrum vörum — Debenhams
- 20% afsláttur af öllum vörum — Warehouse
- 20% afsláttur af öllum vörum — Zink
- 25% afsláttur af jökkum & buxum — Karen Millen
- 20% afsláttur af öllum vörum — Topshop
- 20% afsláttur af öllum vörum — evans
- 10% afsláttur af öllum vörum — Jack & Jones
- 20% afsláttur af öllum vörum — Zik Zak
- 20% afsláttur af öllum Billi bi vörum — gs skór
- 20% afsláttur af vörum undir 30.000 kr. / 15% afsláttur af vörum yfir 30.000 kr. — Drangey
- 20% afsláttur af öllum vörum — ZayZay
- 20% afsláttur af öllum vörum — Jane Norman
- 20% afsláttur af öllum ökklaskóm — focus
- 20% afsláttur af dömujökkum — Galleri Sautján
- 20% afsláttur af völdum vörum — Dýrabær

Þú getur keypt gjafakort Smáralindar á þjónustuborði á 2. hæð.

Skannaðu QR kóðann til að fá Smáralindarappið í snjallsímann þinn.

Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM46853

# Feilnótur og fánaruglingur

Þótt hljóðnemavesen Diktu á opnunarhátíð Hörpu um síðustu helgi hafi verið fremur neyðarlegt hlýtur það að teljast barnaleikur miðað við fjölmörg önnur **vandræðaleg augnablik tónlistarfólks** á sviði. *Kjartan Guðmundsson* tók nokkur slík saman.

## FERGIE NÁÐI EKKI Á KLÓSETTIÐ Í TÆKA TÍÐ



Áhorfendur á tónleikum Black Eyed Peas í San Diego árið 2005 urðu vægast sagt hissa þegar þeir urðu þess áskynja, í miðjum stærsta smelli sveitarinnar „Let‘s Get It Started“, að dökkur blettur myndaðist í klofinu á ljósgráum buxum söngkonunnar Fergie. Bletturinn varð stærri eftir því sem leið á lagið og fljótlega varð ljóst að Fergie hafði hreinlega pissað í buxurnar. Ljósmyndir af atvikinu breiddust eins og eldur í sinu um alnetið undir hnyttnum fyrirsögnum á borð við „Black Eyed Pees“ og sjálf viðurkenndi Fergie síðar í viðtali að hún hefði aldrei lent í neinu jafn neyðarlegu. Hún hefði hreinlega ekki haft tíma til að fara á salernið fyrir tónleikana og því fór sem fór.

**Úrgangur víða til vandræða**

Úrgangur hefur raunar víða verið til vandræða á tónleikum. Sálin hans Jóns míns tróð upp á Þjóðhátíð í Eyjum sumarið 1992, þegar einn gesta lagði á sig að príla upp á þakið á sviðinu, leysa niður um sig og spræna á kollana á meðlimum sveitarinnar. Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar, tók atvikinu með stóískri ró, þótt nokkurra sárinda gætti í orðum hans til áhorfenda eftir að afbrotaunglingurinn hafði verið dreginn inn í lögreglubíl: „Það er ekki þakklætinu fyrir að fara hér í Eyjum. Maður kemur hingað til að spila og það er bara pissað á mann!“

Einnig rauk Will Berman, trommari bandarísku poppsveitarinnar MGMT, af sviðinu á tónleikum í Manchester á síðasta ári þegar óprúttinn aðili í áhorfendahópnum kastaði glasi með þvagi í bringuna á trommaranum. Á svipuðum tíma þurftu rokkararnir í Kings of Leon að flýja sviðið undan skítandi dúfum í hundraðatali á tónleikum í St. Louis. Tilvonandi Íslandsvinurinn Cyndi Lauper náði þó ekki að forða sér frá fugladriti á tónleikum í Massachusetts árið 2004 og fékk það beint upp í munninn. Þá lagði metal-meistarinn Alice Cooper í vana sinn að vefja risastórum og lifandi snáki um hálsinn á sér á tónleikum í yfir þrjá áratugi, allt þar til snákurinn tók upp á því að kúka á söngvarann á tónleikum í Los Angeles árið 2000. „Lyktin var svo vond að ég þurfti að æla. Og það voru tíu lög eftir,“ sagði Cooper í viðtali og bætti við að saurinn úr snáknum hefði verið svo mikill að hann hefði búist við slíku úr Doberman-hundi, en alls ekki skriðdýri.



## SVARTUR SÍMADAGUR HJÁ FUGEES





Endurkomutónleikar R&B-hipphopptríósins Fugees í Ósló árið 2005 voru hreinasta hörmung frá flestum hliðum litið. Meðlimir sveitarinnar, þau Lauryn Hill, Wyclef Jean og Pras Michel, voru alls ekki tilbúin að koma saman aftur eftir langt hlé, yrtu ekki á hvort annað baksviðs né á sviðinu, og pirringurinn smitaði út frá sér til áhorfenda. Í miðju laginu „Ghetto Superstar“, um miðbik tónleikanna, gerði Pras þó heiðarlega tilraun til að gleðja gestina með því að skella sér út í áhorfendahópinn og „crowdsurfa“ lítið eitt. Ekki fór betur en svo að í hamagangnum missti rapparinn spánnýja Blackberry-símann sinn úr vasanum og týndi honum. Pras eyddi því sem eftir var af tónleikunum í að svipast um eftir símanum og grátbiðja áhorfendur um að skila sér honum, við lítinn fögnuð þeirra sem borguðu stórfé fyrir miðann.

## FEILNÓTAN SEM HEIMURINN HEYRÐI

Titillag Duran Duran úr Bond-myndinni A View to a Kill sat á toppi vinsældalista um allan heim í júlímánuði ársins 1985 þegar sveitin kom fram á Live Aid á JKF-leikvanginum í Fíladelfíu, en samtímis fóru risagóðgerðartónleikarnir fram á Wembley í London. Ósætti hafði ríkt um nokkra hríð hjá meðlimum sveitarinnar og samskipti milli þeirra voru í algjöru lágmarki. Frammistaða þeirra á Live Aid þótti hörmuleg og er talin ein af ástæðum þess að sveitin leystist upp í kjölfarið (Roger og Andy Taylor gengu úr skaftinu) og kom ekki saman aftur í upprunalegri mynd fyrr en átján árum síðar. Segja má að botninum hafi verið náð þegar söngvarinn Simon Le Bon rak upp eina hrikalegustu, og jafnframt frægustu, feilnótu tónlistarsögunnar í viðlagi téðs A View to a Kill, enda urðu 100.000 áhorfendur á JFK-leikvanginum og yfir tveir milljarðar sjónvarpsáhorfenda vitni að ósköpunum. Síðar viðurkenndi Le Bon að atvikið hefði verið það neyðarlegasta á ferlinum og þegar Live Aid tónleikarnir voru gefnir út á DVD fékkst ekki leyfi frá hljómsveitinni til að hafa þetta ákveðna lag með á diskinum. Það er þó hægt að finna á vefsíðunni YouTube, eins og flest annað, og þykir svipur gítarleikarans Andy Taylor rétt eftir feilnótu söngvarans sérlega lýsandi fyrir ástandið innan sveitarinnar.



## „DRULLAÐU ÞÉR Á LAPPIR!“

Fátt var um vandræðaleg augnablik á tónleikum Busta Rhymes í Vodafone-höllinni síðastliðinn þriðjudag þrátt fyrir meintar opinberar kannabisreykingar, enda hefur rapparinn væntanlega lært sína lexíu eftir frammistöðu sína á tónleikum sem hann hélt í Kaupmannahöfn árið 2003. Eins og hipphoppara er siður gerði Rhymes víðreist um sviðið og hvatti viðstadda til að standa upp og baða út öngunum sem mest þeir mættu. Þegar hann tók eftir því að einn tónleikagestur í fremstu röð sat sem fastast brá Rhymes á það ráð að segja viðkomandi að „drulla sér á lappir,“ því hann hefði sko ekki „ferðast yfir hálfan heiminn til að sjá fólk sitja á rassinum“. Rhymes gerði sér greinilega ekki grein fyrir því að viðkomandi gestur var bundinn við hjólastól, enda baðst hann innilega afsökunar daginn eftir.





## SÚRT UPPHAF Á TÓNLEIKUM U2

PopMart-tónleikaferð rokksveitarinnar U2, sem farin var árið 1997, var hugsuð sem kaldhæðinn óður til auglýsingamennsku og nútíma poppkúltúrs. Sveitin hafði áður gert lagið Lemon gríðarlega vinsælt og því var miðpunkturinn á sviðinu risavaxin og sítrónulaga diskókúla sem meðlimir U2 áttu að stíga út úr í upphafi tónleika og byrja að rokka. Áhorfendur á hljómleikum í Osló urðu þó ekki vitni að þessu glæsta upphafi, því þar bilaði sítrónan stóra og opnaðist ekki, svo írsku poppgoðin neyddust til að skríða út úr henni í gegnum lítinn neyðarútgang við mikinn hlátur viðstaddra.





## MISLUKKAÐ FÁNATRIX



Sígilt ráð til að koma áhorfendum í gott stuð og fá þá á þitt band er að vefja utan um sig þjóðfána áhorfendanna sem þú ert að skemmta þá stundina. Þetta veit Axl Rose, söngvari bárujárnssveitarinnar Guns N‘Roses, og hugðist hann nýta sér trixið á tónleikum í Ósló á síðasta ári. Axl klikkaði einungis á litlu smáatriði. Hann vafði sænska fánanum utan um sig en ekki þeim norska, og virtist nokkuð hissa þegar uppátækið hlaut dræmar undirtektir hjá tónleikagestum. Næstu tónleikar Guns N‘Roses eftir það í Ósló voru í Svíþjóð og mistökin því skiljanleg. Í það minnsta þegar Axl Rose á í hlut.



# Söfn fyrir alla

Laugardagur 21. maí 2011 Kynningarblað




HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval,
áratuga reynsla.

MAÍ TILBOÐ

OSO HOTWATER
Norskir ryðfríir hitakútar
Stærðir: 5-300 lítrar

WÖSAB
Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Guðvelkomnir vinir

**Þjóðminjasafnið er tilvalinn áfangastaður fjölskyldunnar. Þar má skoða sýningar, fara í ratleik, kíkja í safnbúðina og fá sér kaffibolla á Kaffitári.**

Í Þjóðminjasafni Íslands eru fjölmargar sýningar um þessar mundir. Meðal annarra sýningin „Ekki snerta jörðina! Leikir 10 ára barna“ sem fjallar um hvernig börn leika sér í dag. Sýningin „Ljósmyndari Mývetninga – mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar“ hefur verið vinsæl og sömuleiðis sýningarnar „Stoppað í fat“ sem sýnir viðgerða muni úr safneign og „Kistlar og stokkar“ þar sem sýndir eru kistlar útskornir með höfðaletri.

Í Bogasal var í febrúar opnuð sýningin „Guðvelkomnir, góðir vinir! Útskorin íslensk horn,“ og mun hún standa út árið. Nafnið er dregið af áletrun á Fagnaðarhorninu frá sautjándu öld: Guðvelkomnir, góðir vinir, gleðjist.



**Á Íslandi hefur lengi verið sterk útskurðarhefð og aðallega var skorið í tré og horn. Hér eru tvö af mörgum hornum sem eru til sýnis í Þjóðminjasafninu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Á Íslandi hefur lengi verið sterk útskurðarhefð og aðallega var skorið í tré og horn,“ segir Helga Vollertsen, kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins og bætir við að íslenskur útskurður beri auðþekkt einkenni. „Skyldleiki var með útskurði hér á landi og í Noregi á fyrri öldum. Það má sjá á útskurði í norskum trékirkjum og varðveittum íslenskum tréskurði,“ segir hún.

Helga segir Íslendinga hafa þróað einstaka leikni í hornskurði. Skrautið hafi einkennst af stílfærðum og óhlutbundnum munstrum en jafnfram verið skorið myndefni úr Biblíunni, tilvitnanir, bænir og fangamörk.

„Í heiðni tíðkaðist að drekka minni Óðins og fleiri guða. Síðurinn hélst eftir að kristni var lögtekin, en þá voru drukkin minni Guðs, Krists og helgra manna,“ segir Helga, en elstu varðveittu hornin eru frá miðöldum. Vinsældir horna lifðu áfram og sum fengu önnur hlutverk. Til dæmis þótti með tilkomu skotvopna gott að geyma í þeim púður. Helga segir útskorin horn hafa verið eftirsótt meðal erlendra ferðamanna sem komu til Íslands á átjándu og nítjándu öld. „Því eru mörg þeirra varðveitt á evrópskum söfnum, enda einstök listaverk,“ segir Helga og býður alla velkomna í Bogasal Þjóðminjasafnsins að skoða hin fjölbreyttu horn.

**● ELSTA SAFN HEIMS** Elsta safnið í heiminum er British Museum í London. Það var stofnað árið 1753 en opnað almenningi 15. janúar 1759. Fyrstu safngripirnir voru í eigu vísindamannsins Sir Hans Sloane (1660-1753). Í dag eru í safninu yfir sjö milljónir muna. Þar má finna forngripi og muni sem tengjast sögu og menningu mannkynsins.



**● EKKI SNERTA**

Söfn hafa breyst nokkuð í gegnum tíðina. Í stað þess að þau séu loftlausar geymslur gamalla muna er nú yfirleitt reynt að bjóða gesti velkomna. Þó skal hafa í heiðri nokkrar grundvallarreglur þegar safn er sótt heim.

Gott er að kynna sér reglur safnsins við innganginn.

Skilti eru víða í söfnum til leiðbeiningar fyrir gesti og gott er að lesa þau til að vita hvað má og hvað ekki.

Sama hvað safnið geymir eru munirnir yfirleitt dýrmætir og því ætti aldrei að snerta þá nema sérstaklega sé tekið fram að það megi.

Taktu tillit til annarra. Ekki dvelja of lengi við hvert verk, aðrir vilja líka sjá.

Ekki kalla eða tala hátt. Þó að safnið sé ekki kirkja eða bókasafn er óþarfi að menga umhverfið með hávaða.

Ekki borða mat á safninu.



# Draumaland sumars og liðins tíma

**Steiktar lummur, skoppandi lömb, gamaldags leikföng og hestbak tryggir hamingjudag í Árbæjarsafni í sumar.**

„Sumarstarf Árbæjarsafns hefst að venju 1. júní og á sunnudögum í sumar verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá og fasta liði eins og heyannir, harmónikuhátíð, handverksdag Heimilisiðnaðarfélagsins, fornbíladaginn, búningadag barna og stórmót Árbæjarsafns í skák,“ segir Helga Maureen Gylfadóttir safnvörður.

Árbær var rótgróin bújörð fram á tuttugustu öld, en 1957 var þar opnað útisafn með yfir tuttugu húsum sem mynda torg, þorp og sveit. Á sumrin má sjá húsdýr og mannlíf fyrri tíma í Árbæjarsafni þar sem leitast er við að gefa hugmynd um byggingarlist og lifnaðarhætti í Reykjavík fyrri tíma.

„Árbæjarsafn er ævintýraheimur barna þar sem húsdýr eru á vappi um tún. Leikfangasýningin Komdu að leika verður opin í sumar og svo opnum við sýninguna Buxur, vesti, brók og skó þar sem sýnd verða heimagerð barnaföt. Þá verður frumsýning Brúðubílsins í Árbæjarsafni 7. júní og um helgar steiktar lummur og teymt undir börnum við gamla bæinn,“ segir Helga, en því má bæta við að í Dillonshúsi er ávallt er heitt á könnunni og ljúffengt bakkelsi, ásamt fjölmörgu gamaldags og freistandi í Krambúðinni.



**Brúðubíllinn trekkir að unga sem aldna og mun frumsýna verk sumarsins í Árbæjarsafni 7. júní.**



**Landnámssýningin sýnir landnám í Reykjavík og elstu mannvistarleifar sem fundist hafa í höfuðstaðnum.**



**Starfsfólk Árbæjarsafns er ávallt búið klæðum sem tíðkuðust á Íslandi á síðari hluta nítjándu aldar.**

Árbæjarsafn opnar einnig sýninguna Kerruöldina í sumar, þar sem sýnd verður vagnasmíði í Reykjavík. Aðrir nýir viðburðir eru dagur tileinkaður sögu kvenna í Reykjavík á nítjándu öld og Árbæjarsafn International, þegar safnið býður Íslendingum af erlendum uppruna sérstaklega velkomna. Þá er haustmarkaður safnsins haldinn síðasta sunnudag sumars.

Í sumar er einnig tilvalið að skoða Landnámssýninguna Reykjavík 871±2 sem fjallar um landnám í Reykjavík og geymir elstu mannvistarleifar sem fundist hafa í Reykjavík. Sýningin byggir á kenningum fræðimanna um það sem fornleifar geta sagt okkur um líf og störf þeirra sem fyrst settust hér að, en þungamiðjan er rúst skála frá tíundu öld sem fannst 2001. Búið var í skálanum frá því um 930 til 1000, og norðan við skálann má sjá veggjarbút frá því fyrir 871.

Árbæjarsafn er opið alla daga frá 10 til 17 í júní, júlí og ágúst. Landnámssýningin er opin alla daga frá 10 til 17.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Ábyrgðarmaður:** Jón Lövdal **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordis@365.is s. 512 5447 Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432. **Forsíðumynd:** d'Orsay-safnið í París. Nordicphotos/getty

# ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

BORÐSTOFUBORÐ
200X100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-

TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-



# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi
Stærð: 310X180
TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi
Stærð: 295X167
TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-

PRIMA stóll
Verð: 13.800,-

VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

**REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
**APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
**ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22

60 DAGA 60 SKILARÉTTUR

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



Mikið úrval fatnaðar frá ýmsum tímum er í tískudeild V&A. Hér eru þrír bowler-hattar, sem lengi þóttu hluti af þjóðareinkennum Breta.



Séð inn í almenning d'Orsay-safnsins.

# Í allt öðrum heimum

**Söfn eru heimar út af fyrir sig og hægur vandi að gleyma þar stund og stað tímunum saman. Meðal skemmtilegustu safna að heimsækja í London og París eru Viktoríu og Albertssafnið í Kensington og d'Orsay-safnið á vinstri bakka Signu.**



V&A er í þeim hluta Kensington sem Bretar kalla Albertopolis.

Viktoríu og Albertssafnið í Suður-Kensington í London er stærsta safn heims hvað varðar skreytilist og hönnun. Þar eru til sýnis rúmlega 4,5 milljón hlutir. Safnið er nefnt eftir Viktoríu drottningu og Albert eiginmanni hennar og var stofnað árið 1852. Mikið hefur verið byggt við húsakost safnsins síðan það var opnað og í dag er gólfflöturinn 51.000 fermetrar og sýningarsalirnir eru 145. Munir safnsins spanna 5.000 ára listasögu, frá fornöld til dagsins í dag, og eru frá Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu og Norður-Afríku.

Þar er að finna stærsta safn af síðklassískum höggmyndum í heiminum, stærsta safn ítalskrar endurreisnarlistar utan Ítalíu, asíski hluti safnsins er meðal þeirra bestu í Evrópu, einkum hvað varðar leirkerjalist og málmhluti, og íslamski hluti safnsins er meðal þeirra stærstu í heiminum.

V&A, eins og Bretar nefna safnið gjarnan, er í þeim hluta Kensington sem gengur undir nafninu Albertopolis og þar er meðal annars að finna Náttúrugripasafn og Vísindasafn Breta. Aðgangur að safninu er ókeypis eins og að flestum ríkisreknum söfnum í Bretlandi og það er opið frá 10 til 17.45 alla daga nema föstudaga þegar opið er frá 10 til 22.



d'Orsay-safnið er til húsa í gamalli járnbrautarstöð á vinstri bakkanum.

## D'ORSAY-SAFNIÐ Í PARÍS

Musée d'Orsay stendur á vinstri bakka Signu í París. Byggingin var upphaflega járnbrautarstöð, Gare d'Orsay, sem byggð var á árunum 1898-1900. Árið 1977 tóku frönsk stjórnvöld þá ákvörðun að breyta henni í listasafn. Miklar endurbætur og viðbætur áttu sér stað undir stjórn ítalska arkitektsins Gae Aulenti á árunum 1980-1986. Safnið var síðan opnað með viðhöfn af þáverandi Frakklandsforseta, François Mitterrand, hinn 1. desember 1986.

d'Orsay er frægast fyrir að hýsa stærra safn verka eftir impressjónista og síð-impressjónista en nokkurt annað safn í veröldinni. Meðal þeirra sem eiga verk í impressjónistadeild safnsins eru Monet, Manet, Degas, Renoir, Cézanne, Seurat, Sisley, Gauguin og van Gogh.

Á torginu fyrir framan safnið eru sex bronsstyttur, sem eiga að tákna heimsálfurnar og voru búnar til fyrir Heimssýninguna í París árið 1878.

Safnið er opið frá 9.30 til 18 alla daga nema fimmtudaga, þegar opið er frá 9.30 til 21.45, og mánudaga þegar það er lokað. Almennur aðgangseyrir er átta evrur og miði á sérstakar sýningar kostar tíu evrur.

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Hvert skal stefna í lífinu?

STÚDENTSNÁM
- Félagsfræðabraut
- Mála- og ferðafræðibraut
- Náttúrufræðibaut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

GRUNNDEILD MATVÆLAGREINA
fyrir þá sem stefna á að vera:
- Bakari
- Framreiðslumaður
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS



**Árlegt Vorvítamín Hamrahlíðarkóranna** verður haldið á morgun í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð. Haldnir verða tvennir tónleikar, klukkan 14 og 16. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis. Kórarnir flytja tónlist eftir íslensk tónskáld auk sumar- og ættjarðarlaga.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

Ertu búinn að fá þér Veiðikortið?




35 vatnasvæði
aðeins kr. 6000
www.veidikortid.is

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með
Gabor®
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

**Skúli Jón Friðgeirsson, knattspyrnuhetja í KR, finnur milliveg milli næturlífs og fótboltakeppna um helgar.**

# Vont að liggja bara í leti



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fótbolti og skemmtanalíf fara illa saman, en til að vera ekki hundleiðinlegur mæti ég í partí, enda alltaf gaman að sýna sig og sjá aðra,“ segir Skúli Jón, sem er oftast sofnaður svefni hinna réttlátu undir miðnætti um helgar því sunnudagar eru keppnisdagar í íslenska boltanum.

„Boðleiðir á Íslandi eru stuttar og ekki vel séð í úrvalsdeildinni að sjást á einhverju brambolti í miðbænum um nætur. Því er best, og ég sáttur við, að halda mig sem allra lengst frá næturlífinu yfir sumartímann, enda fótboltinn það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Skúli Jón, sem þó hyggur á tvöfalda gleði í dag eftir stífa fótboltaæfingu á KR-vellinum í morgunsárið.

„Systir mín er stúdent frá Verslunarskólanum í dag og ég hlakka til að hitta gesti í útskriftarveislu heima í eftirmiðdaginn. Eftir þann gleðskap liggur leiðin í Hörpuna þar sem stórvinur minn Friðrik Dór er tilnefndur til hlustendaverðlauna FM 95,7 og þangað förum við félagarnir til að styðja strákinn,“ segir Skúli Jón, heillaður af listasmíðinni Hörpu sem hann skoðaði um síðustu helgi.

;FRAMHALD | 2

LAGERSALA
40-80% afsláttur
opið laugardag & sunnudag 10-16
Ath LAGERSALAN er flutt á Laugaveg 178

Rúmfatnaður Borðdúkar Stofupúðar Lök Koddaver Barnavörur Rúmteppi Löberar
nýtt kortatímabil
Lín DESIGN

LAGERSALA Lín Design Laugavegi 178 (næsta hús við verslun Lín Design) www.lindesign.is email: lindesign@lindesign.is

**Íslandsmót Smábílaklúbbs Íslands** verður haldið á sunnudaginn í Gufunesi. Þetta er fyrsta umferð af fimm sem eknar verða í sumar. Um er að ræða mót í brautarakstri fjarstýrðra bíla, sem er mjög skemmtilegt að fylgjast með. Keppnin hefst klukkan 10.15 og lýkur klukkan 16.










Meðal þeirra sem fram koma á Bakkusi í kvöld er ljóðskáldið Anton Helgi Jónsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tónlist, ljóð og gjörningar

UPPÁKOMA VERÐUR Á BAKKUSI Í KVÖLD UNDIR YFIRSKRIFTINNI HEIMSLISTAHÁTÍÐ.

Ljóðalestur, gjörningar, vídeóverk og tónlist ráða ríkjum á skemmtistaðnum Bakkusi við Tryggvagötu frá klukkan 19 til miðnættis í kvöld. Þar koma fram, meðal annarra, skáldin Jón Örn Loðmfjörð, Einar Ólafsson, Gregor Balazt og Anton Helgi Jónsson. Snorri Ásmundsson og Gerningaþjónusta Inferno 5 verða með gjörninga, Steinunn Gunnlaugsdóttir og Katrín Ólafsdóttir sýna vídeóverk og um tónlistina sjá meðal annarra Arnljótur, Dean Ferrel, Gjöll og Inside Bilderberg. Gestgjafi kvöldsins er ljóða-, tónlistar- og gjörningahópurinn Burning Brain and the Wheel of Work. Dagskráin hefst stundvíslega klukkan 19 og listamennirnir koma fram í dadaískri röð.



Sýningin Mjallhvít og dvergarnir sjö er litrík og hressileg og leikararnir bregða sér í allra kvikinda líki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mjallhvít í Elliðaárdal

**Leikhópurinn Lotta frumsýnir í dag nýtt íslenskt leikrit um Mjallhvíti og dvergana sjö. Leikgerðina gerði Anna Bergljót Thorarensen og leikur hún einnig sjálfa Mjallhvíti. Hún lofar fjöri og sjónhverfingum.**

Við reynum auðvitað að hafa þetta fjörugt og skemmtilegt til að halda athygli yngstu kynslóðarinnar," segir Anna Bergljót Thorarensen, sem skrifar leikgerðina að Mjallhvíti og dvergunum sjö og leikur Mjallhvíti. „Ég breytti sögunni líka svolítið, til dæmis er engin vond stjúpa heldur er það frænka Mjallhvítar sem er vonda drottningin, en að mestu leyti fylgdi ég nú söguþræði ævintýrisins."

Ný tónlist hefur verið samin fyrir verkið en auk Önnu koma þar að verki Rósa Ásgeirsdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson og Baldur, Helga og Snæbjörn Ragnarsbörn. Leikstjórar eru Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir, tilvonandi stjórnendur Stundarinnar okkar. „Þau hafa aldrei leikstýrt hjá okkur áður," segir Anna Bergljót, „en þau eru svona að hita sig upp fyrir veturinn."

Alls leika fimm leikarar í sýningunni auk tónlistarmanns sem er inni á sviðinu allan tímann. Þessir fimm leikarar skipta á milli sín öllum tólf hlutverkunum og stundum þurfa meðal annars að vera sjö dvergar inni á sviðinu í einu. Hvernig er það hægt? „Sjón er sögu ríkari," segir Anna Bergljót og hlær. „Það verða þarna ýmsar sjónhverfingar." Leikararnir sem bregða sér í allra kvikinda líki eru auk Önnu Bergljótar þau Sigsteinn Sigurbergsson, Arnar Ingvarsson, Baldur Ragnarsson og Rósa Ásgeirsdóttir.

Frumsýningin fer fram í Elliðaárdalnum klukkan 14, nánar tiltekið í Hólmanum, en hann er jafnframt aðalsýningarstaður leikhópsins. Þar geta gestir séð Mjallhvíti og dvergana sjö alla miðvikudaga í sumar. Þeir sem búa lengra frá þurfa þó ekki að örvænta, því leikhópurinn mun leggja allt landið undir sig og á þremur mánuðum sýna ríflega 75 sýningar á yfir fimmtíu mismunandi stöðum á landinu.

Miðaverð á sýninguna er 1.500 krónur og ekki þarf að panta miða fyrir fram heldur er alveg nóg að mæta bara á staðinn.

Þetta er fimmta sumarið sem Leikhópurinn Lotta setur upp útisýningu. Áður hefur hópurinn tekist á við Hans klaufa, Rauðhettu, Galdrakarlinn í Oz og Dýrin í Hálsaskógi. *fridrikab@frettabladid.is*











Framhald af forsíðu

Skúli Jón byrjaði sex ára að æfa fótbolta hjá Breiðholtsliðinu Leikni en skipti yfir í KR þegar hann flutti í Vesturbæinn.

„Ég hugsa alltaf mjög hlýlega til Leiknis og á þar enn marga vini. Liðið var hársbreidd frá því að komast í úrvalsdeildina í fyrrasumar og er með það í höndunum nú, en þarf enga hjálp frá mér, enda er ég orðinn of mikill KR-ingur til að skipta upp í Breiðholt aftur," segir Skúli Jón brosmildur.

KR mætir Stjörnunni í Garðabæ annað kvöld svo morgundaginn tekur Skúli Jón með ró, eins og flesta sunnudaga á sumrin.

„Fyrir leiki sef ég aðeins út og borða vel yfir daginn en er svo bara í rólegheitunum að þrífa bílinn eða rölta um bæinn með vinunum. Það er nauðsynlegt að finna góðan milliveg því vont er að liggja bara í leti og það þarf að koma líkamanum aðeins í startholurnar fyrir leiki," segir Skúli Jón, sem eins og fjörutíu aðrir fótboltasnillingar bíður spenntur eftir því hvaða 23 leikmenn verða valdir í úrslitakeppni Evrópumóts U21-landsliða sem fram fer í Danmörku í júní.



„Fyrir leiki sef ég aðeins út og borða vel yfir daginn en er svo bara í rólegheitum að þrífa bílinn eða rölta um bæinn með vinunum." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er afar spenntur því biðin eftir þessu móti er orðin löng og mikil tilhlökkun í hópnum. Það bjóst enginn við að við kæmumst áfram og þar af leiðandi er engin pressa, svo við förum bara út til að hafa gaman af og svo kemur eitthvað meira í framhaldinu, hef ég trú á," segir Skúli Jón og bætir við að markmið um árangur sé enn ekki sett því hópurinn sem fari utan sé ekki ákveðinn.

„Enginn er öruggur um pláss og allir koma til greina, en þeir sem hafa spilað flesta landsleikina ættu að vera þokkalega öruggir. Sjálfur yrði ég mjög ósáttur við að lenda ekki í liðinu, en svo er líka alltaf hætta á meiðslum og allt getur gerst í millitíðinni," segir Skúli Jón, bjartsýnn á góðan árangur.

„Evrópumótið er klárlega langstærsta mótið sem við höfum tekið þátt í og vitaskuld er það draumur allra að komast þangað. Ég held að fæstir geri sér grein fyrir hversu mikið afrek það var hjá okkur strákunum að komast alla leið, og að mínu mati höfum við ágætis möguleika á að komast upp úr riðlinum og uppskera að launum sæti á Ólympíuleikunum í Lundúnum 2012." *thordis@frettabladid.is*



Til sölu Renault rx4, árg 2001, ek. 150 þús, ný tímareim, drifskaft, bíll í góðu standi, frábær fjölskyldubíll. Verð 600 þús. Uppl í s. 662 2832



Til sölu Peugot 206 árg. '99, nýsk. Ek. 180 þús. mikið endurnýjaður. V. 350 þús. Uppl. í s. 893 5517.



Til sölu VW BEETLE CABRIOLET (blæja) árg'04. Ek. 100 þús. 5 gíra, bensín, leðursæti. Ásett v. 1.990 þús. Skoða öll skipti. S. 662 1161



2004 VW Touareg V8, 350hp, topplúga, með öllu. Útsöluverð 2.490þ. stgr. S. 840 3425.



M. Benz E 200 Kompressor, árg. 03/2007, Avantgarde. Ek. 97 þús. Listav. 4.800 þús. Ákv. 6.millj. fæst gegn yfirtöku á láni og eingreiðslu uppá eina milljón kr. Uppl. í s. 847 9988



VW Touran árg'07, ek. 85 þús. Tilboð 2.3 millj. Uppl. í s. 849 4477



Mazda 3, árg 07, ek. 89 þús. Álfelgur. V. 1590 þús. Uppl. í s. 849 4477



BMW 545 Árg. 2004. ekinn 130 þús. Nýsprautaður, allur tekinn í gegn. 19" M5 felgur á nýlegum sumardekkjum. Verð 3700 þús, áhvílandi 2300 þús. S. 771 9489.



Til sölu VW Polo 1200 árg'03 ek. 120 þús. Mjög vel með farinn „frúarbíll". Verð. 650 þús. Uppl. í s. 864 1175"



Til sölu Toyota Landcrusier 120 GX árg.'08, Disel, ek. 62þ, 8 manna, 33" breyttur, Ssk, krókur o.fl Verð 6.990 millj. Uppl. í s. 896 6766.



BMW 530i, 11/05. sj.sk, lúga, leður 260hö. Ek. 68þús. frábær bíll uppl. 8628343



Nizzan Terrano II árg 97 (bensín), ek. 220 þ.km. Fæst fyrir gott staðgr. verð. Uppl í s. 897-1238



VW GOLF HIGHLINE 4MOTION árg.'03 sk.'11 ek.115 þús. Ný heilsársdekk og nýleg tímareim V. 990 þús. stgr. Uppl. í s.692 0177.



F.Mondeo árg. '04. ek. 62þ. sjálfsk. Verð 1.300þ. Mjög góður bíll. S. 897 1205.



M Benz ML 500 '02 ek.168þús ,7 manna sk.12, ný dekk. Einn með öllu v. 2850 Þ. Skoða skipti, Uppl. í s. 859 1011.



VW passat 1.8T árg. '00. Ek. 171þ. Sk'12. 4 sumardekk og 4 loftboludekk á stálfelgum. Verð 720þ. Uppl. í s. 664 6441.



Subaru Legacy Station, 2006, ek.75þ, verð 1900þ. S. 6988752 www.internet. is/jericho



Nissan Patrol árg.'06 ek. 89 þús. sjálfskiptur, einn með öllu. Verð 4.490.000 kr. Uppl. í síma 899 9017.



Hyundai Terracan '04, dísel, GLX, sjálfsk., ek. 142. þús. Km., upph. og nýl. dekk. Verð.2.390.000 kr. Staðgr. 1.990.000 kr. Uppl. Í s. 699 0224



Til sölu Toyota Landcruser Vx 100 árg.'06, ek. 150 þús. Uppl .í s. 899 3500.



Chrysler Town Country Stown go árg.'06, áhvílandi 1.4 millj. Skipti á ódýrari. Uppl. í s. 895 6818.



Subaru Legacy 2005, sjálfsk., ek. aðeins 41 þ. Álfelgur, sumar/vetrardekk. Toppeintak, einn eigandi. Verð 1.840þ. Uppl. í 822-4850.



Ford Mustang '05, ek. 83 þús, V6, ssk, leður, ásett 2490 þús. stgr. 1950 þús. S. 898 4861.



Daihatsu Sirion árg. '07 ekinn 31500 km.sjálfsk. Vel viðhaldið, Verðhug 1490 þús. eða tilb. Uppl. í síma 825 0195.



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Ford 150 Econoline húsbíll árg'92. Verð 800 þús, ekinn 150 þús. Uppl. í síma 8994457



Ford Econoline árg. '04 4x4. 6.l dísel. Ek. 90 þús. mílur. 14 farþega. Tilbúinn í vinnu. S. 892 7079.



Toyota Corolla S/D Terra 1600 árg'05, ssk. ek.49 þús. Sumard/vetrard. álf, smurbók eing, ekið á malbiki. Einn eig. Ásett v. 1590 þús. Uppl. 849 0440

Til sölu VW Golf station árg 2002 ekinn 131Þ km. Bensín, 1600 vél, krókur, söllúga, beinskiptur. Ásett verð 900 Þ. Skoða skipti á dýrari. Nánari uppl. í s. 861 3131

Subaru Legacy '98 ek, 209þ. ný tímareim. Nýleg dekk. Verð 280 þús. Uppl. Gunnar 820 2004.

Toyota Hiace árg '04. 9 manna. Ssk , söllúga. Ek. 85þús. Gullfallegur bíll. S. 861 2327

VW Polo 1400 vél, árg. '97 ssk., ek. 118 þús. Sumar og vertatdekk á felgum. Bíll í góðu ástandi. V. 250 þús. S. 820 3199.

Chevrolet Lacetti árg.'04 ek. 58þús. V. 1100þús. Suzuki Vitara árg.'00 ek. 115þús. V. 550þús. Uppl. í s. 895 1860.

## 0-250 þús.



**ÓDÝR,EYÐIR LITLU!!**
Til sölu RENAULT CLIO 5 dyra nýskráður 24.05.1995 ekinn 165 þúsund, nýskoðaður 2012, ný tímareim og ný smurður, bílinn eyðir litlu og fæst á 229 þúsund staðgreitt. Upplýsingar í síma 899-4009

Honda Civic Árg 1998 Beinskiptur 2 dyra 1,5 vél [115hp] Ekin 195 þús. Bílinn er skoðaður 2012. Verð: 190þús Uppl. 777-63-40

varahlutalager , aðallega í Benz, einnig bremsuklossar í benz og ýmsar gerðir bíla. fyrirspurnir í 7756577 og varahlutalager@gmail.com

## 250-499 þús.



Toyota Corolla station 4x4 árg 98. 2012 skoðun. Fæst á 390 þús stgr. - engin skipti! Upplýsingar í síma 699 7933.



Renault Kangoo árg.'00. Ek. 130þús. Mjög góður bíll. Ás.verð 390þús. Uppl. í s. 897 9872.



Daihatsu Gran Move árg.'00. Ek. 70þús. Beinsk. Einn eigandi. Dekurbíll. V. 490þús stgr. Uppl í s 824 4530.

Subaru Legacy '95 í mjög góðu standi. V.299þ. og BMW 320 '95 E36 Touring. V.550þ S.847 2003 í rvk.

## 500-999 þús.



Subaru Impreza 2,0 árg'00 Sjálfsk. Nýskoðaður. Ekinn 168þús. verð 790þús. uppl í s: 822 8056.

Gæðabíll. VW Bora, sjálfsk. ek. 120. Árg. '00. Skoðaður 2012. Verð 670 þús! Uppl. í s. 895 8808.

Til sölu L200, fínn bíll, árgerð 1998. Uppl. í síma 898 1649.

Subaru Legacy til sölu. Nýskr. 12/2000 ek. 143þ. Er á góðum Michelin 16' sumardekkjum. Sjálfsk. Verð 650 þús. Uppl. 6639474

## 2 milljónir +

Subaru wrx árg 2006 til sölu.. Svartur með topplúgu! Filmur. Ekinn 116þús. Vel með farin.. Verð 2.6 eða tilboð. áhvílandi rúmlega 2 milljónir Hægt að hafa samband í síma 691-4143 Danni

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir ódýrum sparneitnum bíl , verður að vera skoðaður. Uppl í s. 893 8064

Vantar ódýran bíl, þarf að líta ágætlega út, vera skoðaður og í lagi á verðbilinu 100-150 þús. S. 615 2500.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



**ATH ÖLL SKIPTI, Tilboð 1499**
Til sölu RENAULT MASTER DÍSEL nýskráður 19.11.2004 ekinn 137 þúsund, nýskoðaður 2012, ný tímareim, áhvílandi 950 þúsund, ATH ÖLL SKIPTI, t.d Hjól, sleða eða bíl, Verð 1890 þúsund, tilboð 1499 þús. upplýsingar í síma 693 5053

## Vörubílar

Óska eftir 2-300 hundruð lítra krabba á vörubílskrana. Uppl í s. 895 1282

## Húsbílar

rotor.is
Stórasta verslun húsvagnaeigenda
Rótor ehf. s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f.

## Mótorhjól



Til sölu Kawasaki Ninja minnaprófs hjól af árgerð 2005, 250cc, keyrt 3089 mílur, verð 490þús, sími 617 6029.

Til sölu KTM 125cc árg.2007. Fallegt hjól í topp standi. Uppl. í s. 861-9437

Suzuki DR 400Z árg. 2001 ek. 3000km. Götuskráð í fínu standi. Verð 300.000 kr. Uppl. í síma 867 6364.



Honda CRF 150cc 2008 model til sölu. Mjög lítið notað og vel með farið. Uppl. í síma 8929796 og 7745290



Til sölu Kawasaki Volcan 900,árg.2006 ek14500km. V.900 Þ. Uppl í síma 8640788



Yamaha Fazer FZ1, árg.'09, ek. 4000km. Verð. 1.590 þús. Hildur S. 695 2554.



**FLOTT HJÓL**
Til sölu SUZUKI INTRUDER VS 800 nýskráð 12.08.2003, ekinn 25 þúsund, innflutt nýtt nýskoðað 2012,ný smurt, nýr geymir og nýtt afturdekk Flott hjól,Verð 750 þúsund, möguleiki á vísa/euro láni Upplýsingar í síma 693-5053



Kawasaki Vulcan 2000 Limited árg.'05. Ek. 12. þús. Hjól sem kemur með öllum hugsanlegum aukabúnaði Skoða skipti uppl. í síma 865 6832 / 555 3795.

Yamaha XVS 1100A Drag Star Classic 2007, 4500km, vindhlíf, veltigrind, handfangahitun. Flott hjól. Uppl.691 9533

**Afmælishátíð MXsport**
Laugardag 21.maí kl.17-20. Go-Kart húsið Garðabæ, Stórás 4-6. Pylsur og drykkir. Ofurhugar sýna listir sínar á Trial hjólum. Kynning á 2011 Sherco Trial hjólum.

Suzuki 450 RM/Z árg '08. Ek 20 tíma. V. 890 þús. Uppl í s. 864 6555

Til sölu Honda 2007 krossari. Myndir á car.add.is Uppl. í s. 772 9030

## Vespur

Ítölsk Piaggio vespa. árg. '05 ek. 3000þús 50c. Uppl. s. 899 4009

Á gullmola um gangstéttir þú keyrir, engar áhyggjur af tryggingum þú hefur né ökuleyfi. Nú er tími til kominn að spara. Líttu inn og láttu vaða. Tilboðsverð 165 þús. S. 693 3730.

Capacent Ráðningar

# KYNNINGARFULLTRÚI

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Aðildarfélög BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 20.000. Um 70% félagsmanna eru konur. Á skrifstofu BSRB starfa 9 starfsmenn, sérfræðingar á ýmsum sviðum sem annast margvísleg verkefni fyrir bandalagið og aðildarfélög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræðiþjónusta og lögfræðiþjónusta við félögin.

**Kynningarfulltrúi BSRB hefur umsjón með kynningarstarfi BSRB og kemur áherslum bandalagsins á framfæri. Kynningarfulltrúi vinnur náið með og starfar beint undir framkvæmdastjóra BSRB. Óskað er eftir öflugum aðila í krefjandi starf í metnaðarfullu umhverfi.**

**Ábyrgðarsvið:**
- Ábyrgð á kynningarmálum hjá BSRB
- Markviss vöktun á fjölmiðlum og umræðu
- Efnisöflun og skrif á vef og ritstjórn á BSRB-tíðindum
- Skipulag funda og ráðstefna
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af blaðamennsku og kynningarmálum er æskileg
- Góð færni í skrifum og textameðferð er nauðsynleg
- Víðtæk þekking á starfi og markmiðum verkalýðshreyfingarinnar sem og almennum þjóðfélagsmálum er mikilvægur kostur
- Góð samskiptahæfni og skipulagshæfni ásamt getu til að vinna undir álagi.
- Nákvæmni og hugmyndaauðgi sem og gagnrýnin og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynlegir eiginleikar

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRMÁLADEILD

Landsvirkjun

**Landsvirkjun leitar að framsæknum einstaklingi í starf sérfræðings í fjármáladeild. Viðkomandi mun starfa í þéttu teymi sérfræðinga á fjármálasviði Landsvirkjunar og styðja við ákvarðanatöku og framtíðarstefnu félagsins.**

**Helstu verkefni:**
- Arðsemisgreiningar
- Gerð fjárhagslíkana
- Vinna við áætlanagerð
- Framsetning og gerð kynninga
- Greining á fyrirtækjum
- Greining fjárhagsupplýsinga

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Greiningarhæfni
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í gerð og notkun fjárhagslíkana
- Reynsla og hæfni til framsetningar í skýrslum og kynningum
- Góð enskukunnátta í mæltu og rituðu máli
- Frumkvæði og vilji til að takast á við krefjandi verkefni
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulegra vinnubragða

**Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir eru alþjóðleg fyrirtæki. Breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# TÍMI TIL AÐ VINNA!

## Lagerstarfsmaður **565860**

Verslunin Álfaborg sem selur m.a. með flísar og gólfefni óskar eftir að ráða starfsmann í almenn lagerstörf. Í starfinu felst móttaka, tiltekt og afgreiðsla á vörum. Vinnutími er virka daga frá kl. 9:00-18:00. Auk þess er unnið annan hvern laugardag frá kl. 10:00-14:00 yfir vetrartímann. Leitað er að einstaklingi sem er hraustur og með líflega framkomu. Viðkomandi þarf að vera með lyftarapróf - meirapróf er kostur en ekki skilyrði. Ráðið verður í starfið strax.

## Hefur þú áhuga á að starfa tímabundið í mötuneyti? **565862**

Leitað er að einstaklingum með reynslu, sem eru tilbúnir að taka að sér tímabundin verkefni.
Umsækjendur sem þegar eru á skrá hjá Vinna.is eru beðnir um að uppfæra upplýsingarnar í ferilskrá sinni og sækja um starfið.

## Glerblástur **565859**

Marel óskar eftir að ráða starfsmann í glerblástur sem fyrst. Í starfinu felst að glerblása stálíhluti í einni af stoðsellum framleiðslunnar og krefst starfið þess að menn séu líkamlega hraustir. Vinnutími er frá kl 7:30-17:00. Ekki er krafist sérmenntunar í starfið. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

## Lagerstarf – sumarstarf **565848**

Samhentir í Garðabæ óska eftir að ráða lagerstarfsmann í sumarafleysingar. Um er að ræða hefðbundið lagerstarf í 30 manna fyrirtæki. Leitað er að starfsmanni sem er stundvís og áreiðanlegur, röskur, góður í samskiptum og með áhuga á að vinna. Lyftarapróf kostur en ekki skilyrði. Einungis einstaklingar eldri en 20 ára koma til greina.

## Vélstjóri/vélvirki – sumarstarf **565858**

Nói Síríus óskar eftir vélstjóra/vélvirkja til starfa. Um sumarstarf er að ræða. Í starfinu felst m.a. viðhald og nýsmíði á framleiðslutækjum fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu úr iðnaði/framleiðslu, hæfileika til að leysa vandamál, góða þekkingu á vélbúnaði og vera með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 7:30-16:20. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Hefur þú áhuga á að vinna tímabundið við afgreiðslu? **565863**

Leitað er að einstaklingum með reynslu sem eru tilbúnir að taka að sér tímabundin verkefni.
Umsækjendur sem þegar eru á skrá hjá Vinna.is eru beðnir um að uppfæra upplýsingarnar í ferilskrá sinni og sækja um starfið.

## Ertu matráður? **565861**

Leitað er að einstaklingum með reynslu, sem eru tilbúnir að taka að sér tímabundin verkefni, sjá um morgun- og hádegisverð, útbúa matseðla, innkaup o.fl.
Umsækjendur sem þegar eru á skrá hjá Vinna.is eru beðnir um að uppfæra upplýsingarnar í ferilskrá sinni og sækja um starfið.

## Matreiðslumaður – heilsuréttir **565839**

Veitingastaður í Reykjavík sem sérhæfir sig í sushi og heilsuréttum óskar eftir að ráða til sín matreiðslumann. Í starfinu felst ábyrgð á daglegum rekstri, innkaupum, starfsmannamálum, vaktaskipulagi og öðru sem tilheyrir starfinu. Leitað er að einstaklingi með reynslu af stjórnun, mikinn áhuga á matargerð og nýstárlegu fæði. Í boði er krefjandi starf, miklir tekjumöguleikar og tækifæri á að taka þátt í uppbyggingu á veitingastað með spennandi nýjungar.



UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

FLEIRI STÖRF Í BOÐI Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# KYNNINGARFULLTRÚI

BSRB

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Aðildarfélög BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 20.000. Um 70% félagsmanna eru konur. Á skrifstofu BSRB starfa 9 starfsmenn, sérfræðingar á ýmsum sviðum sem annast margvísleg verkefni fyrir bandalagið og aðildarfélög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræðiþjónusta og lögfræðiþjónusta við félögin.

**Kynningarfulltrúi BSRB hefur umsjón með kynningarstarfi BSRB og kemur áherslum bandalagsins á framfæri. Kynningarfulltrúi vinnur náið með og starfar beint undir framkvæmdastjóra BSRB. Óskað er eftir öflugum aðila í krefjandi starf í metnaðarfullu umhverfi.**

**Ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á kynningarmálum hjá BSRB
- Markviss vöktun á fjölmiðlum og umræðu
- Efnisöflun og skrif á vef og ritstjórn á BSRB-tíðindum
- Skipulag funda og ráðstefna
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af blaðamennsku og kynningarmálum er æskileg
- Góð færni í skrifum og textameðferð er nauðsynleg
- Víðtæk þekking á starfi og markmiðum verkalýðshreyfingarinnar sem og almennum þjóðfélagsmálum er mikilvægur kostur
- Góð samskiptahæfni og skipulagshæfni ásamt getu til að vinna undir álagi.
- Nákvæmni og hugmyndaauðgi sem og gagnrýnin og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynlegir eiginleikar

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI AKUREYRI

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar tæplega 18.000 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

**Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra búsetudeildar hjá Akureyrarbæ. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra daglegum rekstri deildarinnar.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri búsetudeildar
- Fagleg forysta á þróun starfseminnar
- Stefnumótun og samningagerð
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf og náið samstarf við félagsmálaráð Akureyrar
- Mikil samskipti og samvinna innan stjórnsýslu og utan

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu og málefnum fatlaðs fólks
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Búsetudeild er hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar og veitir íbúum bæjarins ýmiss konar búsetuþjónustu. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum. Með búsetuþjónustu er átt við þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum.

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar

Leitað er að einstaklingi sem hefur mikið traust á markaði, góð tengsl og mikla getu til að skapa bankanum viðskipti. Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri stjórnun fyrirtækjaráðgjafar og verkefnastjórnun ráðgjafarverkefna. Viðkomandi er auk þess ábyrgur fyrir markaðssetningu, kynningu og sölu á þjónustu fyrirtækjaráðgjafar auk þess að sinna ráðgjöf til viðskiptavina bankans á sviði endurskipulagningar fyrirtækja og annarri fjármálaráðgjöf.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- *Reynsla af stjórnun, ráðgjöf og rekstri fyrirtækja*
- *Framúrskarandi þekking á sviði fjármála, á efnahagsmálum og á rekstrarumhverfi fyrirtækja*
- *Mjög gott vald á íslensku og ensku*
- *Leiðtogahæfileikar sem og hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Frumkvæði og faglegur metnaður*
- *Háskólamenntun, framhaldsmenntun æskileg*
- *Próf í verðbréfaviðskiptum skv. lögum um verðbréfaviðskipti*

## Sérfræðingur í gjaldeyrismiðlun

Við erum að leita að sérfræðingi í gjaldeyrismiðlun til þess að sinna miðlun á gjaldeyri og tengdum afurðum innan markaðsviðskipta. Viðkomandi mun sinna gjaldeyrismiðlun til núverandi viðskiptavina samhliða því að vinna að fjölgun þeirra. Auk þess mun viðkomandi vinna með einstökum deildum bankans við þróun nýrrar þjónustu tengdri gjaldeyrismiðlun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði*
- *Próf í verðbréfaviðskiptum skv. lögum um verðbréfaviðskipti*
- *Skilningur á fjármálum og verðbréfum*
- *Greiningarhæfni, sjálfstæði og vönduð vinnubrögð*
- *Söludrifni og hæfni til að vinna undir álagi*
- *Háskólamenntun á sviði hagfræði, stærðfræði eða viðskiptafræði*

# Vilt þú taka þátt í uppbyggingu Íslands?

MP banki leitar að duglegum og sjálfstæðum einstaklingum með brennandi áhuga á að taka virkan þátt í uppbyggingu atvinnulífs og markaða á Íslandi. Við ætlum að láta verkin tala og stuðla að eflingu virks fjármálamarkaðar sem mun efla atvinnulíf og skapa samfélaginu öllu tækifæri og hagsæld. Ef þú vilt vinna með kraftmiklum hópi fagmanna sem horfa til framtíðar þá erum við að leita að þér.

## Framkvæmdastjóri eignastýringar

Leitað er að einstaklingi til að leiða eignastýringarsvið bankans og bera ábyrgð á daglegum rekstri. Viðkomandi mun koma að mótun fjárfestingarstefnu, greiningu fjárfestingarkosta og eflingu samskipta við núverandi og nýja viðskiptavini MP banka. Skilyrði er að viðkomandi hafi mikið traust á markaði, góð tengsl við fagfjárfesta og mikla getu til að skapa bankanum viðskipti.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Reynsla af stjórnun og rekstri*
- *Reynsla af störfum á sviði eignastýringar*
- *Leiðtogahæfileikar sem og hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Framúrskarandi þekking á sviði fjármála og á efnahagsmálum*
- *Frumkvæði og faglegur metnaður*
- *Háskólamenntun, framhaldsmenntun æskileg*
- *Próf í verðbréfaviðskiptum skv. lögum um verðbréfaviðskipti*
- *Mjög gott vald á íslensku og ensku*

## Yfirlögfræðingur

Leitað er að einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á lögfræði og fjármálamörkuðum til að stýra lögfræðisviði bankans. Viðkomandi heyrir undir forstjóra og sinnir almennri lögfræðiráðgjöf á sviði bankaréttar, verðbréfaréttar, kröfuréttar og félagaréttar. Meðal annarra verkefna er samningagerð, almenn túlkun laga og reglna, samskipti við eftirlitsstofnanir og þátttaka í samstarfsnefndum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Meistara- og/eða embættispróf í lögfræði*
- *Reynsla af stjórnun*
- *Reynsla af störfum á fjármálamarkaði*
- *Gott vald á íslensku og ensku*
- *Færni til að tjá sig í ræðu og riti*
- *Leiðtogahæfileikar sem og hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Frumkvæði og faglegur metnaður*

## Sérfræðingur í greiningardeild

Leitað er að sérfræðingi í greiningardeild til þess að sinna greiningu og umfjöllun um þróun helstu hagvísa og stöðu á fjármálamörkuðum. Viðkomandi mun veita starfsmönnum og viðskiptavinum bankans upplýsingar um þróun efnahagsmála og fjármálamarkaða sem settar eru fram jafnt á rituðu formi sem á kynningum innanhúss sem utan.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Meistarapróf í hagfræði eða skyldum greinum*
- *Reynsla af störfum á fjármálamarkaði*
- *Greiningarhæfni og skilningur á fjármálum og verðbréfum*
- *Hæfni til að setja fram efni á skýran og skilmerkilegan hátt í ræðu og riti*
- *Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi*

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is), Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

capacent

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

SVFR

# Skrifstofustarf hjá SVFR

*Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess* ***www.svfr.is***

**Starfssvið:**

- Aðstoð við sölu- og markaðsmál
- Þjónusta við félagsmenn og viðskiptavini
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Skráning fylgiskjala og vinna við bókhald

**Við óskum eftir að þú hafir:**

- Reynslu af sölu og markaðsmálum
- Reynslu af skrifstofustörfum
- Bókhaldsfærni
- Færni í íslensku og ensku
- Lipurð og góða samskiptahæfileika

*Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 30. mai nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.*

# Bifvélavirki óskast!

Við erum að leita af duglegum og sjálfstæðum viðgerðarmanni á verkstæðið okkar.

Um er að ræða fullt starf á vélaverkstæði í Reykjavík þar sem mörg áhugaverð verkefni eru í boði.

Skemmtilegt og krefjandi starf með góðum framtíðarmöguleikum!

Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt „Bifvélavirki Rvk"

# Aðfanga og birgjastjóri (Strategic Buyer)

Aðfanga- og birgjastjóri kemur til með að vera partur af alþjóðalegu teymi innkaupaaðila sem sjá um að móta innkaupastefnu hjá Marel. Aðaláherslur liggja í að búa til örugga og heilsteypta aðfangakeðju, ásamt því að aðstoða vöruþróun og framleiðslu við val á birgjum. Starfið getur falið í sér talsverð ferðalög erlendis.

**Starfssvið:**

- Val á birgjum og þjónustuaðilum vegna úthýsingar í samvinnu við innri viðskiptavini.
- Samningar og samskipti við birgja og þjónustuaðila og eftirfylgni með samningum.
- Þarfagreining og mat á gæðum aðkeyptrar vöru og þjónustu.
- Greining á markaði og mat á framtíðar möguleikum í innkaupum.

**Hæfniskröfur:**

- Tæknimenntun er æskileg.
- Reynsla af aðfanga - og innkaupastjórnun er æskileg.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Reynsla af störfum í alþjóðlegu umhverfi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mai nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann J. Ísleifsson, Johann.Isleifsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

Capacent Ráðningar

# AÐALHAGFRÆÐINGUR

SFF

**Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög SFF eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur, lánafyrirtæki og kortafélög. Aðildarfélög SFF eru 37 talsins.**

Meginverkefni SFF eru að tryggja samkeppnishæf starfsskilyrði fyrir fjármálafyrirtæki á Íslandi og vera upplýsingaveita um íslenska fjármálageirann. SFF halda úti ýmsum sérfræðihópum fulltrúa aðildarfélaga, sem hafa það hlutverk að leggja línur hvað varðar afstöðu fjármálageirans til laga og reglna sem samtökin fá send til umsagnar, móta afstöðu til mála í vinnslu hjá ESB og alþjóðastofnunum og taka að eigin frumkvæði upp mál sem geta varðað íslensk fjármálafyrirtæki miklu. SFF taka þátt í alþjóðlegri samvinnu á fjármálamarkaði gegnum aðild sína að Evrópsku bankasamtökunum og Evrópsku tryggingasamtökunum, auk þess að eiga góða samvinnu við systursamtök sín í Evrópu.

Leitað er að hagfræðingi til að taka að sér ábyrgðarmikið starf sem aðalhagfræðingur SFF. Viðkomandi verður að hafa brennandi áhuga á efnahagsmálum og hafa frumkvæði til að kynna mikilvægar upplýsingar fyrir hagaðilum.

**Starfssvið:**

- Umsjón með upplýsingamiðlun um fjármálamarkað og tengsl hans við þjóðarbúskapinn
- Greiningarvinna og tölfræðilegar úttektir
- Skrif skýrslna og greinagerða
- Þátttaka í mótun framtíðarsýnar íslensks fjármálaumhverfis
- Erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistaragráða í hagfræði skilyrði
- Áhugi og þekking á efnahagsmálum
- Reynsla af gagnaöflun og greiningarvinnu
- Reynsla af gerð kynningarefnis
- Reynsla/þekking á fjármálamörkuðum kostur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

STAR ODDI

# Sölu og markaðsstjóri

**Hátæknifyrirtækið Stjörnu-Oddi óskar eftir að ráða sölu og markaðsstjóra.**

Um er að ræða starf hjá framsæknu fyrirtæki á sviði mælitækni, yfir 95% af vörunum eru seldar á erlendan markað. Samskipti við viðskiptavini eru í gegnum netið, síma og með þátttöku á sölusýningum.

Við sækjumst eftir manni með reynslu af sölu- og markaðsetningu á tæknivörum á erlenda/innanlands markaði, fyrirtækjamarkaði (B2B), mann sem getur komið með viðbót við annars öfluga sölu- og markaðsdeild.

Samhæfing aðgerða, áætlanagerð, eftirfylgni með áætlunum og árangri, greiningarvinna, skipuleggja og ýta úr vör markaðssprettum, hafa áhrif á framtíðar vöruþróun, o.s.frv.
Í sölu- og markaðsdeild starfa í dag 3 starfsmenn.

Góð tungumálakunnátta (enska nauðsynleg), háskólamenntun, lipurð í mannlegum samskiptum, góð tölvukunnátta.

**Við bjóðum:** Spennandi verkefni í samstarfi við samstilltan hóp starfsmanna í fyrirtæki sem á sér spennandi framtíðarmöguleika. Vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsókna og til merkinga á dýrum/fiskum, og til iðnaðar.

**Umsóknin sendist eigi síðar en 1. júní 2011** með tölvupósti „sigmar@star-oddi.com“ eða bréflega til Stjörnu-Odda, Vatnagörðum 14, 104 - Reykjavík, merkt **„Sölu og Markaðsstjóri “.**

Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson, heimasíða Stjörnu-Odda er www.star-oddi.com.

## HÁRGREIÐSLUMEISTARA EÐA SVEIN VANTAR Í VINNU

Stólaleiga kemur til greina. Upplýsingar í s. 567 1544 / 862 8443

Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hraunbæ 119

**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit**
Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

## TÓNLISTARSKÓLI.
**Skólastjóri.**

Laus er til umsóknar staða skólastjóra við tónlistarskólann í Mývatnssveit.

Tónlistarskólinn deilir húsnæði með Reykjahlíðarskóla, sem er grunnskóli sveitarfélagsins. Skólinn er vel tækjum búinn og vinnuaðstaða kennara ágæt. Æskilegt er að viðkomandi geti einnig tekið að sér organistastarf við báðar kirkjur sveitarinnar.

Skútustaðahreppur hefur yfir að ráða íbúðarhúsnæði sem leigist á góðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri,
Guðrún M. Valgeirsdóttir s: 464-4163 og 864-4141,
netf. gudrunm@myv.is.



sagafilm

## Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

**Sagafilm er stærsta sjálfstæða framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsþáttagerðar, sjónvarpsauglýsinga, kvikmyndagerðar og viðburða. Sagafilm hefur staðið í framvarðasveit íslenskra auglýsendaframleiðenda frá stofnun fyrirtækisins árið 1978.
Hjá Sagafilm starfa nú hátt í 40 manns.**

### Yfirmaður framleiðslu auglýsinga hjá Sagafilm

**Sagafilm leitar að drifandi einstakling til að leiða framleiðslu innlendra auglýsinga af fagmennsku, þekkingu og frumkvæði.**

**Helstu verkefni:**

- Að annast daglegan rekstur deildarinnar og samskipti við auglýsingastofur
- Halda utan um skipulagningu, tilboðsgerð og framleiðslu auglýsinga
- Áætlanagerð, markaðsstarf og rekstur deildarinnar í samráði við aðra stjórnendur Sagafilm
- Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Brennandi áhugi, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Reynsla úr auglýsingageiranum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Reynsla af markaðssetningu og sölu
- Góð samskipta- og skipulagshæfni

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar **Auglýsingar 2011**, fyrir **30.05.2011**

### Sagafilm leitar að öflugum onliner til starfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð þekking á Final Cut Pro og öðrum forritum sem tengjast myndvinnslu
- Yfirgripsmikil þekking á stýrikerfum og tölvubúnaði
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Þægilegt viðmót og lipurð í samskiptum
- Stundvísi
- Gott auga

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar **Onliner 2011**, fyrir **30.05.2011**

**Við höfum þekkinguna!**

PRESSA NÆTURVAKTIN Stelpurnar RÍKIÐ RÉTTUR DAGVAKTIN
BJARNFREÐARSON Marteinn Ástríður Idol FANGAVAKTIN SVARTIR ENGLAR

LANGANESBYGGÐ

## Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 1. júní nk.**

Kennara vantar í almenna kennslu, tungumál, textílmennt, íþróttir og heimilisfræði.

*Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 15 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er verslun. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.*

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í símum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson í síma 4681220 eða sveitarsstjori@langanesbyggd.is

LANGANESBYGGÐ

## Grunnskólakennarar

**LAUSAR KENNARASTÖÐUR VIÐ GRUNNSKÓLA ÞÓRSHAFNAR**

Okkur vantar fleiri metnaðarfulla, hugmyndaríka og kraftmikla kennara til að taka þátt í jákvæðu og uppbyggilegu skólastarfi á Þórshöfn.

*Í Grunnskóla Þórshafnar eru um 80 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta. Á staðnum er góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.*

Lausar eru til umsóknar stöður umsjónarkennara, listgreinakennara og tónmenntakennara.

Nánari upplýsingar veitir Arnfríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri
í símum 468 1164 og 899 3480, skolastjori@thorshafnarskoli.is

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júní.**

LAKKSKEMMAN ehf
BÍLAMÁLUN · RÉTTINGAR

Óskum eftir vönum bílamálara og bifreiðasmið.
Umsóknir og upplýsingar á staðnum;
í e-mail **arni@lakkskemman.is**
eða síma 557-4540 milli kl. 10 og 14 virka daga.

---

Akraneskaupstaður

## Laus staða leikskólastjóra

**Staða leikskólastjóra við leikskólann Teigasel á Akranesi er laus til umsóknar.**

Teigasel er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda heildtækrar skólastefnu . Hugmyndafræði leikskólans felur í sér að barnið er virkjað með því að bjóða upp á opinn efnivið.

Á heimasíðunni teigasel.is er að finna frekari upplýsingar um starfssemi Teigasels.

**Meginhluverk leikskólastjóra er að:**
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans í samstarfi við bæjarstjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur fyrir leikskólastjóra:**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum
- Hæfni til að veita faglega forystu og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum

**Staðan er laus frá 1. ágúst 2011**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag stjórnenda í leikskólum.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2011**

Vakin er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu, netfang helga.gunnarsdottir@akranes.is, eða í síma 433 1000.

Umsóknir skulu berast skrifstofu Akranesskaupstaðar, Stillholti 16-18, eða

Umsóknum ásamt gögnum skal skilað til framkvæmdastjóra Fjölskyldustofu, Stillholti 16-18, 300 Akranes, netfang akranes@akranes.is.

---

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR

## Laus staða aðstoðarskólastjóra í Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Vegna námsleyfis aðstoðarskólastjóra auglýsir Grunnskóli Snæfellsbæjar stöðuna lausa til afleysingar skólaárið 2011 – 2012.

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004 og er í dag staðsettur á þremur stöðum, í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli í Staðarsveit.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og að efla sjálfstæði nemenda, samvinnu og árangursrík vinnubrögð með áherslu á vellíðan nemenda og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum. Mikil áhersla er lögð á kennslu í átthagafræði og nærkennslu en allar starfsstöðvar skólans eru Grænfánaskólar. Skólinn miðar að því að auka verulega kennslu tengda náttúru, aðstæðum og sögu heimabyggðarinnar.

Launakjör aðstoðarskólastjóra eru í samræmi við kjarasamning KÍ (vegna SÍ) og LN.

Frekari upplýsingar um starfið, skipulag þess og umfang veitir Magnús Þór Jónsson, skólastjóri, í símum 4339900 og 8949903 eða með tölvupósti í maggi@gsnb.is

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr. 11. gr: „Óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýs¬inga úr sakaskrá.“

**Nú er að grípa tækifærið og ganga til liðs við metnaðarfullan hóp sem leggur áherslu á að gera gott skólastarf í Snæfellsbæ enn betra. Öllum umsóknum verður svarað.**

**Hafðu samband, þú tapar engu en gætir grætt mikið!**

---

# Framúrskarandi kennarar

óskast vegna mikillar aðsóknar í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

### Skipstjórnarskólinn

**Ein staða í faggreinum skipstjórnar.**
Skipstjórnarmenntun og reynsla nauðsynleg ásamt kennsluréttindum.

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskólans, í síma 514 9551 og í tölvupósti, vmo@tskoli.is

### Véltækniskólinn

**Tvær – þrjár stöður í faggreinum vélstjórnar.**
Óskað er eftir véltæknifræðingi/vélaverkfræðingi með starfsreynslu sem vélfræðingur og með kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, egu@tskoli.is

### Upplýsingatækniskólinn

**Tvær – þrjár stöður fagkennara á tölvubraut.**
Þekking og reynsla í forritun, vélbúnaði, stýri- og netkerfum, vefforritun og gagnasafnsfræði. Kennsluréttindi og kennslureynsla æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og í tölvupósti, bgg@tskoli.is

### Tæknimenntaskólinn

**Ein staða í efnafræði.**
Öll almenn efnafræðikennsla

Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til 1. júní. Umsóknir sendist á bg@tskoli.is.**
(ath. þessi auglýsing gildir í 6 mánuði)

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

**www.tskoli.is**

---

LÍFLAND

# Innkaupafulltrúi óskast

Lífland er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig annars vegar í þjónustu tengdri landbúnaði og hins vegar þjónustu tengdri hestaíþróttum, dýrahaldi og útivist. Áhersla er lögð á að uppfylla þarfir og óskir viðskiptavina svo að af beri í samkeppni. **www.lifland.is**

**Starfssvið:**
- Umsjón með innkaupum frá stærri birgjum
- Umsjón með færslum milli lagera
- Umsjón með vörutalningum
- Bókun á hráefnanotkun og framleiðslu
- Tollun vörusendinga
- Skýrslugerð

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af sviði innkaupa og birgðahalds
- Góð almenn tölvuþekking
- Glöggskyggni á tölur, nákvæmni, samviskusemi
- Góðir samskiptahæfileikar

**Upplýsingar veitir:**
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Bifvélavirki óskast!

Við erum að leita af duglegum og sjálfstæðum viðgerðarmanni á verkstæðið okkar.

Um er að ræða fullt starf á vélaverkstæði í Reykjavík þar sem mörg áhugaverð verkefni eru í boði.

Skemmtilegt og krefjandi starf með góðum framtíðarmöguleikum!

Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt „Bifvélavirki Rvk"

# Holtsbúð hjúkrunarheimili, Garðabæ

óskar eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Einnig vantar starfsfólk við aðhlynningu og í eldhúsi.

Um er að ræða framtíðar- og/eða sumarafleysingarstörf í 20 til 100% stöður.

Holtsbúð er staðsett í rólegu íbúðarhverfi þar sem 39 aldraðir heimilsmenn búa. Hér ríkir skemmtilegur og samstarfsgóður starfsmannahópur.

Upplýsingar gefur Helga Elísdóttir í síma 535-2220, 863-2225 eða helga(a)holtsbud.is

# Samkór Kópavogs

## Óskar eftir kórstjóra

Umsóknir sendist á netfangið samkor@samkor.is fyrir 1. júní 2011.
Nánari upplýsingar hjá formanni kórsins
Birnu Guðmundsdóttur í síma 893-1232
Upplýsingar um kórinn eru á heimasíðu samkor.is

Samkór Kópavogs

# Grunn- og Tónskólinn á Hólmavík auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

## Aðstoðarskólastjóri

Umsækjandi um stöðu aðstoðarskólastjóra þarf að hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi. Þekking, reynsla eða menntun á sviði stjórnunar er æskileg. Áhugi á listgreinum er mikilvægur en áhugi á þróunarstarfi, teymisvinnu og kennsluháttum sem tengjast hugmyndafræði um einstaklingsmiðað nám er skilyrði.

Umsókn skal fylgja greinargerð þar sem fram kemur reynsla og menntun umsækjanda, hvaða sýn hann hefur á skólastarf, nýbreytni og hlutverk aðstoðarskólastjóra í skólastarfi.

Laun fara eftir kjarasamningi LN og SÍ. Ráðning og upphaf starfs miðast við 1. ágúst 2011.

- **100% staða tungumálakennara** á unglingastigi, kennslugreinar danska og enska.
- **100% staða tónlistarkennara.** Kennslugreinar: píanó á grunnstigi, gítar, bassagítar og slagverk á grunn eða miðstigi auk tónfræðigreina.
- **3 stuðningsfulltrúar** til að sinna nemendum með sérþarfir og lengdri viðveru nemenda, stöðuhlutfall er frá 75 - 100%.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ vegna kennarastaða en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna starfa stuðningsfulltrúa.
Ráðning til auglýstra starfa miðast við næsta haust og þurfa umsækjendur að hefja störf eigi síðar en 15. ágúst 2011.

## Umsóknarfrestur um allar stöðurnar er til 1. júní 2011.

Umsóknum ásamt ferilskrá og meðmælum skal skilað til:
Grunnskólans á Hómavík Skólabraut 20, 510 Hólmavík

**Frekari upplýsingar veita:**
Bjarni Ómar Haraldsson, skólastjóri, sími 892-4666 og 451-3129.
Hildur Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri, sími 451-3129 og 661-2010.Póstfang: skolastjorar@holmavik.is og vefslóðin skólans er www.strandabyggd.is/grunnskoli

*Skólinn er samrekinn grunn- og tónlistarskóli sem leggur sérstaka áherslu á tónlist og leiklist í skólastarfi. Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, þemanám, einstaklingsmiðað nám og teymisvinnu. Áhersla er lögð á umhverfismál og flaggar skólinn Grænfánanum. Á næsta skólaári verða nemendur á bilinu 75 - 80 og stunda tæplega 70 þeirra tónlistarnám samhliða grunnskólanámi. Í skólastarfinu er lögð mikil áhersla á fagmennsku og virðingu fyrir skólastarfi þar sem nemandinn, velferð hans, árangur og líðan í námi og leik er ávallt í fyrsta sæti. Hólmavík er í 234 km fjarlægð frá Reykjavík og tilheyrir sveitarfélaginu Strandabyggð. Íbúafjöldi er rúmlega 500 manns. Á Hólmavík er góð þjónusta og öflugur leikskóli. Menningarstarf er afar fjölbreytt og góð útivistar- og íþróttaaðstaða er á staðnum.*

- Te & Kaffi óskar eftir liðsmanni í eldhús og útkeyrslu
- Starfslýsing
  - o Almenn störf í eldhúsi fyrirtækisins og útkeyrsla á kaffihús Te&Kaffi
  - o Dagvinna og önnur hver helgi
- Hæfniskröfur
  - o Jákvætt hugarfar
  - o Rösk og kraftmikil manneskja
  - o Þarf að geta unnið sjálfstætt
  - o Eldri en 20 ára

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

TE & KAFFI

TENGI

# TENGI LEITAR AÐ SÖLUMANNI Í LAGNADEILD FYRIRTÆKISINS Í KÓPAVOGI.

Um er að ræða sölu- og ráðgjafastarf hjá leiðandi fyrirtæki á sviði pípulagna og hreinlætistækja. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og mikinn áhuga á pípulögnum, sveinspróf í pípulögnum er kostur en ekki skilyrði. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir góðri almennri tölvukunnáttu og hafa ríka þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Tengi er reyklaust fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til 27. maí 2011.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn, ferilskrá og afrit af sveinsbréfi (ef það á við) á tölvupóstfangið atvinna@tengi.is

UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ GEFUR ÁRNI BIRGISSON STARFSMANNASTJÓRI TENGIS.

TENGI EHF. • SMIÐJUVEGI 76 • 200 KÓPAVOGI • SÍMI: 414-1000

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfmanna.

Gildi Landspítala eru: Umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun.

Auglýst er laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra fjármálasviðs á Landspítala.

Leitað er eftir farsælum, kraftmiklum og metnaðarfullum stjórnanda.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs situr í framkvæmdastjórn og heyrir undir forstjóra.

Fjármálasvið annast þjónustu við öll svið spítalans.

Meginverkefni sviðsins eru reikningshald, fjárstýring, launavinnsla, innkaup og upplýsingagjöf.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vera leiðtogi við framkvæmd stefnu spítalans
- » Helga sig sýn og gildum spítalans til framtíðar
- » Hafa hæfni og vilja til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
- » Vinna við langtímaáætlanir, fjárhagsáætlanir, uppgjör og eftirfylgni
- » Samhæfa faglega þætti og stuðla að öryggi, gæðum og hagkvæmni
- » Innleiða nýjungar og breytingar og stuðla að framþróun starfseminnar
- » Samstarf og tengsl m.a. við ráðuneyti, önnur sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir

## Hæfnikröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Leiðtogahæfileikar
- » Frumkvæði og áræðni
- » Samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- » Farsæl reynsla af rekstri, fjármálum og stjórnun

## Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2011.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júlí 2011, til 5 ára.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af stjórnunarstörfum.
- » Upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, netfang erna@landspitali.is, sími 543 1343.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, mannauðssviði Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.
- » Frekari upplýsingar um ábyrgðarsvið og almennar kröfur til stjórnenda á Landspítala eru á vef Landspítala, www.landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Lyfjatæknir óskast

## HELSTU VERKEFNI

- Vinna við breytingar á lyfjaskömmtun
- Símaþjónusta vegna lyfjaskömmtunar
- Vinna í reseptur

Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir og góðir í mannlegum samskiptum, áreiðanlegir, hafa faglegan metnað og góða tölvukunnáttu.

Starfið er laust frá og með 1. september eða eftir nánara samkomulagi.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á netfangið atvinna@lyfjaver.is í síðasta lagi 25. maí.

Öllum erindum vegna starfsins verður svarað og þau meðhöndluð sem trúnaðarmál.

LYFJAVER

SUÐURLANDSBRAUT 22 + SÍMI 533 6100




**VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM Í SAMHENTAN HÓP RÁÐGJAFA.**

- **Ráðgjöfum með þekkingu á Microsoft gagnagrunnum og BI (Analysis Services, Integration Services, Reporting Services, T-SQL).**
- **Ráðgjöfum með þekkingu á Oracle gagnagrunnum og BI (OBIEE, Hyperion, o.s.frv.).**
- **Ráðgjöfum með þekkingu og reynslu af uppbyggingu á vöruhúsum gagna.**

Upplýsingastýring ehf. er hluti af Platon (www.platon.net), sem er eitt stærsta óháða ráðgjafafyrirtækið á sviði upplýsingastýringar á Norðurlöndunum með yfir 230 sérfræðinga á 9 skrifstofum. Viðskiptavinir Platon eru m.a. mörg af helstu fyrirtækjum í Skandinavíu og víðar.

Hjá Platon er lögð áhersla á miðlun þekkingar og reynslu, ásamt samvinnu milli landa. Ráðgjöfum okkar gefst því einstakt tækifæri á að taka þátt í spennandi verkefnum hérlendis og erlendis

Platon er samstarfsaðili allra helstu framleiðenda á viðskiptagreindarverkfærum. Gull samstarfsaðili Microsoft og var valið „BI Partner of the year" í Danmörku 2009 og í Noregi 2010. Sjá nánar www.platon.is

**STARFSSVIÐ:**

- Ráðgjöf á sviði viðskiptagreindar.
- Þarfagreiningu, hönnun og innleiðing viðskiptagreindarlausna.
- Verkefnastjórnun .
- Þekkingarmiðlun.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun.
- Þekking og reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á viðskiptagreindarlausnum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og drifkraftur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Áhugasamir hafir samband við Sigurð Jónsson , í netfang: sjo@platon.is eða síma: 895 8605**

www.platon.is

PLATON




**Agile (Scrum og Kanban) aðferðafræðin er eitt af því sem gerir Íslandsbanka að faglegum vinnustað.**

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu. Þess vegna leggjum við áherslu á gott starfsumhverfi og öfluga liðsheild. Gildin okkar eru jákvæðni, fagmennska og framsýni.

Við erum jafnréttisinnað og fjölskylduvænt fyrirtæki, félagslífið er skemmtilegt og fjölbreytt, mötuneytið frábært og kaffið að sjálfsögðu líka.

# Sérfræðingar í Hugbúnaðardeild

Hugbúnaðardeild Íslandsbanka er skipuð metnaðarfullu og lausnamiðuðu starfsfólki sem leitast ávallt við að vera í fararbroddi. Sterk liðsheild tekst á við nýjar áskoranir sameiginlega sem skilar bestu lausnum hverju sinni. Við vinnum þétt með hagsmunaaðilum innan sem utan bankans. Okkur finnst skemmtilegt í vinnunni.

**Í boði eru störf í prófunum, netbankalausnum og lánalausnum.**

Ef þú vilt frekari upplýsingar um störfin, hafðu þá samband við Kjartan Hrafn Kjartansson, deildarstjóra Viðskiptalausna, sími 844 4379, kjartan.kjartansson@islandsbanki.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.**

**Helstu verkefni:**

- Prófanir á hugbúnaði
- Greining, þróun og innleiðing
- Ráðgjöf við innleiðingar
- Ráðgjöf við notkun á kerfum
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Þátttaka í verkefnum bankans

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálakerfum er kostur
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og kraftur

Íslandsbanki

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Tónmenntakennari í Flataskóla**

**Liðveisla - hlutastarf**

**Laus störf á Bæjarbóli**

**Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða**

**Aðstoðarskólastjóri Garðaskóla**

**Leikskólastjóri**

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

## KRAFTMIKILL SÖLUMAÐUR

**Leitum að kraftmiklum sölumanni** í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á raftækjum og vera 22 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

**Sjónvarpsmiðstöðin** er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

**Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á www.sm.is**

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 : 810 HVERAGERÐI

## Læknir óskast við Heilsustofnun NLFÍ

Laus er til umsóknar 100% staða læknis við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

Staðan er laus frá 1. september.

Nánari upplýsingar fást hjá Erlu G. Sveinsdóttur yfirlækni, erla@hnlfi.is eða Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra, olafur@hnlfi.is sími 483 0300.

HNLFÍ er endurhæfingarstofnun sem leggur áherslu á að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum. HNLFÍ forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni.

**Umsóknarfrestur er til 5. júní.** Umsóknir með ferilskrá sendist til: HNLFÍ - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@hnlfi.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

## NOREGUR KALLAR

**á múrara, smiði og málara**

AM Direct As bráðvantar eftirfarandi fagmenn til starfa í Noregi:

- Múrara
- Trésmiði
- Kerfismótasmiði
- Verkstjóra fyrir kerfismótasmiði
- Málara

Nú þegar vantar múrara í mánaðarverkefni í Molde með möguleika á framlengingu.

Þá vantar 2 smiði til Sotre rétt við Bergen í framtíðarvinnu.

Lágmarksráðningartími 1 ár.

Góð kunnátta í Norðurlandamáli nauðsynleg í það verkefni.

Einnig vantar húsasmiði á fleiri staði í Noregi.

Umsóknir með ferilskrá, afriti af sveinsbréfi eða meistarabréfi og ábendingu um 2 meðmælendur sendist á netfangið arvid@spesia.is

Nánari upplýsingar veittar virka daga í síma 897 5686.

AM Direct A.s

REYKJALUNDUR endurhæfing

### Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausar stöður til umsóknar:

### Hjúkrunarfræðings

Laus er til umsóknar 80% staða hjúkrunarfræðings, tímabundið í 6 – 8 mánuði. Viðkomandi þarf að hafa starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi.

Starfið felst í umönnun sjúklinga af öllum sviðum stofnunarinnar og er æskilegt að viðkomandi hafi því víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu og reynslu. Um vaktavinnu er að ræða.

Laun samkvæmt kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra.

### Sjúkraliða

Laus er til umsóknar 80% staða sjúkraliða, fastráðning í boði. Viðkomandi þarf að hafa starfsleyfi sem sjúkraliði á Íslandi.

Starfið felst í umönnun sjúklinga af öllum sviðum stofnunarinnar og er æskilegt að viðkomandi hafi því víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu og reynslu. Um vaktavinnu er að ræða.

Laun samkvæmt kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra.

### Sjúkraliða - sumarafleysing

Laus er til umsóknar 100% staða sjúkraliða, sumarafleysing. Viðkomandi þarf að hafa starfsleyfi sem sjúkraliði á Íslandi.

Starfið felst í umönnun sjúklinga af öllum sviðum stofnunarinnar og er æskilegt að viðkomandi hafi því víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu og reynslu. Um vaktavinnu er að ræða.

Laun samkvæmt kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra.

Umsóknir um störfin ásamt ferilskrá berist til Láru M. Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar (laras@reykjalundur.is)

Upplýsingar um störfin veita Lára M. Sigurarðadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar (laras@reykjalundur.is) og Sigurlaug Arngrímsdóttir, hjúkrunarstjóri (sigurlauga@reykjalundur.is)

**Umsóknarfrestur er til 3. júní og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

## Austurbæjar Apótek

Austurbæjar Apótek í Ögurhvarfi 3, Kópavogi óskar eftir lyfjatækni eða vönum starfskrafti í 60-100% starf.

**Hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að vera jákvæður með hlýlega framkomu ,sjálfstæður,sveigjanlegur, með þjónustulund og reyklaus.

Ferilskrá skal senda á bergljot.th@simnet.is fyrir 26.maí.

## SAMSKIP - VIÐHALDSDEILD

### Samskip óska eftir að ráða í tvö störf í viðhaldsdeild félagsins í Reykjavík

**Vélaverkstæði:**
Óskað er eftir bifvélavirkja, vélvirkja eða manni með reynslu í tækjaviðgerðum. Reynsla í viðgerðum á lyfturum eða vinnuvélum er mikill kostur.

**Gámaverkstæði:**
Óskað er eftir vélvirkja, suðumanni eða manni með reynslu í stálsmíði. Reynsla í smíði og suðu á ryðfríu stáli og áli er mikill kostur.

Í báðum tilfellum er um framtíðarstörf að ræða og gerðar eru kröfur um mikla þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt færni í mannlegum samskiptum.

Krafa er gerð um hreint sakavottorð. Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Elmar P. Lárusson (elmar.palmi.larusson@samskip.com) s. 858 8601

Vinsamlega sækið um starf á vef Samskipa: **www.samskip.is**

**Umsóknir berist í síðasta lagi 27. maí 2011.**

SAMSKIP

LANGANESBYGGÐ BARNABÓL

### Langanesbyggð auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Barnaból á Þórshöfn

*Skólinn er tveggja deilda og er fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Veturinn 2010-11 eru 37 nemendur í leikskólanum.*
*Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla síðan 1. júlí 2008 og Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gaf út árið 1999.*
*Verið er að innleiða Uppbyggingastefnuna í starfið og þurfum við einstakling með mikinn áhuga og metnað til að takast á við fjölbreytt og gefandi starf.*

**Aðrar hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Rekstrarþekking
- Góðir skipulagshæfileikar

Upplýsingar gefur Steinunn Guðnadóttir, leikskólastjóri í síma 468 – 1303/ 845 – 1191 barnabol@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri í síma 468 – 1220/821 – 1646 sveitarstjori@langanesbyggd.is

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2011 Umsóknum skal skilað á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 eða rafrænt á heimasíðu skólans www.leikskolinn.is/thorshofn undir flipanum **„Um leikskólann"**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2011**

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands**
auglýsir lausa stöðu framkvæmdastjóra

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur fyrst og fremst sígilda hljómsveitartónlist, yfirleitt 7 – 9 efnisskrár á ári, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Hljómsveitin hefur aðsetur í Hofi á Akureyri en heldur einnig tónleika utan Akureyrar. Starf framkvæmdastjóra felst í að skipuleggja tónleika í samráði við verkefnavalsnefnd og aðalhljómsveitarstjóra, afla fjárstuðnings og verkefna, gera starfs- og fjárhagsáætlanir og reka skrifstofu. Óskað er eftir framkvæmdastjóra sem:

- hefur menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði menningarstjórnunar eða viðburðastjórnunar,
- hefur þekkingu og áhuga á flutningi sígildrar hljómsveitartónlistar,
- hefur góða færni í ensku,
- hefur þekkingu og reynslu af rekstri sambærilegra verkefna,
- á auðvelt með að vinna sjálfstætt og í hópi,
- getur hafið störf 1. ágúst.

Umsóknir skal senda til Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Hofi, Strandgötu 12, 600 Akureyri. Umsóknarfrestur er til 10. júní 2011.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Magna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, sími 895 1788/450 1020, netfang sinfonia@akureyri.is, og Gunnar Frímannsson formaður hljómsveitarráðs, sími 694 4123/460 1154, netfang gunnarf@akureyri.is.*

Stykkishólmsbær

## Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn í Stykkishólmi auglýsir eftir leikskólakennurum til starfa. Um er að ræða tvær 100% stöður.

Vakin er athygli á því að ef ekki fást leikskólakennarar til starfa, munu aðrar umsóknir koma til greina.

Nánari upplýsingar gefur Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri í síma 4338128 eða á netfanginu leikskoli@stykkisholmur.is

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Stykkishólmsbæjar og á vef bæjarins www.stykkisholmur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2011.**

LANGANESBYGGÐ

## Hjúkrunarforstjóri óskast

Vilt þú vera þátttakandi í spennandi uppbyggingu á þjónustu á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Naust á Þórshöfn?

Sveitarfélagið Langanesbyggð óskar eftir að ráða hjúkrunarforstjóra. Um er að ræða framtíðarstarf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sveitarfélagið Langanesbyggð rekur Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust sem er með 11 hjúkrunarrými, 3 dvalarrými og 2 dagvistarrými. Unnið er að endurskipulagningu starfseminnar.

**Helstu verkefni eru:**
- Fagleg, stjórnunarleg og rekstrarleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu.
- Ábyrgð á gæðastarfi.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:
- Hjúkrunarfræðingur með íslensk hjúkrunarréttindi.
- Starfið krefst hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði, jákvæðni og lipurðar í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til stjórnunar, nýsköpunar og innleiðslu nýrra hugmynda og vinnubragða.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfsemina, kaup og kjör veitir Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, í síma: 468-1220 / 821-1646 og á netfangið: sveitarstjori@langanesbyggd.is.

Umsóknir berist skriflega til: Sveitarfélagið Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2011.**
**Athugið að öllum umsóknum verður svarað.**

## Starfsfólk óskast

**Ný matvöruverslun í Reykjavík vantar starfsfólk í eftirfarandi störf**

**Vaktstjóra.** Unnið er á vöktum. Öll almenn afgreiðsla og verslunarstörf, vaktstjóri er staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans.
**Almenn afgreiðsla:** Unnið er á vöktum virka daga og um helgar.
**Afgreiðsla og áfyllingar:** virka daga.
**Vörumótaka:** Eftirlit með vörumóttöku og almennt lagerhald. vinnutími 08.00 - 12.00.

**Hæfniskröfur:**
- 20 ára og eldri
- Reyklaus.
- Reynsla af verslunarstörfum er æskileg en ekki skilyrði
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og heiðarleiki
- Vinna vel undir álagi
- Eingöngu er um framtíðarstörf að ræða

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á netfangið atvinna.matvara@gmail.com

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tækniþróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla á sviði mannvirkja er stór og vaxandi þáttur í starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.**

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þágu atvinnulífsins.**

## Forstöðumaður mannvirkjadeildar

**Ert þú framúrskarandi stjórnandi og með góða þekkingu á sviði mannvirkja?**

Ef svo er þá viljum við á Nýsköpunarmiðstöð Íslands fá þig í okkar hóp sem forstöðumann mannvirkjadeildar. Viðfangsefni deildarinnar eru meðal annars á sviði byggingatækni, jarðtækni, vegagerðar og jarðfræði.

**Starfssvið**
Að stjórna og vera leiðtogi einnar af sex deildum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, mannvirkjadeildar. Fyrir utan að veita umræddri deild forstöðu, þá byggir starfið á öflun erlendra og innlendra verkefna í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á sviði mannvirkjagerðar. Einnig felst í starfinu þátttaka í framkvæmdaráði þar sem viðkomandi mótar, í samstarfi við aðra stjórnendur, áherslur og framtíðarsýn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

**Hæfniskröfur**
Háskólamenntun og grunnþekking á sviði mannvirkjagerðar svo sem bygginga- og jarðtækni eða sambærilegra greina sem nýtist í starfseminni. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu á framangreindum sviðum og búi jafnframt yfir:

- þekkingu og reynslu í stjórnun og rekstri
- frumkvæði, dugnaði og leiðtogahæfni
- sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- góðri tungumálakunnáttu
- tengslum við íslenskt atvinnulíf

Upplýsingar um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að finna á heimsíðunni ***www.nmi.is***.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknarfrestur er til ***10. júní*** nk.

Umsóknir skal senda til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands merktar: ***Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Starfsumsókn - forstöðumaður, Keldnaholti, 112 Reykjavík.***

Nánari upplýsingar veitir ***Karl Friðriksson***, framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðssviðs Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.


512 5050
Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...


**Ljósavogur leitar að rafvirkja**
Reynslumiklir nemar í sumarstarf koma einnig til greina

**Ragnar 895-9010**
**raggi@ljosavogur.is**

LJÓSAVOGUR
LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

## Ert þú,

**duglegur, stundvís, reglusamur?**

## Hefur þú,

**áhuga á að starfa í litlu framsæknu fyrirtæki?**

Steinsmiðjan Rein leitar af starfsfólki til framtíðarstarfa við framleiðslu sína, starfið felst í vinnslu á náttúrustein í borðplötur, legsteina ofl.

Reynsla æskileg

Starfið er jafnt í smiðju okkar að Viðarhöfða 1 og við verkefni víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Launakjör eru samkvæmt samkomulagi.

Upplýsingar veittar í síma eða á skrifstofu okkar.

**Steinsmiðjan Rein • Viðarhöfða 1 • 110 Reykjavík • 566-7878**

bilauppbod.is

## Krókur – Bílauppboð

**Sala og skoðanir**

Bílauppboð ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna skoðunum og bifreiðasölu.

Óskað er eftir bifreiðasmið eða bifvélavirkja sem hefur reynslu af Cabas tjónamatskerfi og þekkingu og áhuga á sölu bifreiða.

Um er að ræða framtíðarstarf og gerð er krafa um ríka þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Öllum umsóknum verður svarað og verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir berist í síðasta lagi 6. júní 2011 á netfangið johannb@krokur.net

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Baldursson (johannb@krokur.net) sími 522-4610.

Bílauppboð ehf. er leiðandi fyrirtæki í sölu ökutækja í gegnum einn mest sótta uppboðsvef landsins, www.bilauppbod.is. Meðal viðskiptavina félagsins eru flest stærstu trygginga- og fjármögnunarfyrirtæki landsins.

## Starfsfólk óskast

Austur Steikhús óskar eftir að ráða vana þjóna og barþjóna sem hafa:

Góða þjónustulund og eru samviskusamir
Íslensku mælandi og hafi gott vald á enskri tungu
Hafi gaman að vinnunni

Umsóknir og nánari upplýsingar sendist á austur1907@gmail.com

Austurstræti 7
101 Reykjavík.
Sími: 568 1907
www.austursteikhus.is

AUSTUR STEIKHÚS
AUSTURSTRÆTI 7 - 101 REYKJAVÍK

Austur Steikhús er hágæða veitingarstaður sem opnaði haustið 2009 og hefur síðan þá verði einn fremsti veitinga og skemmtistaður borgarinnar.

# ERTU FUGLKOMINN FORRITARI?

Upplýsingatæknisvið Iceland Express leitar að frumlegum og úrræðagóðum starfsmanni í fjölbreytt starf við þróun vefsvæða félagsins. Starfið felur í sér ýmis verkefni tengdum vefmálum félagsins m.a. viðmótshönnun, greining og forritun á söluvef. Unnið er í náinni samvinnu við önnur svið og er áhugi á markaðsmálum kostur. Starfsmaður þarf að hafa góð tök á HTML/CSS, Microsoft .NET umhverfinu, sql-fyrirspurnum og fússball.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólagráðu í tölvunarfræði eða hafi sambærilega menntun.

**Umsóknir þurfa að berast fyrir 29. maí nk. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.is/jobs**

Iceland Express



# VILJUM RÁÐA VERKEFNASTJÓRA Á SVIÐI NETVIÐSKIPTA

Iceland Express leitar að kraftmiklum einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu á rafrænum viðskiptum í starf verkefnastjóra netviðskipta - starfskrafti sem er tilbúinn að vera hluti af öflugu teymi í líflegu og krefjandi umhverfi. Starf verkefnastjóra felur í sér að koma á fót og viðhalda samskiptum við erlenda söluaðila, ásamt því að auka dreifingu á sölu félagsins og þróa nýjar söluleiðir í netviðskiptum.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á sölu- og markaðsmálum og ekki spillir ef viðkomandi hefur góð tök á tölvu- og tæknimálum. Háskólamenntun á sviði viðskipta-, markaðs- eða flugrekstrarfræða er mjög æskileg sem og reynsla innan ferðageirans.

**Umsóknir sendist á job@icelandexpress.is merkt „Netviðskipti", fyrir 29. maí nk. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.is/jobs.**

Iceland Express



## Bæjarhreppur

### Grunnskólinn á Borðeyri

**Laus til umsóknar staða skólastjóra við Grunnskólann á Borðeyri fyrir næsta skólaár.**

Á Borðeyri er samrekinn leik- og grunnskóli með 20 nemendur.
Húsnæði er á staðnum.

**Einnig er laus kennarastaða í almennri kennslu allt að 50% starf.**

Umsóknarfrestur er til 6.júní 2011 og skulu umsóknir sendar til :
Bæjarhreppur
Skólahúsinu Borðeyri
500 Staður

Allar upplýsingar um störfin veitir oddviti Bæjarhrepps, Sigurður Kjartansson í síma 848-1754 eða í netfang hladhama@mi.is / bhreppur@simnet.is .

Oddviti

MAST Matvælastofnun

## Sérfræðingur á matvælasviði

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á matvælaöryggis- og neytendamálasvið frá og með 1. september 2011. Um er að ræða fullt starf á aðalskrifstofu MAST á Selfossi.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með málaflokkunum merkingar matvæla, aukefni og bragðefni.
- Samskipti við neytendur, matvælafyrirtæki og eftirlitsaðila
- Vinna við matvælalöggjöf
- Samskipti við erlendar stofnanir
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í matvælafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af eftirliti og opinberri stjórnsýslu
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Sérfræðingur" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2011. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mast.is.




# ATVINNA

- Gerðaskóli leitar eftir áhugasömum kennara til að taka að sér kennslu í heimilisfræði.
- Einnig er laust til umsóknar starf náms- og starfsráðgjafa (25% staða).

**Umsóknarfrestur er til 2. júní.**

**Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma á skrifstofu skólans 422 7020.**

Gerðaskóli - Garðbraut 90 - 250 Garði - www.gerdaskoli.is - petur@gerdaskoli.is



## Frá Kvennaskólanum í Reykjavík

Laus eru til umsóknar eftirtalin störf framhaldsskólakennara við skólann næsta skólaár, 2011-12:

**Enska - 75-100% starf**
**Íslenska - 75-100% starf**

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum að Fríkirkjuvegi 9. Umsóknarfrestur er til 7. júní n.k. Ekki þarf sérstakt umsóknareyðublað. Ráðningartíminn er frá 1. ágúst n.k. Launakjör eru skv. Kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi skólans.

Skólameistari eða aðstoðarskólameistari veita nánari upplýsingar í síma 580-7600.

Skólameistari

# www.vinna.is

# Prentsmiður

**Okkur vantar prentsmið/grafískan hönnuð til starfa sem fyrst.**

Við leitum eftir hugmyndaríkum starfskrafti sem er lipur í mannlegum samskiptum, er ábyrgðarfullur og tilbúinn að taka þátt í ört vaxandi verkefnum. Stundvísi og nákvæm vinnubrögð skilyrði.

Starfið er fjölbreytilegt og felur í sér m.a. verkmóttöku, hönnun á prentverki, umbroti á blöðum og frágangi/útskot fyrir prentun.

Viðkomandi þarf að hafa góða fagkunnáttu á Illustrator, Photoshop og InDesign. Reynsla á útskotskerfi kostur.

Vinnustaðurinn er reyklaus.

Nánari upplýsingar veitir Georg í síma 5401800. Umsóknir berist til Georgs Guðjónssonar á georg@prent.is eða á Skemmuveg 4, 200 Kóp. fyrir 10. júní.

Litla prent

Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi
Sími 540 1800 · Fax 540 180 · Netfang: litla@prent.is

## Námskeið

NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI BYGGINGASTJÓRA - 28. MAÍ

# Ábyrgð byggingastjóra

**Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.**

Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingayfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingasit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokhelds-, stöðu- og lokaúttekta.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í nýjum mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Kennarar verða Magnús Sædal byggingarfulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Kennt verður í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2 í Reykjavík, laugardaginn 28. maí frá kl. 9.00 – 16.00.**

**Skráning á www.idan.is og í síma 590 6400**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 · 105 Reykjavík
Sími 590 6400 · www.idan.is

## Útboð

# ÚTBOÐ

**ÚTBOÐ Á ÞAKVIÐGERÐUM**

Óskað er eftir tilboðum í þakviðgerðir og fleira í vesturbæ Reykjavíkur.

Þeir sem óska eftir útboðsgögnum vinsamlegast sendið póst á ***utbod@mordur.com*** fyrir 23. maí.

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**
***Einangrunargler 2011.***

Útboðsgögn verða seld á 1.000 kr. frá kl. 10:00 þann 23. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1. hæð.
Opnun tilboða: 7. júní 2011 kl 14:00, í Borgartúni 12 – 14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.
12612
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Framhaldsskólakennarar | Kvennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201105/073 |
| Kennarar | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201105/040 |
| Skrifstofustjóri | LSH, endurhæfingarlækningar | Reykjavík | 201105/072 |
| Lektor í líffærameinafræði | HÍ, læknad. heilbrigðisvísindasv. | Reykjavík | 201105/071 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201105/070 |
| Kennsla í eðlisfræði | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201105/069 |
| Kennarar | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201105/068 |
| Kennarar | Framhaldssk. A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201105/067 |
| Starf við vef- og upplýsingamál | Iðnaðarráðuneytið | Reykjavík | 201105/066 |
| Kennsla í eðlisfræði | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201105/065 |
| Skrifstofustjóri | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201105/064 |
| Verkefnisstjóri | Mennta- og menningarmálar.n. | Reykjavík | 201105/063 |
| Framkvæmdastjóri fjármálasviðs | LSH, skrifst. fr.kv.stj. fjármálasv. | Reykjavík | 201105/062 |
| Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar | LSH, líknard. aldraða Landakoti | Reykjavík | 201105/061 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, öldrunarlækningadeild F | Reykjavík | 201105/060 |
| Deildarlæknir í öldrunarlækningum | LSH, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201105/059 |
| Sérfræðilæknir í lyflækningum | LSH, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201105/058 |
| Sérfræðilæknir í geðlækningum | LSH, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201105/057 |
| Heilbrigðisritari | LSH, sjúkraþjálfun á Grensási | Reykjavík | 201105/056 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201105/055 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201105/054 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201104/049 |
| Skólameistari | Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra | Sauðárkrókur | 201105/053 |
| Sérfræðilæknir, kvennadeild LSH | LSH, sérfræðilæknar fæðingat. | Reykjavík | 201105/044 |
| Sérfræðingur í greiðslukerfum | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201105/051 |
| Sérfræðingur | Veiðimálastofnun | Sauðárkrókur | 201105/050 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Starfsmaður í eigna- og ábyrgðartjónum

## Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í eigna- og ábyrgðartjónadeild félagsins

**Starfssvið:**

- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- Tjónaskráningar og mat á bótaskyldu
- Móttaka og úrvinnsla lögregluskýrslna
- Greiðsla reikninga og áætlanagerð

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni og reynsla af mannlegum samskiptum
- Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu.
- Geta til að vinna í hópum og undir álagi

*Reynsla af störfum innan vátryggingafélaga eða löggæslu er æskileg.*

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **29. maí 2011**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður eigna- og ábyrgðartjóna, Ólafur Haukur Ólafsson (olafur@tm.is).

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. **Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt** er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavini vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í yfir 50 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

**TM** // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

## Útboð

MOSFELLSBÆR

### ÚTBOÐ – HJÚKRUNARHEIMIL MOSFELLSBÆ.

**Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og lagnir nýs Hjúkrunarheimilis við Langatanga 2A í Mosfellsbæ.**

Helstu verkþættir verksins eru gröftur og uppúrtekt 5.900 m³ og fylling 4.300 m³. Verkinu skal lokið 7. ágúst 2011. Útboðsgögn verða afhent frá og með miðvikudeginum 18. maí 2011 hjá Mosfellsbæ, einnig er hægt að fá útboðgögn afhent rafrænt af verkefna vef með því að senda beiðni um aðgang á pall@thg.is.

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað þann 20. maí 2011 kl. 13. Tilboð verða opnuð þann 3. júní 2011 kl. 14 á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, 2. hæð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## ÚTBOÐ ÚTBOÐ

**Útboð nr. 15051 - Gervilimir**
**Ríkiskaup fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Landspítalans (LSH) óska eftir tilboðum í gervilimi, íhluti og tilheyrandi þjónustu.**

Um er að ræða stoðtæki þ.e.a.s. gervihandleggi og hendur, gervifótleggi og fætur ásamt liðum, hulsum og tilheyrandi íhlutum, viðhalds- og viðgerðarþjónustu.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, (www.rikiskaup.is), eigi síðar en miðvikudaginn 25.maí n.k. Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð 1. september 2011, kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## Útboð

Vesturberg 138-142
klæðning austurhliðar

Verkfræðistofan Efla hf, f.h. Húsfélagsins, Vesturberg 138-142, óskar eftir tilboðum í verkið:
Vesturberg 138-142, klæðning austurhliðar.
Verkið felst í klæðningu austurhliðar með sléttri álplötuklæðningu. Um er að ræða fjölbýlishús á fjórum hæðum með þremur stigagöngum.
Verkinu skal lokið fyrir 4. október 2011.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Áfellur með gluggum ............... | 411 m |
| Vatnsbretti ....................... | 123 m |
| Klæðning veggja ....................... | 495 $m^2$ |
| Endurnýjun rennu ...................... | 61 m |
| Endurnýjun niðurfallsröra ........ | 44 m |

Geisladiskur sem inniheldur útboðsgögn verður afhentur gegn 10.000,- kr. skilatryggingu, frá og með þriðjudeginum 24. maí nk., hjá verkfræðistofunni Eflu hf, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 7. júní 2011, kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
EFLA hf. • Höfðabakki 9 • 110 Reykjavík
Sími 412 6000 • www.efla.is

## ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Heimsending á mat – Akstur, EES útboð.***

Um er að ræða dreifingu á mat frá framleiðslueldhúsi Lindargötu 59, í heimahús og móttökueldhús víðsvegar um Reykjavík, alla daga ársins.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000 frá og með 24. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Opnun tilboða: 27. júní 2011, kl 10:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12615

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Norðlingaskóli – grunnskólahúsgögn.***

Útboðsgögn á geisladisk verða seld á kr. 3.000 frá kl. 9:00 þann 25. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1. hæð.

Opnun tilboða: 8. júní 2011 kl. 10:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12630

***Sæmundarskóli – grunnskólahúsgögn.***

Útboðsgögn á geisladisk verða seld á kr. 3.000 frá kl. 9:00 þann 25. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1. hæð.

Opnun tilboða: 8. júní 2011 kl. 10:30, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12631

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 460 Húsavík, s: 464 5000**

## UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf, fimmtudaginn 26. maí 2011 kl. 11:00.

Austurvegur 2, fnr. 216-7702, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Margrét Anna Hjaltadóttir, gerðarbeiðendur Langanesbyggð og Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 26. maí 2011 kl. 13:30.

Laugasel, jörð 153788, 641 Þingeyjarsveit, þingl. eig. Byggingarfélagið Óseyri 16 ehf, gerðarbeiðandi NBI hf, mánudaginn 30. maí 2011 kl. 14:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
20. maí 2011

## Til sölu

### Atvinnutækifæri
### Saumastofa til sölu

Saumastofa í fullum rekstri til sölu. Saumastofan er vel búin tækjum og selst í einu lagi með vélum, lager, viðskiptasamböndum og öllu sem tilheyrir slíkum rekstri.

Laust til afhendingar í lok júní n.k.

Upplýsingar í s. 863-9305 eða thorsteinn@vobi.is

## Tilkynningar

## Innanríkisráðuneytið

**auglýsir kynningu á skipulagsreglum fyrir Akureyrarflugvöll.**

Í samræmi við heimild í 59. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, hefur innanríkisráðherra ákveðið að setja skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll. Reglurnar hafa m.a. að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins, reglur um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvellinum auk reglna um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins sem nær til Akureyrarbæjar og sveitarfélaganna í nágrenni Akureyrar. Drög að reglunum hafa verið kynnt fulltrúum allra sveitarfélaga í nágrenni vallarins.

***Tilgangur og markmið reglnanna er:***

- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar, og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga svo sem Chicago samningnum, lögum um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, og reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Akureyrarflugvöll er hér með auglýst til kynningar en tillagan er til sýnis í flugstöðinni á Akureyrarflugvelli frá og með 23. maí 2011 til og með 20. júní. Hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu Innanríkisráðuneytisins, ***http://www.innanrikisraduneyti.is***, heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands, ***http://www.caa.is***, og heimasíðu ISAVIA ohf. ***http://www.isavia.is*** .

**Skorað er á fasteignaeigendur á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu og aðra hagsmunaaðila að kynna sér fyrirliggjandi drög að reglum. Athugasemdir eða ábendingar við tillöguna skulu vera skriflegar og berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 - 150 Reykjavík, ekki seinna en 21. júní 2011. Eftir þann tíma verður ekki tekið við athugasemdum. Litið er svo á að þeir sem gera ekki athugsemdir við tillöguna teljist samþykkir henni.**

Eftir kynningartíma verða athugasemdir og ábendingar sem berast teknar til ítarlegrar athugunar. Verði ákveðið að ráðast í breytingar á tillögunni vegna athugasemdanna verða slíkar breytingar kynntar hlutaðeigandi áður en gengið verður endanlega frá reglunum. Auglýsing um gildistöku reglnanna verður birt í Lögbirtingablaðinu. Nánari upplýsingar veitir Hermann Hermannsson hjá Isavia ohf., netfang: hermann.hermannsson@isavia.is, S : 424-4000.

Innanríkisráðuneytinu,
18. maí 2011.

- með þér alla leið -

# MIKLABORG

**569-7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali | Jason Guðmundsson hdl. og löggiltur fasteignasali | Ragna S. Óskarsdóttir MBA og löggiltur fasteignasali | Guðrún Pétursdóttir skjalagerð | Ólafur Finnbogason sölufulltrúi | Hilmar Jónasson sölufulltrúi



Halldór Ingi Andrésson löggiltur fasteignasali | Atli S. Sigvarðsson sölufulltrúi | Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi | Davíð Jónsson sölufulltrúi | Margrét Kjartansdóttir ritari



**Háalind** 201 Kóp
Mjög vel skipulagt parhús
Frábær staður
Húsið er á tveimur hæðum
Fallegt útsýni
Möguleiki á 4 svefnherb.
Góðir sólpallar
**v. 53,9m**



**Eiríksgata 17** 101 Rvk
Allt húsið til sölu!
4 íbúðir
Nánast algerlega endurnýjaðar
Frábær staðsetning

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**16:00 - 17:00**

**Um er að ræða sölu á húsinu í heild sinni eða stökum einingum**

Nánari upplýsingar veitir:
**Ragna S. Óskarsdóttir,**
MBA og löggiltur fasteignasali
ragna@miklaborg.is
**sími** 892 3342

Laugardagur 21.maí



**Hlaðbrekka** 200 Kóp
Einbýli
Vel hannað hús
Aukaíbúð á jarðhæð
Sérlega gott viðhald
Mikil lofthæð
Góð eign
**v. 47,5m**



**Mosarimi** 112 Rvk
Falleg 3ja herb
81,9 m² íbúð á besta stað í Mosarima
Sérinngangur
Stutt í skóla og leikskóla
**v. 19,3m**



**Birtingakvísl** 110 Rvk
Raðhús
Einstaklega vandað og vel skipulagt raðhús
214 m² með bílskúr
Möguleiki á 5 svefnherb.
**v. 45,0m**



**Skeljanes** 101 Rvk
Sjarmerandi 3ja herb
Í fallegu reisulegu timburhúsi
Eftirsóttur staður
Góð bílastæði
**v. 25,9m**



**Vesturgata** 101 Rvk
67 ára og eldri
Rúmgóð 2ja herb 66 m²
Mikil þjónusta í húsinu
Gott verð
Laus við kaupsamning
**v. 18,5m**



**Lyngberg** 221 Hfj
Fallegt einbýli
Glæsilegt einbýli á frábærum stað í Setberginu.
Mikið endurnýjað þar á meðal innréttingar, gólf, loft og bað
**v. 45,5m**



**Langahlíð** 105 Rvk
Falleg 3ja herb
Mikið endurnýjuð
102 m² íbúð
Frábært útsýni yfir borgina
**v. 23,9**



**Frostaskjól** 107 Rvk
Endaraðhús
**v. 64,5m**
Mjög vel staðsett 200 m² endaraðhús við Frostaskjól í Reykjavík.
Um er að ræða mjög vel skipulagða eign á frábærum stað.
Stór afgirtur garður í góðri rækt er aftan við húsið og við gafl þess með tveimur veröndum.

## Við leitum að ...

**... umhverfis Háaleitisbraut,**
að 4ra herbergja íbúðum með og án bílskúrs.
að 3ja herbergja íbúðum.
að íbúðum með miklum ákvílandi lánum.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésson í síma 897 4210 eða halldor@miklaborg.is

**... 4ra herbergja íbúð í póstnúmeri 104 og 105.**
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

**... 4ra herbergja íbúð/hæð í Hlíðunum.**
Afhending í ágúst eða fyrr.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésson í síma 897 4210 eða halldor@miklaborg.is

**... raðhús í 109 í Ölduselsskóla hverfinu**
í hugsanlegum skiptum fyrir minni eign í hverfinu.
- Nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697 3080 eða david@miklaborg.is

**... 2ja-3ja herbergja íbúð í 108 Reykjavík**
Álftamýri, Safamýri eða Háaleitisbraut.
- Nánari upplýsingar veitir Már Alfreðsson í síma 615 8200 eða mar@miklaborg.is

**... einbýli / parhúsi í Salahverfi í Kópavogi.**
Um bein kaup er að ræða og sterkar greiðslur.
- Nánari upplýsingar veitir Ragna Óskarsdóttir í síma 892 3342 eða ragna@miklaborg.is

**... 3ja-4ra herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi í Reykjavík eða Garðabæ.**
Kaupverð allt að 30 milljónir.
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson í síma 899 1178 eða atli@miklaborg.is

**... hæð eða raðhúsi fyrir ákveðinn viðskiptavin.**
Eignin má kosta á bilinu 30-40 milljónir.
- Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson í síma 661 2100 eða oskar@miklaborg.is

- með þér alla leið -

**www.miklaborg.is** Síðumúla 13 108 Reykjavík Sími: **569 7000**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**

## Útboð

ferill VERKFRÆÐISTOFA LANDEY

# Forval verktaka fyrir lokað útboð

**Hrólfskálamelur 2 - 8, 170 Seltjarnarnes**
**Innanhússfrágangur og lagnir**

Ferill ehf, f.h. hönd Landeyjar ehf og Ármannsfells ehf, leitar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í lokuðu útboði á innanhússfrágangi og lögnum í fjölbýlishúsi við Hrólfskálamel 2-8, 170 Seltjarnarnesi.

Reiknað er með því að útboðið fari fram um miðjan júní 2011 og að verktíminn verði frá byrjun júlí til loka nóvember 2011.

Forvalsgögn verða afhent á Ferli ehf, verkfræðistofu, Mörkinni 1, 108 Reykjavík eftir kl. 13.00 mánudaginn 23. maí 2011.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í forvalinu skulu skila inn þeim upplýsingum, sem farið er fram á í forvalsgögnum, til Ferils ehf, verkfræðistofu, Mörkinni 1, 108 Reykjavík eigi síðar en kl. 14.00 þriðjudaginn 31. maí 2011.

## Sumarhúsalóðir í landi Raðhóla við Brókarvatn.





**Mjög fallegt sumarhúsasvæði með fjölbreyttu landslagi.**

Um sölu á leigurétti er að ræða en greiðslukjör eru mjög sveigjanleg og býðst leigusamningur til langs tíma ef óskað er, einnig er möguleiki á því að kaupa lóðir, meðal annars eru vatnsbakkalóðir í boði. Raðhólar er í landi Arnarstapa í



Borgarbyggð, 12 km. vestan við Borgarnes. Lóðir eru alls 37 og lóðarstærð er frá 0,57 - 2.30 hektarar. Grunnflötur húsa má vera 100-400 fm að stærð og skulu vera á einni hæð. Kalt vatn og rafmagn verður leitt í götur. **Verð frá 950.000. Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.radholar.is einnig hjá Jóni Rafni hjá Valhöll í síma 695-5520 eða jonrafn@valholl.is**





VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

---

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA



Leifur Aðalsteinsson, Löggildur fasteigna, skipa og fyrirtækjasali leifur@101 is
Helgi J. Jónsson, Sölumaður / helgi@101.is
Kristín S. Sigurðardóttir, Löggildur fasteigna, skipa og fyrirtækjasali

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Opin hús á morgun sunnudag í eftirtöldum eignum.



**Lækjarbrún 6 Hveragerði. Milli kl 14.00 og 15.00**
Stórglæsilegt raðhús í Hveragerði. Húsið er á einni hæð, 86,3 fm og skiptist eftirfarandi : Forstofa, gangur, stofa, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Þjónusta er tengd Heilsustofnun Hveragerðis. **Verð 19.2 millj**



**Suðurhlíð 38C íbúð 110. Milli kl 16.00 og 17.00**
Stórglæsileg 103,1 fm 3 herbergja endaíbúð á 1.hæð á þessum frábæra stað í Suðurhlíð 38 Reykjavík Eignin skiptist í forstofu, hol, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús opið við stofu, baðherbergi, þvottaherbergi og sér geymsla í kjallara, Eigninni fylgir einnig sér stæði í lokaðri bílageymslu. **Verð 35,5 millj.**



**Grettisgata 70 ris. Milli kl 16.00 og 17.00**
Sérstaklega sjarmerandi 46,3 fm 2ja herberga íbúð í risi. Ca: 15 fm suðursvalir. Íbúðin skiptist í gang, stofu, svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús og hjólageymsla. **Verð 16,5 millj.**

---

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**




## Opið hús í dag milli 14-15
## Eiríksgata 17, 101 Reykjavík

Um er að ræða 4 íbúðir (öll heildareignin). Selst í heilu lagi eða hver íbúð fyrir sig. Íbúð á jarðhæð 2ja herb. á jarðhæð 62,4 fm, **ásett verð er 17 millj.**
Íbúð á fyrstu hæð 88,7 fm er **ásett verð 26,5 millj.**
Íbúð á annarri hæð 29,5 fm 128,5 fm með geymslu og bílskúr.
**Ásett verð 29,5 millj.**
Íbúð á þriðju hæð 71,1 fm. **Ásett verð 21,9 millj.**
Íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar, innréttingar og fl. Falleg eign á frábærrum stað.
**Ásett verð á heildareignina er 94 millj.**
**Nánari uppl. veitir Hlynur í síma 698-2603**

---

heimili FASTEIGNASALA

Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson lögg. fasteignasalar

## Háteigur 10 Akranesi – Opið hús í dag.




Til sölu þetta reisumikla og virðulega timburhús á Akranesi. Húsið, með bílskúr, er um 210 fm og er á þrem hæðum. Húsið hefur verið mikið endurnýja sl ár og þá að mestu í upprunalegum stíl. Í húsinu eru 5 herbergi og stofur. Sem fyrr segir er húsið mikið endurnýjað og ástand almennt gott. Áhvílandi hagstæð lán um 23,0 milljónir. **Verð 23,9 milljónir.**

**Opið hús í dag frá kl. 15-17.**
Reynir og Ásta Júlía taka vel á móti gestum.

**Skipholt 29a • Sími 530 6500 • heimili.is**

---

RE/MAX LIND

## Er með kaupendur að 4ra – 5 herbergja í Kópavogi.

**Vantar einnig eignir í 101 og nágrenni.**



**Hafðu samband**
**862 8110**

**Erna Svala Gunnarsdóttir**
Sölufulltrúi
erna@remax.is
Sími: 862 8110



**Þórarinn Jónsson** hdl.
lögg. Fasteignasali

---

RE/MAX LIND

**ÞAÐ ER MEIRA AÐ GERA Á FASTEIGNAMARKAÐNUM EN ÞIG GRUNAR.**

LÁTTU MIG SELJA FYRIR ÞIG, **HRINGDU NÚNA**



**Hafðu samband**
**699 5008**

**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008



**Þórarinn Jónsson** hdl.
lögg. Fasteignasali

---

## Auglýsingasími
# 512 50 50




Allt sem þú þarft...

## Námskeið

SUMAR 2011 ÍTR
Námskeið í leiklist og kvikmyndagerð.
Systkinaafsláttur 20%
Skráning á: studio-list.com

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Pomma hvolpar til sölu**
Hreinræktaðir yndislegir Pomeranian hvolpar til sölu án ættbókar. Verð 130þús. Uppl. í s 848 6525.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



**20% afsláttur af vörum og dýrum**
Opið í dag, laugardag frá 10-16
Dýragarðurinn Síðumúla 10 S:517 6525.

Golden Retriver hvolpur til sölu. Ættbókarfærður og sprautaður. Verð 120þús. Uppl. í s. 863 8596.

Labrador hvolpar með HRFÍ ættbók til sölu. www.hunderups.com / 659 0000.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Hagabeit.. Verða hrossin þín á góðum haga. Get tekið hross í hagagöngu á grasgefnu og skjólgóðu landi í Gullhreppum. Uppl. S: 892 0405

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

30.karlmaður óskar eftir íbúð til leigu á Höfuðborgarsv. Greiðslugeta allt að 100 þús á mán. Uppl. í s. 868 8377

Some room for rent in 101, shared kitchen, washing machine, shower, vc, internet good prise. Einar s.616 7646.

68 fm kjallaraíbúð til leiguv í v.bæ kópavogs. Leiga 75 þús á mán. Rafm. og hiti innifalið. Uppl í s. 848 5850

150 fm parhús í Grafarvogi til leigu í 3 mánuði frá og með 1.júní. 3 svefnherbergi, 6-7 herb alls, Heitur pottur á verönd og stór suðurgarður. Uppl. í síma 665 9806.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

4.herb íbúð í Fellsmúla til skammtímaleigu, íbúðin er fullbúin húsgögnum og húsbúnaði. Einnig er til leigu eða sölu bílskúr í Móhellu Hfj. Uppl. í s. 892 4614 eða 861 1006

**Hafnafj/Norðurbær**
Til leigu rúmgóð 2 herb íbúð , á annari hæð í góðu fjölbýli. Aðeins reglusamt og skilvíst fólk kemur til greina. Uppl í s. 825 3136 eða 663 6533

Herbergi í Árbæ 14fm á jarðhæð. Fylgstu reglusemi krafist. Uppl. í s. 866 4754.

Til leigu 130fm niðurgrafin kjallaraíbúð í efra Breiðholti. Leigan er 95þús. á mán með rafmagni og hita. S. 694 5384.

Til leigu falleg 67fm 2-3 herb. íbúð í 101 Rvk, leigut.1 ár eða lengur. Ásett verð 120 þús. Uppl. sími 699 0370.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgott herb. til leigu í Heimahverfi, reglusemi áskilin. Uppl. í síma 824 2157.

## Húsnæði óskast

3 herb. íbúð óskast í Laugarneshverfi (104/105). Traustur leigjandi. Get útvegað bankaábyrgð. S: 6600642

Óskum eftir 3.herb + íbúð í Rvk. Bílskýli æskilegt, reglusemi og góð umgengi. Uppl. í s. 663 0644.

Par óskar eftir 3 herb. íb. á höfuðborgarsv. sem fyrst uppl: 8469359

Óskum eftir æfingarhúsnæði á Höfuðborgarsv. Meðalaldur 50 ár. Reyklaus. 7731163/6927497

Óskum eftir að taka á leigu 2-3ja herb. íbúð sem fyrst helst í; 101-107. Erum með kött. Meðmæli ef óskað er. Örn 694-5419

Óska eftir 3.herb íbúð til leigu í 101 eða 105. Uppl. í s. 773 8478

Par með ungt barn óskar eftir að leigja 3-4 herb. íbúð í Vesturbænum. s. 861 9409 / olioskar@gmail.com

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
200m2 sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi með Gistiaðstöðu fyrir allt að 12-15 manns til leigu. Heitur pottur inni í 40m2 sólskála sauna úti á 260m2 sólpalli leiktæki fyrir krakka einnig körfubolti og fótbolti einstakt útsýni, einnig vaðlaug úti í garði og tjörn. Helgarleiga verður 90.000 og sunnudagur til föstudags verður 30.000 nóttin 5 nætur. Uppl. 898 1598 Valli sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

Til sölu 1 ha falleg eignarlóð í lokuðum botnlanga í landi Búrfells. Teikningar að 70 fm bústað fylgja, ásamt byggingarleyfi. Tilbúið til framkvæmda. Uppl. 895 5467

Óskum eftir sumarhúsum á skrá fyrir erlenda ferðamenn. Cabin.is s: 7751633

## Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

Til leigu CA 10fm skrifstofuherb/vinnuherb. í Skútuvogi, annarri hæð. 22þ. á mán. Hiti, rafmagn og ADSL innifalið. Uppl. í S. 864 1219

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

Bílskúr til leigu í Safamýri. 28 þ.kr./mán. Vins.hafið samband við safbilskur@gmail.com.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleigu.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

FISK KAUP HF.

Vélstjóri með 750kW réttindi óskast á línuveiðaskipið Kristrúnu RE-477 sem gerir út frá Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Ásbjörn Jónsson í síma: 520-7300 eða asbjorn@fiskkaup.is

Bakarameistarinn

**Bakari / Konditor**
**Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir vönum bakara eða konditor strax vegna sumarfría. Möguleiki á framtíðarstarfi. Nánari upplýsingar gefur Óttar Sveinsson, framleiðslustjóri í síma 864 7733.**

**KVÖLD OG HELGARVINNA**
Kringlukráin óskar eftir að ráða þjón og dyravörð með reynslu. Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina. Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á kringlukrain@kringlukrain.is

**Café Rosenberg**
Óskum eftir starfsmanni í uppvask og aðstoð í eldhús. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á smaar@frett.is Merkt „café Rosenberg"

Óska eftir að ráða smið eða mann vanan uppsetningu á álgluggum. Uppl. í s. 693 5156

NCS óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. NCS. Bæjarlind 4, 201 Kópavogur. Umsóknir á http://ncs.is/job.html

## Viðskiptatækifæri



3x2m.boltar til að ganga í á vatni td.sjómannadag,bæjargleði,17júní of fleiri skemmtilegir dagar,þar sem er vatn! s.johannesson@live.com Uppl. Í S. 856 1883 sunnudag eftir kl.10.00

## Til leigu

**Til Leigu.**
**Skrifstofuhúsnæði Síðumúli 23**



Til leigu, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði alls 1.689 fm. Húsnæðið er laust til afhendingar frá og með júlí 2011. Upplýsingar í síma 696 1001.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Fundarlaun 15 þús!**
Slash týndist frá Litla Skerjafirði fyrir tveimur vikum. Er svartur, grannur og með síams-útlit og með ól sem er með stórum stöfum sem stendur á SLASH. Hafið samband í síma 694 4884 eða 821 4688.

Rauðri kerru með svörtum Polan Pro Slátturtraktor og Partner sláttuvél var stolið frá Dekkverk Garðabæ í nótt. Fundarlaun. S 7779848

## Fundir

**Aðalfundur Heyrnarhjálpar verður mánudag 23.maí kl. 20 að Langholtsvegi 111**
**Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál. Frásögn: Íransferð. Rittúlkun. Tónmöskvi. Kaffi.**
**Sjá nánar á www.heyrnarhjalp.is**
**Stjórnin**

## Tilkynningar

Fatamarkaður Rauðagerði 18. Opið frá 10 til 16.

## Ýmislegt



**Ertu einmana? Ef svo er hringdu þá í Hemmsann! Sími 862-0554 100% Traust og trúnaður**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Eldri maður óskar eftir konu sem kann að elda mat. Býr á fallegum stað út á landi. Uppl. sendist fréttblaðinu merkt Heiðarlegur.

**Spjalldömur 908 5050**
Við erum við á dömuvaktini frá 22 til 24, engin bið, opið allan sólarhringin.

2"x 4" ekki styttra en 3.6 m óskast upp.l s. 892 4624.

**Gerðu góðverk í dag**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Atvinna

**Kórstjóri óskast**

Húnakórinn leitar að kórstjóramenntuðum, metnaðarfullum og eldhressum kórstjóra frá september 2011.

Húnakórinn er blandaður kór. www.hunakorinn.com

Æft er á þriðjudagskvöldum frá 20-22 í Húnabúð Skeifunni 11 Reykjavík.

Nánari upplýsingar eru hjá Guðrúnu Ketilsdóttur formanni í s. 695 6679 eða á lillaket@hotmail.com

**SUSHI / Sushikokkur óskast! Veitingastaður, vel staðsettur í Kópavogi sem mun opna í ágúst/sept og sérhæfa sig í sushi og verður einnig kaffihús ca. 50 sæti.**

**Staðurinn verður opinn 11-19 virka daga og 12-18 um helgar.**

1. Engin kvöldvinna
2. Leitum að Sushikokk til að leiða staðinn og hafa yfirumsjón með honum.
3. Leitað er að einstaklingi með reynslu af stjórnun, mikinn áhuga á sushi, vilja og áhuga til að afla sér upplýsinga um allt sem tengist hráefni og matargerð, skipulagshæfni, og góða skapgerð.
4. Við erum skemmtilegt og framsækið fyrirtæki sem gott er að starfa með.

**Uppl. sushi@adesso.is**

# Eignin seld innan 60 daga

**Ef eignin er ekki seld fyrir þann tíma færðu 50% afslátt af sölulaunum**

**www.60dagar.is - Kynntu þér málið**


**Lárus Óskarsson**
Sölumaður
Sími: [+354] 823 5050
larus@domusnova.is






Reyrengi - 3ja herbergja íbúð - 82,2 fm



Lækjasmári - 3ja herbergja íbúð með stæði í bílageymslu - 107,6 fm



Fensalir - 4ra herbergja íbúð með bílskúr - 149,4 fm



Núpalind - 4ra herbergja íbúð - 126,9 fm



Stekkjarhvammur - Raðhús með bílskúr - 187,9fm



Fannafold - 4ra herbergja íbúð -113 fm

DOMUSNOVA
Fasteignasala Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is



Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali




## Glæsilegt skrifstofuhúsnæði

## B26 - Borgartún 26
105 Reykjavík

Eftirfarandi rými eru laus:

**8. hæð** 1.130 m², fullinnréttað. Ein glæsilegasta skrifstofuhæð á höfuðborgarsvæðinu, aukin lofthæð.
**Laust strax.**

**5. hæð** 550 m², tilbúið til innréttinga.

**2. hæð** 950 m², tilbúið til innréttinga.

Landfestar sjá um að innrétta leigurými í samvinnu við leigutaka.

Eigninni fylgir þriggja hæða bílakjallari, hjólageymsla og sérstök baðaðstaða fyrir íþróttaiðkendur.



## Álfheimar 74
104 Reykjavík

Eftirfarandi rými eru laus:

**6. hæð** 842 m², tilbúin til innréttinga. Glæsilegt skrifstofuhúsnæði með fallegu útsýni yfir Laugardalinn og miðsvæðis í höfuðborginni.

Næg bílastæði eru við húsið.

Landfestar sjá um að innrétta leigurými í samvinnu við leigutaka.
**Laust strax.**

## Einnig til leigu:

**Akralind 6**
Kópavogi
389 m², skrifstofuhúsnæði

**Suðurlandsbraut 22**
Reykjavík
200 m², skrifstofuhúsnæði

**Hafnarstræti 102**
Akureyri
160 m², skrifstofuhúsnæði

**Fosshals 1**
Reykjavík
523 m², verkstæði




**Upplýsingar veitir:**
**Jón Gretar Jónsson**
**Rekstrarstjóri**
**s. 422-1400 / 856-1413**
**jon@landfestar.is**


LANDFESTAR
FASTEIGNAFÉLAG

Landfestar ehf. eru fasteignafélag í eigu Arion banka. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um sjötíu og fimm þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru bæði ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins. Landfestar ehf. sími 422 1400 www.landfestar.is



Jóhannes S. Kjarval, Íslandslag (Hvassárgljúfur), 1949-1959, Listasafn Íslands.



Louise Bourgeois, Klefi (Svartir dagar), 2006. Með leyfi Cheim & Read and Hauser & Wirth. LJÓSMYND, CHRISTOPHER BURKE.

# Bourgeois og Kjarval

**Listasafn Íslands opnar um næstu helgi tvær nýjar sýningar. Annars vegar Konu með verkum eftir listakonuna Louise Bourgeois og hins vegar Kjarval með úrvali málverka og teikninga eftir Jóhannes Svein Kjarval.**

Louise Bourgeois fæddist í París í Frakklandi árið 1911 og þykir meðal fremstu listakvenna sögunnar. Hún lést í fyrra, 98 ára að aldri, en hún vann fram á síðasta dag. Listasafn Íslands opnar föstudaginn 27. maí sýningu með 28 verkum sem spanna allan listferil Bourgeois.

Halldór Björn Runólfsson safnstjóri hefur kynnt sér sögu listakonunnar. „Louise Bourgeois giftist Ameríkana árið 1938 og fluttist með honum til New York," segir Halldór, en fyrstu verk listakonunnar eru málverk. „Í lok heimsstyrjaldarinnar seinni fór hún að fikra sig yfir í höggmyndalist. Ástæðan var sú að henni fannst málaralistin of fjarlæg og óáþreifanleg. Þá tók hún einnig nærri sér að vera fjarri öllum ættingjum sínum í Frakklandi," upplýsir Halldór og telur að höggmyndirnar hafi orðið nokkurs konar staðgenglar fólks sem Bourgeois saknaði að heiman. Árið 1950 sýndi hún höggmyndir sínar í innsetningu. Hún dró sig síðan í hlé í nokkur ár.

Í kringum 1960 steig hún fram á ný og var þá farin að nota nýjan efnivið á borð við latex í verk sín. Halldór segir þá hafa komið í ljós hversu mikil áhrif upplifanir í bernsku höfðu á hana, til dæmis að faðir hennar hélt hjákonu í veikindum móður hennar. „Hún vakti athygli fyrir verk sem þóttu beinlínis gróf kynferðislega," útskýrir Halldór. Merkilegt er að Bourgeois sló í raun ekki í gegn fyrr en árið 1982 þegar haldin var yfirlitssýning á verkum hennar í MoMA í New York. Tíu árum síðar fékk hún ómælda athygli á Documenta 9 listsýningunni í Kassel í Þýskalandi. „Hún sló í gegn með stórum klefa sem hægt var að ganga inn í eins og herbergi. Á sýningunni núna verða tveir klefar; annar frá árinu 2006 sem hefur aldrei verið sýndur. Á næstu 15 árum vann hún fjölda klefa úr ýmsum efniviði," segir Halldór. Verkin á sýningunni Konu eru stikkprufur úr ferli Bourgeois, allt frá málverkum til sjö metra köngulóar.

Föstudaginn 27. maí klukkan 20 verður einnig opnuð sýningin Kjarval. Þar gefur að líta úrval málverka og teikninga eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval úr safni Jóns Þorsteinssonar (1898–1985) íþróttakennara og konu hans Eyrúnar Guðmundsdóttur (1898–1996). Á sýningunni er lögð áhersla á kúbíska abstraksjón og fígúrur í lifandi landi. Báðar sýningarnar standa til 11. september.

KONA/ FEMME
LOUISE BOURGEOIS
27.5.-11.9. 2011

KJARVAL
ÚR FÓRUM JÓNS ÞOSTEINSSONAR & EYRÚNAR GUÐMUNDSDÓTTUR
27.5.-11.9. 2011

LEIÐSÖGN
ÞRIÐJUDAGA, FÖSTUDAGA
KL. 12.10 - 12.40

SAFNBÚÐ
LISTAVERKABÆKUR, GJAFAVARA

OPNUNARTÍMAR
OPIÐ DAGLEGA KL. 11-17
LOKAÐ MÁNUDAGA

FRÍKIRKJUVEGI 7
101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 9600
WWW.LISTASAFN.IS

VERIÐ VELKOMIN

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND



Hilmar segir að aðsókn hafi aukist síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hilmar segir að jarðfræði og dýrafræði Íslands séu gerð skil á safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eina náttúrugripasafnið á höfuðborgarsvæðinu

**Eitt elsta náttúrugripasafn landsins fléttar saman listum, náttúru og vísindum í sýningarhaldi sínu.**

„Við erum með fasta grunnsýningu og tvær til þrjár tímabundnar sýningar á ári. Við erum nýbúin að opna eina slíka," segir Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, og bætir við að það sé sýningin Holað í steininn þar sem sýnd eru verk eftir Hauk heitinn Einarsson, sem hann vann í stein, bein og tré. „Guðríður Gísladóttir, ekkja Hauks, gaf Náttúrufræðistofunni fyrir skömmu mjög gott safn af íslenskum kristöllum og steinum en þegar við sóttum safnið kom í ljós að Haukur hafði einnig unnið mjög áhugaverða listmuni í steinana."

Hilmar segir að safn Guðríðar og Hauks hafi innihaldið mjög góð eintök af holufyllingum. „Þar á meðal eru mjög góð eintök af jaspis og sykurbergi," upplýsir Hilmar og bætir við að Haukur hafi ekki aðeins unnið í stein heldur einnig skorið muni í hvaltennur og tré. Hilmar telur að steinverkin, þar á meðal hestar, álfkonur og huldumeyjar, séu sérstaklega áhugaverð því fáir listamenn hafi fengist við að vinna í íslenskt grjót.

Að sögn Hilmars er Náttúrufræðistofa Kópavogs eina náttúrugripasafn höfuðborgarsvæðisins sem opið er almenningi. Þar er föst grunnsýning auk tímabundinna sýninga. „Við gerum jarðfræði og dýrafræði Íslands skil og einnig erum við með lifandi verur í fiskabúrum. Hlutverk stofunnar er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd," útskýrir Hilmar og segir að reynt sé að flétta saman listum, náttúru og vísindum í sýningarhaldinu. „Við bendum fólki á þessi tengsl, sem eru nánari og djúpstæðari en margir gera sér grein fyrir."

Hilmar segir að Náttúrustofa Kópavogs hafi verið opnuð árið 1983. „Þetta er með eldri náttúrugripasöfnum í landinu. Það var til húsa í kjallaraíbúð á Digranesvegi 12 fram til 2002, þegar við fluttum í nýtt og glæsilegt hús í Hamraborg 6a, ásamt Bókasafni Kópavogs, við hliðina á Gerðarsafni og Salnum. Þá varð alger bylting í allri starfsemi og sýningarhaldi."




● **FYRSTA GÖTULISTASÝNINGIN** Fyrsta bandaríska sýningin á götulist hefur verið sett upp í Samtímalistasafninu í Los Angeles. Sýningin ber heitið List á götunum.

Á sýningunni er farið yfir sögu og þróun götulistar frá árinu 1970 til dagsins í dag. Á sýningunni eru verk frá fimmtíu af virkustu götulistamönnum Bandaríkjanna.

„List á götunum verður fyrsta sýningin sem skipar verkum áhrifamestu listamanna götunnar meðal samtímalistar," sagði safnstjóri Samtímalistasafnsins í Los Angeles í tilefni af opnun sýningarinnar.

Yfirgripsmikill bæklingur um sögu götulistar var gefinn út vegna sýningarinnar. Farið er yfir þróun götulistar og tekin viðtöl við áhrifamikla götulistamenn þar sem fjallað er um villtan stíl og list sem spratt fram í tengslum við hjólabretta- og pönkmenningu.- *mmf*


Vestur heimur

ÞFÍ – Þjóðræknisfélag Íslendinga – Stofnað 1939

# Íslendingadagar í Vesturheimi

Ferð á merkustu hátíðir Íslendinga í Vesturheimi á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga og Vesturheims sf dagana
24. júlí-7. ágúst.

**Ferðatilhögun:** Flug til Winnipeg sunnudaginn 24. júlí
Skoðunarferð um Nýja Ísland
**Nýjung:** Skoðunarferð um Íslendingaslóðir í vestanverðu Manitoba – farið um *Voga* og til *Reykjavíkur*!!
Minnsta nýlenda Íslendinga í Norður Ameríku heimsótt
Hvað er Baldur í Manitoba?
Íslendingadagur í Mountain í Norður Dakota
Íslendingadagurinn á Gimli í Manitoba
Frjálsir dagar í Winnipeg – Gist í miðbænum á Delta Winnipeg
Ferðalýsing á www.vesturheimur.is

ATH LÆKKAÐ VERÐ







**Nánari upplýsingar á www.vesturheimur.is og hjá Jónasi Þór í síma 861-1046 og á jonas@vesturheimur.is**


# Fræg í sögunni



**Stjörnubjört nótt,** eftir Vincent Van Gogh (1853-1890) Myndin er frá árinu 1889 en Van Gogh málaði hana þegar hann var vistaður á geðsjúkrahúsi. Hann öðlaðist ekki viðurkenningu fyrir verk sín fyrr en eftir dauða sinn.



**Blá nekt,** eftir **Henri Matisse** (1869 – 1954) Myndin er frá árinu 1952 en Matisse sneri sér að klippimyndum á efri árum eftir litríkan málaraferil.



**Hugsuðurinn,** eftir **Auguste Rodin** (1840 – 1917) unnin á árunum 1879 til 1889. Rodin var mikils metinn myndlistarmaður meðan hann lifði. Í kringum 1900 var hann orðinn heimsþekktur og verk hans eftirsótt af auðugum söfnurum.



**Davíð,** eftir **Michaelangelo** (1475 – 1564) Vinnu við styttuna lauk árið 1504 en hún er eitt þekktasta verk endurreisnarstefnunnar. Verkið þótti staðfesta einstaka hæfileika Michaelangelos og formskyn.


HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Viltu starfa á César Ritz alþjóðavettvangi?

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.

Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

WWW.MK.IS
Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Stórbrotinn Mahler með Camillu Tilling

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur hina mögnuðu 4. sinfóníu Mahlers í Hörpu undir stjórn Markusar Poschner. Einsöngvari er sænska sópransöngkonan Camilla Tilling, ein skærasta söngstjarna Norðurlanda. Camilla hefur hlotið sérstakt lof fyrir túlkun sína á 4. sinfóníu Mahlers, enda hentar silkimjúk og björt rödd hennar lokaþættinum fullkomlega.

**Tryggðu þér miða á sinfonia.is eða harpa.is**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BAKHJARLAR

BORGUN · Morgunblaðið

## KAUFMANN Á LISTAHÁTÍÐ

UPPSELT

Lau. 21.05. » 17:00

· **Aríur og forleikir úr Tosca eftir Puccini, Carmen eftir Bizet, Cavalleria Rusticana eftir Mascagni, Lohengrin eftir Wagner, o.fl.**

**Jonas Kaufmann** einsöngvari
**Peter Schrottner** hljómsveitarstjóri

Einn frægasti óperusöngvari samtímans sem hlotið hefur einróma lof fyrir flutning sinn.

## MAHLER-VEISLA

Lau. 28.05. » 17:00

· **Gustav Mahler:** *Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn*
· **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 4*

**Camilla Tilling** einsöngvari
**Markus Poschner** hljómsveitarstjóri

Ein skærasta söngstjarna Norðurlanda túlkar Mahler á ógleymanlegan hátt.

## ÉG VEIT ÞÚ KEMUR!

UPPSELT

Mið. 01.06. » 20:00
Fös. 03.06. » 20:00

· **Söngperlur frá 6. og 7. áratugnum í nýjum búningi**

**Sigríður Thorlacius** söngvari
**Sigurður Guðmundsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Tveir af flottustu dægurlagasöngvurum þjóðarinnar syngja uppáhaldslögin sín með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ

UPPSELT

Mið. 08.06. » 20:00
Fim. 09.06. » 20:00
Fös. 10.06. » 20:00
Lau. 11.06. » 20:00
Lau. 11.06. » 16:00

· **Vinsælustu lögin af ferlinum**

**Páll Óskar Hjálmtýsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 12-18 virka daga

## Nýr og breyttur Nings á Suðurlandsbraut



Við hjá Nings bjóðum alla hjartanlega velkomna á stækkaðan og endurbættan veitingastað að Suðurlandsbraut 6. Að gefnu tilefni langar okkur ennfremur til að þakka viðskiptavinum traustið og tryggðina undanfarin 20 ár.

1991 - 2011 20 ára

Nings í 20 ár

**Við kynnum nýjan og spennandi rétt sem hefur slegið í gegn vestanhafs undir nafninu Orange chicken**

**NÝTT Á NINGS!**

## Brakandi ferskur kjúklingur í Panda appelsínusósu

Fersk appelsína, engifer, hvítlaukur og chilli í bland við nýsteiktan kjúkling ...himneskt!

hálfur 1450 kr.
heill 1850 kr.



# NINGS

1991 - 2011 20 ára

*og kroppurinn blómstrar*



Skannaðu kóðann með símanum þínum og fylgstu með Wong James elda kjúkling í appelsínusósu

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is


HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
FRUMSÝNUM
GLÆNÝJAN HYUNDAI
ix20
HYUNDAI ix20
ix20
Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai ix20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai ix20, hann á eftir að koma þér á óvart.
Verð: 3.490.000 kr. (sjálfskiptur)
Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100km
Allt á HJÓLUM
VELKOMIN Á FRUMSÝNINGU Í FÍFUNNI!
Komdu á stórsýninguna Allt á hjólum í Fífunni um helgina og kynntu þér nýjan Hyundai ix20 auk fjölda annarra spennandi nýrra bíla!
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000
ENNEMM / SÍA / NM46790

## FRJÓSEMI Í LEIKHÓPNUM

**Mikil frjósemi er hjá leikhópnum Ég og vinir mínir** sem standa að sýningunni Verði þér að góðu. Tvær leikkvennanna í sýningunni, Álfrún Örnólfsdóttir og Saga Sigurðardóttir eru óléttar. Álfrún er raunar komin rúma sjö mánuði á leið og óléttan er hluti af hlutverki hennar í sýningunni. Rósa Hrund Kristjánsdóttir, leikmynda- og búningahönnuður, er einnig ólétt. Dóra Jóhannsdóttir á ársgamalt barn og Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari eignaðist barn meðan á æfingaferlinu stóð. Friðrik Friðriksson leikstjóri á svo von á öðru barni sínu með Álfrúnu.

Þess má geta að sýningin Verði þér að góðu er sýnd í Kassanum í Þjóðleikhúsinu, og eru tvær sýningar fram undan, 3. og 4. júní.



HULDA SIF ÁSMUNDSDÓTTIR

## UPPÁHALDSLAGIÐ ER MEÐ BOB DYLAN

**Hver er eftirminnilegasta leiksýning sem þú hefur séð?** Ég sá Gauragang þegar ég var 14 ára og fannst það stórkostlegt. Ég held að leikkonudraumurinn hafi jafnvel fyrst kviknað þá.

**Tekið þátt í?** Verði þér að góðu. Ógleymanlegt ferli og ég er auk þess mjög stolt af þeirri sýningu.

**Hvert er draumahlutverkið?** Ég á ekkert svoleiðis. Ég hugsa frekar um drauma-samstarfsfólk og drauma-verkefni.



**Uppáhaldsstaður á Íslandi?** Vestfirðirnir eru magnaðir.

**Uppáhaldsstaður í útlöndum?** New York.



**Mesta afrekið mitt?** Mesta, mikilvægasta og besta hingað til er sonur minn.

**Uppáhaldslagið?** Lay Lady Lay með Bob Dylan.

**Ef þú værir einræðisherra í einn dag hvað myndir þú gera fyrst?** Ég myndi ekki fíla það að vera einræðisherra, það fyrsta sem ég myndi gera væri örugglega að koma á lýðræði.

**Hvaða listamanns líturðu mest upp til?** Það eru mjög margir. Ég á til dæmis marga vini og kunningja sem mér finnst vera frábærir listamenn og ég lít upp til þeirra út af ólíkum ástæðum.



**DÓRA OG RAGNAR ELDUR** Verði þér að góðu er fyrsta sýningin sem Dóra tekur þátt í síðan hún eignaðist frumburðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Naut mín í botn í fæðingarorlofinu

**Dóra Jóhannsdóttir lét æskudrauminn rætast og lærði leiklist. Hún er einn forsprakka hópsins Ég og vinir mínir sem sýnir nú leikritið Verði þér að góðu. *Sigríður Björg Tómasdóttir* hitti Dóru yfir kaffibolla í vikunni.**

Dóra Jóhannsdóttir leikkona er mætt á heimilislegt kaffihús í miðbænum og er að fletta tímaritum þegar blaðamaður mætir á svæðið. Við sitjum við stóran glugga sem gefur Dóru gott færi á að fylgjast með barnavagninum þar sem frumburðurinn sefur vært. „Ég ætla að njóta lífsins í sumar með honum. Ég verð hálfgerð grasekkja, Jörundur [Ragnarsson leikari] er að fara í tökur á sjónvarpsseríunni Heimsendi og verður lítið sjáanlegur á meðan," segir Dóra, sem er hæstánægð með samveruna við soninn. „Ég naut mín þvílíkt í fæðingarorlofinu, var dugleg að hitta fólk, ég held reyndar að ég hafi sjaldan verið jafn upptekin því að ég átti svo margar vinkonur sem voru í fæðingarorlofi líka og við vorum alltaf að hittast. Svo var ég í kerrupúli í Laugardalnum," segir Dóra, sem eignaðist Ragnar Eld fyrir réttu ári.

### Draumur æskuvinkvenna

Á útmánuðum tók leikhópurinn Ég og vinir mínir, sem Dóra er í, að leggja drög að sýningunni Verði þér að góðu. Sýningin er unnin í spuna af hópnum, sem samanstendur eins og nafnið gefur til kynna af vinum og kunningjum. „Ég, Álfrún [Örnólfsdóttir], Margrét [Bjarnadóttir] og Rósa [Hrund Kristjánsdóttir] erum æskuvinkonur úr Vesturbænum. Og alveg síðan við vorum unglingar langaði okkur til að gera eitthvað skapandi saman. Álfrún var jú alltaf í leikhúsinu, Margrét að dansa og Rósa að sauma kjóla," útskýrir Dóra og bætir við að þær hafi ákveðið að láta slag standa haustið 2007. „Þá ákváðum við að sækja um styrk og fengum með okkur vini og vandamenn; þannig varð nafnið á hópnum til."

Ég og vinir mínir settu upp sýninguna Húmanimal árið 2009 og nýverið var frumsýnd sýning hópsins Verði þér að góðu. Í henni er fjallað um manninn sem félagsveru. Hópurinn býður í partí og varpar upp ýmsum myndum af því hvernig fólk hagar sér í samkvæmum. Eins og í Húmanimal er leikur og dans órjúfanleg heild; í hópnum eru dansarar, leikarar og aðrir listamenn sem allir lögðu sitt af mörkum þegar sýningin var samin. „Það leggja allir í hópnum mikið til þegar við erum að semja verkið. Það væri hægt að kalla þetta fullkomið lýðræði, nema að lýðræði er aldrei fullkomið," segir Dóra.

### Egóin sett til hliðar

„En sýningin er öll okkar og enginn einn er með úrslitavald; þess vegna erum við öll mjög sátt við lokaútkomuna. Við eignum okkur heldur ekki hugmyndir, egóin eru eiginlega sett til hliðar," segir Dóra, sem segir alla í hópnum tilbúna að gefa eftir til þess að sýningin verði sem best. „Við þekkjumst líka mjög vel og þekkjum styrkleika og veikleika hinna. Vitum að ef atriði krefst danshæfileika er stundum betra að annar dansarinn taki það að sér, en annars eru skil dansara og leikara afar lítil. Og þeir sem ekki standa á sviðinu, Rósa leikmyndahönnuður og Gísli Galdur tónlistarmaður, vinna líka með okkur í spuna á æfingaferlinu," segir Dóra.

Ekki er hægt að segja annað en að samvinna hópsins virki vel, því Verði þér að góðu hefur fengið afar góða dóma. Dóra segir það mjög ánægjulegt. „Það er frábært að gera verk þar sem hópurinn vinnur út frá eigin hugmyndaflugi, smekk og innsæi. Og ekki síður ef því er vel tekið," segir Dóra.

### Ólétt í fimm leikritum

Dóra útskrifaðist sem leikkona árið 2006. Hún hefur leikið stór hlutverk í bæði Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, auk þess sem íslenskir sjónvarpsáhorfendur muna eftir henni úr sjónvarpsþáttunum Hamrinum sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu. Í haust tekur hún upp þráðinn í Borgarleikhúsinu í leikritinu Gyllta drekanum undir leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Áður en hún fór í fæðingarorlof starfaði hún í Borgarleikhúsinu og lék ólétt í fimm hlutverkum. „Ég lék ólétt í Húmanimal, Heima er best, Gauragangi, Rautt brennur fyrir og Góðum Íslendingum. Þetta fannst mér frábært, það er svo oft með leikkonur að þær þurfa að sitja heima þegar farið er að sjást á þeim. Ég fékk hins vegar að leika nokkur hlutverk. Í Góðum Íslendingum var óléttan bara skrifuð inn í verkið. Svo fór reyndar þannig að þegar átti að frumsýna þá var ég komin fimm mánuði á leið og það sást ekkert á mér. Það var meira að segja verið að spá í að setja á mig gervibumbu. En það fór nú ekki svo, og viku síðar poppaði bumban út," segir Dóra að lokum.


Golfmót VM

VM-mótið í golfi verður haldið á Keilisvellinum föstudaginn 3. júní kl. 12.

Mótið er fyrir félagsmenn **VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna** og má hver félagsmaður bjóða með sér einum gesti.

Mótsgjaldið er 6.850 kr. fyrir hvern þátttakanda. Matur og nestispakki á völlinn er innifalinn í þátttökugjaldinu.

**Umsjónarmenn mótsins eru:**
Ragnar Halldórsson, Hjálmar Þ. Baldursson og Steingrímur Haraldsson.

Skráning hefst 18. maí í síma 575-9800 eða á netfangið vm@vm.is

**Skráningu lýkur 1. júní.**

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is
- okkur er annt um þinn hag




# ALICANTE - BENIDORM

## FLUG ÞRISVAR Í VIKU Í ALLT SUMAR!

*Plúsferðir bjóða nú upp á frábært flugverð til Alicante í maí sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!* Hvítar strendur með fagurbláu hafinu á sólríkum sumardögum eiga engan sinn líka. Fjallgarðurinn fyrir ofan ströndina gerir það að verkum að sjaldan rignir og á fáum stöðum á Spáni er jafn sólríkt. Umhverfis Alicante eru óþrjótandi möguleikar á ferðalögum um héruð og sveitir sem eru umvafin einstakri náttúrufegurð. Á Alicante er hægt að sameina óendanlega fjörugt strandlíf og óviðjafnanlegt næturlíf - þangað flykkist fólk til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér.

BÓKAÐU FERÐINA Á **plusferdir.is**

**plús FERÐIR**

**www.plusferdir.is**

***Plúsferðir eiga rætur sínar að rekja til frumkvöðla ferðaþjónustu á Íslandi sem hafa áralanga reynslu af ferðaþjónustu.***

***Okkar fólk leggst í sólbað undir sömu sólinni, við sama hafið og fólkið sem ferðast með hinum ferðaskrifstofunum. Bara fyrir mun lægri upphæð***

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

Ferðaskrifstofa



# Sjónarhorn

Ljósmynd: Anton Brink

**UNGT OG LEIKUR SÉR** Þessir tveir kettlingar virtust una sér ágætlega í Kattholti, húsi Kattavinafélags Íslands, í vikunni. Við stofnun félagsins árið 1976 hófst sú starfsemi að taka til geymslu heimilislausa óskilaketti, sem fengu mat, umönnun og húsaskjól í sérstöku herbergi heima hjá fyrsta formanninum, Svanlaugu Löve.


冰岛中国贸易促进会

Íslensk kínverska viðskiptaráðið

The Icelandic Chinese Trade Council

## Viðskipti Íslands og Kína

*Hver er staðan í Kína? Hvar liggja tækifærin?*
*Hvað gerist þegar Norðursiglingaleiðin opnast?*

Í tilefni af 40 ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Kína stendur Íslensk kínverska viðskiptaráðið fyrir ráðstefnu um viðskiptatengsl Íslands og Kína, fimmtudaginn 26. maí, kl. 14-17 á 20. hæð Turninum Smáratorgi.

Opnunarávörp:
***Össur Skarphéðinsson***, utanríkisráðherra
***Dr. Su Ge***, Sendiherra Kína á Íslandi

Aðalerindi:
***Kjeld Erik Brødsgaard***, Prófessor við Copenhagen Business Scool.
"The political and economic consequences of China's integration into the global economy - background and perspectives."

***Húni Heiðar Hallsson***, Heimskautalögfræðingur.
„Ísland í lykilhlutverki í samgönguneti framtíðar."

Aðrir mælendur:
Vala Valtýsdóttir, Deloitte.
Magnús Oddsson, Össur hf.
Kjartan Pierre Emilsson, CCP.
Magnús Björnsson, sérfræðingur í málefnum Kína.
Fundarstjóri: Elín Björg Ragnarsdóttir, verkefnastjóri ÍKV.

**Skráning með tölvupósti á ift@ift.is eða í síma 588 8910.**

**Enginn aðgangseyrir!**

Samstarfsaðilar:
Deloitte. ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND ICELANDAIR CONFUCIUS INSTITUTE 北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS





**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1992

# Amy Fisher handtekin fyrir skotárás á eiginkonu elskhuga

**Var hún miskunnarlaust tálkvendi eða auðsveipur stúlkukjáni?**

Á þessum degi, 21. maí árið 1992, var hin 17 ára gamla Amy Fisher handtekin í Massapequa í New York-fylki, grunuð um að hafa skotið húsmóðurina Mary Jo Buttafuoco á heimili þeirrar síðarnefndu. Það sem fylgdi í kjölfarið var eitt af safaríkustu hneykslis- og fjölmiðlamálum Bandaríkjanna í seinni tíð.

Rannsóknin leiddi í ljós magnaða sögu um ástríður, afbrot og meiriháttar siðleysi. Amy hafði staðið í ástarsambandi við Joey Buttafuoco, 38 ára gamlan eiginmann Mary Jo. Samband þeirra hófst nokkru áður, þegar Amy kom með bíl foreldra sinna á réttingaverkstæði Joeys.

Amy einsetti sér að sitja ein að elskhuga sínum og mætti því á heimili Buttafuoco-fjölskyldunnar vopnuð byssu. Hún tilkynnti Mary Jo fyrst að Joey stæði í ástarsambandi við yngri konu. Því til „sönnunar“ dró hún fram bol sem var merktur réttingaverkstæðinu. Hún dró því næst upp byssuna og skaut Mary Jo í andlitið og flúði af vettvangi.

Skotið reyndist ekki banvænt og gat Mary Jo gefið greinargóða lýsingu á Amy, auk þess sem bolurinn bendlaði Joey við glæpinn. Við yfirheyrslur benti hann svo á Amy sem var handtekin skömmu síðar.

Réttarhöldin urðu sannkallaður fjölmiðlasirkus en endaði með því að Amy var dæmd fyrir árás og hlaut 5 til 15 ára dóm. Joey var dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir samræði við stúlku undir lögaldri.

Amy slapp úr fangelsi árið 1999 eftir að Mary Jo hafði talað máli hennar. Þau skötuhjú, Amy og Joey, dúkka enn upp öðru hvoru þar sem þeim leiðist víst ekki að vera í kastljósi fjölmiðlanna.

Amy hefur ekki setið auðum höndum og hefur meðal annars gefið út ævisögu sína og reyndi á tímabili að hasla sér völl í klámiðnaðinum. Hún er nú meðal þátttakenda í raunveruleikaþáttunum Celbrity Rehab þar sem hún tekst á við áfengis- og lyfjafíkn. Hjónaband Joey og Mary Jo Buttafuoco stóð af sér storminn í fyrstu, en þau skildu árið 2003. Hann stýrir nú útvarpsþætti um hvernig megi bæta líf sitt.

Þetta mikla hneykslismál tröllreið fjölmiðlum um langt skeið og hefur getið af sér kvikmyndir, heimildarmyndir og endalaust marga missmekklega brandara.

-þj

*Heimildir: History.com og Wikipedia.*

# NÝTT Í BYKO!



# Ný og spennandi BYKO sumarhús!

*Kynning í dag!*

## Veldu þína stærð og byggingarstig!

**Smiðir og sölumenn verða í BYKO Breidd í dag frá kl. 10-16 og kynna hin nýju og glæsilegu rammahús - smáhýsi og sumarhús BYKO.**

Þau eru hönnuð af Magnúsi Ólafssyni arkitekt FÍA.



Smáhýsi



Fyrir ferðaþjónustur

**Verðdæmi á 32 m$^2$ sumarhúsi:**

| | |
|---|---|
| Tilbúið að utan: | 2.259.000* |
| Tilbúið án innréttinga: | 2.934.000* |
| Tilbúið með innréttingum og tækjum: | 3.869.000* |

*Án uppsetningar.





## Frábær kaupauki með pallinum!

OMEGA gasgrill að verðmæti 25.600 kr. fylgja pallaefni fyrir 100.000 kr. eða meira.

## Fáðu tilboð í efni fyrir pallinn!

## Opnunartímar í sumar

| | Virkir dagar | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|
| Breidd | 8-19 | 10-17 | 11-17 |
| *Timbursölu Breidd* | 8-18 | 10-16 | – |
| Kauptúni | 8-18 | 10-17 | 11-17 |
| Granda | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| Selfossi | 8-18 | 10-16 | 12-16 |
| Akureyri | 8-18 | 10-16 | – |
| Suðurnesjum | 8-18 | 10-16 | – |
| Reyðarfirði | 8-18 | 10-14 | – |
| Akranesi | 8-18 | 10-14 | – |

**Sjá nánar opnunartíma verslana á www.BYKO.is**

## Vaxtalaust lán í BYKO!

**0%**

**VAXTALAUS LÁN**

3% lántökugjald og 295 kr. greiðslugjald á hverja borgun.

Sjá nánar á www.BYKO.is

## Gerðu ráðstafanir í tíma!



Björn Jóhannsson landslagsarkitekt mun sjá um ráðgjöfina.

### Ráðgjöf landslagsarkitekts

**Pöntun á ráðgjöf:**

Skráning á netfangið **margret@byko.is** og í síma **515 4135** alla virka daga.Hver viðskiptavinur fær hálftíma ráðgjöf sem kostar **kr. 5.900**, sem nýtist sem inneign þegar keypt er efni í garðinn hjá BYKO.





**Auðvelt að átta sig!**

Allar tillögur eru gerðar í þrívídd og viðskiptavinurinn fær teikningarnar sendar á netfang eða með pósti innan viku frá ráðgjöf.

BYKO

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **LISA EDELSTEIN** leikkona er 45 ára

*„Það sem er erfiðast við að vera grænmetisæta eru skórnir. Ég meina það er eini erfiði hlutinn, að finna skó sem ekki eru gerðir úr leðri.“*

## Merkisatburðir

1481 Hans konungur tók við af föður sínum Kristjáni 1. sem konungur Danmerkur og Noregs.

1502 Portúgalar uppgötvuðu eyna Sankti Helenu.

1904 FIFA var stofnað í París.

1927 Charles Lindberg flaug fyrstur manna einn yfir Atlantshafið.

1979 Miklar verðhækkanir á bensíni urðu til þess að bifreiðaeigendur mótmæltu og þeyttu flautur í tvær mínútur.

1997 Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon voru fyrstir Íslendinga til að stíga á tind Everest.



**METNAÐARGJARNAR FIMLEIKAKONUR** Hópurinn hefur æft öll kvöld fyrir afmælissýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FIMLEIKAFÉLAGIÐ BJÖRK: FAGNAR 60 ÁRA AFMÆLI SÍNU UM HELGINA

# Góður grunnur fyrir lífið

Fimleikafélagið Björk fagnar sextíu ára afmæli sínu um helgina og af því tilefni verða haldnar tvær afmælissýningar í dag. „Það verða tvær sýningar í Strandgötunni í Hafnarfirði, önnur er klukkan tvö og hin klukkan fimm,“ segir Ragnhildur Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Fimleikafélagsins Bjarkar. Hún segir alla nemendur félagsins taka þátt í sýningunni, bæði stelpur og stráka, fimleikafólk og klifrara. „Það er mikill metnaður lagður í sýninguna sem æft hefur verið fyrir í nokkra mánuði.“

Á sýningunni verður meðal annars hópur sem samanstendur af fimleikastelpum úr Björkinni sem urðu Íslands- og bikarmeistarar á tímabilinu 1976 til 2004. „Þetta eru þrjár kynslóðir sem flestar eru hættar að æfa fimleika en koma saman á afmælum eða viðburðum hjá Björkinni,“ segir Ragnhildur en þær hafa hist á hverju kvöldi til að æfa fyrir sýninguna.

„Við erum búnar að æfa flottan dans sem Steinunn Ketilsdóttir samdi og kenndi okkur,“ upplýsir Ragnhildur en Steinunn lærði dans í New York. Ragnhildur segir að flestar í hópnum séu enn þá í mjög góðu formi. „Við gerum okkur lítið fyrir og skellum okkur í heljarstökk á æfingum,“ segir Ragnhildur brosandi. Að sögn hennar er góð samstaða innan hópsins eins og hjá öðru íþróttafólki í Björkinni. En hver er ástæða þessarar samstöðu, sem þó spannar þrjár kynslóðir fimleikakvenna? „Við vorum allar með sama þjálfarann, Hlín Árnadóttur. Hún er enn að þjálfa í Björkinni og hefur gert það í rúm fjörutíu ár,“ útskýrir Ragnhildur og bætir við að félagið sé eins og hálfgerð fjölskylda. „Það verður til þess að við komum alltaf aftur.“

Ragnhildur segir fimleikakrakka vera skipulagða. „Þetta er mjög metnaðargjarnt fólk. Þegar við hittumst 25 ára vorum við allar í háskólanum og núna erum við allar komnar með fjölskyldu og börn. Við erum svolitlar öfgamanneskjur en fimleikar eru góður grunnur fyrir lífið.“

**martaf@frettabladid.is**



†

*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður og afa,*

**Erlings Þórs Proppé**

Sérstakar þakkir til þeirra starfsmanna á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sem sinntu honum af virðingu og alúð síðastliðin ár.

**Fanney Proppé Eiríksdóttir**
**Anna María Proppé** **Þormar Sigurjónsson**
**Ástráður Þór Proppé**
**Erling Proppé Sturluson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bergþóra Kristjánsdóttir**
Húnabraut 7, Blönduósi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Blönduóss mánudaginn 9. maí. Útför verður gerð frá Blönduósskirkju laugardaginn 21. maí klukkan 11.00.

**Þórunn Pétursdóttir**
**Kristján Pétursson**
**Pétur Arnar Pétursson** **Helga Lóa Pétursdóttir**
**Guðrún Soffía Pétursdóttir** **Guðjón Guðjónsson**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Jóna Guðmundsdóttir**
Gulaþingi 9, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 14. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Anna Júlíana Sveinsdóttir** **Rafn A. Sigurðsson**
**Einar Sveinsson**
**Margrét Heinreksdóttir**
**barnabörn og langömmubörn**



†

*Útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigurbjargar Gísladóttur**

fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 25. maí kl. 15.00.

**Margrét Friðbergsdóttir** **Bergþór Halldórsson**
**Högni Bergþórsson**
**Sigurbjörg H. Bergþórsdóttir** **Karl Sæberg Jónsson**
**Halldóra Bergþórsdóttir** **Gestur Svavarsson**
**og barnabarnabörn**


GI GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is




†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hólmfríður Björnsdóttir**
Furugrund 32, Kópavogi,

lést mánudaginn 16. maí. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð L5 Landakoti, sími 543-9890.

**Elsa Jóhanna Ólafsdóttir** **Rúnar Jónsson**
**Droplaug Ólafsdóttir**
**Þorsteinn Ólafsson** **Jóna Fanney Kristjánsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Ingellu Þórðardóttur**
Sóleyjargötu 10, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A-7 Landspítalanum Fossvogi.

**Margrét Ármannsdóttir** **Þorvaldur Jónasson**
**Ármann Ármannsson** **Sigurbjörg Ragnarsdóttir**
**Þóra Emilía Ármannsdóttir**
**Ásmundur Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**




KIRKJUGARÐAÞJÓNUSTA

FYRIR ÞÁ SEM VILJA HAFA LEIÐI ÁSTVINA SINNA FALLEG

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA OG MJÖG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ

BORGARHÓP EHF.

893 4034 • 893 4007 • borgarhop@simnet.is



Glænýjar vörur beint frá London!
FATA MARKAÐUR
LAUGARDALS HÖLL
LAUGARDALSHÖLLIN
Koma svo... Ekki missa af okkur beibís!
Loka-helgi!
Opið alla helgina frá kl. 12:00 - 19:00
Kr. 3.490
Stærðir: 35-40
Kr. 3.490
Stærðir: 25-30
Kr. 2.490
Stærðir: 23-27
Kr. 3.490
Stærðir: 39-45
Kr. 2.990
Stærðir: 31-37
Kr. 2.490
Stærðir: 23-28
Kr. 2.490
Stærðir: 20-24
Kr. 3.490
Stærðir: 26-30
Kr. 10.990
Stærðir: 40-46
Peak
Körfuboltaskór
Aðeins þessa helgi
14. - 15. maí.
Súper Skór í Laugardalshöllinni
Mikið úrval af góðum skóm á betra verði
-SÚPERSKÓR-
ÞÚ FINNUR SÖMU SKÓNA Á SAMA FRÁBÆRA VERÐINU Í VEFVERSLUN OKKAR www.superskor.is



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Klara Svanlaugsdóttir**

fv. hjúkrunarkona,

lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 23. maí kl. 13.00. Aðstandendur vilja færa starfsfólki deildar E3 á Hrafnistu þakkir fyrir alúð og góða umönnun. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á líknarfélög.

Eva Thorstensen — Böðvar Sigvaldason
Erna Thorstensen — Ágúst Þór Oddgeirsson
Óli Viðar Thorstensen — Anna Laxdal Agnarsdóttir
Svanhildur Thorstensen
Baldur P. Thorstensen — Halldóra Georgsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

# Heillandi efni í heimildarmynd

Morgun einn þegar kvikmyndagerðarmaðurinn Ragnar Trausti Ragnarsson var að lesa Fréttablaðið fann hann efni sem hann dauðlangaði að mynda. Það fjallar um hljómsveit í Klúbbnum Geysi.

„Ég var búinn að leita lengi að efni í heimildarmynd og hafði ekki dottið niður á neitt. En þegar ég rakst á nýlega umfjöllun í Fréttablaðinu um hljómsveitina Kela og kiðlingana hjá Klúbbnum Geysi fannst mér hún strax heillandi,“ segir Ragnar Trausti Ragnarsson kvikmyndagerðarmaður. Það sem honum finnst hvað áhugaverðast er hvernig tónlistin hefur hjálpað þeim sem eru með geðsjúkdóma á bak við sig að takast á við lífið aftur og hvað hún gefur þeim mikið. „Ég hafði samband við forsprakka hljómsveitarinnar og fékk að koma í heimsókn. Ég gerði hópnum ljóst að ef einhver vildi ekki vera í mynd gæti ég ekki gert þetta en það voru allir jákvæðir.“

Ragnar Trausti vill hafa myndina þannig að hann verði sem fluga á vegg. „Ég er nú kannski ekki alveg búinn að negla niður hvernig uppbyggingin verður en eins og ég hef lært heimildarmyndagerð fer maður á staðinn og tekur upp eins mikið og maður getur, er með einhverja beinagrind í huganum en svo verður myndin til í klippiherberginu. Við ræddum það að taka upp tónleika og bandinu hefur dottið í hug að semja sérstakt lag fyrir myndina.“

Ragnar Trausti sér fyrir sér 50 mínútna mynd en kveðst kannski ekki byrja fyrr en í haust og halda svo áfram næsta ár. „Svona heimildarmynd krefst langs tíma. Mér finnst ég þurfa að kynnast fólkinu án þess að vera með myndavélina á því. Svo langar mig að fylgja hverjum og einum eftir og upplifa hvernig daglegt líf tvinnast saman við hljómsveitina og Klúbbinn Geysi.“

Eins og er stoppar verkefnið á fjármagnsskorti. „Ég er ekki með neitt framleiðslufyrirtæki á bak við mig og er búinn að hafa samband við nokkrar stofnanir en þar er ekkert að hafa,“ segir Ragnar Trausti. „En þetta er langtímaverkefni og vonandi rætist úr.“ gun@frettabladid.is



**HLAKKA TIL** Ragnar Trausti með Kela og kiðlingunum í Klúbbnum Geysi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Vals Sigurðssonar**

klæðskerameistara,
áður til heimilis Skúlagötu 40.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild V-2, Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut, fyrir þeirra frábæru umönnun og aðstoð.

Halldóra Ó. Guðlaugsdóttir
Arnbjörg Guðmundsdóttir — Ólafur Jón Sigurðsson
Elín Guðmundsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir — Finn Sörensen
Óli Valur Guðmundsson — Jan-Ola Hjelte
barnabörn og barnabarnabörn.



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa*

**Hreins Óskarssonar**

múrarameistara, Mýravegi 113.

Sigurjóna Kristinsdóttir
Margrét Kristín Hreinsdóttir — Sigurður Valur Ingólfsson
Agnea Björg H. Sandvold — Jon Cristian Sandvold
Guðrún Hreindís Hreinsdóttir
Kristinn Hreinsson — Kolbrún Jónsdóttir
og afabörn



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Guðmundar Jónssonar**

Birnustöðum, Skeiðum.

Sigrún Kristbjörnsdóttir
Valgerður Guðmundsdóttir — Þórarinn Óskarsson
Guðlaug Guðmundsdóttir — Haraldur M. Kristjánsson
Kristbjörn Guðmundsson — Sigrún Magnúsdóttir
Jóna Guðmundsdóttir — Gísli Sigurðsson
Jón G. Guðmundsson — Kristín Guðmundsdóttir
Ágúst Guðmundsson — Jóhanna Valgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Hjartkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Ármann Sigvaldason**

Borgartúni, Þykkvabæ,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 18. maí. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju miðvikudaginn 25. maí kl. 14.00.

Jóna Katrín Guðnadóttir — Sigvaldi Ármannsson
Dagný Sigvaldadóttir
Eyþór Jónsson
Guðni Sigvaldason — Sigrún Þorsteinsdóttir
Sigurjóna Sigvaldadóttir — Emil J. Ragnarsson
Margrét Á. Sigvaldadóttir — Óskar E. Aðalsteinsson
Guðfinna B. Sigvaldadóttir — Erlendur R. Guðjónsson
og fjölskyldur.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Hafsteins Bjarnasonar**

Látraströnd 3, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs í Hafnarfirði fyrir umhyggju og vinarþel.

Magnea Rósa Tómasdóttir
Sigríður Erla Gunnarsdóttir
Áslaug María Gunnarsdóttir
Agnar Darri Gunnarsson — Inga Gottskálksdóttir
og barnabörn.



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Jónsson**

bifreiðastjóri
Víðivöllum 26, Selfossi,

lést af slysförum þriðjudaginn 17. maí. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 27. maí, kl. 13.30.

Guðmunda Ólafsdóttir
Jón Viðar Guðjónsson — Carola Ida Köhler
Steinþór Guðjónsson — Sigríður Garðarsdóttir
Reynir Guðjónsson — Soffía Stefánsdóttir
Guðbjörg Guðjónsdóttir — Sigurður Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabarn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu*

**Elínborgar Maríu Einarsdóttur**

Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Lerkihlíðar á dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Tryggvi Harðarson — Freyja Guðmundsdóttir
Sigríður Harðardóttir
Svavar Harðarson — Brynhildur Pálsdóttir
Birna Harðardóttir
og ömmubörnin öll.



*Elskuleg systir mín og móðursystir*

**Margrét G. Eyjólfsdóttir**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 16. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu, þriðjudaginn 24. maí kl. 13.00.

Oddný Eyjólfsdóttir
Ólína Ágústa Jóhannesdóttir — Kjartan Georg Gunnarsson
Jóhannes Ágúst Jóhannesson — María Skaftadóttir
Anna Margrét Jóhannesdóttir — Högni Hróarsson
og fjölskyldur


Góða kaffið
í nýjum umbúðum
GEVALIA
ANNO 1920
Original
500g
Gríptu pakka í næstu verslun
GEVALIA
Það er kaffið

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.IKNOWTHAT.COM/** er kennslusíða fyrir krakka þar sem hægt er að velja sér efni eins og listir, stærðfræði, teiknimyndir og fleira og fræðast um það með því að leysa ýmsar þrautir tengdar viðkomandi efni.






## BRANDARAKISTAN

**Þrír ánamaðkar komu upp úr moldinni eftir rigningu og annar sagði við hinn: „Þú ert svo sætur! Ég elska þig!"**

**Þá sagði sá þriðji: „Ertu eitthvað ruglaður? Þú ert að tala við afturendann á þér!"**

**Einu sinni voru tvö bláber sem voru hjón. Karlinn sagði; „Mér er kalt." „Já, auðvitað," sagði þá konan, „þú ert ber."**

**Einu sinni var gamall blindur maður sem var úti að labba með pappakassa í bandi. Lögga ein sá það. „Fallegur hundur sem þú átt," sagði hann, því hann hélt að maðurinn héldi að pappakassinn væri hundur. Þá svaraði sá blindi: „Sérðu ekki að þetta er pappakassi?" Löggan roðnaði og fór burt. Þá sagði gamli kallinn: „Þarna göbbuðum við hann Snati!"**

**Hver er munurinn á lauk og fiðlu?**
**Það grætur enginn þegar fiðlan er skorin.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# KANN AÐ LÁTA MANNESKJU SVÍFA

**Einar Aron Fjalarsson, fimmtán ára, æfir töfrabrögð í þrjá til fjóra tíma á dag. Sviðsnafn hans er Einar einstaki og sýnir hann töfrabrögð við ýmis tækifæri. Hann segir alla geta lært að töfra.**

**Af hverju fékkstu áhuga á töfrabrögðum?** Ég sá töframann sýna töfrabrögð á Glerártorgi á Akureyri. Ég heillaðist upp úr skónum og þá ákvað ég að þetta væri það sem ég þyrfti að læra. Ég fékk svo töfrabók í jólagjöf frá Jóel bróður mínum og þá varð ekki aftur snúið.

**Hvenær byrjaðir þú að læra að töfra?** Um jólin 2005, strax eftir að ég fékk töfrabókina.

**Hvert var fyrsta töfrabragðið sem þú lærðir?** Það er svo langt síðan. Ætli það hafi nú ekki samt verið úr Töfrabragðabókinni. Þar lærði ég til dæmis hvernig á að láta manneskju svífa.

**Hvernig getur maður lært töfrabrögð og getur hver sem er lært þau?** Ég byrjaði á því að skoða bækur þar sem töfrabrögð eru kennd, svo sendu nokkrir félagar í Hinu íslenska töframannagildi mér nokkur töfrabrögð sem hjálpuðu mér. Eftir það fór ég að hitta töframenn sem hafa hjálpað mér mikið. Það geta allir lært einföldustu töfrabrögðin, en þegar komið er í flóknari brögð geta aðeins færir töframenn það. En allir geta komist langt með miklum áhuga og mikilli æfingu.

**Hvað æfir þú þig mikið?** Allur minn frítími fer í það að æfa mig. Á venjulegum degi eru þetta svona 3-4 klukkustundir og svo enn meira um helgar.

**Eru töfrar bara plat eða eru til alvöru töfrar eins og í Harry Potter?** Þetta eru náttúrulega sjónhverfingar en mér persónulega finnst það langt og leiðinlegt orð svo að ég kýs að kalla sjónhverfingar töfra eða töfrabrögð eða einfaldlega trikk. Harry Potter fór í Hogwarts sem er galdraskóli en sjálfur trúi ég ekki á galdra.

> Það geta allir lært einföldustu töfrabrögðin, en þegar komið er í flóknari trikk, geta aðeins færir töframenn það.



**Af hverju kallar þú þig Einar einstaka?** Ég vildi hafa það Einar eitthvað og spurði pabba, sem kom svo með þetta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Að sjálfsögðu held ég áfram að vera töframaður. Þegar ég var ungur langaði mig til þess að vinna á bensínstöð og svo langar mig til þess að verða öryggisvörður. Annars stefni ég á það að læra íþróttafræði, en ég æfi frjálsar íþróttir hjá Ungmennafélagi Akureyrar (UFA).

**Í hvaða skóla ertu?** Ég er að klára 9. bekk í Síðuskóla á Akureyri.

**Hvað finnst krökkunum um að þú sért töframaður?** Ef þú meina krakkana í bekknum þá held ég að þeim finnist það bara fínt án þess að vita neitt um það. En það eru oft krakkar sem snúa sér við í búðum og segja: Þetta er Einar einstaki."

**Hvað tekur þú oft að þér að sýna fyrir fólk og við hvaða tækifæri?** Ég reyni að taka öllu sem mér er boðið. Ég hef komið mikið í vinnustaðaskemmtanir, árshátíðir, stjórnmálakaffi, stórafmæli, útihátíðir, barnaafmæli og í fyrra sýndi ég í brúðkaupi. Ég hef farið í nokkra leikskóla en þá tek ég með mér vin minn Tralla trúð sem ég kynntist á Húsavík þegar ég bjó þar. Annars tek ég að mér að sýna við flest öll tilefni.

**Áttu þér einhverja fyrirmynd?** Pabbi og mamma eru mínar fyrirmyndir. Þau eru snilld.

**Hver er besti töframaður heims?** Það fer eftir því hvernig töfrabrögð þeir sýna. Lance Burton er meistari, mín skoðun á honum er að hann sé lifandi goðsögn.

**Áttu einhver önnur áhugamál?** Já, íþróttir. Íþróttir eru æðislegar.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Allur matur á að fara upp í munn og ofan í maga.

**Eitthvað að lokum?** Já ég vil minna á heimasíðuna mína www.einareinstaki.com

Sumaropnunartími

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM
kl. 11 til 15 eins og venjulega í Lágmúla 8
– heimilistækjadeild og hljómtækjadeild.
Lokað í HTH innréttingum.

LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM
í SAMSUNG SETRINU, HTH Lágmúla,
ORMSSON Keflavík og ORMSSON á Akureyri.
Opnað aftur á laugardögum eftir verslunarmannahelgi.

SAMSUNG ORMSSON HTH



## KRAKKARÝNI

Valþór Reynir Gunnarsson 10 ára ★★★★ LEIKHÚS

## Eldfærin í Borgarleikhúsinu

**Var gaman á Eldfærunum?** Já, það var mjög skemmtilegt.

**Var eitthvað sem þér fannst leiðinlegt í sýningunni?** Nei, ekkert sérstakt. Kannski aðeins of stutt.

**Með hverjum fórstu á sýninguna?** Pabba, mömmu og Rönnu, litlu systur minni.

**Skemmtu fullorðnir sér jafn vel og krakkarnir?** Ég var ekkert að fylgjast með því.

**Þekktirðu söguna áður?** Já. Ég hef oft heyrt hana. Svo á ég líka bók með flestum ævintýrum H.C. Andersen.

**Var sýningin lík ævintýrinu eins og þú þekkir það?** Nei, það var búið að bæta miklu gríni inn í leikritið, sem var ekki í sögunni.

**Hvernig leist þér á prinsessuna?** Erfið spurning, en Þröstur Leó gerði þetta ágætlega. Hann var fyndin prinsessa.

**Hvernig líkaði þér tónlistin?** Hún var skemmtileg.



**Varstu einhvern tímann hræddur?** Nei.

**Mælirðu með henni við aðra krakka?** Já, ég geri það.

***Niðurstaða:*** *Fín sýning sem ég mæli með, sérstaklega fyrir krakka á aldrinum þriggja til átta ára.*

# VORSPRENGJA

## TIL MÁNUDAGS

**Full búð af frábærum tilboðum!**

## Vortilboð



**Simo Trille 487**

**kr. 39.990.-**

**Fullt verð kr. 69990.-**

Flott, létt og lipur svefnkerra frá Simo.
Til í svörtu, brúnu og bleiku.



**Maxi Cosi Capriofix - 2010 árgerð**

**kr. 21.990.-**

**Fullt verð kr. 28.990.-**

Vinsælasti ungbarnastóllinn frá Maxi-Cosi
enda léttur og þægilegur.



**Quinny Buzz 3ja hjóla**

**kr. 79.990.-**

**Fullt verð kr. 99.990.-**

Vinsælasta kerran frá Quinny. Hægt
er að festa Maxi Cosi ungbarnabílstól
og Quinny burðarrúm á kerrugrindina.
Takmarkað magn.



**Maxi Cosi City CX**

**kr. 37.990.-**

**Fullt verð kr. 51.990.-**

Létt og góð regnhlífakerra. Hægt að smella
Maxi Cosi ungbarnabílstól á kerruna. Til í svörtu.



**Maxi Cosi Priori XP**

**kr. 29.990.-**

**Fullt verð kr. 44.900.-**

Maxi Cosi Priori XP
veitir hámarkshliðarvörn
í höfuðpúðum. Nokkrar
hallastillingar.



**Doomoo Seat ömmustóll**

**kr. 19.990.-**

**Fullt verð kr. 25-27.990.-**

Doomoo Seat ömmustóll og
grjónapúði sem vex með barninu.
Margir litir og mynstur í boði.



**Primanova barnapíutæki**

**kr. 13.990.-**

**Fullt verð kr. 15.990.-**

8 rásir, dregur 500 metra og hægt
að staðsetja ofan í vagni/rúmi.



**Babyart gifsvörur**
**-20 % afsláttur**



**10-60% afsláttur**
**af öllum fatnaði**

**Carena ferðarúm**

**kr. 10.990.-**

**Fullt verð kr. 16.900.-**



Létt og gott ferðarúm sem auðvelt
er að brjóta saman. Taska fylgir með.

*Allt fyrir börnin*

**fífa**
**SÍÐAN 1978**

STOKKE MAXI-COSI Simo Quinny BABYBJÖRN BRIO easywalker

FÍFA (Húsgagnahöllinni) – Sími 552 2522 – www.fifa.is    Opið: Mán-fös kl.10-18, laugard. kl.10-17, sunnud kl. 13-17.    Gildir á meðan birgðir endast

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, 6. átt, 8. mælieining, 9. upphrópun, 11. bókstafur, 12. sljóvga, 14. yfirstéttar, 16. í röð, 17. gagn, 18. kæla, 20. búsmali, 21. sæla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** faðmlag, 3. upphrópun, 4. pensillín, 5. rá, 7. syndafyrirgefning, 10. fálæti, 13. vöntun, 15. bakhluti, 16. tugur, 19. tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lofs, 6. na, 8. júl, 9. úff, 11. ká, 12. slæva, 14. aðals, 16. tu, 17. nyt, 18. ísa, 20. fé, 21. unun.
**LÓÐRÉTT:** 1. knús, 3. oj, 4. fúkalyf, 5. slá, 7. aflausn, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 16. tíu, 19. au.





nítjánda.
Galdurinn á bakvið grillið
.. sjóðheitt og spennandi grillnámskeið



Ógleymanleg kvöldstund
þar sem snillingar Nítjándu og Argentínu fara á kostum og kenna vönum jafnt sem óvönum galdurinn á bakvið grillið

Næsta námskeið er fimmtudaginn 26. maí

Frábært námskeið sem þú mátt ekki missa af og því um að gera að bóka sig strax.

nítjánda.

Turninum | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Sími 575 7500 | www.nitjanda.is


# Tryggvi Þór, þjáningarbróðir

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Alþingismaðurinn Tryggvi Þór Herbertsson upplýsti í viðtali í vikunni að laun þingmanna væru allt of lág. Sérstaklega fyrir þá sem störfuðu áður í fjármagnsþrútnari geirum þjóðfélagsins og væru vanir ákveðnum lífskjaraviðmiðum, sem hefðu orðið til vegna góðrar menntunar og hárra launa.

**ÁTAKANLEGT** var að fylgjast með umræðunni sem skapaðist í kjölfarið. Fólk virðist ekki hafa samúð með Tryggva Þór, sem þarf að sætta sig við rúma hálfa milljón í grunnlaun á mánuði og einhverja hundraðþúsundkalla í viðbót við það.

**SAMÚÐ** mín gagnvart Tryggva Þór er djúpstæð, enda veit ég hvernig honum líður. Ég hef einnig þurft að sætta mig við breytt lífskjaraviðmið, en lífsstíll minn hefur tekið stakkaskiptum í kjölfar launalækkana sem fylgdu hruninu; ég fer sjaldnar með fötin mín í þvottahús og neyðist til að þvo oftar sjálfur, ég kaupi bensín í smáum skömmtum í stað þess að fylla á tankinn og hugmyndir mínar um að ráða aðstoðarmann eru í besta falli fjarlægur og óframkvæmanlegur draumur.

**ERFIÐAST** var að kveðja kostnaðarsamt verkefni sem hófst í góðærinu. Draumurinn var nefnilega að fara í nýtt sokkapar á hverjum degi til æviloka. Ekkert jafnast á við tilfinninguna að finna nánast ósnert pólýester þrýstast upp að löppinni á mjúkan en þó stífan hátt sem notað sokkapar leikur ekki eftir. Á sólríkum útborgunardegi lét ég drauminn rætast og gekk stoltur út úr ónefndri verslun með 40 sokkapör í poka. Rúmur mánuður af nýjum sokkum beið mín. Mánuður drauma minna.

**SKÖMMU** síðar fór hér allt til fjandans. Launin lækkuðu, kaupmáttur rýrnaði og verð á innfluttum gæðasokkum rauk upp. Skýjaborgin var hrunin og eftir sat ég með gríðarlegt magn af notuðum sokkum sem ég neyðist til að þrífa eftir notkun og endurnýta þar til þeir slitna.

**ÞVÍLÍK** martröð. Þjáningarbróðir minn, Tryggvi Þór, veit eflaust hvernig mér líður. Aðeins hann og meðbræður okkar úr efri millistétt vita hvar dagar lífs míns hafa nýjum sokkum sínum glatað.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



Haraldur fremur siðferðilegan glæp

**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HÚSGAGNAHÖLLIN

# Sumartilboð

## GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN OG LITRÍK SMÁVARA FYRIR HEIMILIÐ!

LÍTTU VIÐ OG LÁTTU FARA VEL UM ÞIG!

SPIZY SMÁVARA Í MIKLU ÚRVALI TIL AÐ LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ!



20% AFSLÁTTUR

SÓFASETT OG BORÐ
**199.990**
FULLT VERÐ: 249.990

**LILLESAND** garðsófasett, svart. 2. sæta sófi. B:135 D:72 H:82 cm
Stóll. B:70 D:72 H:82 cm. Borð. B:110 D:53 H:37 cm.



SON BORÐ + 4 STÓLAR
**79.960**
FULLT VERÐ: 99.950

20% AFSLÁTTUR borð + 4 stólar

**SON** garðborð, svart með glerplötu. Þ:110 H:75 cm. **39.990.**
**SON** garðstóll, svartur. Staflanlegur. **14.990.**



**290**
FULLT VERÐ: 390
**SPIZY** kanna, margar gerðir.



20% AFSLÁTTUR

**23.990**
FULLT VERÐ: 29.990
**SAMBA** sólbekkur, ál/lime, svartur eða fjólublár.



**390**
FULLT VERÐ: 490
**SPIZY** diskamotta, röndótt. 2 gerðir.



20% AFSLÁTTUR

FELLIBORÐ
**15.990**
FULLT VERÐ: 19.990

FELLISTÓLL
**7.990**
FULLT VERÐ: 9.990

**ST. TROPEZ** felliborð, hvítt, 70x70 H:70 cm.
**MARMARIS** fellistóll, lime.

KÖRFUSETT
**3.490**



**SPIZY** körfusett, regnbogalitir.



**SPIZY** geymslubox, orange, grænt eða hvítt.
Lítið **590** fullt verð ~~890~~. Miðstærð **790** fullt verð ~~1.190~~.
Stórt **990** fullt verð ~~1.490~~.



20% AFSLÁTTUR

**7.990**
FULLT VERÐ: 9.990
**KALYMNOS** plaststóll, svartur, orange, lime eða fjólublár.



40% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

BORÐ
**79.990**
FULLT VERÐ: 99.990

STÓLL
**13.990**
FULLT VERÐ: 23.990

**TESSA** borðstofuborð, olíuborin eik. B:90 **L:160** H:75 cm. **69.990**
fullt verð: ~~89.990~~. B:90 **L:200** H:75 cm. **79.990** fullt verð: ~~99.990~~.

**MEGAN** borðstofustóll, svartur.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

EXPO - www.expo.is

# menning
menning@frettabladid.is

**EINAR RÆÐIR HUGVIT** Einar Þorsteinn Ásgeirsson hönnuður ræðir um yfirlitssýninguna Hugvit á listamannsspjalli í Hafnarborg á sunnudag klukkan 15. Einar er þekktur fyrir framúrstefnulega hönnun og rannsóknir á margflötungum sem Ólafur Elíasson hefur til dæmis nýtt við hönnun Hörpu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 21. maí 2011**

**Tónleikar**

**14.00** Á sunnudaginn halda kórarnir í Hamrahlíð tvenna tónleika í tilefni prófloka og sumarkomunnar. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 14 en þeir seinni kl. 16. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

**17.00** Sönghópurinn Norðurljós heldur vortónleika sína í Guðríðarkirkju á sunnudag kl. 17. Miðaverð er kr. 1000 en frítt fyrir börn yngri en 12 ára.






**22.00** Lára Rúnars og Rúnar Þórisson halda tónleika á Græna hattinum í kvöld. Húsið opnar kl. 21 en tónleikarnir hefjast kl. 22. Aðgangseyrir er kr. 1500.

**Sýningar**

**13.00** Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði opnar í dag kl. 13. Sýningin stendur frá 21.-29. maí. Allir velkomnir.

**Hátíðir**

**19.00** Heimsslitahátíð Kjöttrommunnar verður haldin á skemmtistaðnum Bakkusi. Dagskráin hefst kl. 19. Aðgangur ókeypis.

**Sunnudagur 22. maí 2011**

**Tónlist**

**20.30** Jazzpíanóleikarinn Nikolaj Bentzon spilar á Jazzhátíð Garðabæjar í kvöld. Tónleikarnir verða í safnaðarheimilinu, hefjast kl. 20.30 og aðgangur er ókeypis.

**20.30** Söngkonan Anna María Björnsdóttir heldur tónleika í safnaðarheimilinu á sunnudagskvöld kl. 20.30. Tónleikarnir eru liður í dagskrá Jazzhátíðar Garðabæjar.

**Markaðir**

**12.00** Netverslanirnar Bambus.is, Kindaknús, Snilldarbörn og Tamezonline halda taubleiumarkað í dag frá kl. 12-16. Markaðurinn verður á neðri hæð verslunarinnar Maður lifandi.

**Samkoma**

**14.00** Siglfirðingamessa verður í Grafarvogskirkju á sunnudag kl. 14. Séra Vigfús Þór Árnason þjónar fyrir altari. Ræðumaður er Sæmundur Sigurjónsson. Kór Grafarvogskirkju syngur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Þýskir hrifnir af hljóð-Njálu

**Hljóðbók með endursögn Arthúrs Björgvins Bollasonar á Brennu-Njáls sögu er í öðru sæti á lista yfir bestu hljóðbækur á þýsku, sem fimmtán bókmenntagagnrýnendur í Þýskalandi velja einu sinni í mánuði.**



ARTHÚR BJÖRGVIN BOLLASON Hljóðbækur eru vinsælar í Þýskalandi. Á dögunum kom Njála út í endursögn Arthúrs og von er á Eglu og Gísla sögu Súrssonar.

Hljóðbókin kom út fyrir skömmu, ásamt skýringardiskum og endursögn Sigrúnar Valbergsdóttur á Laxdælu, á vegum þýska forlagsins Supposé, sem gefur eingöngu út „talaðar“ (ekki lesnar) hljóðbækur.

„Ég hef að undanförnu ferðast um með kynningu á nýju hljóðbókinni og verið tekið með kostum og kynjum hjá áhugasömum Þjóðverjum,“ segir Arthúr Björgvin.

Endursögnin er rúmlega 60 mínútna löng og segir Arthúr því eðli málsins samkvæmt stiklað á stóru.

„Upptökurnar tóku aftur á móti tvo daga og svo tók við heilmikil klippivinna. Í Njálu koma fyrir um það bil 600 nöfn en í þessari útgáfu koma 42 nöfn við sögu.“

Hljóðbækur njóta sívaxandi vinsælda í Þýskalandi að sögn Arthúrs, sem helgast sumpart af lífsstílnum.

„Margir Þjóðverjar eyða löngum stundum á hraðbrautunum og þá getur hljóðbók verið þægileg dægrastytting.“

Arthúr segir áhuga Þjóðverja á fornbókmenntunum mikinn, enda séu þær álitnar mikilvægur hluti af hinum germanska menningararfi.

> Margir Þjóðverjar eyða löngum stundum á hraðbrautunum og þá getur hljóðbók verið þægileg dægrastytting.
>
> ARTHÚR BJÖRGVIN BOLLASON
> RITHÖFUNDUR OG FJÖLMIÐLAMAÐUR

Á næstunni er Egils saga Skallagrímssonar væntanleg frá sama forlagi í endursögn Arthúrs og síðar Gísla saga Súrssonar. Allar þessar endursagnir á sögunum voru teknar upp 2009 og 2010.

Arthúr býr í Frankfurt í Þýskalandi og tekur meðal annars þátt í að undirbúa heiðurshlutverk Íslands á bókamessunni í Frankfurt í október næstkomandi. Hann er hins vegar staddur við skriftir á Akureyri þessa dagana. Spurður hverju hann sé að vinna að kveðst Arthúr virða þá hjátrú höfunda að tala sem minnst um verk í smíðum. „Það tengist hins vegar fornsögunum – ég er við sama heygarðshornið.“ bergsteinn@frettabladid.is


Opinn fundur

Opinber innkaup til nýsköpunar

Public Procurement for Innovation

Miðvikudaginn 25. maí kl. 13:30-17:00 á Hótel Sögu

Rannís og Samtök iðnaðarins boða til opins fundar um möguleika á að nýta opinber innkaup sem tæki til að örva nýsköpun í samfélaginu. Fundurinn á erindi jafnt til opinberra aðila sem starfa við innkaup eða móta innkaupastefnur og fyrirtækja sem gagn hafa af slíku samstarfi við hið opinbera.

Dagskrá

13:30 **Opnunarávarp** Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

13:40 **European Cooperation on Public Procurement for Innovation**
Luke Georghiou, Manchester Institute of Innovation Research, Manchester University

14:25 **Opinber innkaup til nýsköpunar á Íslandi**
Guðmundur Hannesson, Ríkiskaupum

14:45 **Hverjar eru helstu hindranir nýsköpunar í gegnum opinber innkaup á Íslandi?**
Svandís Nína Jónsdóttir, sérfræðingur á greiningarsviði Rannís

15:00 **Notkun opinberra innkaup til að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi**
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

15:50 **SBRI and Innovation Platforms**
David Golding, Technology Strategy Board, UK

16:20 **Options for EU support for Procurement of Innovation**
Abby Semple, Local Governments for Sustainability Europe

Skráning á rannis@rannis.is

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME
eraprism
EUROPEAN COMMISSION
ÁR NÝSKÖPUNAR

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


# Kaufmann í Eldborg

Jonas Kaufmann, einn fremsti óperusöngvari heims í dag, kemur fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af Listahátíð í Reykjavík.

Kaufmann mun meðal annars syngja þekktar aríur úr óperunum Carmen, Lohengrin, Cavalleria rusticana og Tosca auk þess sem Sinfóníuhljómsveitin leikur vinsæla óperuforleiki. Stjórnandi er Peter Schrottner. Miðar á tónleikana seldust upp fyrir nokkru.

Jonas Kaufmann er fæddur í München í Þýskalandi árið 1969 og hóf feril sinn hjá Staatstheater Saarbrücken árið 1994. Nýverið hlaut hann mikið lof gagnrýnenda fyrir túlkun sína á Don José í Carmen og Cavaradossi í Toscu Puccinis í Covent Garden og nú nýlega kom hann fram ásamt stjörnuliði stórsöngvara í Metropolitan-óperunni, í uppfærslu Roberts Lepage á öðrum hluta Niflungahrings Wagners, Valkyrj-



KAUFMANN Á ÆFINGU Kaufmann er talinn einn fremsti óperusöngvari heims.


SÍGILD DÆGURLÖG

Tónleikar Árnesingakórsins í Reykjavík



**Vortónleikar í Langholtskirkju 25. maí kl. 20.00.**

Sígild dægurlög sem ástsælustu dægurlagasöngvarar okkar gerðu vinsæl á sínum tíma útsett fyrir blandaðan kór og hljómsveit:
Leyndarmál, Litla sæta ljúfan góða, Næturkoss, Sólbrúnir vangar o. m. fl.

Árni Heiðar Karlsson, Einar Scheving og Þorgrímur Jónsson annast hljóðfæraleik.
Kórstjóri er Gunnar Ben.

Miðar seldir við innganginn á 2.000 kr.

SANNKALLAÐ STÓRVIRKI

# Saga Akraness er komin út!




## ÚTGÁFUTILBOÐ Í VERSLUNUM EYMUNDSSON

Saga Akraness, I. og II. bindi, eftir Gunnlaug Haraldsson, er komin út.
Samtals eru bindin 1.100 bls. í stóru broti, prýdd fjölda mynda og korta.
Verkið er hafsjór af fróðleik um sögu svæðisins frá landnámi.

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*







**ÁN TITILS** Sýning með teikningum eftir Tomi Ungerer opnar á morgun.

# Sjónarmið og Tomi Ungerer í Hafnarhúsi

Tvær myndlistarsýningar verða opnaðar í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í dag; annars vegar yfirlitssýningin Sjónarmið – Á mótum myndlistar og heimspeki og hins vegar Teikningar og veggspjöld eftir Tomi Ungerer.

Jón Gnarr borgarstjóri opnar báðar sýningarnar, sem eru hluti af Listahátíð í Reykjavík.

Í Sjónarmið er gerð tilraun til að nálgast heimspekilegar hugmyndir í gegnum einstök myndlistarverk. Átta sýningarstjórar völdu verk úr íslenskri samtímalist, sem verða skoðuð í nýju samhengi. Sýningarstjórarnir eru allir heimspekimenntaðir og hafa áður fjallað um íslenska samtímalist út frá heimspekilegu sjónarhorni. Þetta eru þau Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Gunnar J. Árnason, Gunnar Harðarson, Hafþór Yngvason, Jón Proppé, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir og Ólafur Gíslason.

Samhliða sýningunni verður gefið út greinasafn eftir sýningarstjórana með myndum af verkum á sýningunni. Á sunnudag efna sýningarstjórarnir til opinnar umræðu með þátttöku gesta í Hafnarhúsinu.

Seinni sýningin samanstendur af broti af teikningum og veggspjöldum Toni Ungerer, margverðlaunaðs teiknara og rithöfundar sem er kunnur fyrir beitta samfélagsrýni. Teikningar hans eru ýmist ætlaðar börnum eða fullorðnum.

Á mánudag klukkan 17 heldur Thérèse Willer erindi um Tomi Ungerer og verk hans í Hafnarhúsinu. Fyrirlesturinn fer fram á frönsku og verður þýddur á íslensku á staðnum.



**RUGGUSTÓLL** Verk eftir Baldur Bragason frá 2007 er eitt verkanna á Sjónarmiðum.


Opnir fundir

## Mælikvarðar fyrir virkni rannsókna og nýsköpunar hjá smáþjóðum

**Rannís og Vísinda- og tækniráð efna til opinna funda um mælikvarða fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun hjá smáþjóðum**

**Föstudaginn 27. maí á Hótel Sögu kl. 9-12 og 13-16**

### Gildi mælikvarða fyrir rannsóknir og nýsköpun

09:00 **Opnunarávarp.** Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

09:10 **Gagnsemi mælikvarða fyrir rannsóknir þróun og nýsköpun: um hvað eru þessir mælikvarðar?** Luke Georghiou, Institute of Innovation Research, Manchester University

09:30 **Mælikvarðar smáþjóða - reynsla Íslands.** Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

09:50 **Sýn stærri fyrirtækja á mælikvarða rannsókna, þróunar og nýsköpunar.** Hilmar Janusson, Össuri

10:20 **Kaffihlé**

10:40 **ERA-PRISM mælikvarðar.** Patricia Laurens og Anna-Leena Asikainen

11:00 **Hefðbundnir mælikvarðar fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun.** Þorvaldur Finnbjörnsson, sviðsstjóri greiningarsviðs Rannís

11:15 **Þróun mælikvarða fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun hjá smáþjóðum.** Johan Hauknes, Nordisk institutt for studier av innovasjon, forskning og utdanning

11:40 **Umræður um notagildi mælikvarða fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun hjá smáþjóðum.** Gunther Clar og Maria Nedeva

### Hönnun og notkun mælikvarða fyrir rannsóknir og nýsköpun

13:00 **Hönnun mælikvarða fyrir rannsóknir, þróun og nýsköpun.** Luke Georghiou, Institute of Innovation Research, Manchester University

13:40 **Mælikvarðar á færni til rannsókna og nýköpunar.** Anna María Pétursdóttir, Háskóla Íslands

14:00 **Hönnun mælikvarða, rannsóknir á rannsóknun, þróun og nýsköpun lítilla landa.** Patricia Laurens, Anna-Leena Asikainen og Stephanie Vella

14:20 **Hönnun mælikvarða, gagnsemi fyrir atvinnulíf.** Davíð Lúðvíksson, Samtökum iðnaðarins

14:40 **Kaffihlé**

15:00 **Vinnuhópar**

15:40 **Samantekt og niðurstöður.** Luke Georghiou, Institute of Innovation Research, Manchester University

**Athugið að fundirnir fara fram á ensku.**
**Skráning á rannis@rannis.is**

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME
eraprism
EUROPEAN COMMISSION
Vísinda- og tækniráð
www.vt.is

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


VIÐ ÞEKKJUM TILFINNINGUNA
GRÍPTU DAGINN
Í BANKASTRÆTINU Í DAG
25% AFSLÁTTUR
af völdum fatnaði í dag, laugardaginn 21. maí
Allir dagar eru góðir dagar hjá okkur í Bankastrætinu en í dag verður stemningin einstök.
Á milli kl. 16 og 18 aðstoða sérfræðingar frá Asics og Ecco þig við val á skóm. Við verðum með íslenska tónlist á fóninum og ilmandi kaffi frá Kaffitári fyrir gesti og gangandi.
Þú mátt ekki missa af þessu.
asics
ecco
Kaffitár
CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, Tel. 533 3390
OPIÐ FRÁ 8-20 ALLA DAGA
CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, Tel. 533 3805
MÁN-FÖS 10-18, LAU 11-14
CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, Tel. 533 3003
SKV. OPNUNARTÍMA KRINGLUNNAR
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS



**3 SINNUM HEFUR ELTIHRELLIRINN** David Cocordan mætt heim til leikkonunnar Lindsay Lohan upp á síðkastið. Hún hefur fengið á hann nálgunarbann, en hann hefur hrellt hana síðustu tvö ár.

# Nýtt Hollywood-par

Stórleikarinn Leonardo DiCaprio sleit nýverið sambandi sínu við fyrirsætuna Bar Refaeli. Svo virðist sem DiCaprio hafi verið fljótur að finna ástina á ný því hann er orðaður við Blake Lively, stjörnuna í Gossip Girl.

Aðeins nokkrum vikum eftir að sambandsslit DiCaprio voru opinberuð sást hann í Cannes með Lively. „Hún var hvítklædd og hann var með derhúfu. Þau virtust vera par,“ var haft eftir sjónarvotti. Í vikunni birtust myndir af leikurunum þar sem þau voru í faðmlögum á skútu einni í Cannes.

Í janúar á þessu ári birtu ýmis göturit fréttir af því að DiCaprio og Lively hefðu daðrað duglega og látið vel hvort að öðru í afmæli leikarans Jeremy Renner.



**NÝ ÁST?** Leonardo DiCaprio og Blake Lively hafa sést ítrekað saman eftir að DiCaprio hætti með kærustu sinni, Bar Refaeli. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rífast vegna Siennu

Samband leikaranna Roberts Pattinson og Kristen Stewart stendur völtum fótum um þessar mundir og á það rætur sínar að rekja til ágangs Siennu Miller. Tímaritið Star heldur því fram að Miller sé stöðugt að senda Pattinson smáskilaboð og að það fari fyrir brjóstið á Stewart.

Pattinson og Miller skemmtu sér saman í London eftir frumsýningu kvikmyndarinnar Water for Elephants þar í landi og var Stewart ekki sátt við það. „Kristen og Robert rifust heiftarlega eftir að hún frétti af þessu og hún vildi fá að vita hvort eitthvað hefði gerst á milli þeirra. Sienna hefur einnig verið dugleg að senda Roberti smáskilaboð í gríð og erg. Kristen er viss um að hún sé hrifin af Roberti,“ var haft eftir innanbúðarmanni.



**RÍFAST** Kristen Stewart og Robert Pattinson rífust vegna ágangs Siennu Miller. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vildi ekki barn

Kimberly Stewart á von á barni með leikaranum Benicio del Toro seinna á árinu. Stewart ætlar að ala barnið upp ein og herma heimildir að del Toro sé alls ekki ánægður með fréttirnar.

„Benicio var ekki ánægður með fréttirnar. Hann hefur engan áhuga á að festa ráð sitt og vildi aldrei eignast börn. Hann gerði Kimberly það fullkomlega ljóst að samband þeirra yrði aldrei meira en einnar nætur gaman,“ var haft eftir heimildarmanni. Stewart ætlast þó ekki til þess að del Toro aðstoði hana við uppeldið og nýtur mikils stuðnings fjölskyldu sinnar. Það má þó spyrja sig af hverju del Toro heimtaði ekki að fá að nota verjur fyrst hann er svo mótfallinn barneignum.



**EKKI ÁNÆGÐUR** Benicio del Toro er ekki ánægður með væntanlegan frumburð sinn ef marka má slúðurfréttir vestanhafs. NORDICPHOTOS/GETTY



**GRÁTT OG GLITRANDI** Mexíkóska leikkonan Salma Hayek í glitrandi kjól.



**FLEGNASTI KJÓLLINN** Breska söngkonan Cheryl Cole var djörf í flegnum hvítum síðkjól.



**BLÓM** Leikkonan Rachel McAdams í stuttum kjól með blómum á öxlum og mjöðmum.



**SÆTUR** Alexa Chung í stuttum kjól með síðum ermum í anda sjötta áratugarins.

# Útlitið hvítt í Cannes

**Það var bjart yfir rauða dreglinum á kvikmyndahátíðinni í Cannes þetta árið, en hátíðinni lýkur nú um helgina. Þrátt fyrir að marga fagra kjóla hafi verið að sjá vakti það athygli að flestar stjörnurnar virtust heillast af hvíta litnum í ár. Hvítt hefur einnig verið ráðandi á litaspjaldi sumarsins hjá frægu tískuhúsunum. Leikkonur á borð við Umu Thurman og Rachel McAdams, breska söngkonan Cheryl Cole og tískufyrirmyndin Alexa Chung klæddust allar hvítu í Cannes.**



**FÖLBLEIKT** Leikkonan Gianna Jun í rómantískum kjól.



**GLÆSILEG** Uma Thurman tók sig vel út í kjól með mörgum smáatriðum.



**HÁ KLAUF** Fyrirsætan Doutzen Kroes í síðkjól.



**GEGNSÆTT** Kirsten Dunst í afar fögrum kjól. NORDICPHOTO/AFP






**SJÖUNDA PLATAN** Biggi Veira, Daníel Ágúst og félagar í Gusgus eru mættir með nýja plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Magnað hjá Gusgus

Sjöunda hljóðversplata Gusgus, Arabian Horse, kemur út á mánudaginn. Erlendir dómar um plötuna eru byrjaðir að detta inn og á bresku tónlistarsíðunni Suckinglemons fær hún 9 af 10 mögulegum í einkunn. Þar segir gagnrýnandinn plötuna vera magnaða og að lögin Deep Inside, Over og Arabian Horse séu framúrskarandi góð.

Tíu lög eru á plötunni og syngur Högni Egilsson úr Hjaltalín í þremur þeirra, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Daníel Ágúst syngur í sex lögum og Urður Hákonardóttir í þremur. Undirbúningur fyrir plötuna hófst í sumarbústað í Grímsnesi þar sem grunnurinn var lagður og taktarnir ákveðnir. Á meðal gestaspilara eru Samúel J. Samúelsson og Davíð Þór Jónsson, sem spilar á harmóníku og banjó.

Útgáfutónleikar vegna Arabian Horse verða haldnir í Hörpunni seint í júní eða í byrjun júlí. Gusgus kemur einnig fram á LungA-hátíðinni á Seyðisfirði 16. júlí. Tónleikaferð erlendis er svo fyrirhuguð haustið 2012.



**ENGINN LOFORÐ** Johnny Depp segist ekki hafa þörf fyrir trúlofun og hjónaband en hann hefur verið með Vanessu Paradis í þrettán ár. NORDICPHOTO/GETTY

# Vill ekki hjónaband

Leikarinn og sjarmörinn Johnny Depp hefur engan áhuga á að ganga í hjónaband með kærustu sinni Vanessu Paradis. Þetta kemur fram í nýlegu viðtali sem birtist í breska blaðinu OK.

Depp hefur verið í sambandi með frönsku söngkonunni Paradis í þrettán ár og eiga þau saman tvö börn. „Við finnum ekki þörfina til að gefa hvort öðru loforð opinberlega. Sumir ákveða að feta þá braut en ekki við,“ segir Depp en bætir við að hann sé mikill fjölskyldumaður og sakni hennar mikið þegar hann er á ferðalögum.


Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934
Laugavegi 7
VISA
MasterCard
Nýtt kortatímabil

# Boðnar 40 milljónir

Írsku rapptvíburunum Jedward hafa verið boðnar tæpar fjörutíu milljónir króna fyrir að koma fram í breska raunveruleikaþættinum I´m A Celebrity… Get Me Out Of Here! Samkvæmt götublaðinu The Sun fengu tvíburarnir boðið eftir að hafa lent í áttunda sæti í Eurovision-keppninni í Düsseldorf. Alls sáu 12,7 milljónir Breta þessar fyrrverandi X Factor-stjörnur flytja lagið Lipstick, sem telst mjög mikið þegar Eurovision er annars vegar. Samkvæmt The Sun hefur umboðsmaður Jedward farið fram á um tuttugu milljónir í viðbót ef þeir eiga að koma fram í þættinum. „Hvað sem ykkur finnst um tónlist Jedward þá er ekki um að villast að þeir kunna að skemmta fólki. Þrettán milljónir áhorfenda BBC geta ekki haft rangt fyrir sér."



**JEDWARD** Rapptvíburanir koma líklega fram í breskum raunveruleikaþætti.

# Hlustaði á Bítlana

Poppdívan Lady Gaga segir foreldra sína hafa kynnt fyrir henni tónlist Bítlanna og Led Zeppelin þegar hún var lítil. Tónlistarsmekkur foreldranna hafi mótað hennar eigin smekk. „Foreldrar mínir kynntu mig fyrir laginu Signed, Sealed, Delivered með Stevie Wonder og fyrir Bítlunum þegar ég var yngri," sagði hún. „Vel valið, mamma og pabbi. Þið gátuð ekki látið mig hlusta á Bítlana, Steve Wonder, Bruce Springsteen, Pink Floyd, Led Zeppelin og Elton John án þess að búast við því að ég yrði eins og ég er."



**LADY GAGA** Hlustaði á Bítlana og Led Zeppelin þegar hún var yngri.






**CARIBOU** Stærðfræðidoktorinn Daniel Victor Snaith er forsprakki Caribou.

# Tónleikar með Caribou

Kanadíska hljómsveitin Caribou leikur á Nasa á sunnudagskvöld. Hljómsveitin Sin Fang sem er með samning við þýsku útgáfuna Morr Music hitar upp. Caribou er sviðsnafn stærðfræðidoktorsins Daniels Victors Snaith sem einnig er þekktur undir nafninu Manitoba. Hann breytti nafninu úr Manitoba í Caribou árið 2004 þegar honum var hótað lögsókn.

Síðustu tvær plötur Caribou hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda. Andorra fékk kanadísku Polaris-verðlaunin og Swim var tilnefnd til sömu verðlauna. Enn eru til miðar á tónleikana og fer miðasala fram á Midi.is.



**SJÖTTA PLATAN Á LEIÐINNI** Rokkararnir ljúka við sína sjöttu plötu á þessu ári.

# Ljúka við plötu á árinu

**Rokkararnir í Queens of the Stone Age ætla að ljúka við sína sjöttu plötu síðar á þessu ári. Hljómsveitin hefur verið í hljóðveri að undanförnu en tekur sér pásu til að spila á Glastonbury-hátíðinni á Englandi sem verður haldin í júní. Eftir það er ætlunin að fara beint aftur í hljóðverið. „Platan okkar verður tilbúin í lok ársins. Við eigum til nóg af lögum," sagði forsprakkinn Josh Homme. Hann býst ekki við miklum breytingum á plötunni. „Það er skrítið en okkur líður eins og við höfum ekki lengur neitt að sanna fyrir fólki."**

# SKÓSPRENGJA

## Aðeins 2 dagar eftir

AÐ LÁGMARKI

# 50%

AFSLÁTTUR

Sumarskór í úrvali

Opið

laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn
Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Laus og liðug

Söngkonan Cheryl Cole á að hafa hætt með kærasta sínum, dansaranum Derek Hough. Cole flutti nýverið til Los Angeles, þar sem hún sest í eitt dómarasætið í bandarísku X Factor þáttunum.

„Cheryl tilkynnti Derek að sambandinu væri lokið stuttu eftir að hún flutti til Los Angeles. Þetta tók mjög á Derek því hann hafði stutt hana eftir skilnaðinn hennar og þegar hún veiktist af malaríu,“ var haft eftir heimildarmanni. „Honum finnst hann svikinn og finnst sem Cheryl hafi notað hann. Cheryl er mjög metnaðargjörn og gullfalleg, ég held það sé bara tímaspursmál hvenær hún verður komin með heimsfræga stjörnu upp á arminn.“








# HVÍTIR MIÐALDRA KARLAR Í VANDA

**Mel Gibson, Lars Von Trier, Dominique Strauss Kahn, Charlie Sheen og Arnold Schwarzenegger. Allir eiga þessir menn það sameiginlegt að hafa haldið, á einum tímapunkti, að vald þeirra væri ótakmarkað, ímynd þeirra óhagganleg og þeir sjálfir ósnertanlegir. Annað hefur komið á daginn.**

## LARS VON TRIER (55 ÁRA)



Lars Von Trier er einn hæfileikaríkasti leikstjóri Evrópu. Kvikmyndum hans hefur verið hampað og hrósað af elítunni á kvikmyndahátíðum og stjörnurnar frá Hollywood sækjast eftir að vinna með honum. En sá tími gæti verið liðinn því Trier er búinn að koma sér út úr húsi hjá þeirri hátíð sem hefur dáð hann hvað heitast: Cannes. Ummæli hans um nasista, Adolf Hitler og Albert Speer vöktu sterk viðbrögð og framkvæmdastjórnin ákvað loks að henda honum út.

## ARNOLD SCHWARZENEGGER (63 ÁRA)



Arnold Schwarzenegger var ein dáðasta kvikmyndastjarna heims áður en hann sneri sér, fremur óvænt, að því að stjórna áttunda stærsta efnahagskerfi heims. Addi Svakanaggur, eins og hann er gjarnan kallaður í Andrésblöðunum, hafði yfir sér ímynd hins fullkomna fjölskylduföður, giftur inn í eina elskuðustu fjölskyldu Ameríku; Kennedy-fjölskylduna. En Arnold þreifst ekki með einni konu, egó hans hafði víst taumlausa þörf fyrir að hlaupa af sér hornin og síðustu fréttir benda til þess að þerna á heimili þeirra hjóna hafi síður en svo verið eina ástkona kraftakarlsins.

## MEL GIBSON (55 ÁRA)



Mel Gibson og vandræði hans hafa verið til staðar síðastliðið ár. Hann hefur staðið í heiftarlegri forræðisdeilu við fyrrverandi eiginkonu sína og verið grunaður um að hafa beitt hana heimilisofbeldi. Hann var handtekinn fyrir að keyra fullur og jós úr skálum reiði sinnar yfir gyðinga og þeirra fólk. Gibson stóð þá á hátindi ferils síns, var nánast ósnertanlegur og gat gert kvikmyndir á óskiljanlegum tungumálum en nú vill enginn ráða hann nema í b-spennumyndir.

## CHARLIE SHEEN (45 ÁRA)



Charlie Sheen blótaði öllum í sand og ösku, hann trúði því auðvitað staðfastlega að sjónvarpsþátturinn Two and a Half Men gæti aldrei haldið áfram án hans. Hann gæti því hagað sér eins og hann vildi. En Sheen las spilin vitlaust, honum var sparkað og í ljós er komið að framleiðendur þáttanna sýndu honum einstaka þolinmæði, lánuðu honum tíu milljónir dala og þar fram eftir götunum. Svo fór auðvitað að Sheen fékk sparkið og Ashton Kutcher var fenginn til að hlaupa í skarðið.

## DOMINIQUE STRAUSS-KAHN (62 ÁRA)



Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var handtekinn í New York fyrir að nauðga hótelþernu. Hann var leiddur í járnum fyrir dómara í New York og látinn dúsa í einangrunarklefa á Rikers Island, þeim alræmda stað, en gengur nú laus gegn tryggingu. Í kjölfarið byrjuðu ormarnir að skríða upp úr gryfjunni sinni; honum var lýst eins og kynóðum simpansa, blaðakonur í Frakklandi viðurkenndu að þær þyrðu ekki að ræða við hann einslega og loks viðurkenndi dóttir guðdóttur framkvæmdastjórans að hann hefði reynt að þröngva henni til samræðis við sig. Dominique Strauss-Kahn er enginn venjulegur bankamaður; hann hefur verið heilinn í baráttunni gegn heimskreppunni og var sterklega orðaður við forsetaembætti Frakklands.






# Melódískir meistarar

Tónlist ★★★★

**Ástin og lífið 1971 - 2001**

Magnús og Jóhann

Ástin og lífið 1971-2011 er tvöföld ferilsplata með lögum eftir Jóhann Helgason og Magnús Þór Sigmundsson. Hún kemur út í tilefni af því að fjörutíu ár eru liðin frá því að þeir hófu að starfa saman, en fyrsta plata þeirra félaga, sem hét einfaldlega Magnús og Jóhann, kom út árið 1972. Þeir eru báðir afburða lagasmiðir og þess vegna er ekki erfitt að finna fjörutíu lög eftir þá fyrir safnplötu af þessu tagi. Flest lögin á Ástin og lífið eru vel þekkt og kalla fram minningar hjá íslenskum hlustendum.

Þeir Magnús og Jóhann hafa að sjálfsögðu ekki starfað saman sem dúett samfellt í fjörutíu ár, en þeir hafa haldið sambandinu og haldið tónleika og gefið út plötur saman af og til. Þeir hafa samt aldrei samið lög saman. Á Ástin og lífið er jafnvægið fullkomið. Tíu lög eru á hvorum diski, tíu eftir Magnús og tíu eftir Jóhann.

Bæði Magnús og Jóhann hafa samið mörg lög sem hafa náð vinsældum í flutningi annarra tónlistarmanna. Við getum nefnt sem dæmi Söknuð sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng, Start-lagið Seinna meir, Í Reykjavíkurborg sem Þú og ég flutti og Ást sem Ragnheiður Gröndal söng. Þeir hafa líka sjálfir sungið marga smelli, bæði saman sem Magnús og Jóhann, með Change og á þeim sólóplötum sem þeir hafa sent frá sér. Ástin og lífið er hugsuð sem lagahöfunda- og söngvaraplata og þess vegna eru þau lög sem þeir sjálfir sungu hér í sinni upprunalegu mynd, en þau sem aðrir gerðu fræg eru endurhljóðrituð, nokkur þeirra sérstaklega fyrir þessa útgáfu.

Þetta þýðir að lög eins og Mary Jane, Yakety Yak Smackety Smack, Ástin og lífið, Álfar, Take




Your Time, She's Done It Again, Jörðin sem ég ann og Blue Jean Queen eru hér í þeim útgáfum sem allir þekkja, en Söknuður og Seinna meir í nýjum útgáfum. Auk þess eru tvö ný lög, eitt eftir hvorn höfund. Almennt séð er ég mjög fylgjandi því að upprunalegar útgáfur séu notaðar á ferilsplötum af þessu tagi, en sú millileið sem hér er farin kemur mjög vel út og gefur pakkanum sterkari heildarmynd.

Tónlistarlega hafa þeir félagar komið víða við. Einhvers konar þjóðlagapopp er áberandi og misdramatískar ballöður, en þarna er líka tölvupopp frá níunda áratugnum og rokk.

Á heildina litið er þetta frábært safn. Útgáfan er líka glæsileg. Hönnunin er flott og í fjörutíu blaðsíðna bæklingi sem fylgir eru allir textarnir og upplýsingar um hvert lag fyrir sig, auk ljósmynda og skemmtilegs og fræðandi texta um þá félaga eftir Steinar Berg Ísleifsson. Ómissandi pakki fyrir íslenska poppaðdáendur.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Glæsileg ferilsplata með tveimur af bestu lagasmiðum Íslandssögunnar.

# Magnað KRINGLUKAST

**25%**
**DOMO mínútugrill 1800W**
Verð áður ..................... 11.999
Tilboðsverð ..................... 8.999
Þú sparar ..................... 3.000

**ALLAR HJÓLAVÖRUR**
Hjólalásar
Viðgerðarsett
Hjólapumpa
Hjólatöskur
Brúsastatív
**20%**

Lítill og léttur. Virkar á öll efni. Eyðir lykt. Einfalt og þægilegt. Virkar í 13 mín. í einu
**20%**
**GUFUSLÉTTIR**
Verð áður ..................... 9.990
Tilboðsverð ..................... 7.990
Þú sparar ..................... 2.000

**ERGO RAPIDO skaft/handryksuga**
Verð áður ..................... 19.900
Tilboðsverð ..................... 16.900
Þú sparar ..................... 3.000

**38%**
**MARMARA mortel**
Verð áður ..................... 3.999
Tilboðsverð ..................... 2.499
Þú sparar ..................... 1.500

**KITCHEN AID HRÆRIVÉLATILBOÐ**
Hrærivél + grænmetiskvörn + matreiðslubók
**21%** **22%**

**KITCHEN AID HVÍT**
Verð áður ..................... 98.870
Tilboðsverð ..................... 77.870
Þú sparar ..................... 21.000

**KITCHEN AID LITUÐ**
Verð áður ..................... 101.870
Tilboðsverð ..................... 79.870
Þú sparar ..................... 22.000

**WEBER gasgrill Q220**
Verð áður ..................... 69.999
Tilboðsverð ..................... 62.999
Þú sparar ..................... 7.000

Með öllum Weber grillum fylgir kjöthitamælir

**ALLAR VIFTUR**
**20%**

**23%**
**WEBER gasgrill Q120**
Verð áður ..................... 49.999
Tilboðsverð ..................... 42.999
Þú sparar ..................... 7.000

**WEBER kjúklingastandur**
Verð áður ..................... 6.499
Tilboðsverð ..................... 4.999
Þú sparar ..................... 1.500

**25%**
**WEBER þráðlaus kjöthitamælir**
Verð áður ..................... 8.999
Tilboðsverð ..................... 6.749
Þú sparar ..................... 2.250

8.000 skref á dag og þú heldur í horfinu, meira og þú bætir þig...
- Sýnir km, kkal og tíma
- Nemur hreyfingu í allar áttir
- Núllstillir sig daglega
- Fyrirferðarlítill í vasa eða tösku
- 14 daga minni
- Auðveldur í notkun

**40%**
**SKREFMÆLIR**
Verð áður ..................... 7.999
Tilboðsverð ..................... 4.999
Þú sparar ..................... 3.000

**HEYRNARTÓL með hljóðnema**
**50%**
Verð áður ..................... 999
Tilboðsverð ..................... 500

**20%**
**Garmin 110 sportúr**
Verð áður ..................... 34.900
Tilboðsverð ..................... 27.920
Þú sparar ..................... 6.980

**20%**
**Garmin DAKOTA 10**
Verð áður ..................... 49.900
Tilboðsverð ..................... 39.920
Þú sparar ..................... 9.980

Stærsti skjár í línunni
**33%**
Ótrúlegt verð
**Garmin Nuvi 1440 leiðsögutæki**
Verð áður ..................... 44.900
Tilboðsverð ..................... 29.920
Þú sparar ..................... 15.000

**iRobot VÉLMENNI**

**Roomba 531 ryksuga**
Verð áður ...... 74.900
Tilboðsverð...64.410
Þú sparar.... 7.490

**Roomba 555 ryksuga**
Verð áður ...... 84.900
Tilboðsverð...76.410
Þú sparar.... 8.490

**Scooba 385 skúringarvél**
Verð áður ...... 87.900
Tilboðsverð...79.110
Þú sparar.... 8.790

**TVENNUTILBOÐ**
Scooba 385 skúringarvél + Roomba 555 ryksuga
Verð áður ...... 172.800
Tilboðsverð...151.200
Þú sparar.... 21.600

**29%**
**EXQUISIT eldavél 50cm**
Verð áður ............ 69.900
Tilboðsverð............49.900
Þú sparar ............20.000

**40%**
**EXQUISIT ísskápur m. frysti**
Verð áður ............ 49.900
Tilboðsverð............29.900
Þú sparar ............20.000

**50%**
**SILIKON GOGGUR**
Verð áður ..................... 999
Tilboðsverð ..................... 500

**27%**
**EXQUISIT þvottavél**
Verð áður ............ 74.900
Tilboðsverð............54.900
Þú sparar ............20.000

**40%**
**THERMOS stálbrúsi 0.5 L**
Verð áður ..................... 4.997
Tilboðsverð ..................... 2.997
Þú sparar ..................... 2.000

**VICTORINOX**
**20%**
Allir Victorinox hnífar og hnífapör

**40%**
**TRISTAR hitablásari**
Verð áður ..................... 4.990
Tilboðsverð ..................... 2.990
Þú sparar ..................... 2.000

# byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Loftvél engin olía
**20%**
**SEVERIN poppkornsvél**
Verð áður ..................... 5.489
Tilboðsverð ..................... 4.391
Þú sparar ..................... 1.098



Full búð af æðislegum sumarvörum!
smárar
Til í orange, svörtu ofl.
6.990,-
mjög klæðilegur | 7.990,-
Svartir / gráir | 6.990,-
Gráir/svartir | 10.990,-
Gráir og svartir | 6.990,-
Svartir / silfur | 7.990,-
Hvítir og svartir | 6.990,-
Gráir og bláir | 8.990,-
smárar
KRIGLUNNI,
SMÁRALIND OG
LAUGAVEGI 25

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** verður samkvæmt heimildum fótbolta.net í landsliðshópi Ólafs Jóhannessonar fyrir leikinn við Dani í undankeppni EM sem fer fram á Laugardalsvellinum 4. júní. Ólafur hefur ekki valið Eið Smára í undanförnum tveimur leikjum en Eiður spilaði sinn 63. og síðasta landsleik á móti Portúgal í október síðastliðnum. Eiður Smári hfur spilað 14 af 34 landsleikjum í boði síðan Ólafur tók við landsliðinu í árslok 2007.



**FENGU RAUTT** Guðjón Pétur Lýðsson og Halldór Kristinn Halldórsson fengu báðir rautt þegar Valur og Fram mættust síðast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pepsi-deild karla í fótbolta:

## Enn hiti á milli Vals og Fram?

**FÓTBOLTI** Það er áætluð heil umferð í Pepsi-deild karla á morgun þótt það sé enn óvissa í kringum leik Þórs og FH fyrir norðan vegna slæmra vallar- og veðurskilyrða. Þór og FH eiga að hefja umferðina klukkan 17.00.

Valsmenn fá nágranna sína í Fram í heimsókn en sjö rauð spjöld fóru á loft þegar liðin mættust í Lengjubikarnum í vetur. Valsmenn hafa tapað tveimur síðustu leikjum sínum og Fram hefur aðeins náð í 1 stig af 12 mögulegum.

Topplið KR sækir Stjörnuna heima á gervigrasið í Garðabæ en Stjörnumenn hafa unnið tvo útileiki í röð og eru í 3. sæti. Liðin mætast síðan aftur í bikarnum í næstu viku.

Keflvíkingar taka á móti ÍBV í beinni á Stöð 2 Sport en það má búast við miklum markaleik ef marka má síðustu þrjá leiki liðanna í Keflavík í efstu deild en Keflavík hefur unnið þá alla þrjá með markatölunni 16-4.

Víkingar taka síðan á móti Grindavík í Víkinni og Blikar fá Fylkismenn í heimsókn á Kópavogsvöll. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15 nema Þór-FH (17.00) og Keflavík-ÍBV sem hefst klukkan 20.00. - óój

# Yrði toppurinn að lyfta bikarnum

**Einstakur handboltaviðburður fer fram á knattspyrnuleikvanginum Parken í dag. Þá tekur Íslendingaliðið AG København á móti Bjerringbro-Silkeborg í úrslitum danska handboltans. Heimsmet verður sett á leiknum en 38 þúsund áhorfendur munu mæta. Arnór Atlason fær hugsanlega að lyfta bikar í leikslok.**



**LYFTIR HANN BIKARNUM?** Arnór Atlason gæti lyft meistarabikarnum í Danmörku fyrir framan 38 þúsund manns í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

**HANDBOLTI** „Dagurinn sem maður hefur forðast að ræða um ansi lengi er kominn. Fyrir fyrri leikinn var ekki neitt talað um þann leik heldur voru allir að tala um þennan leik. Maður hefur því reynt að tala sem minnst um hann," sagði Arnór Atlason, fyrirliði AG København, en lið hans og Snorra Steins Guðjónssonar vann fyrsta leikinn og getur orðið meistari með sigri á Parken í dag.

„Þetta verður alveg geggjað. Við fórum á Parken í dag [í gær] og þar var enn grænn knattspyrnuvöllur þannig að það var erfitt að ímynda sér hvernig þetta verður þegar handboltavöllurinn er kominn í staðinn," sagði Arnór. Starfsmenn verða á fullu í allan dag að gera völlinn kláran en leikurinn hefst klukkan 14 og er í beinni á RÚV.

Arnór segir að það hafi verið verk að vinna hjá þjálfarateymi AGK að halda mönnum við efnið í vikunni og hugsa um leikinn en ekki alla þessa umgjörð. Ekki er skrifað eða rætt um neitt annað en þetta heimsmet sem verður sett. Gamla metið er 31 þúsund manns og var sett í Þýskalandi árið 2004.

„Það var rosaleg pressa á okkur að vinna fyrsta leikinn svo það yrði raunhæfur möguleiki að verða meistari á Parken. Sem betur fer tókst það. Krafan um sigur í þessum leik er ekki síðri, enda vilja forráðamennirnir að bikarinn fari á loft í þessari mögnuðu umgjörð. Það væri leiðinlegt að klúðra leiknum. Það verður líklega allt brjálað ef við töpum. Við vitum ekki hvað gerist ef við töpum. Ég veit ekki einu sinni hvar oddaleikurinn verður ef það þarf að spila hann," sagði Arnór og bætti við að leikmenn hefðu hreinlega ekki mátt ræða um Parken í fjölmiðlum.

„Við erum með reynslumikið lið þar sem menn hafa spila í úrslitum Meistaradeildar sem og á Ólympíuleikunum. Þessi sama reynsla er ekki til staðar hjá andstæðingnum, þannig að þessi umgjörð ætti frekar að hjálpa okkur en þeim," sagði Arnór, en leikmenn hafa þrátt fyrir allt ekki getað forðast umræðuna um þennan merkilega leik enda er hún mikil.

„Þetta er í öllum blöðum. Svo er leikurinn sýndur víða um heim og það segir meira en mörg orð um hversu stór viðburður þetta er. Það er nákvæmlega það sem okkar ágæti eigandi [Jesper Nielsen, innsk. blm.] vill. Honum hefur tekist að gera leikinn stóran og félagið þekkt," sagði Arnór, en margir hlógu dátt þegar Nielsen sagðist ætla að fylla Parken.

Arnór lék áður með FCK í Kaupmannahöfn en það félag sameinaðist AG og úr varð ofurliðið AGK. Arnór varð meistari með FCK fyrir tveim árum og þá var ekki hægt að fylla 1.500 manna höll í úrslitunum.

Fari svo að AGK vinni leikinn mun það koma í hlut Arnórs að lyfta bikarnum enda er hann fyrirliði liðsins. Það væri stór stund fyrir þennan geðuga strák frá Akureyri.

„Það væri toppurinn. Ég hugsa ekki um annað enda er það markmiðið. Þetta verður rosalega gaman en ég geri mér grein fyrir að það þarf að spila sextíu mínútur af handbolta áður en sá draumur rætist. Ég ætla líka að njóta dagsins enda er þetta stór dagur fyrir handboltann."

henry@frettabladid.is


Ítalíuævintýri



Bóka þarf fyrir 1. júní
Takmarkaður sætafjöldi

Í fylgd Sigríðar Ellu óperusöngkonu

Saga, söngur og sól

Nú getur þú á átta dögum notið alls þess besta sem Ítalía hefur upp á að bjóða. Upplifað ótrúlega náttúrufegurð, sólríkar baðstrandir, sögulega staði og síðast en ekki síst söngmenningu og glöðu viðmóti Ítala.

Brottför 20. júlí
235.000 kr.

Innifalið í verði:
Flug og ferðir. Glæsilegt 4 stjörnu hótel með morgun- og kvöldmat. Skoðunarferðir með leiðsögn. Vínsmökkun. Tvær óperusýningar. Aðgangur að Puccini-safninu.

Nánari upplýsingar í síma 555 4700 og á www.sunnuferdir.is

SUNNUFERÐIR


Fallslagurinn í fyrirrúmi í lokaumferðinni í ensku úrvalsdeildinni:

## Fimm lið geta fallið á morgun

**FÓTBOLTI** Lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar fer fram á morgun og mun athyglin fyrst og fremst beinast að fallbaráttunni. West Ham féll um síðustu helgi en á morgun ræðst hvaða tvö lið falla með liðinu í ensku B-deildina.

Spennan er mikil, þar sem aðeins eitt stig skilur að fimm næstu lið fyrir ofan West Ham. Þau eru Blackburn og Wolves, sem bæði eru með 40 stig, auk Birmingham, Blackpool og Wigan sem eru öll með 39 stig.

Tvö liðanna, Wolves og Blackburn, mætast innbyrðis og ljóst að jafntefli mun duga hvorugu liðinu ef hin liðin þrjú vinna sína leiki. Þau gætu þó bæði sloppið ef úrslit annarra leikja verða hagstæð.

Verkefni hinna þriggja liðanna eru mismunandi erfið en öll eiga þó útileiki. Wigan mætir Stoke, Birmingham fer í heimsókn til Tottenham og Blackpool þarf að fara á Old Trafford, þar sem Manchester United hefur ekki tapað leik í deildinni á tímabilinu. Það munar einnig litlu á markatölu liðanna og ekki ólíklegt að hún muni á endanum hafa mikið að segja.

Stoke hefur að litlu að keppa þar sem liðið siglir lygnan sjó um miðja deild en Tottenham þarf helst að vinna sinn leik til að komast í Evrópudeildina á næsta tímabili. United er vitaskuld þegar orðið meistari og hefur helst verið rætt um hvort að stjóri liðsins, Sir Alex Ferguson, muni stilla upp sínu sterkasta liði á morgun.

„Edwin van der Sar, Darren Fletcher, Patrice Evra, Paul Scholes, Anderson og Dimitar Berbatov munu spila," sagði Ferguson við enska fjölmiðla í gær en hann hefur vitaskuld annað augað á úrslitaleiknum gegn Barcelona í Meistaradeild Evrópu eftir viku. Hann sagðist þó vilja klára tímabilið í ensku úrvalsdeildinni með sigri.

Leikirnir í lokaumferðinni fara allir fram á sama tíma en þeir hefjast klukkan 15.00 á morgun.

QPR og Norwich eru komin upp í ensku úrvalsdeildina og annað hvort Swansea eða Reading mun fylgja þeim í deild þeirra bestu. - esá



**SKRAUTLEGUR** Ian Holloway, stjóri Blackburn, á erfitt verkefni fyrir höndum í lokaumferðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Fallbaráttan í lokaumferðinni

| Leikirnir: | Staðan (leikir, markat., stig): | | | |
|---|---|---|---|---|
| Wolves - Blackburn | Blackburn | 37 | -14 | 40 |
| Stoke - Wigan | Wolves | 37 | -19 | 40 |
| Tottenham - Birmingham | Birmingham | 37 | -20 | 39 |
| Manchester United - Blackpool | Blackpool | 37 | -21 | 39 |
| | Wigan | 37 | -22 | 39 |
| | West Ham | 37 | -24 | 33 |



## 19 SINNUM ENGLANDSMEISTARAR:

# 1908, 1911, 1952, 1956, 1957, 1965, 1967, 1993, 1994, 1996, 1997, 1999, 2000, 2001, 2003, 2007, 2008, 2009, 2011...

**Manchester United klúbburinn** á Íslandi óskar öllum stuðningsmönnum til hamingju með 19. titilinn. Um leið þökkum við þeim tæplega 3.000 stuðningsmönnum sem eru skráðir félagar í klúbbnum fyrir leiktíðina. Við vonum að þið hafið notið varningsins sem þið hafið fengið frá okkur, skoðað heimasíðuna **www.manutd.is** eða nýtt ykkur forgang á þá 58 ársmiða sem íslenski klúbburinn er með á alla heimaleiki Manchester United á Old Trafford.

Skráning nýrra félaga fyrir leiktíðina 2011–2012 er hafin. Árgjaldið er aðeins kr. 3.000. Nú verða allir með!

**Skráning á www.manutd.is**

MANCHESTER UNITED ®

ICELAND

PIPAR\TBWA • SÍA • AÐEINS STUÐNINGSMENN UNITED Á STOFUNNI KOMU AÐ AUGLÝSINGAGERÐINNI

Kadetten er aðeins einum sigri frá svissneska meistaratitlinum í handbolta:

# Björgvin Páll varði þrjú vítaköst



**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson átti stórleik í gærkvöldi þegar Kadetten vann 26-23 sigur á Pfadi Winterthur í öðrum úrslitaleik liðanna um svissneska meistaratitilinn.

Kadetten er því komið í 2-0 í úrslitaeinvíginu og vantar aðeins einn sigur til viðbótar til að verða svissneskur meistari annað árið í röð.

Björgvin Páll fór mikinn í markinu og varði meðal annars þrjú víti frá leikmönnum Pfadi Winterthur í leiknum. Tvö af þessum vítum varði Björgvin í upphafi leiksins og kveikti með því í sínum mönnum.

Leikurinn í gærkvöldi fór fram á heimavelli Winterthur en Kadetten vann 29-25 sigur í fyrsta leik liðanna.

Björgvin Páll og félagar eiga möguleika á því að verða tvöfaldir meistarar því þeir unnu bikarinn fyrr á þessu tímabili. Þetta er síðasta tímabil Björgvins með Kadetten Schaffhausen en hann hefur samið við þýska félagið SC Magdeburg.

Þriðji leikurinn fer fram á heimavelli Kadetten næsta miðvikudag og þar má búast við troðfullu húsi og svaka flottri stemningu en íslenski landsliðsmarkvörðurinn finnur sig jafnan vel við slíkar aðstæður. **- óój**




MOSFELLSBÆR

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

*Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi?*

**LÁGAFELLSSKÓLI VILL RÁÐA TIL STARFA:**

**Tónmenntakennara á yngsta stig í 70% starfshlutfall**

Á stiginu er m.a. lögð áhersla á hópkennslu í blokkflautuleik. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2011.

**MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:**
- Kennararéttindi
- Reynsla af tónmenntakennslu æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Forstöðumann Frístundasels Lágafellsskóla í 80% starfshlutfall**

Í frístundaselinu fer fram faglegt frístundastarf fyrir nemendur yngsta stigs að hefðbundnum skóladegi loknum. Starf forstöðumanns felur í sér skipulag á faglegu starfi og daglegan rekstur, auk samstarfs við foreldra, starfsfólk grunnskóla og aðra aðila vegna íþrótta- og tómstundastarfs. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2011.

**MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Frístundaleiðbeinendur í 50% starfshlutfall**

Frístundaleiðbeinendur taka þátt í skipulagningu faglegs frístundastarfs og leiðbeina börnum í leik og starfi í samvinnu við samstarfsfólk og starfsfólk grunnskóla.

**HÆFNIKRÖFUR:**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð færni í samskiptum

Um er að ræða hlutastörf og er vinnutími frá kl.13:00. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og geta hafið störf 18. ágúst 2011.

**Umsóknarfrestur um öll störfin er til og með 3. júní 2011**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar veita: **Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200 / 896 8230** og **Sesselja Gunnarsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs í síma 525 9200 / 899 7117.** Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin **johannam@lagafellsskoli.is** eða **sesselja@lagafellsskoli.is.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



**FYRIRLIÐINN** Bjarni Þór Viðarsson er hér í frægum leik U-21 liðsins gegn Þýskalandi í Kaplakrika. Bjarni er leikjahæsti leikmaður liðsins frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bjarni vill losna frá Mechelen

**Bjarni Þór Viðarsson hefur ekki áhuga á því að vera áfram á mála hjá belgíska félaginu Mechelen. Félög bæði í Belgíu og Englandi hafa sýnt honum áhuga.**

**FÓTBOLTI** „Ég tel það afar ólíklegt að ég verði áfram," sagði Bjarni Þór Viðarsson, leikmaður KV Mechelen í Belgíu, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er nokkuð ljóst að ég fer en það mun svo skýrast á næstu dögum eða vikum hvert."

Bjarni segir að sér standi ýmislegt í boða. „Það hafa einhver félög í Belgíu og í næstefstu deild í Englandi sýnt áhuga á mér. Það sem er mikilvægast fyrir mig er að velja rétt og því mun ég taka mér tíma til að hugsa þessi mál vandlega."

Óhætt er að segja að árið hjá Mechelen hafi verið Bjarna Þór mikil vonbrigði enda samdi hann við liðið til fjögurra ára fyrir síðasta tímabil eftir að Mechelen keypti hann frá Roeselari fyrir dágóðan skilding.

„Ég spilaði nú bara 350 mínútur allt tímabilið, sem er nú ekki neitt. Ég vil því fara og ég tel að það væri best fyrir mig og klúbbinn. Það er ekki útlit fyrir að þjálfarinn sé á förum, þar sem hann skrifaði nýlega undir nýjan þriggja ára samning."

Þrátt fyrir það hversu lítið Bjarni hefur spilað er það þjálfarinn sem ákvað að fá hann til félagsins. Það kom því Bjarna á óvart hversu fá tækifæri hann fékk. „Það sem ég hef verið að reyna að fá upp úr honum er hvort hann hafi í raun vitað hvað hann var að kaupa. Hann segist hafa vitað það. Á endanum er það þjálfarinn sem ræður og því er þetta erfið staða."

Bjarni er leikjahæsti leikmaður U-21 landsliðs Íslands frá upphafi með 24 leiki. Hann er fyrirliði liðsins og mun því fara fyrir sínum mönnum á EM í Danmörku sem hefst eftir þrjár vikur í dag.

„Auðvitað væri það best að ganga frá þessum málum áður en mótið hefst en ég mun nýta tímann fram að því að skoða hvaða möguleikar mér standa til boða. Ef mér líst ekki nógu vel á þá verð ég bara rólegur enda á ég enn þrjú ár eftir af samningi mínum í Belgíu – þó svo að mér hugnist ekki að vera áfram þar."

Mechelen mun ekki sleppa Bjarna án greiðslu. „Þeir geta þó ekki farið fram á mikið fyrir leikmann sem þeir hafa lítið sem ekkert notað," segir Bjarni, sem neitar því að ekki að undanfarið ár hefur verið honum erfitt.

„Það hefur ekki verið rosalega auðvelt, sérstaklega þar sem ég var keyptur til liðsins fyrir ágætlega stóra upphæð og er einn af launahærri leikmönnum liðsins. En ég er með gott fólk í kringum mig og komst í gegnum þetta. Tímabilið var þó frekar langt," sagði Bjarni.

„En það er bjart fram undan og stutt í mótið í Danmörku. Ég hlakka mikið til."

**eirikur@frettabladid.is**

Keflavík níu sinnum á topp þrjú eftir 4 leiki frá 2001:

# Hafa byrjað mótið vel í heilan áratug

**FÓTBOLTI** Keflvíkingum var ekki spáð allt of góðu gengi fyrir tímabilið en ef menn skoða söguna undanfarin áratug ætti það ekki að koma neinum á óvart að Keflavíkurliðið sé í öðru sæti eftir fjórar umferðir í Pepsi-deild karla.

Keflavíkurliðið hefur aðeins tapað 7 af 40 leikjum í fyrstu fjórum umferðunum frá 2001, hefur náð í 70 prósent stiga í boði og hefur verið níu sinnum meðal þriggja efstu liðanna á þessum tímapunkti.

Eina árið sem Keflavíkurliðið hefur ekki verið á topp þrjú eftir fjórar umferðir var fyrir 2009 þegar það vann samt 3 af fyrstu 4 leikjum sínum. Keflavík var þá í raun í 3. til 5. sæti en Stjarnan og FH voru ofar, þar sem þau voru með betri markatölu.

Keflvíkingar eru nú eina taplausa lið deildarinnar ásamt toppliði KR en það gæti reyndar hafa verið allt öðruvísi hefði KR-ingurinn Óskar Örn Hauksson ekki jafnað leik liðanna á KR-vellinum með umdeildu marki í uppbótartíma. **- óój**



**TAPLAUSIR** Keflvíkingar hafa ekki tapað leik í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Sæti Keflvíkinga eftir 4 umferðir frá 2001-2011:**

| | |
|---|---|
| **2011** 2. sæti - 8 stig | **2010** 1. sæti - 10 stig |
| **2009** 5. sæti - 9 stig | **2008** 1. sæti - 12 stig |
| **2007** 3. sæti - 7 stig | **2006** 2. sæti - 7 stig |
| **2005** 3. sæti - 7 stig | **2004** 3. sæti - 7 stig |
| **2003** B-deild (2. sæti, 9 stig) | |
| **2002** 2. sæti - 8 stig | **2001** 1. sæti - 9 stig |




Lengjan
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI
Coca-Cola
ICELANDAIR
KSÍ
Alltaf í boltanum

> **Robert De Niro**

„Mér finnst ekkert gaman að horfa á myndirnar mínar – ég sofna yfir þeim.“

*Robert De Niro leikur Vito Corleone, sem kemst til valda á Sikiley og í New York í stórmyndinni The Godfather 2 sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.*



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**

### Damages

Glenn Close er mætt aftur í mögnuðum spennuþáttum. Þetta er þriðja þáttaröðin um lögfræðinginn Patty Hewes sem lætur ekkert stöðva sig. Hún heldur uppi óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga á meðan Ellen Parsons er farin að vinna fyrir saksóknara. Hún flækist þó í mál Patty og spennan eykst þegar náinn samstarfsfélagi þeirra finnst myrtur.



## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Uppruninn og eyðileggingin **11.00** Guðsþjónusta í Útskálakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins **15.00** Dylan um Dylan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Listahátíð í Reykjavík 2011 **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Gullfiskurinn **21.10** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Sker **23.20** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Arkitektar breytinga - Nýbreytni er eftirlíking** – (To Innovate Is to Imitate) (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Hvað veistu? - Lyngby radió kallar** (Viden om: Lyngby radio kalder)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Vogurinn** (The Cove) (e)
**15.20 Eins og við værum** (e)
**15.50 Monica og David** (e)
**16.45 Björgvin - Bolur inn við bein** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.28 Með afa í vasanum** (38:52)
**18.40 Skúli Skelfir** (29:52)
**18.51 Ungur nemur - gamall temur**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Úr Háskólabíói í Hörpu - hljómsveit á tímamótum** Þáttur um síðustu daga Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói.
**20.55 Downton Abbey** (5:7) (Downton Abbey)
**21.45 Sunnudagsbíóið - Fjórum sinnum** (Le quattro volte) Ítölsk bíómynd frá 2010.
**23.10 Silfur Egils** (e)
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Duplicity**
**10.05 Get Smart**
**12.00 Shark Bait**
**14.00 Duplicity**
**16.05 Get Smart**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**22.00 The Godfather 2**
**01.15 Impact Point**
**02.35 Dracula 2: Ascension**
**04.00 The Godfather 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Lalli**
**07.10 Svampur Sveinsson**
**07.35 Könnuðurinn Dóra**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.30 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**09.55 Histeria!**
**10.20 Lína Langsokkur**
**11.30 Sorry I've Got No Head**
**12.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Mad Men** (5:13)
**14.35 Amazing Race** (3:12)
**15.25 Gossip Girl** (14:22)
**16.10 Grey's Anatomy** (20:22)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (15:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk**
**20.20 The Mentalist** (20:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**21.05 Rizzoli & Isles** (2:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og læknirinn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur.
**21.50 Damages** (1:13) Þriðja þáttaröðin með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverki. Lögfræðingurinn Patty Hewes lætur ekkert stöðva sig og heldur upp óbreyttum hætti við að verja misjafna einstaklinga á meðan Ellen Parsons er farin að vinna fyrir saksóknara.
**22.40 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.
**23.25 Daily Show: Global Edition**
**23.55 Glee** (18:22)
**01.05 The Event** (20:22)
**01.50 Nikita** (9:22)
**02.30 The Closer** (4:15)
**03.15 Undercovers** (4:13)
**04.00 Awsome. I Fuckin' Shot That!**
**05.30 Fréttir**

## SPORT — besta sætið

**08.30 SK Telecom Open**
**11.30 Formúla 1** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Katalóníu á Spáni.
**14.00 F1: Við endamarkið**
**14.30 Sterkasti maður Íslands**
**15.30 Þýski handboltinn: Hannover - Kiel** Bein útsending frá leik Hannover og Kiel í þýska handboltanum. Þetta er sannkallaður Íslendingaslagur því með Hannover leika Vignir Svavarsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Sigurbergur Sveinsson en Aron Pálmarsson er í liði Kiel og Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.
**17.10 Spænski boltinn: Real Madrid - Almeria**
**18.55 Guru of Go**
**19.45 Keflavík - ÍBV** Bein útsending.
**22.00 Pepsi-mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla.
**23.10 Box: Jean Pascal - Bernand Hopkins**
**00.30 Miami - Chicago** Bein útsending frá leik Miami Heat og Chicago Bulls í úrslitakeppni NBA. Þetta er þriðja viðureign liðanna í úrslitum Austurdeildarinnar.

## SPORT 2 — enski boltinn

**11.50 PL Classic Matches: Arsenal - Chelsea, 1996**
**12.20 PL Classic Matches: Man City - Man United, 2003**
**12.50 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2003**
**13.20 PL Classic Matches: Leeds - Tottenham, 2000**
**13.50 Premier League World**
**14.20 Premier League Preview**
**14.50 Man. Utd. - Blackpool** Bein útsending frá leik Manchester United og Blackpool í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**17.30 Fulham - Arsenal** Útsending frá leik Fulham og Arsenal í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**19.15 Bolton - Man. City**
**21.00 Everton - Chelsea**
**22.45 Aston Villa - Liverpool**
**00.30 Tottenham - Birmingham**

## EXTRA

**17.05 Bold and the Beautiful**
**18.25 Bold and the Beautiful**
**18.45 Sorry I've Got No Head**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.45 Auddi og Sveppi**
**20.15 American Idol** (36/39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þrír bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**21.40 American Idol** (37/39) Nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**22.25 Sex and the City** (5/20) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**22.55 Sorry I've Got No Head** Stórskemmtilegir þættir þar sem margir af þekktustu grínurum Breta fara á kostum í hlutverkum ýmissa kynlegra karaktera.
**23.25 ET Weekend**
**00.10 Sjáðu**
**00.35 Fréttir Stöðvar 2**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Björn Bjarna**
**18.30 Veiðisumarið**
**19.00 Gestagangur hjá Randver**
**19.30 Bubbi og Lobbi**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu**
**21.30 Kolgeitin**
**22.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## N4

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## SKJÁREINN

**10.40 Dr. Phil**
**13.35 Million Dollar Listing** (3:9)
**14.20 Ungfrú Ísland 2011**
**16.20 Spjallið með Sölva**
**17.00 Survivor** (1:16)
**17.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (2:5)
**18.35 Girlfriends** (16:22)
**18.55 Rules of Engagement** (2:26)
**19.20 Parks & Recreation** (2:22)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (3:50) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur.
**20.10 An Idiot Abroad** (6:9) Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bak við þennan einstaka þátt sem fjallar um vin þeirra, Karl Pilkington og ferðir hans um sjö undur veraldar.
**21.00 The Defenders - LOKAÞÁTTUR** (18:18) Lögfræðingarnir Nick og Pete leggja allt undir á skjólstæðinga sína í borg freistinganna Las Vegas.
**21.50 Californication** (8:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hanks Moody.
**22.20 Blue Bloods** (16:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos-fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra New York borgar.
**23.05 Royal Pains** (16:18)tons.
**23.55 Saturday Night Live**
**00.50 CSI. New York** (9:23)
**01.35 The Defenders** (18:18)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.00 Crowne Plaza Invitational** (3:4)
**10.00 Volvo World Match Play Championship 2011** (2:2)
**16.00 Crowne Plaza Invitational** (3:4)
**18.10 Golfing World** (89:240)
**19.00 Crowne Plaza Invitational** (4:4)
**22.00 Champions Tour - Highlights** (9:25)
**22.55 Golfing World** (90:240)
**23.45 ESPN America**

## BBC entertainment

**07.05** EastEnders **07.35** The Weakest Link **08.25** The Weakest Link **09.10** The Weakest Link **10.00** My Family **10.30** My Family **11.00** My Family **11.30** My Family **12.00** My Family **12.30** My Family **13.00** My Family **13.30** My Family **14.00** ‚Allo ‚Allo! **14.35** ‚Allo ‚Allo! **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.50** ‚Allo ‚Allo! **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.10** ‚Allo ‚Allo! **17.45** Jack Dee Live at the Apollo **18.30** Jack Dee Live at the Apollo **19.15** Jack Dee Live at the Apollo **20.00** The Long Firm **20.55** Jack Dee Live at the Apollo **21.40** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**09.05** Walter og Trofast - En verden af opfindelser **09.35** That's So Raven **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** 100 års spekulation **11.00** Vores Liv. Søren Ryge **11.30** Bonderøven **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Ridesport **14.45** Det vilde Kina **15.35** Herskab og tjenestefolk **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Enhedslistens landsmøde **17.35** Geniale dyr **18.00** Maria Wern **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt **19.50** Kammerater i krig **20.45** Grænsekontrollen

## NRK 1

**07.15** Danske vindyrkere **08.15** Schrödingers katt **08.45** 330 skvadronen **09.20** Fia og klovnene **11.00** Dronningen, Slottet og Linstow **11.30** Kjærlighetshagen **12.00** Ut i nærturen **12.15** Gammel vil du aldri bli **13.15** 4-4-2 **15.30** Under åpen himmel til Santiago de Compostela **16.00** Fysikk på roterommet **16.10** Ingen grenser **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Frå Lark Rise til Candleford **18.55** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.25** Kriminalsjef Foyle **21.00** Kveldsnytt

## svt1

**06.45** Fredagkväll med Malin **07.00** Rapport **07.05** Eurovision Song Contest **10.20** Rapport **10.25** Bored to Death **11.00** Speedway **12.00** Friidrott. Diamond League **14.00** Rapport **14.05** Två kockar i samma soppa **15.00** Fotboll är gud **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mästarnas mästare **19.00** Brottet och straffet **20.30** Hung **21.00** Landgång Australien **21.30** Smartare än en femteklassare **22.30** Krig för fred

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Lestu þessa næst!

„Þetta er mögnuð bók, áhrifamikil og spennandi og rígheldur manni, höfundur er frábær sögumaður!“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Eftir höfund metsölubókanna
*Dóttir hennar, dóttir mín og Góða nótt, yndið mitt*

FRÍTT INN!

# STÓRSÝNINGIN

# Allt á HJÓLUM



## FÍFUNNI • 21.-22. MAÍ 2011

NÝIR BÍLAR • MÓTORHJÓL • HÚSBÍLAR • AUKAHLUTIR
FERÐAVAGNAR • FJÓRHJÓL • MARGT FLEIRA

SÝNINGAR-TILBOÐ • VEITINGAR • HOPPU-KASTALAR • FRUM-SÝNINGAR • FJÁR-MÖGNUN

**SÝNINGARAÐILAR:**

IH/B&L • Bernhard • Hekla • Askja • Toyota Kópavogi • Suzuki umboðið • Bílabúð Benna • Atlantsolía
Íslenska gámafélagið • Seglagerðin • Útilegumaðurinn • Víkurverk • Sjóvá • N1 • Ásbjörn Ólafsson hf.
Car.is • Arctic Trucks • Lykilbílar • SP-Fjármögnun • Íslandsbanki • Lýsing • Iðan fræðslusetur • Poulsen

**OPIÐ:**
LAUGARDAG: 11 - 18
SUNNUDAG: 11 - 17

## > Adam Sandler

„Mér líkar ekkert sérstaklega vel að vera mikið á meðal almennings. Mér finnst ekki gaman að fara á barinn. Mér finnst bara ekki gaman að gera þessa hluti sem stjörnurnar gera.“

***Adam Sandler leikur Billy Madison, sem á að erfa milljónir föður síns en hefur sólundað öllum sínum tíma í skvísur og vín í gamanmyndinni Billy Madison sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON KANN VEL AÐ META STEINDANN SINN

# *Vel farið með vandmeðfarið efni*

Þó að saga síðustu ára og áratuga geymi fjölmörg dæmi um vel heppnaða íslenska gamanþætti í sjónvarpi eru líka til augljós dæmi um hið gangstæða. Það er sannarlega ekki hlaupið að því að gera gott sjónvarpsefni, allra síst ef það á að vera fyndið.

Ákveðin kaflaskil urðu árið 1985 þegar Sjónvarpið sýndi Fasta liði eins og venjulega og ári seinna þegar Heilsubælið var sýnt á Stöð 2. Um ólík form er þó að ræða þar sem Heilsubælið er svokallaður sketsaþáttur á meðan Fastir liðir … eru í ætt við svokallaðar „sitcom“-þáttaraðir þó að þættirnir hafi aðeins verið sex talsins.

Almennt virðist Íslendingum hafa tekist betur að nýta sér sketsaformið, því að skemmtilegar þáttaraðir þar sem er gegnumgangandi söguþráður eru vandfundnar og í raun eru það bara Vaktinar og Venni Páer sem mér finnst áhorfanlegar.



Fornbókabúðin, Kallakaffi, Marteinn, Reykjavíkurnætur og fleiri tilraunir mistókust herfilega og hljóta ekki beint góð eftirmæli. (Á til dæmis einhver DVD-pakkann með Kallakaffi? Ef svo er, fékkstu hann sem djókafmælisgjöf?)

Nú eru íslenskir sjónvarpsáhorfendur svo heppnir að fá að njóta einhvers þess besta sem fram hefur komið í sögu íslensks gríns, en það er Steindinn okkar sem er á dagskrá Stöðvar 2 þessa dagana. Steindi og félagar fara einfaldlega á kostum og dansa á línu þess siðsamlega á milli þess sem þeir stökkva langt yfir hana. Það er ekki sjálfgefið að fá að sjá svona gott stöff og rétt að hrósa því sem vel er gert. Kúdós á Steindann!

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Enginn má við mörgum** (3:6)
**11.05 Að duga eða drepast** (26:31) (e)
**11.50 Kastljós** (e)
**12.20 Endurfundir** (e)
**14.00 Danski handboltinn** Bein útsending frá öðrum úrslitaleik AG Kaupmannahafnar og Bjerringbro/Silkeborg um danska meistaratitilinn í handknattleik. Snorri Steinn Guðjónsson og Arnór Atlason leika með AG.
**16.05 Mörk vikunnar** (e)
**16.35 Vormenn Íslands** (4:7) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Friðþjófur forvitni** (6:10)
**18.23 Eyjan** (6:18) (e)
**18.46 Frumskógarlíf** (6:13) (Jungle Beat)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Björgvin - Bolur inn við bein** Þórhallur Gunnarsson tekur Björgvin Halldórsson söngvara tali á tímamótun, en Björgvin varð sextugur þann 16. apríl síðastliðinn.
**20.45 Líf í rústum** (My Life in Ruins) Kona sem vinnur við fararstjórn lendir í rómantísku ævintýri í Grikklandsferð.
**22.20 Hamskiptingar** (Transformers) Unglingspiltur kaupir sér sinn fyrsta bíl og flækist þannig óvart inn í hatramma baráttu tveggja ættbálka utan úr geimnum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**00.45 Fíknó** (Narc)
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Baby Mama**
**10.00 The Wedding Singer**
**12.00 Meet Dave**
**14.00 Baby Mama**
**16.00 The Wedding Singer**
**18.00 Meet Dave**
**20.00 Billy Madison**
**22.00 Mozart and the Whale**
**00.00 Rocky Balboa**
**02.00 The Things About My Folks**
**04.00 Mozart and the Whale**
**06.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**

## STÖÐ 2

**07.00 Brunabílarnir**
**07.25 Strumparnir**
**07.50 Hello Kitty**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.40 Latibær**
**09.55 Stuðboltastelpurnar**
**10.15 Bardagauppgjörið**
**10.35 iCarly** (14:45)
**11.00 Glee** (18:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 American Idol** (36:39)
**14.45 American Idol** (37:39)
**15.30 Elite-keppnin**
**16.00 Sjálfstætt fólk**
**16.40 Auddi og Sveppi**
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Lottó**
**18.57 Íþróttir**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Astro boy** Skemmtileg teiknimynd sem á að gerast í framtíðinni og segir frá manni sem smíðar strák með ótrúlega krafta sem lítur út eins og sonurinn sem hann missti.
**21.10 The Dark Knight** Einstaklega vel gerð spennumynd með Heath Ledger, Christian Bale, Aaron Eckhart, Maggie Gyllenhall, Michael Cane og mörgum fleiri stórleikurum. Myndin segir frá Leðurblökumanninum sem þarf að berjast gegn skemmdarverkum hins óútreiknanlega Jókers og hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan.
**23.35 Fargo** Mögnuð bíómynd eftir Coenbræður um bílasala sem fær illa þokkaða náunga til að ræna konunni sinni. Ætlun hans er að hirða megnið af lausnargjaldinu sem forríkur tengdafaðir hans á að punga út. En ekkert fer eins og ætlað var. Með aðalhlutverk fara William H. Macy, Steve Buscemi og Frances McDormand.
**01.10 The Wicker Man**
**02.50 Stop-Loss**
**04.40 Elite keppnin**
**05.10 ET Weekend**
**05.50 Auddi og Sveppi**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 - Æfingar** Bein útsending frá síðustu æfingu liðanna fyrir tímatökuna í kappakstrinum í Barcelona.
**09.00 Spænsku mörkin**
**09.55 KR - Þór**
**11.45 Formúla 1 2011 - Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúla 1 kappaksturinn í Barcelona.
**13.15 SK Telecome Open**
**15.50 Spænski boltinn. Malaga - Barcelona**
**17.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Almeria** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**20.00 SK Telecome Open**
**22.35 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**23.10 Spænski boltinn: Malaga - Barcelona**
**01.00 Oklahoma - Dallas** Bein útsending frá leik Oklahoma City Thunder og Dallas Mavericks í úrslitakeppni NBA. Þetta er þriðja viðureign liðanna í úrslitum Vesturdeildarinnar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**11.00 Premier League Review**
**11.55 Premier League Preview**
**12.25 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**12.55 Goals of the Season 2005/2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**13.50 Blackburn - Man. Utd.**
**15.35 Chelsea - Newcastle**
**17.20 Liverpool - Tottenham**
**19.05 Wigan - West Ham**
**20.50 Arsenal - Aston Villa**
**22.35 Blackpool - Bolton**
**00.20 Premier League Review**

## SKJÁR EINN

**10.40 Dr. Phil** (178:181)
**11.25 Dr. Phil** (179:181)
**13.35 Rachael Ray** (180:195)
**14.20 High School Reunion** (1:8)
**15.05 America's Next Top Model** (8:13)
**15.50 90210** (19:22)
**16.35 The Defenders** (17:18)
**17.20 An Idiot Abroad** (5:9)
**18.10 Girlfriends** (15:22)
**18.30 The Bachelor** (4:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Þetta er fjórtánda þáttaröðin af Bachelor og piparsveinninn að þessu sinni heitir Jake Pavelka og er atvinnuflugmaður.
**20.00 Saturday Night Live** (21:22) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Í þáttunum er gert grín að ólíkum einstaklingum úr bandarískum samtíma.
**20.55 The Burning Plain**
**22.45 Cellular**
**00.05 Rachael Ray** (181:195)
**00.20 Whose Line is it Anyway?** (8:39)
**00.45 Girlfriends** (14:22)
**00.50 Rachael Ray** (182:195)
**01.05 Grace is Gone**
**02.35 Penn & Teller** (1:9)
**03.05 Penn & Teller** (2:9)
**03.35 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.10 Crowne Plaza Invitational** (2:4)
**10.10 Golfing World** (88:240)
**11.00 Volvo World Match Play Championship 2011** (1:2)
**16.00 Crowne Plaza Invitational** (2:4)
**18.35 Inside the PGA Tour** (20:42)
**19.00 Crowne Plaza Invitational** (3:4)
**22.00 LPGA Highlights** (6:20)
**23.20 Inside the PGA Tour** (20:42)
**23.45 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**16.10 Nágrannar**
**17.30 Nágrannar**
**17.50 Lois and Clark** (16:22)
**18.40 Ally McBeal** (5:22)
**19.25 Gilmore Girls** (3:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**20.10 The Office** (3:6) Stöð 2 rifjar upp gamanþáttaröðina The Office þar sem Ricky Gervais fer á kostum sem yfirmaður á skrifstofu í Slough á Englandi.
**20.45 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**21.15 Glee** (3:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**22.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**22.30 Lois and Clark** (16:22)
**23.20 Ally McBeal** (5:22)
**00.05 Gilmore Girls** (3:22)
**00.50 The Office** (3:6)
**01.20 Auddi og Sveppi**
**01.45 Glee** (3:22)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**19.30 Á Sinatraslóðum**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Björn Bjarna**
**22.30 Veiðisumarið**
**23.00 Gestagangur hjá Randver**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.10**
**The Dark Knight**
Stórmynd um baráttu Leðurblökumannsins við illmennið óútreiknanlega, Jókerinn. Christian Bale og Heath Ledger eru í aðalhlutverkum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Úrval úr Samfélaginu **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sögur af misgóðum mönnum **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Stjórnarskrá að eigin vali **21.00** Á tónsviðinu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Ritþing með Pétri Gunnarssyni **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.30** The Inspector Lynley Mysteries **10.15** The Inspector Lynley Mysteries **11.00** Inspector Lynley Mysteries **11.50** Inspector Lynley Mysteries **12.35** My Family **13.05** My Family **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** My Family **15.05** My Family **15.40** My Family **16.10** My Family **16.40** New Tricks **17.30** New Tricks **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **19.55** Inspector Lynley Mysteries **20.40** Inspector Lynley Mysteries **21.30** My Family **22.00** My Family **22.30** My Family

## DR 1

**08.45** Ramasjang Mix **09.10** Splint & Co **09.40** Troldspejlet **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.55** Sign up **11.15** Et slag for pulsen **11.45** Walter og Trofast - Det store grøntsagskup **13.05** Merlin. Bag kameraet **13.20** Merlin **14.05** Mord på hjernen **15.40** Før søndagen **15.50** Hammerslag **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Så stort - og så med Meccano **18.00** Skyllet væk **19.25** Kriminalkommissær Barnaby **21.00** Fang tyven

## NRK 1

**06.50** Førkveld **07.30** Debatten **08.30** Ut i nærturen **08.45** Norge rundt **09.10** 20 spørsmål **09.35** Nummer 1 **10.15** Frå Lark Rise til Candleford **11.05** Frå Lark Rise til Candleford **11.55** En naturlig helaften **12.55** Glimt av Norge **13.10** Solen i ögonen **14.10** Elektriske drømmer **15.10** Mesternes mester **16.10** Det fantastiske livet **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Etter at du dro **18.25** Gammel vil du aldri bli **19.25** Nye triks **20.15** Fakta på lørdag **21.10** Kveldsnytt **21.25** Million Dollar Baby

## SVT 1

**07.45** Hundra procent bonde **08.15** Minnenas television **09.00** Huset fullt av hundar **10.00** Rapport **10.05** Mästarnas mästare **11.05** Så ska det låta **12.05** Hollywoodredaktionen **12.30** Bored to Death **13.00** Norsk attraktion **13.30** Väsen **13.45** Rapport **13.50** The Bostonians **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Skärgårdsflirt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Smartare än en femteklassare **19.00** Fairly Legal **20.30** The Big C **21.00** The Big C **21.30** Rapport **21.35** The Event








512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## PERSÓNAN

*Fredrik Kristján Jónsson Ferrier*



**Aldur:** 22 ára
**Starf:** Fyrirsæta, háskólanemi og raunveruleikaþáttastjarna
**Fjölskylda:** Jón Arntor Ferrier aðstoðarforstjóri og Katherine Ferrier listamaður
**Búseta:** Flakka á milli London, Danmerkur og Bristol
**Stjörnumerki:** Fæddur 16. maí og er því naut.

Fredrik Ferrier er hálfíslenskur og orðin stjarna í Bretlandi vegna þátttöku sinnar í raunveruleikaþáttum. Hægt er að fylgjast með honum á samskiptavefnum Twitter twitter.com/#!/FredrikFerrier

# Þórhallur tók upp myndband með Lajoie

„Lajoie var svo hrifinn af því hvað við Íslendingar fílum grófan húmor," segir grínistinn Þórhallur Þórhallsson.

Kanadíski grínistinn og Youtube-stjarnan Jon Lajoie kom fram í Háskólabíói í síðustu viku. Þórhallur hitaði upp fyrir Lajoie og fékk hann einnig til að leika með sér í stuttu myndbandi sem hann birti á Youtube. „Ég ákvað að nýta tækifærið á meðan hann var hérna og fá hann til að sprella með mér," segir Þórhallur. „Hann var meira en til í það. Ekkert vandamál. Þar sem hann byrjaði feril sinn á Youtube vissi ég að hann væri til í þetta."

Lajoie hefur notið gríðarlegra vinsælda á Youtube og myndbönd hans hafa fengið hátt í 300 milljón áhorf. Þórhallur segir Lajoie hafa lofað að benda á myndbandið sem þeir léku í saman á Youtube-síðu sinni, sem ætti að tryggja því mörg áhorf. „Ég er búinn að fylgjast með honum lengi, þannig að ég er þrælmontinn yfir að hafa náð að plata hann í þetta," segir Þórhallur stoltur.

Myndbandið er í grófara lagi, en Lajoie tók þátt í að semja það á tökustað. „Hugmyndin kemur frá mér og Hauki Þorsteinssyni vini mínum, en svo kom margt á staðnum frá Lajoie. Hann er algjör snillingur," segir Þórhallur.



En óttastu viðbrögðin, þar sem myndbandið er ansi gróft?

„Ég veit alveg að sumir munu hneykslast, en maður getur ekki þóknast öllum."

**- afb**



**GRÍNAST SAMAN** Þórhallur Þórhallsson fékk kanadíska grínistann Jon Lajoie til að grínast með sér í myndbandi, en sá síðarnefndi var staddur hér á landi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)
Fös 3.6. Kl. 20:00 | Fim 9.6. Kl. 20:00
Lau 4.6. Kl. 20:00 | Fös 10.6. Kl. 20:00

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)
Sun 5.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | Lau 11.6. Kl. 20:00 Aukasýn.

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)
Sun 22.5. Kl. 14:00

**Brák** (Kúlan)
Fös 3.6. Kl. 20:00 Aukasýn.

**Verði þér að góðu** (Kassinn)
Fös 20.5. Kl. 22:00 | Fös 3.6. Kl. 19:00
Lau 21.5. Kl. 22:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00

**Góði dátinn Svejk** (Stóra sviðið)
Sun 29.5. Kl. 20:00

**Haze** (Stóra sviðið)
Fim 2.6. Kl. 20:00

**Við sáum skrímsli** (Stóra sviðið)
Fös 20.5. Kl. 19:00 | Lau 21.5. Kl. 20:00

**Big Wheel Café** (Stóra sviðið)
Fim 26.5. Kl. 20:00 | Fös 27.5. Kl. 20:00

**Subtales – Söngur millistéttarinnar** (Kassinn)
Þri 24.5. Kl. 18:00



KENNARANÁMSKEIÐ KRAMHÚSSINS 2011
KRAMHÚSINU 7.-9. JÚNÍ 2011
SKAPANDI KRAFTUR
Námskeiðið er ætlað kennurum og öllum þeim sem hafa áhuga á skapandi kennsluaðferðum.
HARPA ARNARDÓTTIR • LEIKKONA
ÓLÖF INGÓLFSDÓTTIR • DANSARI OG DANSHÖFUNDUR
NANNA HLÍF INGVADÓTTIR • TÓNMENNTAKENNARI
BENEDIKT ERLINGSSON • LEIKARI
SIGRÍÐUR ÁSTA EYÞÓRSDÓTTIR • ÆVINTÝRAÞERAPISTI
MAMADY SANO • AFRÍSKIR DANSAR OG TROMMUR
HAFDÍS ÁRNADÓTTIR • ÍÞRÓTTAKENNARI
Sláðu til – af því þú átt það skilið.
Unnið frá kl. 9-17 alla dagana
Hafdís Árnadóttir | Ólöf Ingólfsdóttir | Nanna Hlíf Ingvadóttir
Benedikt Erlingsson | Harpa Arnardóttir | Sigríður Ásta Eyþórsdóttir | Mamady Sano
KRAMHÚSIÐ
www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860
SKRÁNING HAFIN! Verð: 35.800



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir




**SPRENGLÆRÐUR Í TÓNLIST** Gunnari Ben finnst gaman að blanda saman þungarokkinu og kórstjórastarfinu en segist sjálfur ekki flokka tónlist eftir stíl. Hann viðurkennir þó að kamburinn veki athygli á kórsamkundum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### GUNNAR BEN: FRELSANDI AÐ VERA MEÐ HANAKAMB

# Þungarokkari í kórastarfi

„Já, ég villi á mér heimildir með þessa hárgreiðslu," segir Gunnar Ben, kórstjóri og hljómborðsleikari í þungarokkssveitinni Skálmöld, en hann vakti athygli á opnunarhelgi Hörpunnar þar sem hann stjórnaði Kór Kvennaskólans í Reykjavík með nýstárlegu sniði ásamt því að skarta íburðarmiklum hanakambi á höfði. Hárgreiðslan stakk skemmtilega í stúf við klassískan söng kórsins.

„Ég byrjaði að raka á mig hanakamb árið 2007 í tengslum við leik í áhugaleikhópi en féll alveg fyrir þessari hárgreiðslu. Það liðu sex mánuðir og þá var ég farinn alla leið og byrjaður að skafa hliðarnar. Það er eitthvað mjög frelsandi við þetta," segir Gunnar, en hann tók sér pásu fyrir nokkrum árum og safnaði hári en saknaði svo kambsins og rakaði á nýjan leik. „Ég raka mig einu sinni til tvisvar í viku til að halda kambinum við."

Ásamt því að stjórna Kór Kvennaskólans í Reykjavík er Gunnar við stjórnvölinn hjá Karlakórnum Stefni í Mosfellsbæ og Árnesingakórnum í Reykjavík. Einnig sinnir hann ýmsum tónmenntastörfum í grunnskólum borgarinnar.

„Það má segja að fólk vanmeti mig fyrst, heldur að ég sé að grínast, en ég vona að ég komi fólki á óvart með tónlistarkunnáttu minni," segir Gunnar, en hann er sprenglærður í tónlist og tónlistarmiðlun, með tvöfalda BA-gráðu og menntun í skapandi tónlistarmiðlun frá Guildhall School of Music and Drama í London.

Hanakamburinn á meira sameiginlegt með þungarokki en klassískri tónlist en Gunnar vill meina að honum takist ágætlega að blanda þessu saman. „Mér leiðist mjög frasinn „alæta á tónlist" en ég hlusta á hvað sem er á meðan vandað er til verka. Allt frá kántrí til klassískrar tónlistar. Ég útiloka ekki tónlist eftir stíl," segir Gunnar og bætir við að það kenni ýmissa grasa í yfir 300 geisladiska safni hans.

„Þungarokkið er fyrir mig og í rauninni átti plata Skálmaldar að vera eitthvað sem við gætum státað af sem gamlir kallar. Okkur óraði ekki fyrir vinsældunum en það er bara frábært."

Þeim sem vilja berja þungarokkarann augum er bent á að leggja leið sína í Langholtskirkju á miðvikudagskvöldið þar sem Gunnar Ben stjórnar Árnesingakórnum í Reykjavík. **alfrun@frettabladid.is**

# Beint úr tökum til Bergen

„Þetta verður bara alveg frábær og skemmtileg ferð," segir leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson, en hann er á leiðinni til Bergen í Noregi með leikhópnum sem stendur á bak við Gerplu.

Jóhannes hoppar eiginlega beint úr tökum á Svartur á leik til Bergen. „Minn síðasti tökudagur er á þriðjudaginn og svo held ég til Bergen á miðvikudaginn," segir Jóhannes, en þetta verður í fyrsta sinn sem hann kemur til Noregs. „Ég hlakka mikið til að koma þangað. Mér skilst að við séum að sýna í gömlu og flottu leikhúsi í miðbæ Bergen, en ég er mikill áhugamaður um leikhús."

Ásamt Jóhannesi Hauki fara meðal annarra leikararnir Björn Thors og Brynhildur Guðjónsdóttir, en sýningar á Gerplu eru hluti af listahátíðinni Nordiske Impulser og verður leikritið sýnt þrisvar sinnum dagana 26. til 28. maí næstkomandi.

„Ég ætla að drekka í mig listmenninguna þarna úti enda skilst mér að það sé stútfullt af áhugaverðum viðburðum í boði á þessari hátíð," fullyrðir Jóhannes og þvertekur fyrir að ætla að kíkja í búðir í Bergen. „Það er nú takmarkaður áhugi fyrir búðarferðum hjá mér. Er ekki Noregur líka dýrasta land í heimi? Ég ætla fyrst og fremst að færa Norðmönnum íslenska list og gefa af mér."

Síðustu vikur hefur Jóhannes staðið í ströngu í tökum á Svartur á leik en tökum á myndinni lýkur formlega í byrjun júní. „Tökur hafa gengið vonum framar mundi ég segja. Ég hef aðeins fengið að líta yfir upptökurnar í lok hvers dags og útlitið á myndinni kemur mér skemmtilega á óvart. Það er mikið af ofbeldi og viðbjóði svo útlitið er ansi hart og gróft. Það verður spennandi að sjá hvernig myndinni verður tekið."



**Í FYRSTA SINN TIL NOREGS** Jóhannes Haukur Jóhannesson ætlar að drekka í sig menninguna á listahátíð í Bergen á milli þess sem hann flytur Gerplu fyrir Norðmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# RÝMINGARSALA

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM. 25 - 50% AFSLÁTTUR

35%



**FIO 08 255.000,- nú 165.750,-**
**Leður: Svart, hvítt og brúnt. 3ja sæta sófi: 203 x 82 cm**

40%



**SIMONE 295.000,- nú 177.000,-**
Áklæði: Dökkbrúnt og beige. 3ja sæta sófi: 230 x 90 cm

40%

**KD 6030 295.000,- nú 177.000,-**
Áklæði: Dökkbrúnt og beige
Tungusófi: 295 x 180 cm





**COW WD5876 145.000,- nú 87.000,-**
Litur: Svart og hvítt. 95 x 190 (270) cm

40%



**COW WD5848 98.900,- nú 64.285,-**
Litur: Svart. 100 x 170 (270) cm

35%



50%

**VILLACOLLECTION HÆTTIR!**

**Bjóðum því 50% afslátt af matar- og kaffistelli**

HEIMA HÚSIÐ
heima Ondvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

**Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekkert kynbundið ofbeldi

Samtökin Blátt áfram hafa vakið athygli á því að konur geti líka gerst sekar um kynferðisbrot. Þetta hefur vakið nokkra athygli. Meðal þeirra sem staldra við málið er **Jóhannes Þ. Skúlason**, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins. Hann tengir á fréttina á Facebook-síðu sinni og skrifar: „Þess vegna á hugtakið „kynbundið ofbeldi“ ekki rétt á sér.“ Þetta er athyglisverð yfirlýsing hjá Jóhannesi, og líklega mjög á skjön við mat samtakanna sem hann vitnar til. Það er líka spurning hvort konur í Framsóknarflokknum séu sammála honum.



### Íslensk/kínversk brúðkaupsferð

Þegar Vilhjálmur og Katrín, hertogahjónin af Cambridge, skelltu sér í brúðkaupsferð fóru þau á fjarlægar slóðir, nánar tiltekið í Seychelles-eyjaklasann. Þegar tvær skærustu stjörnur kínversks kvikmyndaiðnaðar vildu fá ró og næði frá ágengum kínverskum blaðamönnum í brúðkaupsferð sinni fóru þær til Íslands. Leikstjórinn Wang Quan'an, sem hlaut silfurbjörninn í Berlín 2007, og leikkonan Zhang Yuqi eyða nefnilega hveitibrauðsdögunum sínum hér á landi og hafa myndir af þeim birst í kínverskum blöðum. Þau hyggjast meðal annars leigja sér þyrlu og skoða landið úr lofti.

- sh, fgg



### Mest lesið vísir

1. Ítalskur ferðamaður fundinn
2. Skólaárið verður tíu dögum styttra
3. Fornleifafundur breytir sögu Danmerkur
4. Dómsdagsspámaður dvelur heima í dag
5. Ríkið sýknað af kröfu drengs með heilalömun
6. Skýrslur í salt þegar ölvaðir aka á staura







**ELISABET** metravara
B150cm. Marglitað **1.290,-**



nýtt

**3.990,-**

**GRÖNSKA** rúmteppi
B220×L250cm. Grænt



nýtt

**GRÖNSKA RUTA** motta
B200×L200cm. Blátt **14.990,-**



nýtt

**ÄNGSNÄVA** rúmteppi
B150×L240cm. Ýmsir litir
**2.490,-/stk.**

# Sumarfiðringur í gluggaveðri



nýtt

**EMELNA KNOPP**
sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm
Hvítt/bleikt **2.490,-**





**RENATE** púði Ø55cm
Marglitað **2.890,-**



**1.490,-/2 í pk.**

**SARITA** gardínur
B145×L250cm. Skærbleikt



**SMÖR** sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm
Ýmsir litir **3.490,-**

**1.990,-/stk.**

**TUPPLUR** myrkvunarrúllugardínur
B60×L195cm. Ýmsir litir.
*Fæst í ýmsum breiddum*



**MATILDA** gardínur
B140×L300cm
Hvítt **1.990,-/2 í pk.**



**BARNSLIG RINGDANS** motta
B133×L133cm. Grænt **5.990,-**



nýtt

**TORVA GRÖNSAK** sængurverasett
B150×L200/B50×L60cm
Marglitað **2.990,-**



nýtt

**595,-/m**

**GRÖNSKA BLOM** metravara
B150cm. Hvítt/blátt



nýtt

**BRUNKULLA** rúmteppi
B150×L240cm. Ýmsir litir **2.990,-/stk.**



nýtt

**GULLAN BLOM** metravara
B150cm. Marglitað
**595,-/m**

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



nýtt

**SANDGLIM** sæng og koddi
B150×L200/B50×L60cm. Ljósblátt
**3.990,-** *Fæst einnig í ljósbleiku*



nýtt

**HAMPEN** motta
B80×L80cm. Skærbleikt
**2.490,-**

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2011